NATALIA CHOW
*Kennir austurlenska matargerð*
• matur • tíska • tilboð
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



TÍSKA & FEGURÐ
*Axel í Sævari Karli og Bubbi í Brim skipta um stíl*
Sérblað um tísku
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



ALÞJÓÐA GEÐHEILBRIGÐISDAGURINN
7 & 10 OKTÓBER

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
5. október 2007 — 270. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR

### Fór loksins í fríið



27 árum eftir að Þorgeir Ástvaldsson söng Ég fer í fríið tók hann sér loks almennilegt frí.

FÓLK 50

### Heit höfuðföt



Hattar og höfuðskraut voru áberandi á tískuvikunni í París. Henta vel kulvísum Íslendingum.

TÍSKA 38

### Stefán Logi stóð sig best



Stefán Logi Magnússon markvörður KR var besti leikmaður 13. til 18. umferðar að mati Fréttablaðsins.

ÍÞRÓTTIR 44

### SIRKUS
### Blómlegar í menningunni



Gerður Kristný og Katrín Jakobsdóttir verða saman á skjánum í vetur.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

### VEÐRIÐ Í DAG




**HVESSIR Í KVÖLD** Í dag verður vaxandi norðaustlæg átt á Vestfjörðum, 15-23 m/s í kvöld. Annars staðar hægari vindur. Rigning eða skúrir. Hiti 4-10 stig að deginum.

VEÐUR 4

# Borgarstjóri vill jafna kaup starfsmanna á sérkjörum

**Borgarstjóri ræddi við Bjarna Ármannsson stjórnarformann REI í gærkvöldi og óskaði eftir því að allir starfsmenn fengju að kaupa jafnan hlut í fyrirtækinu. „Ákvarðanir gerast bara ekki svona,“ segir Bjarni.**

**ORKUMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri óskaði eftir því við Bjarna Ármannsson, stjórnarmann Reykjavik Energy Invest (REI) í gærkvöldi að „eitt gilti fyrir alla starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur“ í forkaupum á hlutum í REI.

Guðmundur Þóroddsson, sem er í leyfi frá störfum sem forstjóri Orkuveitunnar og er starfandi forstjóri REI, hefur fengið að kaupa að nafnvirði fyrir 23 milljónir á genginu 1,3. Þrír jarðfræðingar, tveir verkfræðingar og einn viðskiptafræðingur áttu að fá að kaupa fyrir 7,8 milljónir á sama gengi.

Almennir starfsmenn áttu loks að fá að kaupa hluti að virði 100, 200, og upp í 300.000 krónur.

Þegar Fréttablaðið spurði Vilhjálm í gærdag hvort pólitískur vilji væri fyrir þessum kjörum hjá starfsmönnum Orkuveitunnar hjá REI, sagðist borgarstjóri vilja hugleiða það og fara yfir með viðkomandi aðilum. Niðurstaðan var framangreind beiðni til stjórnarformanns REI.

Bjarni Ármannsson sagði stjórn félagsins myndu fara yfir málið. „Ég heyri hugmyndir borgarstjóra. Ákvarðanir gerast bara ekki svona,“ sagði hann í gærkvöldi.

Spurður hvort þetta myndi eiga við Bjarna sjálfan, sem hefur keypt hlut fyrir 1,5 milljarða í REI, sagðist Bjarni hvorki vera starfsmaður REI né Orkuveitunnar; hann væri í stjórn REI.

Hvort til greina kæmi að taka upp samninga við þá starfsmenn REI sem nú þegar hafa undirritað kaupsamninga, sagði Bjarni að hann vildi bíða með frekari ummæli.

- kóþ / sjá síður 4 og 6



**GÚRKAN GÓÐ** Ingvar Snær og Jónas Þór gæddu sér á gúrkubitum með léttri hvítlauksídýfu á stóra grænmetisdeginum sem haldinn var í Háteigsskóla í Reykjavík í gær. Þar stóðu nemendur í fjórða bekk fyrir grænmetiskynningu og sögðu yngri nemendum frá öllum þeim mikilvægum vítamínum sem eru í grænmeti.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sómasamlokur:

## Tuttugu þúsund smurðar á dag

**MATUR Íslendingar sporðrenna mörg þúsund samlokum á degi hverjum. Fyrirtækið Sómi, sem hóf starfsemi árið 1978 með því að smyrja um 200 samlokur í dag, smyr í dag um tuttugu þúsund fyrir sjoppur um land allt.**



**SÓMASAMLOKUR** Íslendingar eru ákaflega hrifnir af samlokum.

**Byrjað er að smyrja klukkan tíu að kvöldi og svo er smurt í gegnum nóttina til að landinn geti notið ferskrar samloku í morgun- eða hádegismat.**

**Langlokur með skinku, osti og pepperoni er langvinsælust en annars hafa Íslendingar mest dálæti á roastbeef- og hangikjötssamlokum.**

**Nánar um samlokuframleiðslu Sóma á síðu 2 í Allt-hluta blaðsins.**

Nýr varnarbúnaður til reynslu hjá ríkislögreglustjóra:

# Sérsveitin prófar rafstuðtæki

**LÖGREGLUMÁL** Sérsveit ríkislögreglustjóra er nú með í prófun og til athugunar hvort lögregla eigi að taka í notkun svokallað rafstuðtæki.

Tæki af þessu tagi eru notuð við löggæslu í ýmsum löndum, svo sem Bandaríkjunum, Bretlandi og Kanada, að sögn Páls Winkel aðstoðarríkislögreglustjóra.

„Þessi tilraun hér er á algjöru frumstigi og alls óvíst um framhaldið,“ segir hann. „Þá skal það undirstrikað að verði þessi tæki einhvern tímann tekin í notkun hjá lögreglunni þá verða þau eingungis notuð til að koma í veg fyrir stórfelldar líkamsmeiðingar. Þau yrðu ekki tekin í notkun nema í samráði við heilbrigðisyfirvöld.“

Raftæki af þessari tegund eru útbúin hágæða myndavél sem tekur upp atburð á vettvangi. Sérstakur hugbúnaður í tækinu skráir upplýsingar um notkun hverju sinni, svo sem dagsetningu, tíma og fjölda rafpúlsa.

Tækið er búið tveimur litlum pílum sem áfastar eru gikknum með vír. Pílunum er skotið í þann sem gera á óvirkan, og berst þá í hann rafstraumur, sem veldur því að viðkomandi missir vald á vöðvahreyfingum sínum.

- jss / sjá síðu 18









## SPURNING DAGSINS



*Baldvin, ætlið þið að halda mörg bjórkvöld?*

„Já, já, verður ekki októberfest um allan bæ?“

Baldvin Samúelsson er talsmaður nýstofnaðs félags kráareigenda, sem eru samtök veitingamanna í miðborginni.

Mikið magn af þýfi og hálf milljón króna í reiðufé fannst í húsleit á miðvikudag:

# Níu Litháar í gæsluvarðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** Tveir Litháar sem handteknir voru síðdegis í fyrradag voru í gær úrskurðaðir í gæsluvarðhald í viku, grunaðir um aðild að skipulögðum búðaþjófnaði í Reykjavík. Alls sitja nú níu Litháar í varðhaldi vegna málsins. Þá voru fjórir úrskurðaðir í farbann í gær en einum var sleppt.

Lögreglan fann mikið magn af þýfi í tveimur húsleitum á þriðjudagskvöld og í fyrradag og öllu minna af sama tagi í þeirri þriðju í gær. Um er að ræða fatnað – mestmegnis dýrar úlpur úr 66°Norður – snyrtivörur og tölvu- og tæknibúnað. Í húsleit í Fellsmúla á miðvikudagsmorgun fannst auk þýfis hálf milljón króna í reiðufé. Ekki er talið að mennirnir hafi staðið í innbrotum heldur hafi eingöngu hnuplað vörunum úr verslunum.

Einn mannanna sem nú situr í varðhaldi átti pantað flugfar til Litháen í gær og leikur grunur á að hann hafi ætlað með þýfið með sér til að selja það í heimalandinu. Einhverjir mannanna hafa komið við sögu lögreglu hér á landi og erlendis og sumir hlotið dóma fyrir auðgunarbrot.

Yfirheyrslur eru hafnar en Ómar Smári Ármannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn vill ekkert gefa upp um framburð mannanna. **- sh**



**LEIDDUR FYRIR DÓMARA** Sjö voru úrskurðaðir í varðhald í fyrradag og tveir til viðbótar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

## ÞJÓFAVIÐVÖRUN Á FJÖLDA TUNGUMÁLA

Samtök verslunar og þjónustu og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu blésu til blaðamannafundar í gær þar sem kynnt var skilti á nokkrum tungumálum sem hanga mun uppi í verslunum og vara fólk við því að allur þjófnaður verði kærður til lögreglu.

Fram kom á fundinum að rýrnun í smásöluverslun nálgaðist fjóra milljarða á hverju ári og að erlendir þjófahópar væru vaxandi vandamál á Íslandi. Þjófnuðum þar sem útlendingar eigi í hlut hefði fjölgað um 70 prósent á tveimur árum.

Þingmenn Samfylkingarinnar:

## Alþingi lögfesti barnasáttmála

**ALÞINGI** Þingmenn Samfylkingarinnar vilja að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði lögfestur hér á landi, og hafa lagt fram tillögu til þingsályktunar um að ríkisstjórn verði falið að undirbúa lögfestinguna.



**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON**

Lögfesta þarf samninginn ef hann á að hafa bein réttaráhrif hér á landi, að því er fram kemur í tilkynningu frá Ágúst Ólafi Ágústssyni, varaformanni Samfylkingarinnar. Við lögfestingu fengi sáttmálinn aukið vægi þannig að stjórnvöld og dómstólar yrðu að taka mið af honum.

Í barnasáttmálanum er meðal annars kveðið á um það að aðskilja beri unga fanga frá fullorðnum föngum, en það er ekki gert hér á landi. **- bj**

Snjóframleiðsla í Hlíðarfjalli:

## Fór 32 milljónir fram úr áætlun

**AKUREYRI Snjóframleiðslukerfið í Hlíðarfjalli á Akureyri fór 32 milljónir yfir áætlun og kostaði á endanum 138 milljónir króna. Íþróttaráð Akureyrar vill að Vetraríþróttamiðstöð Íslands borgi viðbótarkostnaðinn og þannig verkefnið í heild. „Viðlíka verk hefur ekki verið unnið áður hérlendis og því um nokkurs konar frumherjaverk að ræða, auk þess sem ýmsar erfiðar aðstæður gerðu alla framkvæmdina erfiðari en gert var ráð fyrir,“ segir íþróttaráðið sem telur snjóframleiðslukerfið hafa sannað sig.** **- gar**

# Ferðafrömuður sagður misnota nafn samtaka

**Gunnar Rafn Birgisson, eigandi ferðaskrifstofunnar Atlantik, er sagður misnota nafn hagsmunasamtakanna Cruise Iceland í þágu eigin fyrirtækis. Gunnar neitar því og hefur ekki orðið við kröfum um að afhenda lénið cruiseiceland.is.**

**FERÐAMÁL** Friðrik Bjarnason, framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar Eskimos, segir eiganda ferðaskrifstofunnar Atlantik misnota nafn hagsmunasamtakanna Cruise Iceland í þágu Atlantik.

Samtökin Cruise Iceland voru stofnuð fyrir nokkrum árum af ýmsum aðilum sem tengjast komu skemmtiferðaskipa til Íslands. Á netinu halda samtökin úti kynningarsíðunni cruiseiceland.com. Ferðaskrifstofan Atlantik keypti hins vegar lénið cruiseiceland.is í maí á þessu ári og tengjast menn heimasíðu Atlantik þegar það er slegið inn.

Á fundi stjórnar Cruise Iceland 18. september síðastliðinn sagðist Ársæll Harðarson, fulltrúi Ferðamálastofu, vilja koma því á framfæri við fundarmenn að svo virtist sem lénið www.cruiseiceland.is væri í eigu Atlantik. Um það var síðan bókað: „Fundarmenn almennt sammála um að lénið eigi að vera í eigu Cruise Iceland og vildu að þeim skilaboðum yrði komið til Atlantik.“

Gunnar Rafn Birgisson, eigandi og framkvæmdastjóri Atlantik, sem sat reyndar umræddan stjórnarfund, segir ekkert athugavert við það að Atlantik nýti sér nafnið Cruise Iceland til að vísa inn á heimasíðu fyrirtækisins. Og Gunnar hafnar því algerlega að Atlantik sé að misnota nafn hagsmunasamtakanna.

Að sögn Gunnars er skiljanlegt að einhverjum sem er í samkeppni við Atlantik finnist að fyrirtækið ætti ekki að nota umrætt lén. „En lénið var laust og við töldum okkur heimilt að nota það. Reyndar gagnast þetta alls ekki okkur einum heldur líka mörgum öðrum fyrirtækjum í þessum geira,“ segir Gunnar Rafn.

Friðrik Bjarnason er ósáttur við að ekki skuli tekið fastar á málinu innan Cruise Iceland. „Þetta er náttúrlega eins mikil linkind og hægt er að hafa hana,“ segir Friðrik sem telur að í stað þess að „koma málinu á framfæri“ við Atlantik hefði stjórnin átt að „krefjast“ þess að Gunnar, sem sat með þeim við borðið, skilaði léninu með is-endingunni til samtakanna.

„Í eðlilegum regnhlífarsamtökum fyrir hagsmunaaðila fá menn, sem sitja í stjórn og eiga að gæta hagsmuna allra meðlimanna, harða áminningu eða er jafnvel vikið úr stjórninni ef þeir sýna það dómgreindarleysi að misnota nafn samtakanna fyrir sjálfa sig,“ segir Friðrik Bjarnason. **gar@frettabladid.is**



**SKEMMTIFERÐASKIP Í REYKJAVÍK** Miklir hagsmunir eru tengdir komu erlendra ferðamanna með skemmtiferðaskipum til Íslands. Cruise Iceland eru hagsmunasamtök aðila sem tengjast þjónustu við skipin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FRIÐRIK BJARNASON** Framkvæmdastjóri Eskimos.



**GUNNAR RAFN BIRGISSON** Framkvæmdastjóri Atlantik.

Rykhreinsun í Kópavogi:

## Verða að borga fasteignagjöld

**SVEITARSTJÓRNIR Kópavogsbær unir því ekki ef Kynnisferðir halda eftir 658 þúsund krónum af fasteignagjöldum til bæjarins. Aðstoðarframkvæmdastjóri Kynnisferða sagðist í Fréttablaðinu í gær mynu halda upphæðinni eftir ef Kópavogsbær greiði hana ekki fyrirtækinu vegna kostnaðar við þrif eftir mikla rykmengun frá landfyllingu. „Menn verða að borga fasteignagjöldin. Geri þeir það ekki fer málið einfaldlega í venjulegt innheimtuferli,“ segir Þór Jónsson, upplýsingafulltrúi hjá Kópavogsbæ. Bæjarráð hefur hafnað kröfu Kynnisferða. Þór segir að í dag verði sent svar þess efnis frá lögfræðingi tæknisviðs bæjarins.** **- gar**



**ÞÓR JÓNSSON**

Máttu ekki birta úr tölvupósti:

## Ritstjórar brutu gegn Jónínu

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur dæmdi í gær fyrrverandi ritstjóra DV, Jónas Kristjánsson og Mikael Torfason, til að greiða Jónínu Benediktsdóttur hálfa milljón króna fyrir að brjóta gegn einkalífi hennar með því að birta upplýsingar úr persónulegum tölvupósti hennar til Styrmis Gunnarssonar, ritstjóra Morgunblaðsins. Þá var þeim gert að greiða 150 þúsund króna sekt hvor í ríkissjóð, en sæti ella fangelsi í tólf daga.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að fréttaflutningur DV, sem meðal annars birtist undir fyrirsögninni „Samband þeirra var af allt öðrum toga en haldið var“, hefði ekki átt erindi við almenning, og bryti því gegn lögum. **- sh**




Bjarni Vestmann, sendifulltrúi utanríkisráðuneytisins, kallaður heim frá Srí Lanka:

# Hitti tamíltígur án leyfis

**UTANRÍKISMÁL** Íslensk stjórnvöld báðu ríkisstjórn Srí Lanka afsökunar í gær eftir að Bjarni Vestmann, sendifulltrúi utanríkisráðuneytisins, átti fund með yfirmanni frelsissamtaka tamíla, tamíltígranna, þar í landi. Bjarni var kallaður heim samstundis og kemur til Íslands í dag.

Fundur Bjarna og S.P. Tamilselvan, yfirmanns stjórnmáladeildar samtakanna, var haldinn án heimildar utanríkisráðuneytisins í Srí Lanka, samkvæmt tilkynningu frá hernum í Srí Lanka. Utanríkisráðherra Srí Lanka ræddi við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra í fyrrakvöld og mótmælti heimsókninni harðlega, segir Gréta Gunnarsdóttir, sviðsstjóri alþjóða- og öryggissviðs utanríkisráðuneytisins.

„Það var ekki á dagskrá hjá Bjarna að hitta þennan mann, en það gerðist meðan hann var á ferð með eftirlitssveitunum þar í landi,“ segir Gréta. „Það var mjög óheppilegt, en málinu er lokið af hálfu utanríkisráðuneytisins.“

Hún segir að komið hafi til greina að tilnefna Bjarna í stöðu hjá eftirlitssveitunum í landinu. Því hafi hann farið til að kynna sér starfsemi og vinnuaðstæður. Aðspurð hvort málið hafi áhrif á tilnefningu Bjarna svarar hún játandi. „Þessar aðstæður gera það að verkum að það verður ekki hægt.“ **- sþs**



**KVEÐJUR** Á þessari mynd, sem birtist á heimasíðu tamíltígranna, sést þegar Bjarni Vestmann og S.P. Tamilselvan hittast á fundi.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

7 ÁRA cee'd ÁBYRGÐ*

# TÍMAMÓTABÍLL Á BETRA VERÐI!

## Eini bíllinn í Evrópu sem hlotið hefur 5 stjörnur í Euro NCAP og er með sjö ára ábyrgð




KIA cee'd Crdi dísil 115 hestöfl

# 2.090.000 kr.

Verð áður 2.345.000 kr.

FOR SAFER CARS EURO NCAP

www.euroncap.com

ADULT OCCUPANT ★★★★★

EURO2008 Austria-Switzerland

KIA MOTORS Official Partner

**KIA umboðið** á Íslandi er í eigu HEKLU.

**KIA** • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

* 7 ára/150.000 km verksmiðjuábyrgð vegna galla í aflrás og 5 ára/150.000 km verksmiðjuábyrgð vegna galla í öðrum hlutum bílsins. Þetta á við um KIA cee'd í öllum EB löndum (auk Noregs, Sviss, Íslands og Gíbraltar).

## GENGIÐ 04.10.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,28 | 61,58 |
| Sterlingspund | 124,57 | 125,17 |
| Evra | 86,53 | 87,01 |
| Dönsk króna | 11,609 | 11,677 |
| Norsk króna | 11,259 | 11,325 |
| Sænsk króna | 9,417 | 9,473 |
| Japanskt jen | 0,5252 | 0,5282 |
| SDR | 95,09 | 95,65 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

116,3999

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bandaríska dómsmálaráðuneytið samþykkti leynilegt álit um yfirheyrslur:

# Sagt hafa heimilað pyntingar

**BANDARÍKIN, AP** Dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna gaf í febrúar árið 2005 út leynilegt álit, þar sem heimild er veitt til þess að beita grunaða hryðjuverkamenn harkalegum yfirheyrsluaðferðum sem mannréttindasamtök segja vera pyntingar. Þetta fullyrðir bandaríska dagblaðið New York Times og byggir frétt sína á viðtölum við á þriðja tug fyrrverandi og núverandi embættismanna.

„Þetta land stundar ekki pyntingar,“ sagði Diana Perino, fjölmiðlafulltrúi Hvíta hússins, og hafnaði alfarið þessum fréttaflutningi. „Það er stefna Bandaríkjanna að við stundum ekki pyntingar, og það gerum við ekki.“

Samkvæmt New York Times samþykkti Alberto Gonzales, þáverandi dómsmálaráðherra, minnisblaðið, þar sem heimilaðar eru sársaukafullar yfirheyrsluaðferðir. James B. Gomey aðstoðardómsmálaráðherra, sem var að hætta í embætti, mótmælti þessu harðlega og sagði félögum sínum í ráðuneytinu að þeir myndu allir skammast sín þegar um þetta minnisblað myndi vitnast á endanum.

Nokkru seinna þetta sama ár samþykkti dómsmálaráðuneytið annað minnisblað, þar sem ráðuneytið segist líta svo á að harkalegar yfirheyrsluaðferðir sem leyniþjónustan CIA hafði beitt brjóti ekki í bága við nýtt lagaákvæði. - gb



**MÓTMÆLI** Myndin var tekin árið 2005 þegar pyntingum var mótmælt í Washington. NORDICPHOTOS/AFP

Eiturlyfjahringur í Noregi:

# Lögregla ákærir nítján manns

**ÓSLÓ, AP Norska lögreglan hefur birt nítján manns ákæru fyrir meinta aðild að eiturlyfjahring, að því er greint var frá í fréttatilkynningu í gær.**

**Sextán sakborninganna nítján eru Norðmenn, einn Finni, einn Svíi og einn Dani. Fimm þeirra kváðu vera konur.**

**Þeir eru grunaðir um að hafa rekið eiturlyfjasölu í Ósló, Bergen og Tromsö og dreift að minnsta kosti sex kílóum af amfetamíni. Einn sakborninga „er meðlimum Hell‘s Angels-mótorhjólagengisins í Tromsö,“ segir í tilkynningu lögreglunnar.** - aa



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON** Borgarstjórinn segist ekki kannast við vantraust samflokksmanna sinna.

Vilhjálmur borgarstjóri:

# Ákveðin í að taka umræðuna

**STJÓRNMÁL** „Það eru bara skiptar skoðanir um þetta, eins og gengur og gerist í góðum hjónaböndum. Mér finnst bara gott að menn tjái sínar skoðanir og við erum ákveðin í að taka umræðu um þetta,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri.

Spurður hvort rétt sé að hann standi einn á móti öllum svarar hann: „Nei, nei. Heldur þú að ég hefði þá fengið umboð til að ganga frá þessu? Ég er ekki svo valdamikill!“

Hann vill þó ekki tjá sig um hverjir eru honum sammála og hverjir ekki.

„Um þetta mál fóru fram mjög hreinskiptar og hollar umræður og ég tel að þær hafi verið mjög ágætar og við munum halda áfram þeim umræðum og marka okkur skýra stefnu um hvort Orkuveitan eigi að hverfa alveg út úr útrásarverkefnum. En það er þó töluverð hætta á að við missum töluverðan mannauð frá fyrirtækinu, ekki bara útrás heldur líka í stjórnun og orkumálum innanlands.“

Vilhjálmur er sannfærður um að sameinað fyrirtæki verði Reykvíkingum til góða og minnir á að í áttundu grein um OR segi að innan fyrirtækisins skuli vera deild sem sinni nýsköpun og markaðsstarfi erlendis. - kóþ

# Einangraður í eigin flokki

**Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks deila á borgarstjóra fyrir framgöngu hans í aðdraganda sameiningar Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy. Til tals hefur komið að skipta um fulltrúa í Orkuveitunni.**

**STJÓRNMÁL** Til tals hefur komið meðal borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins að skipta um fulltrúa flokksins í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) vegna hugmyndafræðilegs ágreinings um hlutverk og stefnu Orkuveitu Reykjavíkur, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þetta gerist í kjölfar þess að dótturfyrirtæki OR, Reykjavík Energy Invest, sameinaðist Geysi Green Energy undir formerkjum hins fyrrnefnda síðastliðinn miðvikudag. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri situr í stjórn OR fyrir hönd borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins. „Vantraust? Ég vil ekkert tjá mig um það á þessari stundu,“ sagði einn borgarfulltrúi flokksins við Fréttablaðið í gær aðspurður hvort skipti á fulltrúa flokksins í stjórn OR væri ekki vantraustsyfirlýsing á borgarstjóra.

Enginn borgarfulltrúa flokksins var tilbúinn til þess að tjá sig um ágreininginn innan borgarstjórnarmeirihlutans undir nafni en formaður borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins, Gísli Marteinn Baldursson, sagði málið vera enn til umræðu hjá borgarfulltrúum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru borgarfulltrúarnir allir „alfarið á móti“ því að OR tæki svo veigamikinn þátt í áhættufjárfestingarverkefnum REI á erlendum vettvangi. „Þetta fer gegn grundvallarhugmyndum Sjálfstæðisflokksins um að opinber fyrirtæki eigi ekki að taka þátt í áhættufjárfestingum á einkamarkaði. Það er alveg sama hvort um er að ræða Línu.net eða REI. Þetta [starfsemi REI] er flottur „buisness“ sem hið opinbera á ekkert að koma nálægt,“ sagði einn borgarfulltrúi flokksins.

Innan borgarstjórnarmeirihluta Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks var deilt um hversu brátt sameiningin bar að og hvers vegna sameiningaráformin voru ekki kynnt borgarfulltrúum betur. Höfðu sumir á orði að borgarfulltrúarnir hefðu í raun „staðið frammi fyrir orðnum hlut“.

Borgarfulltrúi Framsóknarflokksins og formaður borgarráðs, Björn Ingi Hrafnsson, lýsti því yfir að hann styddi sameiningu REI og GGE eindregið. Hún væri nauðsynlegt skref á þeirri vegferð að nýta sem best tækifæri fyrir sérþekkingu OR sem bjóðast á erlendri grundu.

magnush@frettabladid.is

## MÁLINU EKKI LOKIÐ

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins deila á Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson borgarstjóra vegna REI.



JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR



KJARTAN MAGNÚSSON



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON








## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**KVÖLDIÐ OG NÓTTIN**

Það er versnandi veður á landinu norðvestanverðu þegar líður á kvöldið. Þetta fer allt í gang síðdegis í dag þegar komnir verða norðaustan 13-18 m/s á Vestfjörðum, auk þess sem hvessir á Snæfellsnesi og við Húnaflóa. Um miðnætti í kvöld verður kominn norðan stormur víða á Vestfjörðum og við Húnaflóa. Hvassast verður á útnesjum, á fjöllum og á Ströndum.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Norðan 3-10 m/s hvassast í kvöld. Rigning og síðar skúrir. Hiti 5-9 stig

um hádegi »



» á morgun



Víðast 18-23 m/s en þó hægari vestan til.

» sunnudagur



3-10 m/s, stífastur allra austast.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15°C skúrir | London | 18°C heiðskírt | Friedrichshafen | 21°C skúrir |
| Billund | 14°C léttskýjað | París | 20°C hálfskýjað | Lúxemborg | 17°C hálfskýjað |
| Osló | 14°C heiðskírt | Amsterdam | 18°C léttskýjað | Alicante | 26°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 13°C hálfskýjað | Frankfurt | 19°C hálfskýjað | Róm | 26°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 16°C heiðskírt | Berlín | 15°C skúrir | Las Palmas | 25°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# SVÍNARIFJASTEIK

## að hætti landsliðs matreiðslumeistara

1 1/2 kg mögur svínarifjasteik
maldon sjávarsalt og pipar
1/2 ltr. kryddsoð
1 msk. sojasósa
1 1/2 msk. hveiti
10 g smjör

Ristið raufar í pöruna með 1/2 cm millibili. Leggið steikina í ofnfast fat eða pott og látið pöruna snúa niður. Hellið vatni yfir, látið það ná upp á 2/3 hluta pörunnar og sjóðið í 20 mín. Setjið steikina á rist, nuddið með sjávarsalti og kryddið með pipar. Steikið í ofni við 220°C í 20 mín., lækkið hitann niður í 180°C og hellið kryddsoði og sojasósu yfir. Steikið áfram í 1 1/2 klst. og stillið ofninn á grill á loka mínútunum. Hellið soðinu af, fleytið af mesta fitu og þykkið með smjörbollu; smjöri og hveiti sem hrært hefur verið saman í potti. Berið fram með heimalöguðu rauðkáli og kartöflum.










ÍTALÍA

-allt það besta beint frá Ítalíu



## nýjungarnar halda áfram að streyma inn




**Sólkysstir tómatar**
- frábærir á pizzur, í salöt og pastarétti




**Grillaður laukur**
- tilvalinn sem snakk eða meðlæti með mat




**Grilluð paprika**
- frábær á pizzur, í salöt, pastarétti eða á ristað snittubrauð




**Bruschetta m/papriku**
- tilbúin beint á ristað snittubrauð eða á pasta

Gildir til 7. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



*Fylgdist þú með umræðum í upphafi þings?*

| | |
|---|---|
| Já | 27% |
| Nei | 73% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefurðu verslað á netinu nýlega?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Misvísandi upplýsingar um launakjör stjórnarmanna í Reykjavík Energy Invest:

# Stjórnarmenn sagðir hafa 350.000 krónur í laun

**ORKA** Fulltrúar minnihlutans í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fullyrða að Haukur Leósson, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnarmaður í Reykjavik Energy Invest, hafi sagt laun stjórnarmanna REI vera 350 þúsund krónur, og laun stjórnarformannsins tvöfalt hærri.

Aðrir háttsettir í Orkuveitu Reykjavíkur kannast hins vegar ekki við upphæðina og segja launin 120 þúsund krónur á mánuði.

Dagur B. Eggertsson og Sigrún Elsa Smáradóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar, staðfestu við Fréttablaðið að Haukur hefði nefnt þessa tölu á fundi á miðvikudag, inntur eftir upplýsingum um launakostnaðinn. Svandís Svavarsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna, nefndi sömu tölu í Kastljósi í gær.



BJÖRN INGI HRAFNSSON



DAGUR B. EGGERTSSON



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Hjörleifur B. Kvaran, starfandi forstjóri Orkuveitunnar, sat fundinn, en vill ekki staðfesta þessar tölur. „Það eina sem ég get upplýst um er að launakjör stjórnarmanna eru ákveðin á hluthafafundi og ég man ekki til þess að slíkur fundur hafi verið haldinn,“ segir hann.

Björn Ingi Hrafnsson sagðist í gær ekki hafa þegið 350.000 krónur í laun og Guðmundur Þóroddsson, starfandi forstjóri REI, vísaði því einnig á bug.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri sagði jafnframt að þetta væri rangt. „Ég kannast ekki við þessar tölur og skil ekki hvernig svona kemst af stað,“ sagði Vilhjálmur í gær. Ekki náðist í Hauk Leósson í gær. **- kóþ/sh**

## SAGA REYKJAVÍK ENERGY INVEST

Geysir Green Energy, GGE, var stofnað í janúar á þessu ári. Hlutirnir hafa síðan gerst hratt. Sífellt vaxandi áhugi erlendra og innlendra fjárfesta á verkefnum tengdum nýtingu á endurnýjanlegum orkugjöfum hefur flýtt fyrir þróun og uppbyggingu félagsins. Eigendur GGE í upphafi voru FL Group (43%), Atorka (31%), Glitnir (16%), VGK Invest (5,75%), Bar Holding ehf. (2%) og Reykjanesbær (1%).

Rúmlega tveimur mánuðum síðar, í mars, var Reykjavík Energy Invest, REI, stofnað. Grunnhugsunin að baki félaginu er að nýta sérþekkingu sem byggst hefur upp innan Orkuveitu Reykjavíkur, OR, á sviði jarðvarmanýtingar á erlendum vettvangi. Orkuveitan var eigandi félagsins að fullu í fyrstu.

GGE og REI hafa því sama markmið að baki; að nýta þekkingu sem byggst hefur hratt upp hér á landi á undanförnum árum til verðmætasköpunar á erlendum vettvangi.

Bjarni Ármannsson kom inn í hluthafahóp REI í fyrri hluta síðasta mánaðar. Þá var tilkynnt um markmið félagsins, að afla 50 milljarða í hlutafé sem nota ætti í framkvæmdir og rannsóknir. Bjarni sjálfur lagði til 500 milljónir í félagið. Stefnt var að því að Orkuveitan yrði eigandi 40 prósenta hluta í félaginu.

GGE og REI sameinuðust síðasta miðvikudag undir formerkjum hins síðarnefnda. Frumkvæði að sameiningu Geysis og REI kom frá Hannesi Smárasyni, stjórnarformanni FL Group, sem að eigin sögn hringdi í Bjarna og óskaði eftir fundi. „Í kjölfarið hófust svo viðræður á milli félaganna sem enduðu með þeim hætti sem nú er kunnur,“ segir Hannes.

Stefnt er á að félagið verði skráð á markað innan tveggja ára. Félagið á umtalsverðar eignir og hlutdeild í verkefnum sem þegar eru vel á veg komin erlendis.

REI á fyrirtækið Jarðboranir að fullu, 48 prósenta eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja, 70 prósenta eignarhlut í Enex, sem vinnur að þróun jarðvarmaverkefna víðs vegar um heiminn, 66 prósenta eignarhlut í Enex Kína sem vinnur að þróun hitaveitna í Kína, 20 prósenta eignarhlut í Western GeoPower í Kanada sem vinnur að þróun tveggja jarðvarmavirkjana í Bandaríkjunum og 46 prósenta hlut í Exorku International, sem vinnur að byggingu jarðvarmaorkuvera sem nýta svo kallaða Kalina-tækni til raforkuvinnslu. Auk þess vinnur félagið að undirbúningi margra verkefna, meðal annars í Afríku, Indónesíu og Filippseyjum.

Stærstu hluthafar hins nýsameinaða félags eru Orkuveita Reykjavíkur með 35,5 prósenta hlut, FL Group með 27 prósent, Atorka Group með 20 prósent og Glitnir með 6,2 prósent.

# Bætti við sig milljarði

**Bjarni Ármannsson bætti einum milljarði við eign sína í REI þegar félagið var sameinað Geysi Green Energy. Hann á nú 1,5 milljarða. Fjórum starfsmönnum REI er boðið að kaupa fyrir rúmar tíu milljónir. Allir eru nýkomnir til starfa.**

**ORKUMÁL** Bjarni Ármannsson, stjórnarformaður í hlutastarfi hjá Reykjavik Energy Invest, REI, keypti hlut fyrir einn milljarð í fyrirtækinu þegar það var sameinað Geysi Green Energy í vikunni. Hluturinn var á genginu 2,77. Hann hafði áður keypt hlut fyrir hálfa milljón á genginu 1,3.

Nokkrum starfsmönnum REI var einnig boðið að kaupa hlut í fyrirtækinu og sumir þeirra hafa nú þegar skrifað undir samning þess efnis. Þeim var boðinn hluturinn á genginu 2,77.

Starfsmönnum Orkuveitu Reykjavíkur, OR, stendur til boða að kaupa misstóran hlut á genginu 1,3. Sex „lykilstarfsmenn“ mega kaupa fyrir allt að 7,8 milljónir að nafnverði en aðrir starfsmenn fyrir 100-, 200-, eða 300.000 krónur. Ákveðið var að gefa almennum starfsmönnum kost á kaupunum að kröfu starfsmannafélags OR. Eignina má selja að loknum tveimur árum.

Ákvörðun um málið tók stjórn REI, en starfandi forstjóri OR, Hjörleifur B. Kvaran, styður hana.

Aðspurður um ábyrgð OR á málefnum dótturfélagsins REI, segir Hjörleifur ljóst að tengslin séu sterk „og skorast enginn undan ábyrgð á því“.

Í stjórn REI eru Björn Ingi Hrafnsson, varastjórnarformaður OR, Haukur Leósson, stjórnarformaður OR, ásamt Bjarna Ármannssyni, stjórnarformanni REI.



**STJÓRNARMENN** Bjarni Ármannsson og Guðmundur Þóroddsson á kynningarfundi REI í september. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Birni Inga og Hauki stendur ekki til boða að kaupa hluti í fyrirtækinu, né almenningi. „Það var ákveðið að gera þetta með sama hætti og með Línu.net, reyndar keyptu starfsmenn þá á genginu þremur.“ Hjörleifur segist ekki sjá að almenningur geti eignast hlut í félaginu þar sem það sé „ekki markaðshæft á þessum tímapunkti“.

Björn Ingi og Haukur eru fulltrúar meirihlutaflokkanna í borgarstjórn. Að sögn Hjörleifs er ekki hefð fyrir því að fulltrúar minnihlutans taki þátt í stjórnum dótturfyrirtækja OR. Hins vegar minnir hann á sjónarmið um að stjórnmálamenn eigi yfirleitt ekki að sitja í stjórnum slíkra fyrirtækja „og ég segi að það sé mjög ágætt sjónarmið að setja fram, en það er eigendanna að ákveða það“.

**klemens@frettabladid.is**

## ÚTVALDIR STARFSMENN FÁ SÉRKJÖR Á HLUTABRÉFUM

■ **Þrír starfsmenn REI fá að kaupa á genginu 1,3:**

**Bjarni Ármannsson**: Var ráðinn stjórnarformaður REI í september. Hann var bankastjóri Glitnis fram að byrjun þessa árs. Bjarni keypti fyrir 500 milljónir í félaginu þegar hann tók við stjórnarformennskunni, eða 385 milljónir að nafnvirði. Þegar samruninn við Geysi Green Energy var ákveðinn skráði Bjarni sig fyrir milljarði til viðbótar, eða 361 milljón að nafnvirði. Þau kaup voru á genginu 2,77.

**Guðmundur Þóroddsson**: Tók við starfi forstjóra REI í byrjun september í leyfi sem forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Hann er menntaður verkfræðingur. Guðmundur var vatnsveitustjóri áður en hann varð fyrsti forstjóri OR við stofnun hennar 1999. Starfsaldur hans hjá fyrirtækinu miðast við 1993. Guðmundur fékk hlut á genginu 1,3 að nafnvirði 23 milljónir. Guðmundur hafði farið fram á og fengið vilyrði fyrir kaupum fyrir allt að 100 milljónum.

**Jón Diðrik Jónsson:** Var ráðinn til tímabundinna ráðgjafastarfa að REI undir lok september. Hann starfaði áður með Bjarna Ármannssyni í Glitni og var þar forstjóri. Jón fékk hlut á genginu 1,3 að nafnvirði 23 milljónir.

■ **Fjórir starfsmenn REI fá hlut á genginu 2,77 (sama og FL-Group, Atorka og Glitnir fengu á dögunum) og allt að 3,8 milljónum króna að nafnvirði:**

**Guðmundur Sigurjónsson**: Var ráðinn til REI í september. Hann hefur starfað að alþjóðlegum samskiptum.

**Gunnar Örn Gunnarsson:** Var ráðinn til REI í september. Var deildarstjóri hjá Landsvirkjun og kom m.a. að undirbúningi fyrir netþjónabú þar. Hann hefur einnig starfað sem framkvæmdastjóri Kísiliðjunnar við Mývatn og Nýsköpunarsjóðs.

**Hafliði Helgason:** Var ráðinn til REI undir lok september. Var ritstjóri Markaðarins, viðskiptablaðs Fréttablaðsins frá 2005 og blaðamaður Fréttablaðsins frá 2001.

**Rúnar Hreinsson:** Var ráðinn til REI undir lok september. Hann var framkvæmdastjóri Saga Film en gerðist kosningastjóri Framsóknarflokksins fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar. Rúnar hefur starfað sem fulltrúi í rekstrarstjórn Fjölskyldu- og húsdýragarðsins og að Kvikmyndaborginni Reykjavík fyrir meirihlutann í borgarstjórn. Hann er sagður hafa starfað fyrir Innvís, ráðgjafarfyrirtæki sem hefur starfað fyrir Reykjavíkurborg. Aðstoðaði einnig við markaðssetningu á Eyjunni.is.

■ **Hópur sex starfsmanna OR fær hlut á genginu 1,3 fyrir allt að 7,8 milljónir að nafnvirði:**

**Einar Gunnlaugsson** jarðfræðingur: Starfsaldur hjá OR miðast við 1981.

**Gestur Gíslason** jarðfræðingur: Starfsaldur hjá OR miðast við 1991.

**Grímur Björnsson** jarðeðlisfræðingur: Hefur starfað hjá OR síðan 2006, en hefur starfað lengi að jarðvarma- og orkumálum.

**Jakob S. Friðriksson**, verkfræðingur: Framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu hjá OR. Starfsaldur hjá OR miðast við árið 1991.

**Vilhjálmur Skúlason** viðskiptalögfræðingur: Verkefnastjóri hjá OR og starfar við útrás á erlendum verkefnum. Hefur starfa hjá REI frá 2006. Hann starfaði um árabil sem verslunarstjóri Tékk-kristals en útskrifaðist með B.S.-próf frá Bifröst árið 2006. Vilhjálmur er systursonur borgarstjóra.

**Þorleifur Finnsson** verkfræðingur: Sviðsstjóri erlendra verkefna og nýsköpunar hjá OR. Starfsaldur hjá OR miðast við árið 1984. Hann hefur komið að verkefnaþróun erlendis, í Djíbútí, Kína og fleiri stöðum.

■ **Félag í eigu starfsmannafélags OR fékk í gegn að það mætti kaupa á genginu 1,3. Hver starfsmaður fær 100, 200, eða 300.000 króna hlut að nafnvirði.**

*Skilyrði fyrir kaupum í REI er að starfsmaðurinn eigi hlut sinn í tvö ár. Að þeim tíma loknum má hann selja á markaðsvirði.






Miklu, miklu, miklu, miklu, miklu, miklu minna á mánuði!
Þú hringir í GSM úr heimasíma... | Síminn „Langbestur“ | Vodafone Og1 | Hive Max Xtra
5 mín á dag | 4.680 kr | 4.100 kr | 3.450 kr
10 mín á dag | 7.230 kr | 6.755 kr | 3.450 kr
15 mín á dag | 9.780 kr | 9.410 kr | 3.450 kr
20 mín á dag | 12.330 kr | 12.065 kr | 3.450 kr
30 mín á dag | 17.430 kr | 17.375 kr | 3.450 kr
45 mín á dag | 25.080 kr | 25.340 kr | 3.450 kr
60 mín á dag | 32.730 kr | 33.305 kr | 3.450 kr
Auk þess rukkar Síminn 4,95 kr og Vodafone 4,90 kr á hvert símtal í svokölluð „upphafsgjöld.“
Hive er ekki með neitt upphafsgjald.
Heimasími Max Xtra 3.450 kr. á mánuði
Nú getur þú hringt ótakmarkað í alla GSM og heimasíma innanlands, úr heimasíma frá Hive.
Til að fá Heimasíma Max Xtra þarftu líka að vera með internetið hjá Hive (ADSL Max).
Þá ertu með ótakmarkað niðurhal og ótakmörkuð símtöl í alla GSM síma og alla heimasíma.
ADSL Max og Heimasími Max Xtra kosta saman 9.840 kr. á mánuði.
Hringdu í 1817, fáðu þér Hive og lækkaðu símareikning heimilisins.
Hive | Síðumúla 32 | 108 Reykjavík | Þjónustusími 1817 | www.hive.is | Sölustaðir: Síðumúla 32 | Digital Task – Grensásvegi 11
Hive
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is Ljósm. Svenni Speight

## VEISTU SVARIÐ?



*1. Hvaða íslenski leikari tekur að sér hlutverk Trölla í söngleik á Broadway?*

*2. Hver er elsti markakóngurinn í úrvalsdeild karla í knattspyrnu?*

*3. Hvað fékk Pálmi Gestsson leikari í fimmtugsafmælisgjöf frá eiginkonu sinni?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Ráðgjafarþjónusta fyrir krabbameinssjúka og aðstandendur opnuð um helgina:

# Finna lausnir og varða veg krabbameinssjúkra

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það hafa margir beðið eftir þessu, en um 9.000 manns hafa verið greindir með krabbamein einhvern tímann á ævinni á Íslandi,“ segir Ragnheiður Alfreðsdóttir, hjúkrunarfræðingur og sviðsstjóri Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins.

Ráðgjafarþjónustan verður formlega opnuð á morgun milli klukkan eitt og fjögur í Skógarhlíð 8. Ragnheiður hvetur krabbameinssjúka og aðstandendur þeirra til að koma og kynna sér aðstöðuna og stuðningshópana sem þar verða.

Meginmarkmið þjónustunnar segir Ragnheiður vera að finna lausnir og varða veginn sem framundan er við breyttar aðstæður, veita upplýsingar, ráðgjöf, andlegan og félagslegan stuðning.

Fyrirmyndina segir hún komna frá skoskri konu. „Þegar hún greindist með brjóstakrabbamein fann hún fyrir ríkri þörf krabbameinssjúkra og aðstandenda fyrir ráðgjöf og félagslegan stuðning. Til að koma til móts við þá þörf kom hún sjálf á fót ráðgjafarþjónustu. Hugmynd hennar hefur svo verið notuð víðs vegar um Bretland og nú á Íslandi,“ segir Ragnheiður.

Í ráðgjafarþjónustunni á fólk að geta leitað aðstoðar hjá hjúkrunar- og félagsfræðingi auk annarra sérfræðinga sem tengjast endurhæfingu krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra.

Hugmyndina að aðstöðunni segir Ragnheiður lengi hafa verið í deiglunni, með söfnunarfé og framlögum hafi nú tekist að koma henni á laggirnar. **- kdk**



**HEIMILISLEG AÐSTAÐA** Gunnjóna Una Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi Ráðgjafarþjónustunnar, og Ragnheiður Alfreðsdóttir hjúkrunarfræðingur munu veita krabbameinssjúkum og aðstandendum þeirra aðstoð í nýrri Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins.



**ÁRNI FRIÐRIKSSON** Bæði hafrannsóknaskip stofnunarinnar taka þátt í verkefninu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stofnmæling botnfiska:

## Stærð fiskstofna metin

**HAFRANNSÓKNIR** Hafrannsóknastofnun hóf stofnmælingu botnfiska að haustlagi í tólfta skipti hinn 1. október. Um er að ræða eitt umfangsmesta rannsóknaverkefni stofnunarinnar, þar sem togað er á 380 stöðvum.

Rannsóknasvæðið miðast við landgrunn Íslands, allt niður á 1.500 metra dýpi og er markmið rannsóknarinnar að meta stærð helstu fiskistofna við landið. **- shá**

### BORGARFJÖRÐUR

**Annist sjálfir sín jólatré**

Borgarbyggð ætlar ekki að setja upp jólatré við Grunnskóla Borgarness, Safnahús, Grunnskóla Borgarfjarðar á Hvanneyri, Grunnskóla Borgarfjarðar á Kleppjárnsreykjum eða í Reykholti. Umhverfisnefnd Borgarbyggðar vill að þessar stofnanir sjái sjálfar um sínar jólaskreytingar.

### MENNTAMÁL

**Flóamarkaður í þágu kvenna**

Starfsmenntunarsjóður Bandalags kvenna í Reykjavík heldur flóamarkað á sunnudag að Hallveigarstöðum við Túngötu. Sjóðurinn var stofnaður árið 1995 og er ætlað að styrkja ungar konur til menntunar. Tekið verður á móti varningi á morgun á milli 14 og 17.

Könnun meðal fiskvinnslufólks á Vestfjörðum:

# Starfsöryggi ógnað

**ATVINNUMÁL** Meirihluti fiskvinnslufólks á norðanverðum Vestfjörðum óttast að fá ekki vinnu í heimabyggð verði því sagt upp störfum. Þetta kemur fram í rannsókn sem Fjölmenningarsetrið á Ísafirði vann í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands á meðal fiskvinnslufólks á Suðureyri, Bolungarvík, Hnífsdal, Þingeyri, Flateyri og Súðavík.

Kristín Erla Harðardóttir, verkefnastjóri hjá Félagsvísindastofnun, segir fiskvinnslufólkið ekki hafa áhyggjur af að fá ekki vinnu, enda sé atvinnuástand gott víðast hvar á landinu. „En það var sláandi að sjá hversu margir höfðu áhyggjur af því að fá ekki vinnu í heimabyggð. Í ljós kom að konur höfðu sérstaklega miklar áhyggjur af þessu.“

Spurningalisti var lagður fyrir Íslendinga jafnt sem innflytjendur, sem voru 60 prósent þeirra sem svöruðu af 150 manna úrtaki. Kristín segir einnig athyglisvert að hreyfanleiki aðfluttra sé minni í þessari könnun en öðrum sambærilegum sem gerðar hafa verið. Alls 50 prósent innflytjenda hafa búið hérlendis skemur en í þrjú ár sem skýrir að helmingur þeirra talar ekki annað tungumál en móðurmál sitt. Fjórðungur innflytjenda flutti til landsins með það í huga að setjast hér að. **- shá**



**ÚR FRYSTIHÚSINU** Fiskvinnslufólk á Vestfjörðum óttast að fá ekki starf í heimabyggð, komi til uppsagna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LEIÐTOGAR FAGNA** Eftir að þeir höfðu undirritað sameiginlega yfirlýsingu í gær tók Roh Moo-hyun undir hönd Kim Jong Il og lyfti hátt í fagnaðarskyni eins og á íþróttaviðburði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Sættir í Kóreu

**Norður- og Suður-Kórea hafa heitið því að gera friðarsamning með aðild Bandaríkjanna og Kína eftir að hafa formlega átt í stríði í meira en hálfa öld. Samvinna ríkjanna verður einnig efld.**

**NORÐUR-KÓREA, AP** Leiðtogar Norður- og Suður-Kóreu luku þriggja daga leiðtogafundi sínum með loforði um að gera friðarsamkomulag milli ríkjanna, sem formlega hafa átt í stríði í meira en hálfa öld.

Þeir Roh Moo-hyun, forseti Suður-Kóreu, og Kim Jong-Il, leiðtogi Norður-Kóreu, undirrituðu sameiginlega yfirlýsingu í átta liðum, þar sem meðal annars kemur fram að ríkin tvö muni „starfa náið saman að því að ljúka hernaðarillindum, tryggja frið og draga úr spennu á Kóreuskaga“.

Friðarsamkomulagið á að koma í staðinn fyrir vopnahléssamning, sem gerður var árið 1953 í lok Kóreustríðsins. Suður-Kórea undirritaði þó aldrei þann samning, en auk Norður-Kóreu stóðu Bandaríkin og Kína að honum. Reiknað er með að leiðtogar Suður- og Norður-Kóreu muni nú leita eftir samvinnu við Bandaríkin og Kína um gerð endanlegs friðarsamnings.

Einnig hétu leiðtogarnir því að efla samvinnu ríkjanna á ýmsum sviðum.

Daginn áður höfðu fulltrúar Norður-Kóreu, á fundi í Kína með fulltrúum Bandaríkjanna og fjögurra annarra ríkja, fallist á að falla frá öllum kjarnorkuáformum fyrir árslok og gera eina kjarnaofn landsins óstarfhæfan.

Í síðasta mánuði sagðist George W. Bush Bandaríkjaforseti fús til þess að standa að gerð varanlegs friðarsamkomulags við Norður-Kóreu, en þó aðeins ef Norður-Kóreumenn hafa fyrst hætt við öll sín kjarnorkuáform.

Í yfirlýsingu leiðtoganna í gær var aðeins í einni setningu minnst á kjarnorkumálin, þar sem þeir hétu því að „vinna saman að því að tryggja snurðulausa framkvæmd“ fyrri samninga ríkjanna sex um „lausn á kjarnorkumálum á Kóreuskaga.“ **gudsteinn@frettabladid.is**









ÓSKUM ÍSLANDSMEISTURUM VALS TIL HAMINGJU
MEÐ FRÁBÆRAN ÁRANGUR Í SUMAR

PUMA®



**FONDÚFÖGNUÐUR** Emmi, stærsta ostafyrirtækið í Sviss, bauð upp á stærsta fondú í heimi utan Sviss í Bandaríkjunum í fyrradag. Spilað var á alpahorn í tilefni dagsins. NORDICPHOTOS/AFP

Dómsmálaráðherra segir mögulegt að einkaaðilar byggi og reki nýtt fangelsi:

# Skoða einkarekstur fangelsis

**FANGELSI** Í áætlun ríkisstjórnarinnar um uppbygginguna fangelsa er kveðið á um nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu með 64 klefum. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir koma til greina að fangelsið verði byggt og rekið af einkaaðilum.

„Ég tel eðlilegt að skoðað sé til hlítar hvort ríkið eigi að standa sjálft að byggingu og rekstri fangelsisins," sagði Björn í ávarpi við vígslu endurbætts fangelsis á Kvíabryggju. Hann sagði að til íhugunar sé „hvort stofna eigi með samningi til samstarfs við einkaaðila um byggingu og jafnvel rekstur fangelsa."

Björn sagði nýtt fangelsi hafa verið á döfinni í fjóra áratugi og þola enga frekari bið. „Miðað við hinn mikla áhuga margra í þjóðfélaginu á málefnum og velferð fanga kæmi ekki á óvart þótt unnt yrði að virkja einkaframtakið í enn meira samstarf," sagði Björn. Nefndi hann áfangaheimili Verndar sem dæmi um vel heppnað einkaframtak.

Í fangelsinu verða klefar til gæsluvarðhalds og afplánunar til skamms tíma, auk meðferðar- og sjúkradeilda. - sgj



**NÝTT FANGELSI RÍSI Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra ræðir hér við Valtý Sigurðsson, forstjóra Fangelsismálastofnunar, á Kvíabryggju. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Takmarka andlega áttavillu:

## Unglingarnir settir í straff

**ARGENTÍNA Í samfélagi frumbyggja í norðausturhluta Argentínu hefur verið gripið til þess ráðs að setja alla unglinga í einangrun í bænum í 60 daga. Er ætlunin að takmarka „andlega áttavillu" unglinganna sem „siðir hvítra" í nútímasamfélaginu valda að sögn leiðtoga samfélagsins, Silvino Moreyra.**

**Var þetta ákveðið eftir að tvö ungmenni fyrirfóru sér og sjálfsvígstilraun hins þriðja.**

**Öldungar samfélagsins vilja framlengja einangrunina ef hún reynist árangurslaus, að því er fréttavefur BBC greinir frá.**

- sdg



**BROTLENTI** Önnur óhappavélin eftir brotlendingu í Vilnius 12. september. MYND/AP

Dash-8-skrúfuþotur SAS:

## Skaðabætur vegna bilana

**STOKKHÓLMUR, AP** Stjórn skandinavíska flugfélagsins SAS hefur ákveðið að taka aftur í notkun Dash-8 Q400-skrúfuþotur félagsins, sem kyrrsettar voru eftir að tvær þeirra brotlentu vegna bilana í lendingarbúnaði 9. og 12. september. Stjórnin ákvað einnig að veita hverjum farþega sem um borð voru í óhappavélunum tveimur 2.000 evrur í miskabætur, andvirði 175.000 króna. Enginn hlaut alvarleg meiðsl í óhöppunum.

Í fyrradag greindi SAS frá því að fyrirtækið myndi fara fram á andvirði tæplega 5 milljarða íslenskra króna frá framleiðanda vélanna, Bombardier í Kanada, í skaðabætur fyrir að ekki var í þjónustuhandbókum kveðið á um viðeigandi eftirlit með lendingarbúnaðinum sem bilaði. - aa

# Segja forsendurnar að baki fjárlagafrumvarpinu veikar

**Ástæða til að hafa áhyggjur af forsendum fjárlagafrumvarpsins segir formaður frjálslyndra. Ótrúverðugleiki ráðuneytisins einn mesti efnahagsvandinn segir fulltrúi VG. Óvissa í markaðshagkerfi segir ráðherra.**

**ALÞINGI** Stjórnarandstæðingar gagnrýndu veikar forsendur um horfur í efnahagsmálum sem þeir sögðu liggja að baki fjárlagafrumvarpi ársins 2008, í umræðu um frumvarpið á Alþingi í gær.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, vísaði í umfjöllun greiningardeildar Landsbanka Íslands um framtíðarhorfur og sagði hana stangast á við spá fjármálaráðuneytisins.

„Ég tel mig hafa fært fyrir því rök [...] að það sé ástæða til þess að hafa áhyggjur og skoða þetta vandlega. Hér erum við að tala um grunn fjárlagafrumvarpsins og grunn stefnumótunar fyrir næstu ár," sagði Guðjón Arnar.

Hann benti til dæmis á að í spá greiningardeildarinnar sé gert ráð fyrir áframhaldandi þenslu og áframhaldandi aukinni eftirspurn eftir vinnuafli, á meðan fjármálaráðuneytið spái því að það dragi úr þenslu og samdráttur verði í eftirspurn eftir vinnuafli.

„Ótrúverðugleiki fjármálaráðuneytisins og framlagning fjárlaga er einn mesti efnahagsvandinn í dag," sagði Jón Bjarnason, fulltrúi Vinstri grænna í fjárlaganefnd. Hann benti á að í fjárlögum vegna ársins 2007 munaði yfir 80 milljörðum króna á áætlunum og því sem raunin hefði orðið.

Hann sagði grunn fjárlagavinnunnar veikan og spurði fjármálaráðherra hvort hann gæti einhvern veginn sannfært þingheim um að hægt væri að leggja trúnað á spár.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra sagði ekki mögulegt að spá nákvæmlega fyrir um framtíðina í opnu markaðshagkerfi. Því yrði fjármálaráðuneytið og aðrir að búa við ákveðna óvissu um hvernig málin þróuðust og hvernig fólkið í landinu hegðaði sér.

Fjárlagafrumvarpið sé því eins og áður kynnt með ákveðnum fyrirvörum, til dæmis um breytingar, komi til frekari uppbyggingar stóriðju. Reynslan hafi sýnt að það verði að fara varlega í því að taka inn í áætlanir hluti sem ekki sé búið að ákveða.

Bjarni Harðarson, fulltrúi Framsóknarflokksins í fjárlaganefnd, gagnrýndi hugmyndir fjármálaráðherra um breytingar á fyrirkomulagi fjárlaga, sem ráðherrann kynnti í viðtali í Fréttablaðinu um síðastliðna helgi. Bjarni sagði að allar upplýsingar skorti um útfærslur á til að mynda hugmynd um að ríkisstofnanir gætu tekið lán hjá ríkinu.

brjann@frettabladid.is

### STIMPILGJÖLD AFNUMIN Á KJÖRTÍMABILINU

„Staða ríkissjóðs er svo góð að allar líkur eru á að hægt verði að lækka skatta án þess að það leiði til hallareksturs yfir hagsveifluna," sagði Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra þegar hann mælti fyrir fjárlagafrumvarpi ársins 2008 á Alþingi í gær.

Hann sagði ríkisstjórnina ætla að endurskoða skattkerfið, hækka persónuafslátt og lækka skatta á fyrirtæki. Einnig eigi að endurskoða óbeina skatta, til dæmis sé stefnt að því að afnema stimpilgjöld á fasteignaviðskipti á kjörtímabilinu.

„Það er óeðlilegt að hið opinbera taki meira til sín en nauðsynlegt er. Því er nauðsynlegt í góðæri jafnt sem hallæri að endurmeta hlutverk ríkisins og draga úr verkefnum sem ekki eru talin nauðsynleg, og færa fjármuni til skattgreiðenda eða í verkefni sem meiri þörf er fyrir," sagði Árni.



**GAGNRÝNI** Ótrúverðugleiki fjármálaráðuneytisins er einn mesti efnahagsvandinn í dag, sagði Jón Bjarnason á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








**PARIÐ** Marie Cavallier og Jóakim prins í tilhugalífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gleðitíðindi frá dönsku hirðinni:

## Jóakim kvænist Marie á næsta ári

**DANMÖRK, AP** Hinn fráskildi Jóakim Danaprins mun kvænast franskri unnustu sinni, Marie Cavallier, snemma á næsta ári. Þetta tilkynnti danska hirðin á miðvikudag.

Jóakim, sem er yngri sonur Margrétar Þórhildar drottningar, skildi við fyrri eiginkonu sína, hina Hong Kong-ættuðu Alexöndru prinsessu, árið 2005, en það var fyrsti skilnaðurinn í dönsku konungsfjölskyldunni í 160 ár. Alexandra missti prinsessutitilinn er hún ákvað að giftast á ný í vor sem leið. Þau Jóakim hafa sameiginlegt forræði yfir sonunum tveimur, Nikolai og Felix.

Marie Agathe Odile Cavallier fæddist í París árið 1976 og er því sjö árum yngri en Jóakim. Foreldrar hennar skildu þegar hún var 13 ára og hún flutti þá til Sviss með móður sinni. Hún býr nú í Genf, þar sem hún starfar í fjárfestingarfélagi föður síns.

Hirðin greindi frá því að Marie muni fyrir brúðkaupið ganga úr kaþólsku kirkjunni og í dönsku lútersk-evangelísku þjóðkirkjuna og skila frönsku vegabréfi sínu er hún verður danskur ríkisborgari. - aa

Áltæknigarður í Þorlákshöfn:

# Í samstarf við kínverskan skóla

**MENNTAMÁL** Jiangxi-tækniháskólinn frá Kína hefur staðfest samkomulag við íslenska ráðgjafarfyrirtækið Arctus um gerð alþjóðlegs kennsluefnis á sviði málmfræða. Háskólinn hefur einnig staðfest áhuga sinn á að taka þátt í stofnun og rekstri alþjóðlegrar deildar í málmfræðum í fyrirhuguðum Áltæknigarði við Þorlákshöfn.

Að því er fram kemur í tilkynningu frá Arctus er Jiangxi-háskólinn einn virtasti háskóli Kína á sviði málmfræða. Arctus mun á næstunni óska eftir samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. - sh

Kannanir á grunnskólastigi sýna minnkandi áfengis- og tóbaksneyslu barna:

# Hafa ekkert forspárgildi

**HEILBRIGÐISMÁL** Kannanir á meðal grunnskólanemenda í 10. bekk hér á landi benda til þess að vímuefnaneysla þessa hóps fari minnkandi. Neysla ungmenna í grunnskóla hefur þó ekkert forspárgildi fyrir það hversu margir eiga við alvarleg vandamál að stríða vegna áfengis- og vímuefnaneyslu síðar á lífsleiðinni. Þetta var meðal þess sem fjallað var um á lokadegi þriggja daga afmælisráðstefnu SÁÁ, sem lauk í fyrradag.

Rafn M. Jónsson, sviðsstjóri á Lýðheilsustofnun, fjallaði um kannanir á neyslu grunnskólabarna á Íslandi og kom fram í máli hans að síðan 1995 er vel merkjanlegt að neysla áfengis- og vímuefna auk tóbaks hefur minnkað umtalsvert. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa orðið drukknir um ævina var til dæmis 42 prósent í könnun sem gerð var 2007 en var rúm 64 prósent árið 1995. Engar breytingar hafa orðið hjá þeim sem reykja hass að staðaldri, um 3,5 prósent þeirra sem eru í lokabekk grunnskóla.



**10. BEKKUR** Neysla grunnskólanema fer minnkandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir SÁÁ, sýndi fram á að tölfræði sjúkrahússins sannaði að neyslutölur hefðu ekki forspárgildi en sýndu að gott forvarnastarf er unnið á grunnskólastiginu. Sagði hann gífurlegt magn gagna um neyslu ungmenna liggja fyrir en fjármagn skorti frá hinu opinbera til að greina þær upplýsingar svo yfirvöld og meðferðaraðilar gætu greint hver staðan raunverulega er í neyslu barna og unglinga hér á landi. - shá

Landssöfnun Kiwanismanna:

# Safna til styrktar geðsjúkum

**SÖFNUN Landssöfnun Kiwanishreyfingarinnar til styrktar geðsjúkum og aðstandendum þeirra hófst í gærmorgun á því að Guðlaugi Þór Þórðarsyni heilbrigðisráðherra var afhentur fyrsti K-lykillinn.**

**Kjörorð söfnunarinnar eru Lykill að lífi og er hún haldin í tengslum við alþjóðlega geðheilbrigðisdaginn 10. október.**

**Ágóði landssöfnunarinnar að þessu sinni rennur til Geðhjálpar, Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans og Forma, samtaka átröskunarsjúklinga. Söfnunin stendur til 7. október.** - kdk



**GLAÐHEIMAR** Hesthúsin víkja fyrir atvinnuhúsnæði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Bæjarstjórn Garðabæjar:

# Vilja áætlun um Glaðheima

**SKIPULAGSMÁL Bæjarstjórn Garðabæjar vill að áður en skipulag fyrir svokallað Glaðheimasvæði verður lagt fram til samþykktar hafi Kópavogsbær lagt fram áætlun varðandi samgöngur. Í áætluninni verði gerð grein fyrir hvernig samræma megi framkvæmdir á Glaðheimasvæðinu við uppbyggingu umferðamannvirkja þannig að ekki myndist umferðaröngþveiti til lengri eða skemmri tíma og umsögn Vegagerðar um tillöguna og áhrif hennar á uppbyggingu vegakerfisins. Fyrir dyrum stendur almenn kynning á Glaðheimaverkefninu.** - gar



**SIGURVISS** Jaroslaw Kaczynski forsætisráðherra sigurviss á kosningafundi. MYND/AP

Kosningar í nánd í Póllandi:

# Fylgi stjórnarflokksins vex

**PÓLLAND, AP** Íhaldsflokkurinn Lög og réttlæti, flokkur Kaczynski-tvíburanna sem eru forseti og forsætisráðherra Póllands, mælist nú með meira fylgi en höfuðkeppinauturinn, hinn frjálslyndi Borgaravettvangur sem Donald Tusk fer fyrir. Aðeins þrjár vikur eru nú til þingkosninga sem til var boðað eftir að slitnaði upp úr tæplega ársgömlu stjórnarsamstarfi Laga og réttlætis við tvo jaðarflokka.

Í könnun sem niðurstöður voru birtar úr í dagblaðinu Gazeta Wyborcza í gær mælist fylgi Laga og réttlætis 36 prósent, sem er fimm prósenta aukning frá í fyrri viku, en Borgaravettvangur með 31 prósent, sem er fimm prósentustigum minna en fyrir viku. - aa

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Gefið í á Suðurnesjum

Lögreglan á Suðurnesjum kærði 19 ökumenn fyrir of hraðan akstur í gær. Sá sem hraðast ók miðað við leyfðan hámarkshraða var á 93 kílómetra hraða innanbæjar í Reykjanesbæ þar sem hámarkshraði er 50.




„Esjan mín“

Skilafrestur rennur út 10. október.

Í tilefni af 75 ára afmæli SPRON er efnt til teikni- og myndlistarsamkeppni um bestu myndina af Esjunni.

Keppt er í fjórum aldurshópum: 0-5 ára, 6-11 ára,12-15 ára,16 ára og eldri.
Dómnefnd er skipuð listamönnunum *Daða Guðbjörnssyni* og *Maríu Sif Daníelsdóttur* ásamt fulltrúa frá SPRON. Þau munu velja 3 bestu verkin í hverjum flokki.
Verk vinningshafa ásamt völdum innsendum verkum verða til sýnis í útibúum SPRON.

Veglegir vinningar eru í boði í öllum flokkum.

*1. verðlaun:* Gjafabréf frá Litum og föndri og gjafakarfa frá Eymundsson.
*2.-3. verðlaun:* Gjafakarfa frá Eymundsson.

Skila skal verkunum í SPRON Ármúla 13a, 108 Reykjavík

Gefðu sköpunargáfunni lausan tauminn og málaðu eða teiknaðu mynd af Esjunni út frá eigin brjósti.

75 ára | spron

argus 07-0605

Nánari upplýsingar í þjónustuveri SPRON í síma 550 1400 eða á spron.is



**SJÓNVARPSPREDIKARI KVADDUR** Frá líkvöku Rex Humbards, fyrsta sjónvarpspredikarans vestanhafs, í Dómkirkju morgundagsins (Cathedral of Tomorrow) í Akron í Ohio-ríki. Humbard var 88 ára að aldri er hann andaðist. MYND/AP

Flestir skólar uppfylltu kröfur um lágmarksfjölda kennslustunda í fyrra:

# Fleiri nemar fengu stuðning

**SKÓLAMÁL** Flestir skólar uppfylla kröfur um lágmarksfjölda kennslustunda en menntamálaráðuneytið getur veitt undanþágu frá lögunum. Margir nemendur fá fleiri kennslustundir á viku en kveðið er á um í lögum. Þetta kemur fram í tilkynningu um starfstíma nemenda í grunnskólum á vef Hagstofu Íslands.

Í einungis tveimur grunnskólum landsins voru skóladagar færri en 170 veturinn 2006-2007 og voru þeir báðir með undanþágu vegna fámennis eða skipulags skólaakstsurs.

Meðalfjöldi skóladaga var 179 en kennsludagar voru frá 164 til 172 eftir bekkjum. Meðaltal prófdaga var breytilegt eftir bekkjum. Yngri nemendur fengu fleiri kennsludaga og færri prófdaga. Þetta var öfugt hjá eldri nemendum.

Lítið er um prófdaga í dreifbýlisskólum og þess dæmi að yngri nemendur dvelji lengur í skólanum á degi hverjum og fái í staðinn færri kennsludaga.

Yfir tíu þúsund nemendur eða tæplega fjórðungur grunnskólanemenda nutu sérkennslu eða stuðnings í fyrravetur. Það er rúmlega átta prósenta aukning milli ára. Hlutfallslega flestir nemendur fjórða bekkjar nutu stuðnings. - ghs



**SKILYRÐI UPPFYLLT** Flestir skólar veita nemendum sínum lágmarksfjölda kennslustunda. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki beint.

Fiskveiðistjórn ESB:

# Pólverjar sakaðir um ofveiði

**BRUSSEL, AP Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins greindi frá því í gær að hún væri að íhuga að grípa til aðgerða til að stöðva ofveiði Pólverja á Eystrasaltsþorski.**

**Framkvæmdastjórnin áminnti pólsk stjórnvöld um þorskveiðiskip Pólverja yrðu að vera bundin við bryggju þar sem þau hefðu nú þegar veitt umfram aflaheimildir.**

**Talsmenn náttúruverndarsamtakanna WWF sögðu að fimm ára viðleitni til endurskoðunar fiskveiðistefnu ESB hefði enn engum áþreifanlegum árangri skilað og ofveiði væri eftir sem áður viðvarandi vandamál. - aa**

Andlát Díönu og Dodis:

# Upptökur sýndar

**LUNDÚNIR, AP** Réttarrannsókn dánardómstjóra á andláti Díönu prinsessu, vinar hennar Dodis Fayed og bílstjórans Henri Paul í París fyrir tíu árum var fram haldið í Lundúnum í gær.

Kviðdómi voru sýndar upptökur úr öryggismyndavélum Ritz-hótelsins síðustu klukkustundirnar fyrir bílferðina örlagaríku. Hlutverk kviðdómsins er að skera úr um hvort dánarorsök hafi verið slys eða morð. Á upptökunum sést Paul, að því er virðist styrkur á fótum, bíða ásamt parinu við bakdyraútgang hótelsins. Rannsókn bæði frönsku og bresku lögreglunnar leiddi í ljós að Paul hefði haft tvöfalt meira alkóhól í blóðinu en frönsk lög heimila ökumönnum. - aa

Salmonellusýkt nagbein:

# Nagbeinin geta valdið sýkingu

**DÝRAHALD** „Það er talið að um 200 nagbein hafi selst hér á landi. Við höfum þó ekki fengið upplýsingar um að fólk eða hundar hafi veikst vegna þeirra,“ segir Sigurður Örn Hansson, forstöðumaður matvæla- og umhverfissviðs Landbúnaðarstofnunar.

Við reglubundið eftirlit stofnunarinnar kom í ljós að nagbein úr svínslegg, sem ætluð eru hundum, voru sýkt af fjölónæmum stofn af salmonellu. Beinin voru seld í gæludýraverslunni Tokyo í Hafnarfirði og seldist um þriðjungur sendingarinnar. Sigurður hvetur fólk til að skila beinunum eða ganga tryggilega frá þeim með heimilissorpinu til að forðast smit. - kdk



**SALMONELLUSÝKING** Nagbein fyrir hunda sem seld voru á Íslandi reyndust sýkt af salmonellu.





# Breytingar skerða laun

**Áfallatryggingasjóður mun skerða laun þeirra sem eru frá vinnu í nokkra mánuði vegna slysa. Fara á varlega í breytingar, segir formaður verkalýðsfélags.**

**VINNUMARKAÐUR** Nýr áfallatryggingasjóður skerðir laun þeirra sem eru frá vinnu í nokkra mánuði vegna veikinda eða slysa en eykur rétt þeirra sem eru frá vinnu í nokkur ár. Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, telur að fara eigi „mjög varlega“ í breytingar og segir að langflestir séu aðeins frá vinnu í nokkra mánuði. Réttur þeirra skerðist ef af breytingum verður.

Aðalsteinn tekur dæmi af manni með 300 þúsund krónur í laun á mánuði. „Hann slasast í vinnunni og á sjö mánaða veikindarétt. Hann heldur þessum 300 þúsundum í sjö mánuði samkvæmt núverandi kerfi en fengi 300 þúsund í tvo mánuði og nítíu prósenta laun í fimm mánuði samkvæmt nýja kerfinu. Launin hans myndu lækka í 270 þúsund á mánuði og því myndi þessi maður tapa 150 þúsundum þann tíma sem hann væri veikur. Við bætist 15 þúsund króna tap á greiðslum í lífeyrissjóð þar sem mótframlag atvinnurekanda lækkar úr átta prósentum í sjö. Samtals yrði þetta því 165 þúsund krónur.“

Á þingi Starfsgreinasambandsins í gær lét Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, í ljós að skoða bæri hvernig skattalækkanir gætu tengst kjarasamningum. Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, segir að þó að ríkisstjórnin skuldi ekki mikið erlendis þá skuldi hún fólkinu í landinu, öryrkjum, öldruðum og öðrum hópum réttmætar kjarabætur.

„Skuldir ríkisstjórnarinnar eru ekki bara í bönkum og lánastofnunum, þær eru líka við fólkið,“ segir hann. „Það er orðið tímabært að ríkisstjórnin snúi sér að þessum lánardrottnum sem hafa beðið eftir úrlausn. Peningahrúgan verður ekki svona stór hjá fjármálaráðherra ef hann vindur sér í að gera upp við þessa hópa.“

Vilhjálmur Egilsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, segir að vinna við áfallatryggingasjóð haldi áfram. „Við höfum náð að halda utan um talnaefnið og grundvallaruppbygginguréttindakerfisins. Næsta skref er að útfæra þetta betur. Í framhaldinu þurfum við að tengja okkur við stjórnvöld,“ segir hann.

Eftir ársfund ASÍ í lok mánaðarins skýrist betur með kröfugerð og samningaviðræður í vetur.

ghs@frettabladid.is



**AÐALSTEINN BALDURSSON**



**KRISTJÁN GUNNARSSON**

**TAPAR 165 ÞÚSUNDUM**

Maður, sem er með 300 þúsund krónur í laun á mánuði, slasast í vinnunni og er frá vinnu í sjö mánuði. Hann á rétt á fullum launum allan þann tíma og átta prósenta mótframlagi atvinnurekanda í lífeyrissjóð, samkvæmt núverandi tryggingafyrirkomulagi. Samkvæmt hugmyndum um nýjan áfallatryggingasjóð fengi maðurinn full laun, eða 300 þúsund, í tvo mánuði og svo 270 þúsund krónur á mánuði í fimm mánuði. Mótframlag vinnuveitanda næmi sjö prósentum. Maðurinn myndi því tapa 165 þúsundum samtals.

Vantrauststillaga Sósíaldemókrataflokksins felld :

# Stjórnin í Rúmeníu hélt velli

**RÚMENÍA, AP** Ríkisstjórn Rúmeníu hélt velli þegar rúmenska þingið kaus á miðvikudag um vantrauststillögu stjórnarandstöðunnar á hendur ríkisstjórninni, sem er skipuð miðju- og hægriflokkum.

Helsti stjórnarandstöðuflokkurinn, Sósíaldemókrataflokkurinn, lagði vantrauststillöguna fram í síðustu viku með þeim skýringum að ríkisstjórn Calin Popescu Tariceanu hefði mistekist að koma í framkvæmd umbótum á dóms- og velferðarkerfinu. Var þetta þriðja vantrauststillagan sem flokkurinn leggur fram frá árinu 2004. - sdg



**VÖKULT AUGA** Calin Popescu Tariceanu forsætisráðherra fylgist með þingmanni greiða atkvæði. NORDICPHOTOS/AFP






# Búseta í námunda við náttúru

**Reynisvatnsás er nýtt skipulagssvæði í Reykjavík og er svæðið eingöngu hugsað sem sérbýlishúsabyggð fyrir einbýlis-, par- og raðhús. Slík hverfi hafa ekki verið í boði á höfuðborgarsvæðinu lengi en stefna borgaryfirvalda er að allir sem vilja geti byggt og búið í borginni og hún verði fyrsti búsetukostur sem flestra.**

Skipulagssvæðið við Reynisvatnsás er lítt snortið svæði norðaustan við Grafarholtið. Það afmarkast til suðvesturs af Reynisvatnsvegi, hægakstursgötu sem tengir saman íbúðarbyggðina í Grafarholti og Úlfarsárdal til norð-vesturs. Óbyggt svæði liggur að hverfinu að suðaustan- og austanverðu og verndarsvæði Úlfarsár afmarkar skipulag svæðisins til norðurs.

Suðaustan skipulagssvæðisins, ofar í Reynisvatnsási, er skógræktarsvæði sem er hluti af Græna treflinum. Skipulagssvæðið við Reynisvatnsás er eitt þeirra svæða í Reykjavík sem ætlað er að fullnægja vaxtarþörf borgarinnar á næstu árum.

- 10 ÍBÚÐIR Í EINNAR HÆÐAR RAÐ- OG PARHÚSUM.
  36 ÍBÚÐIR Í TVEGGJA HÆÐA RAÐ- OG KEÐJUHÚSUM.
- 4 ÍBÚÐIR Í TVEGGJA HÆÐA PARHÚSUM.
- 3 ÍBÚÐIR Í EINNAR HÆÐAR EINBÝLISHÚSUM. 5 ÍBÚÐIR Í EINBÝLISHÚSUM Á PÖLLUM.
  48 ÍBÚÐIR Í TVEGGJA HÆÐA EINBÝLISHÚSUM.






## SKILAFRESTUR TIL 31. OKTÓBER

Umsóknum skal skila fyrir kl. 16:15 miðvikudaginn 31. október 2007. Tekið verður á móti umsóknum í þjónustuveri Framkvæmdasviðs, Skúlatúni 2, 1. hæð. Senda má undirritaðar umsóknir í tölvupósti til fs.lodir@reykjavik.is. Fyrirvari er um gildistöku deiliskipulags hverfisins, sem samþykkt var í borgarstjórn 2. október 2007.

## UMSÓKNARGÖGN

Umsóknareyðublöð, úthlutunarreglur, skipulagsskilmálar og önnur umsóknargögn eru aðgengileg á vef Framkvæmdasviðs, **www.reykjavik.is/fs**. Enn fremur fást umsóknareyðublöð og skipulagsuppdráttur afhent í þjónustuveri Framkvæmdasviðs í Skúlatúni 2.

## VELDU ÞINN STAÐ – VEFSVÆÐI

Á vefsvæðinu *Veldu þinn stað* á www.reykjavik.is er hægt að skoða kort og fá ítarlegar upplýsingar um uppbyggingasvæði og lóðirnar sem í boði eru.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is og í síma 411 1111**

Reykjavíkurborg







Eldhúsinnréttingar Baðinnréttingar Skápar Húsgögn Hreinlætistæki Parket Flísar

**EGG ER STÓRVERSLUN**

- með allt til að innrétta og fegra heimilið þitt









# 20%
kynningarafsláttur af AZA gjafavöru

# 20%
afsláttur af Eva Solo búsáhöldum

# 10%
afsláttur af KFF og Vibieffe húsgögnum

# 20%
kynningarafsláttur af Krups kaffivél

# 30%
afsláttur af kristalskertastjökum

# 20%
afsláttur af heitum pottum frá Hydropool

**... og margt fleira**

Ljós Raftæki Gjafavara Heimilistæki Búsáhöld Hurðir Veggfóður Hönnunarsetur

EGG
SMÁRATORGI

## „ORÐRÉTT“

*Dýrt sætabrauð*

**„Ég hélt fyrst að þetta væri einhver gömul bakarísskuld af Króknum.“**

AUÐUNN BLÖNDAL UM KREDITKORTASVINDLARA SEM SVEIK ÚT VÖRUR Á HANS NAFNI.
**Fréttablaðið, 4. október.**

*Í fullu fjöri*

**„En það eru bara því miður engir gamlingjar á Íslandi svona sprækir.“**

BRYNJA HALLDÓRSDÓTTIR, TÆPLEGA FIMMTUG LANDSLIÐSKONA Í SKVASSI.
**Morgunblaðið, 4. október.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** EINAR BIRGIR STEINÞÓRSSON, SKÓLAMEISTARI Í FLENSBORG

## *Afmælisárinu lokað með myndlist*

„Við höfum verið að halda upp á 125 ára afmæli skólans undanfarið ár. Við héldum upp á það 1. júní í vor, sem er formlegur afmælisdagur skólans, og höfðum þá tónlist í forgrunni og fyrrverandi tónlistarmenn, sem hér hafa numið og starfað, komu hér fram. Þá var ákveðið að á haustdögum þegar liðin væru 125 ár frá því skólinn hefði verið settur í fyrsta skipti þá myndum við safna saman verkum frá myndlistarmönnum sem hefðu numið og starfað við skólann,“ segir Einar Birgir Steinþórsson, skólameistari í Flensborg.



„Síðastliðinn laugardag opnuðum við myndlistarsýningu í skólanum og sýndum jafnframt nýbygginguskólans. Á sýningunni eru myndlistarverk eftir hátt í þrjátíu einstaklinga af ýmsum toga myndlistarinnar. Þetta eru alls ekki tæmandi sýnishorn af þeim listamönnum sem hér hafa verið en þetta er sæmilegt sýnishorn. Ég get nefnt Finn Jónsson, Bjarna Jónsson, Eirík Smith og Sigrúnu Guðjóns, eða Rúnu. Flest verkin hafa hangið uppi í skólanum yfir kennsluvikuna og við ætlum að hafa opið frá eitt til fimm á laugardag og sunnudag og gefa fólki kost á að sjá sýninguna.“

„Það þykir mjög gott að halda dampi,“ segir hann um árin 125 sem skólinn hefur starfað og telur rífandi gang í skólanum. „Við erum langt komin með gríðarlegar endurbætur og nýbygginguna þó að smávegis framkvæmdir séu eftir til næsta sumars. Það hefur orðið mikil fjölgun í skólanum og við lítum björtum augum til framtíðarinnar.“

## NORSKT HUGVIT
### ÓMISSANDI Í DAGLEGU LÍFI



■ 75 ár eru liðin síðan trésmíðameistarinn Thor Bjørklund frá Lillehammer í Noregi fékk einkaleyfi á „hníf til að skera ost“. Fyrirtæki hans hefur síðan framleitt um 50 milljón ostaskera. Uppfinning bréfaklemmunnar er eignuð Norðmanninum Johan Vaaler sem fyrstur manna fékk einkaleyfi á bréfaklemmu árið 1899. Árið 1901 fékk hann einkaleyfi á uppfinningu sinni í Bandaríkjunum. Breskt fyrirtæki hannaði síðar þá bréfaklemmu sem þekktust er í dag. Aldrei var sótt um einkaleyfi á henni.

## SJÓNARHÓLL
### FYLGI ÓLAFS RAGNARS GRÍMSSONAR

## *Tvöfalt meira en hjá Bush*



**BERGVIN ODDSSON** Formaður ungliðahreyfingar Blindrafélagsins Ungblind.

„Hann sagði reyndar síðast að hann ætlaði ekki að bjóða sig aftur fram. Standi hann ekki við orð sín mun ég hiklaust veita honum atkvæði mitt,“ segir Bergvin Oddsson, formaður ungliðahreyfingar Blindrafélagsins Ungblind.

Skoðanakönnun Fréttablaðsins sýnir að um 65 prósent landsmanna vilja Ólaf áfram í forsetaembætti en 35,5 prósent vilja nýjan forseta.

„Þetta er eiginlega nákvæmlega sama fylgi og hann fékk í síðustu kosningum þannig að líklega kemur þetta ekki mörgum á óvart. Það má deila um hvort þetta sé mikið fylgi en ég bendi á að þetta er um tvöfalt meira fylgi en George Bush mælist með,“ segir Bergvin kankvíslega.

„Svo á hann líka svo fallega og skemmtilega konu sem ég efast um að fólk vilji missa af Bessastöðum. Ég er að minnsta kosti sannarlega tilbúinn að veita honum mitt atkvæði aftur.“



**VERÐLAUNAHAFARNIR** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra afhentu verðlaunahöfunum sigurlaunin. Efsta röð frá vinstri: Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, Stefanía Hanna Pálsdóttir, Sveinn Heiðar Kristjánsson, Þórhanna Inga Ómarsdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra. Miðröð frá vinstri: Klara Jónasdóttir (hugmyndasmiður verðlaunagrips NKG), Hulda Lilja Hannesdóttir, Jóhanna Höeg Sigurðardóttir, Margrét Hrund Arnarsdóttir, Óli Sigurður Jóhannesson, Reynir Eyjólfsson, Dórótea Höeg Sigurðardóttir (hugmyndasmiður verðlaunagrips NKG). Neðsta röð frá vinstri: Ásgerður Dúa Jóhannesdóttir, Elínborg Þóra Bjarnadóttir, Elvar B. Bjarkason, Harpa Guðrún Hreinsdóttir og Hlynur Þór Helgason. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

# Hugmyndarík grunnskólabörn

**Nýsköpunarkeppni grunnskólanna fór fram í vikunni. Fimmtíu hugmyndasmiðir lögðu fram 42 uppfinningar sem kepptu um tólf verðlaunasæti og sköpunargleðin leiftraði af þeim.**



**FIÐURFESTIR** Jóhanna Höeg Sigurðardóttir úr Flúðaskóla hlaut fyrstu verðlaun á sviði útlits- og formhönnunar. Uppfinning hennar er límpappi sem settur er undir grind í botni fuglabúra og safnar fiðri og öðru rusli. Gerir þrif á búrinu mun handhægari.



**HÓLKURINN JÓNAS** Sædís Harpa Stefánsdóttir úr Hafnarskóla á Höfn í Hornafirði komst í úrslit í flokki slysavarna. Uppfinning hennar er hólkur sem settur er á hlaup límbyssna til að koma í veg fyrir að menn brenni sig.



**KEFLAKASSI FYRIR FLUTNINGABÍLA** Óli Sigurður Jóhannsson úr Seljaskála hannaði kefli sem komið er fyrir í gólfi vörubílsvagna sem hægt er að renna farminum eftir. Þannig mætti auðvelda flutningamönnum starfið til muna en faðir Óla er flutningabílstjóri.



**SÝNINGIN OPNUÐ** Kolka Hvönn Ágústsdóttir, átta ára, er yngsti keppandi vinnusmiðju í ár. Hún var svo væn að aðstoða forseta Íslands við að opna sýningu með afrakstri vinnusmiðjunnar í lokahófi keppninnar síðastliðinn sunnudag.



**DVD-HULSTURSOPNARI** Amma Elínborgar Þóru Bjarnadóttur, nemanda við Hvaleyrarskóla, er með gigt og á erfitt með að opna DVD-hulstur. Elínborg hannaði því kubb sem hægðarleikur er að opna hulstur með. Hentar líka þeim sem vilja hlífa fínum nöglum.



**MYNDRISTAVÉLIN** Sif Fannberg Þórsdóttir og Anna Kristjana Þorláksdóttir hönnuðu brauðrist sem brennir munstur í brauðsneiðarnar og gerir ristabrauðið girnilegra.




Viltu breyt'eikkurru?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg
BlogCentral.is
Stærsta bloggsamfélagið á Íslandi

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Við seljum K-lykilinn
4.-7. október

BÓNUS BÝÐUR BETUR

BÓNUS

ÍSLANDS NAUT

# UN1 FYRSTA FLOKKS
# ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT




UN1 FILLET 2265 KR/KG.
15% AFSLÁTTUR 1925 KR/KG

UN1 NAUTA INNRALÆRI (ROASTBEEF)
~~2265 KR/KG.~~ 15% AFSLÁTTUR 1925 KR/KG..




UN1 NAUTAHAKK ~~1449 KR/KG.~~
25% AFSLÁTTUR **1087 KR/KG.**




UN1 UNGNAUTAHAMBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI ~~698 KR~~. 25% AFSLÁTTUR **523 KR**




UN1 UNGNAUTASNITSEL 2149 KR/KG.
25% AFSLÁTTUR **1612 KR/KG.**




UN1 UNGNAUTAGÚLLAS 2149 KR/KG
25% AFSLÁTTUR **1612 KR/KG.**

BÓNUS

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

**AFGREIÐSLUTÍMI** FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30 LAUGARDAGA 10.00 TIL 18:00

## Svona erum við

> Fjöldi þeirra sem flutti til höfuðborgarsvæðisins.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** FRIÐARSAMKOMULAG Á KÓREUSKAGA

# *Kalt stríð grannríkja í meira en hálfa öld*

Í gær lýstu leiðtogar Norður- og Suður-Kóreu því yfir að þeir ætluðu að fá Bandríkin og Kína í lið með sér til að gera varanlegan friðarsamning, sem kæmi í staðinn fyrir vopnahléssamninginn frá 1953.



**Hvenær var Kóreustríðið?**
Kóreustríðið hófst 25. júní árið 1950 þegar her Norður-Kóreu réðst suður yfir landamærin. Sovétríkin höfðu ráðist inn í Kóreu á síðustu dögum seinni heimsstyrjaldarinnar, og síðar sömdu Bandaríkin og Sovétríkin um að skipta Kóreu í tvö ríki eftir 38. breiddargráðu. Norður-Kórea taldi sig hafa alla burði til að sigra með aðstoð Sovétríkjanna veikburða her Suður-Kóreu. Bandaríski herinn var hins vegar fljótt sendur á vettvang og barðist við Norður-Kóreumenn í þrjú ár.

**Hvers konar vopnahlé?**
Hinn 27. júlí árið 1953 var vopnahléssamkomulag undirritað af fulltrúum Bandaríkjanna, Norður-Kóreu og Kína, en fulltrúar Suður-Kóreu undirrituðu aldrei samkomulagið þannig að formlega hefur stríð ríkt milli grannríkjanna allar götur síðan. Í samkomulaginu stóð að vopnahlé myndi gilda „þangað til endanlegt friðarsamkomulag næst“. Síðan hafa samskipti ríkjanna hins vegar verið nánast engin, alveg þangað til á síðustu árum. Landamæri Norður- og Suður-Kóreu eru oft sögð vera þau rammgerðustu sem fyrirfinnast á jörðinni.

**Hvert stefnir?**
Fyrsti leiðtogafundur grannríkjanna var haldinn árið 2000 og strax í kjölfarið skánaði andrúmsloftið töluvert, meðal annars fengu ættingjar, sem höfðu ekki sést í hálfa öld, að fara í heimsóknir yfir landamærin. Einnig var undirrituð sameiginleg yfirlýsing um að stefnt skuli að sameiningu ríkjanna „í framtíðinni“. Sjö ár liðu þar til næsti leiðtogafundur var haldinn, sem gerðist nú í vikunni og vekur hann vonir um að enn muni þokast í áttina að bættum samskiptum.

## SPURT & SVARAÐ

STRÆTÓ ÚT Í NÁTTÚRUNA

### *Heilsað upp á náttúruna*

Borgarfulltrúar Vinstri grænna vilja að teknar verði upp strætisvagnaferðir upp í Heiðmörk og önnur útivistarsvæði í kring um borgina. Sóley Tómasdóttir er varaborgarfulltrúi Vinstri grænna.



**SÓLEY TÓMASDÓTTIR** Varaborgarfulltrúi.

**Er þörf á þessari þjónustu?**
Ég held að þetta sé þörf sem fólk áttar sig ekki á. Lýðheilsurannsóknir sýna að tengsl fólks við náttúruna skipta máli fyrir bæði líkamlega og andlega líðan. Almenningssamgöngur gera þessi svæði bæði aðgengilegri og koma í veg fyrir að fólk kaupi sér bíl út af þessum þáttum.

**Hverjir myndu nýta þetta?**
Ég geri ráð fyrir að það yrðu að miklu leyti leik- og grunnskólar og frístundaheimili. Vonandi líka fjölskyldur og hlauparar og fólk sem langar að kíkja á skíði upp í Heiðmörk. Einfaldlega fólk sem langar að gera sér dagamun með því að heilsa upp á náttúruna.

**Þarf að bæta aðstöðuna?**
Það held ég ekki. Það er frábær aðstaða alls staðar í kringum okkur. Auðvitað er sjálfsagt að gera það sem þarf en ég hef engar sérstakar áhyggjur af því.“

# Stóraukin tæknivæðing lögreglu

**Miklar tækninýjungar hafa rutt sér til rúms hjá lögreglunni hér á landi á undanförnum árum og jafnvel mánuðum. Allar miða þær að einu marki, að gera starf lögreglumanna öruggara og markvissara og auka öryggi hins almenna borgara.**



**RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI** Haraldur Johannessen virðir fyrir sér hinn nýja tölvubúnað sem verið er að setja í lögreglubifreiðar um þessar mundir. Með honum eru Páll Winkel aðstoðarríkislögreglustjóri og Agnar Hannesson, rekstrar- og þjónustustjóri bílamiðstöðvar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fréttablaðið átti þess kost að heimsækja miðstöðina í Skógarhlíð þar sem eru til húsa bíla- og fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra, samhæfingarstöð, neyðarlínan 112, landhelgisgæslan og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Það fyrirkomulag, að hafa alla þessa starfsemi á einum stað, hefur gefist mjög vel að sögn Haraldar Johannessen ríkislögreglustjóra, þar sem það auðveldar og flýtir fyrir öllum samskiptum þegar mikið liggur við, svo sem við viðamiklar leitir að týndu fólki, í stóreldsvoðum, skipssköðum eða náttúruhamförum.

**Bílaflotinn**
Lögregla um allt land hefur yfir að ráða samtals 165 bílum og 11 mótorhjólum. Sífelld endurnýjun er í gangi. Á árinu hafa verið keypt 18 ökutæki, þar af fjögur ný bifhjól.

„Einhvern tíma var það markmið sett, sem þótti þá kannski dálítið kappsfullt, að ná endurnýjunartíma bílaflotans niður í fimm ár,“ segir ríkislögreglustjóri, sem setti bílamiðstöðina í Skógarhlíð á fót á sínum tíma. „Meðalaldur hans nú er 4,3 ár, fyrir utan 6-7 gamla jálka sem menn hafa viljað halda í.“

Tæknibúnaður í lögreglubílunum hefur verið aukinn verulega á síðustu árum og mánuðum. Svokallaður eyewitness-búnaður er nú kominn í bíla hjá öllum lögregluembættum á landinu. Með honum er hægt að taka upp í mynd og hljóð öll samskipti lögreglumanns, hvort sem hann er staddur í bílnum eða utan hans, og einstaklings sem hann hefur afskipti af. Samskiptin eru síðan sett á diskling sem fylgir skýrslu um viðkomandi mál.

„Þetta eykur tvímælalaust öryggi um að rétt sé staðið að málum hverju sinni,“ segir ríkislögreglustjóri. Hann bætir við að lögreglustjórar telji að málum fyrir dómi fækki með tilkomu þessa búnaðar.

Þá hefur ný tegund öndunarsýnamæla verið tekin í notkun. Þeir eru það nákvæmir að ekki er nauðsynlegt að senda ökumenn í blóðprufu eins og áður. Allur þessi nýi tækjabúnaður eykur verulega málshraða og tryggir rétta málsmeðferð.

**Lögreglustöð á hjólum**
Nú er unnið að því að tölvuvæða bifreiðar lögreglunnar þannig að í náinni framtíð geti þær gagnast sem færanlegar lögreglustöðvar og lögreglunni þannig skapað tækifæri til að þjónusta almenning með betri hætti. Tölvubúnað lögreglu má nota til að leita upplýsinga í þjóðskrá, ökutækjaskrá eða öðrum gögnum lögreglunnar. Jafnframt verður hægt að ganga frá lögregluskýrslum á vettvangi. Síðast en ekki síst koma þær að gagni við leit eftirlýstra ökutækja. Í bílunum er jafnframt stafrænt götukort. Allar bifreiðar lögreglu eru búnar ferilvöktun og því getur fjarskiptamiðstöð staðsett alla lögreglubíla á landinu á tölvuskjá. Þannig er ávallt hægt að senda það ökutæki sem næst er vettvangi í verkefni. Einnig gefur kerfið upplýsingar um stöðu ökutækja hvort þau eru í eftirliti, forgangsakstri og svo framvegis.



**FJARSKIPTAMIÐSTÖÐIN Í SKÓGARHLÍÐ** Þar eru til húsa bíla- og fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra, samhæfingarstöð, neyðarlínan 112, landhelgisgæslan og almannavarnadeild.

Ferilvöktunarkerfi byggist á TETRA-kerfinu sem er í öllum lögreglubifreiðum í landinu. Tilkoma þess er mikilvægur þáttur í því öryggishlutverki að tengja öll lögreglulið landsins við eina fjarskiptamiðstöð.

**Bætt skýrslutaka**
Auk þessa er hafin innleiðing hljóð- og myndupptöku við skýrslutökur hjá lögreglu. Lögregluskólinn annast kennslu á búnaðinn. Tilgangurinn er að gefa sem skýrasta mynd af því sem fram fer, þegar skýrslur eru teknar af sakborningum og vitnum. Jafnframt er tilgangurinn sá að styrkja sönnunarfærslu, tryggja réttarstöðu sakbornings og hraða meðferð sakamála.



**NÝ BIFHJÓL** Lögreglumenn á tveimur af hinum nýju bifhjólum lögreglunnar. Radartæki hafa nú verið sett í fyrsta sinn í bifhjólin.

„Vissulega kostar það sitt að viðhalda og endurnýja bílaflota lögreglunnar, sem og kaup á góðum og nauðsynlegum tæknibúnaði,“ segir ríkislögreglustjóri. „Stundum örlar á þeim misskilningi að þessar fjárhæðir fari til embættis ríkislögreglustjóra og séu þar. En þær renna til löggæslu í landinu öllu, til að auðvelda lögreglumönnum að vinna sín störf og auka þar með öryggi landsmanna.“



FRÉTTASKÝRING
JÓHANNA S. SIGÞÓRSDÓTTIR
jss@frettabladid.is

Hringdu í síma
512 50 60


ef blaðið berst ekki


Græna torgið
Nýtt á Græna torginu í Skútuvogi
Trönuberjasafi, Safabar o.fl
SAFABAR
Hreinir ávaxta- og
úr lífrænt ræktuðu
Hveitigrasskot
Aukin orka, hreinsandi.
Ríkur af næringarefnum og bætir meltinguna.
Epla- og hveitigrassafi
Hveitigrasskot blandað í hreinan eplasafa.
Gulrótasafi
Fullur af andoxunarefnum og beta-karótíni.
Eitt glas fullnægir A-vítamín þörf dagsins.
Gulróta-og eplasafi
Einföld en ljúffeng safablanda sem veitir orku og er frábær fjölvítamíngjafi.
Morgunsafi
Epli, pera, greip og appelsína.
30%
afsláttur
Af öllum
haustlaukum
Tilboð á
Haustlaukum
Orkideur
799
10 rósir
stk
1199
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind



**Vefurinn:** Listen to a Movie

Vantar þig eitthvað til að dreifa athyglinni í vinnunni? Hlustaðu á einhverja af yfir þúsund kvikmyndum eða sjónvarpsþáttum.

www.listentoamovie.com

# tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

**SKÝRING:** MÁLAFERLI Í HÖFUNDARRÉTTARMÁLUM Á NETINU

## *Niðurstaðna að vænta í skráaskiptamálum*



Fyrstu kviðdómsréttarhöldin í höfundarréttarmáli vegna niðurhals hófust í Minnesotaríki Bandaríkjanna á þriðjudaginn var. Þar er réttað yfir Jammie Thomas, þrítugri móður, sem sökuð er um að hafa dreift tónlist á ólöglegan hátt í gegnum netið.

Tónlistinni á Thomas að hafa dreift með Kazaa-forritinu sem naut mikilla vinsælda fyrir nokkrum árum. Með því er auðvelt fyrir hvern sem er að skiptast á hvers kyns skrám við aðra, hvort sem það eru lög, myndbönd, forrit, ljósmyndir eða eitthvað annað. Skaðabótakröfur sækjandans, samtökum höfundarrétthafa í Bandaríkjunum, hljóða upp á sem samsvarar 250 milljónum króna fyrir að dreifa 25 lögum.

Höfundarréttarsamtökin bandarísku hafa hótað mörg þúsund manns lögsókn fyrir ólöglegt upp- eða niðurhal á undanförnum fjórum árum, og hefur nánast öllum málunum lokið áður en þau komust í dómsal.

Thomas er sú fyrsta sem gefst ekki upp og lætur reyna á málið fyrir dómi. Búist er við að málflutningur taki aðeins nokkra daga, og fæst þá loksins niðurstaða í mál af þessu tagi.

Þess verður heldur ekki lengi að bíða að niðurstaða fáist í fyrsta íslenska málinu sem tengist meintri ólöglegri dreifingu höfundarréttarvarinna skjala á netinu. Rannsókn á hinu svokallaða DC++ máli, þar sem tíu manns voru handteknir í lok árs 2004, er nú loksins lokið og verður ákveðið á næstu vikum hvort ákært verður eða ekki. Mennirnir tíu eru sagðir hafa dreift kvikmyndum og tónlist í gegnum skráaskiptaforritið DC++ sem var mjög vinsælt hér á landi á þeim tíma sem mennirnir voru handteknir.

Verði niðurstaða Ríkislögreglustjóra að ákæra ekki þýðir það að rannsóknarvinna til nærri þriggja ára var til einskis. Verði ákært fer málið fyrir dóm og niðurstaða fæst í fyrsta íslenska málinu sem snýr að ólöglegri dreifingu höfundarréttarvarins efnis á netinu. Hvað sem gerist mun það hafa töluverð áhrif á framtíðina í höfundarréttarmálum á Íslandi.

### TÆKNIHEIMURINN



**Lífrænt sjónvarp**

Japanski tæknirisinn Sony kynnti á dögunum fyrsta flatskjásjónvarpið sem notar OLED-tækni í stað LCD eða plasma. Tækið er heilar ellefu tommur að stærð, þrír millimetrar að þykkt og kostar rétt um hundrað þúsund krónur. OLED-tækni byggist á lífrænum efnasamböndum í stað verksmiðjuframleiddra og býður upp á mun meiri myndgæði en núverandi tækni.

**Microsoft uppfærir Zune**

Zune, tónlistarspilarinn sem Microsoft setti til höfuðs iPod frá Apple á síðasta ári, hefur fengið andlitslyftingu. Bæði hefur geymslupláss upprunalega spilarans verið aukið úr 30 gígabætum í 80, og minni spilurum án harðdisks verið bætt í línuna.


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Kraftmiklar ryksugur fyrir öll heimili

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er fáanlegt með vélini.

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele ryksugurnar.

Verð frá kr.: 15.990

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200




**VIÐ HNÖTTINN** Þorsteinn segir allt annað og stærra skref að fara til Mars en til tunglsins. Mörg vandamál þurfi að leysa áður en það gæti gerst, ekki síst sálfræðileg, því rúmlega tveggja ára ferð í einangrun reyni mikið á geimfara. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Mennirnir næst til Mars

**Þann 4. október 1957 skutu Sovétmenn gervitunglinu Spútnik-1 á loft, og hófu þar með geimöldina. Nú fimmtíu árum síðar eru hátt í þúsund virk gervitungl á braut um jörðu. Þorsteinn Sæmundsson stjörnufræðingur segir mannaða ferð til Mars næsta stóra skref fyrir mannkynið.**



**SPÚTNIK 1** Gervitunglið var aðeins um sextíu sentimetrar í þvermál, og að mestu leyti úr áli. MYND/NASA

„Ég man eftir því þegar Spútnik-1 var skotið upp en sá gervitunglið því miður ekki með berum augum. Hins vegar sá ég Spútnik-2 sem var skotið á loft mánuði síðar," segir Þorsteinn Sæmundsson stjörnufræðingur. „Þá voru þetta stórfréttir, en nú eru gervitunglin daglegt brauð og mörg þúsund slíkum verið skotið upp. Þau eru orðin svo mörg að óvirk gervitungl, eða brot úr þeim, eru farin að skapa hættu fyrir geimfara."

Af öllum þeim tegundum gervitungla sem eru á braut um jörðu segir hann Hubble-sjónaukann sennilega frægast þeirra. „Hann fór á loft árið 1990 og hefur reynst stjörnufræðingum ómetanlegur vegna upplýsinganna sem komið hafa frá honum. Annars eru margar gerðir gervitungla sem eru orðin hluti af okkar daglega lífi eins og fjarskiptatungl, veðurtungl, staðsetningartungl og gervitungl til líffræðilegra rannsókna."

Þorsteinn segir margt í undirbúningi með geimferðir í framtíðinni. Til dæmis áætlanir Japana um að koma manni til tunglsins og hugmyndir Bandaríkjamanna um að byggja geimstöð þar næsta áratug eða svo.

„Næst á eftir því eru ferðir til Mars, en þar erum við að tala um hlut sem er allt annað og stærra skref. Að fara til tunglsins og til baka tekur frá viku til tólf daga, en að fara til Mars og heim aftur tekur í kringum tvö og hálft ár."

Hann segir að fjölda erfiðra vandamála þurfi að leysa áður en maðurinn geti stigið fæti á Mars, bæði tæknileg og sálfræðileg. Svo löng geimferð í einangrun myndi leggja gríðarlegt álag á menn. „Það eru nokkrir áratugir í að það gerist, myndi ég segja."

salvar@frettabladid.is

Síminn kærði framkvæmd útboðs þar sem Vodafone fékk samninginn:

# Reka stærsta víðnet landsins

Vodafone hefur tekið við rekstri FS-netsins, stærsta víðnets landsins, fyrir menntamálaráðuneytið. Tölvunetið tengir saman alla framhaldsskóla landsins og símenntunarstöðvar, samtals um sjötíu menntastofnanir.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Árni Pétur Jónsson, forstjóri Vodafone, skrifuðu undir samning þess efnis í síðustu viku.

Reksturinn var boðinn út af Ríkiskaupum, og tóku Síminn, Hringiðan og Skýrr þátt í útboðinu auk Vodafone. Samningurinn er til þriggja ára, en að þeim tíma liðnum má framlengja hann þrisvar sinnum um eitt ár í senn.

Síminn kærði niðurstöðu Ríkiskaupa í útboðinu, þar sem Vodafone fékk flest stig og þar með samninginn. Í kærunni var sett út á framkvæmd útboðsins, þar hafi ekki verið farið eftir lögum um opinber innkaup. Meðal annars hafi Síminn átt lægra tilboð en Vodafone, og því hefði Síminn átt að verða fyrir valinu. Einnig hafi stigagjöfinni fyrir liðinn „virðisaukandi þjónustur" verið ábótavant.

Kærunefnd útboðsmála hafnaði kærunni á þeim forsendum að ekki væru taldar líkur á því að brotið hefði verið gegn ákvæðum laga um opinber innkaup.

- sþs



**SAMNINGUR UNDIRRITAÐUR** Árni Pétur Jónsson, forstjóri Vodafone, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra við undirritun samningsins.




# TILBOÐ!

# BAÐ

## INNRÉTTINGAR



WLU 700



WLU 900



WLU 600

2 stærðir af glerskápum
3 gerðir af handlaugaskápum

| | | |
|---|---|---|
| Vegg glerskápur | 900x300x220 sm | 10.300,- |
| Hár glerskápur | 1950x400x350 sm | 25.700,- |
| Handlaugaskápur m 2 skúffum og borðplötu 60 sm | | 43.200,- |
| Handlaugaskápur m 2 skúffum og borðplötu 70 sm | | 46.200,- |
| Handlaugaskápur m 2 skúffum og borðplötu 90 sm | | 50.800,- |



**WLU 125**
Eik 45x30
Verð stgr. **28.900,-**



**WLU 147**
Hvítt háglans / Eik 86x48 sm
Verð stgr. **56.900,-**

TILBOÐ!

Kynntu þér tilboðin á heimasíðunni:
www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.411 **+0,83%**

**Fjöldi viðskipta:** 580
**Velta:** 4.212 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATORKA** | +8,19% | **CENTURY ALU** | -1,51% |
| **ATLANTIC PET** | +5,69% | **FØROYA BANKI** | -1,35% |
| **EXISTA** | +2,08% | **365** | -0,73% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 11,10 +8,19% ... Bakkavör 66,20 -0,45% ... Eimskipafélagið 39,40 +0,00% ... Exista 34,35 +2,08% ... FL Group 26,95 +1,32% ... Glitnir 29,00 +0,35% ... Icelandair 25,85 +0,58% ... Kaupþing 1.156 +0,87% ... Landsbankinn 42,30 +0,96% ... Straumur-Burðarás 21,65 -0,23% ... Össur 104,00 +1,46% ... Teymi 6,19 -0,32%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*



**Öryggið á oddinn**

Ekki gekk alveg áfallalaust að koma gestum með flugi frá Reykjavíkurflugvelli á fjárfestakynningu FL Group í Lundúnum í gær. Fara átti í loftið klukkan átta að morgni, en vegna þess hversu hægt gekk í öryggisskoðun var töfin orðin klukkustund þegar allir voru komnir um borð, sumir hverjir án tannkrems, rakspíra og hárgels sem er víst meðal stærstu ógna flugöryggis. Þá tók ekki betra við því við talningu virtist farþega ofaukið, en eftir mikið japl, jaml og fuður kom í ljós að láðst hafði að taka miða af brottfararspjaldi innanbúðarmanns hjá FL Group og laumufarþegi því ekki um borð.

**Sjónhverfingamaðurinn**

Þegar lagt var í loftið var töf því orðin nærri tveir klukku- tímar, en gestir FL Group létu það þó ekki slá sig út af laginu, enda hafa víðförlir menn í viðskiptum (ætli ekki hafi þarna verið fjórar eða fimm konur meðal fimmtíu karla) lent í ýmsu á ferðum sínum. Sumir slógu á létta strengi og vakti meðal annars kátínu eins af spaugsamari mönnum viðskiptalífsins að kvikmynd flugsins var gæðamyndin „The Illusionist" eða „Sjónhverfingamaðurinn". Taldi hann að val á mynd með þetta heiti hlyti að vera óheppilegt í flugi á leið á fjárfestakynningu þar sem fara ætti yfir gengi og horfur í einu umsvifamesta fjárfestingarfyrirtæki landsins.

## MARKAÐSPUNKTAR

Vöruskiptajöfnuður var óhagstæður um tíu milljarða króna í september á þessu ári samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Útflutningur nam 18,1 milljarði króna en innflutningur 28,1 milljarði.

Norska fjármálaeftirlitið hefur úrskurðað að Kaupþing og Exista hafi ekki átt með sér samráð um kaup á eignarhlut í Storebrand. Samanlagður eignarhlutur félaganna í Storebrand er 25 prósent.

Nýskráningar bíla á fyrstu níu mánuðum ársins drógust saman um rúm tíu prósent miðað við sama tímabil í fyrra. Þetta leiða tölur Hagstofunnar í ljós.

# Atorka tvöfaldast

Gengi bréfa í Atorku hefur aldrei verið hærra. Við lok dagsins í gær stóð gengið í 11,10 krónum á hlut og hafði hækkað um 8,19 prósent innan dagsins. Þar með er gengi félagsins strax komið yfir væntingar Greiningar Glitnis. Í nýrri afkomuspá hennar var sex mánaða markgengi félagsins sett á ellefu krónur á hlut.

Hækkunina má rekja beint til sameiningar orkufyrirtækjanna Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy. Atorka er þriðji stærsti hluthafinn í sameinuðu félagi með tuttugu prósenta hlut. Gengi bréfa í FL Group, næststærsta hluthafa félagsins, hækkaði líka í gær eða um 1,32 prósent.

Frá áramótum hefur gengi Atorku nær tvöfaldast. Við upphaf þessa árs stóð það í 5,86 krónum á hlut. Haraldur Yngvi Pétursson, sérfræðingur á greiningardeild Kaupþings, telur hækkun félagsins á árinu helst að rekja til umsvifa Atorku í Geysi Green Energy og Promens. „Promens hefur stækkað verulega undir stjórn Atorku. Þá keypti félagið Jarðboranir á réttum tíma á góðu verði, einmitt á þeim tíma sem græna bylgjan var að hefjast. Það var svo sterkur leikur að selja þær inn í Geysi." **- hhs**

# Rýna í aðstæður

Bæði Englandsbanki og seðlabanki Evrópu ákváðu í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum. Vextir Englandsbanka standa í 5,75 prósentum en á evrusvæðinu í fjórum prósentum.



**EVRÓPSKI SEÐLABANKASTJÓRINN** Seðlabankar í Bretlandi og á evrusvæðinu ætla að skoða aðstæður á fjármálamarkaði áður en ákvörðun verður tekin um næstu vaxtaákvörðun. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Þrýst hefur verið á Englandsbanka að lækka vextina til að koma í veg fyrir að óróleiki á fjármálamörkuðum hafi neikvæð áhrif á breskt efnahagslíf en peningamálanefnd bankans hefur frá vordögum stefnt að því að ná verðbólgutölum í Bretlandi niður að markmiðum bankans. Evrópski seðlabankinn hefur á móti stefnt að því að hækka stýrivextina en ákvað að bíða um sinn á meðan ástandið á fjármálamörkuðum jafnar sig. **- jab**

# Spá hægum bata á hlutabréfamarkaði

**Fram undan eru tækifæri á hlutabréfamarkaði samkvæmt nýrri spá Greiningar Glitnis. Spáð er sex prósenta hækkun úrvalsvísitölunnar á fjórða ársfjórðungi.**

Greining Glitnis gerir ráð fyrir að íslenski hlutabréfamarkaðurinn sýni hægfara batamerki á næstu mánuðum eftir erfiða tíma undanfarið. Þetta kemur fram í nýrri afkomuspá sem birt var í gær fyrir fimmtán íslensk félög. Spáð er sex prósenta hækkun á fjórðungnum og 32 prósenta hækkun yfir árið. Fyrri spá hljóðaði upp á 45 prósenta hækkun yfir árið. „Ástæðan fyrir því að við lækkum spána er að við gerum ráð fyrir töluvert minni hagnaði fyrirtækja á þriðja fjórðungi en við höfðum áður búist við. Það ástand sem ríkt hefur á fjármálamörkuðum og lausafjárskortur á heimsmarkaði hefur haft mest að segja þar," segir Grétar Már Axelsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis og einn höfunda spárinnar.




**DRAGA VAGNINN** Bankarnir, Bakkavör og Össur munu draga vagninn á hlutabréfamarkaði næstu mánuðina samkvæmt nýrri afkomuspá Glitnis.

Í spánni er gert ráð fyrir að birta muni til á fjórðungnum eftir erfiðleika síðustu mánaða. Svigrúm muni skapast til hækkunar þeirra félaga sem mest hafa lækkað að undanförnu.

Litið til næstu sex mánaða er helstu tækifærin að finna í bréfum Bakkavarar, Exista, Kaupþings og Össurar samkvæmt spánni. Þau félög muni öll hækka um meira en tíu prósent. Gert er ráð fyrir að fjármögnunarkostnaður fari lækkandi. Fyrirtæki geti þá endurfjármagnað sig á eðlilegri kjörum en nú. „Í því samhengi er mest spennandi að tala um Kaupþing og yfirtökuna á NIBC sem nú væntanlega ganga í gegn um áramótin," segir Grétar. „Kaupþing á enn eftir að fjármagna hluta yfirtökunnar og hefur nokkuð háa endurfjármögnunarþörf. Við búumst við að þeir nái miklum vexti í samstæðunni þegar markaðurinn leitar jafnvægis. Við sjáum því mikla hagnaðarmöguleika í Kaupþingi, byggt á þeirri forsendu að markaðir leiti jafnvægis."

FL Group er spáð þrjátíu milljarða króna tapi á þriðja ársfjórðungi, byggt á því að bréf félagsins lækkuðu um sautján prósent á tímabilinu. Þá var markgengi félagsins, það er vænt gengi þess eftir sex mánuði, lækkað úr 33 í 26,5. „Við gerum þó ráð fyrir að FL Group hafi þegar hagnast aftur um góðan hluta þess sem félagið tapaði á þriðja fjórðungi. Þrátt fyrir vænt tap er undirliggjandi eignasafn gott. Það ætti að geta gefið fjárfestum góða ávöxtun til lengri tíma litið," segir Grétar.

**holmfridur@frettabladid.is**

Straumur
skiptir um númer
sími 585 6600
fax 585 6601

# LÍ skoðar sparisjóðskaup

**Verð á írskum sparisjóði þriðjungi lægra nú en í fyrra vegna óróleika á markaði.**

Landsbankinn er líklegur til að gera tilboð í írska sparisjóðinn Irish Nationwide Building Society á næstunni. Kaupverð er sagt einn milljarður evra, 87 milljarðar íslenskra króna. Gengi hlutabréfa í Landsbankanum hækkaði í gær og fór um tíma í 42,4 krónur á hlut sem er hæsta gengi bankans frá upphafi.

Þrálátur orðrómur hefur verið um kaupin frá í maí en þá fékk Landsbankinn HSBC, einn stærsta banka í Evrópu, til ráðgjafar um málið.

Þegar Landsbankinn keypti 68 prósenta hlut í írska verðbréfafyrirtækinu Merrion Capital fyrir tveimur árum sagði Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, írska fjármálamarkaðinn afar áhugaverðan kost. Ekki náðist í þá Sigurjón og Halldór J. Kristjánsson, bankastjóra Landsbankans, í gær. Aðrir forsvarsmenn bankans neituðu að tjá sig um málið.




**BANKASTJÓRARNIR HALLDÓR OG SIGURJÓN** Landsbankinn er sagður íhuga að gera tilboð upp á jafnvirði 87 milljarða króna í írska sparisjóðinn Nationwide Society á næstunni.

Írska dagblaðið Independent segir meiri líkur nú en áður á því að Landsbankinn bjóði í sparisjóðinn þar sem aðrir keppinautar íhugi að draga sig úr tilboðsferlinu.

Sparisjóðurinn var metinn á 1,5 milljarða evra fyrir ári en verðið hefur lækkað um rúman þriðjung vegna hræringa á alþjóðlegum fjármálamarkaði upp á síðkastið.

**jonab@frettabladid.is**

# Ótrúlegt verð

Fáanlegt í Smáralind, Kringlu og á Akureyri

**79.990kr**
Verð áður 89.990,-



VISA Lán

## United HD 32" LCD skjár LTV32W63

- 32" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- HD Ready
- Progressive Scan
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- Fjarstýring
- Passar á Vogels EFW6205 ásamt EFA6875 veggfestinguna (fylgja ekki)
- Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11

**39.990kr**
GOTT VERÐ



VISA Lán

## Enox 15" LCD sjónvarp DVTV7615HD

- 15" 4:3 LCD sjónvarp • Upplausn: 1024x768 punktar
- Progressive Scan • Skerpa: 500:1 og svartími: 16ms
- Sjónsvið (H/V): 140/125° og birtustig: 350 cd/m2
- Fjölkerfa DivX DVD spilari • Spilar DVD, DVD+R/RW, DivX 3.x/4/5.x og XViD • Spilar CD, CD-R/RW og MP3
- 12V og 220V • 12w Nicam Stereo hljóðkerfi
- Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi • Textavarp með 10 síðna minni
- Fjarstýring • Borðstandur fylgir

**49.990kr**
GOTT VERÐ



VISA Lán

## Dantax 19" LCD sjónvarp 19LCDDVDP3

- 19" 16:9 LCD skjár • Upplausn: 1440x900 punktar
- Progressive Scan • HD Ready • Innbyggður DVD Spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW og JPEG • Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m2 • Skerpa: 500:1 og svartími: 4ms
- Nicam Stereó hljóðkerfi • kortalesari SD/MS/MMC
- USB tengi • Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp, svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur fylgir • Mál í cm (bxhxd): 47x37x6,8

**49.990kr**
GOTT VERÐ



VISA Lán

## 20" Dantax LCD skjár 20LCDV7

- 20" 4:3 LCD sjónvarp • Upplausn: 800x600 punktar
- Svartími: 8ms og sjónsvið (h/v): 150/130°
- Skerpa: 700:1 og 500cd/m2 • 12v og 220v
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi • Textavarp með 7 síðna minni
- Barnalæsing og fjarstýring • Borðstandur og veggfesting fylgja
- Mál í cm (bxhxd): 52,3x43,5x7,9 og þyngd: 9kg

**189.990kr**
GOTT VERÐ



VISA Lán

## Philips HD 42" LCD skjár 42PFL5322

- Upplausn: 1366x768 punktar • Pixel Plus HD myndtækni - Eykur línufjölda og skerpu • Progressive Scan HD Ready • Skerpa: 5.000:1 og svartími: 5ms • Sjónsvið (H/V): 176/176° • Birtustig: 500 cd/m2
- Ljósskynjari og Active Control - minnkar glampa • 2 x 10w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround • 2 scart (með RGB), 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp með 1.000 síðna minni • Svefnrofi og fjarstýring

**99.990kr**
GOTT VERÐ



VISA Lán

## DIBOSS 37" LCD skjár LT37JHM

- 37" LCD skjár • 1366x768 punkta upplausn • HD Ready
- Skerpa: 800:1 og svartími: 9ms • Birtustig: 500 cd/m2
- 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi

**69.990kr**
Verð áður 79.990,-



VISA Lán

## United HD 27" LCD skjár LTV27W63

- Upplausn 1280x720 punktar • Progressive scan
- HD ready • 2x6w nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring • Borðstandur fylgir

Gildir til 11. október eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Bænaskjöl eða kröfuspjöld í Grafarvogi:

## Leikskólavandamálið enn og aftur

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Barnafólk í Grafarvogi er brjálað. Það kaus Sjálfstæðisflokkinn í hrönnum í síðustu kosningum, bæði til þings og borgarstjórnar, er trútt sínu liði, en er ekki til í að sleppa degi og degi úr vinnu lengur þótt leikskólar séu illa mannaðir þessi dægrin. Þar vantar hálft annað hundrað starfsmanna. Sú hætta blasir við að einhverjir í hópi foreldra missi vinnu – fyrir fullt og allt – vegna þessa ástands sem hefur lagst misþungt á hverfin í Reykjavík, enda er gæsla barna hjá leikskólum Reykjavíkurborgar hugsjónastarf. Sá fjöldi kvenna og karla sem gengur til þess fórnfúsa starfs dag eftir dag gerir það ekki vegna launa, heldur vegna ástar á starfinu, ástar á börnum. Það er hugsjónafólk og samfélagið á því stóra skuld að gjalda. Ekki bara fyrir að ala börnin upp í skikk og góðum siðum, ekki bara fyrir það fyrirbyggjandi starf sem unnið er í leikskólunum til hjálpar þeim börnum sem eru frá heimilum sem eru illa stödd af ýmsum ástæðum, heldur ekki síst fyrir að halda atvinnulífinu gangandi.

Foreldrarnir í Grafarvoginum hafa enn gengið fram fyrir skjöldu og heimtað lausn á vandamáli sem stýrist mest af launakjörum þeirra sem á leikskólum starfa. Allir foreldrar sem haldið hafa börn á dagheimilum vita að þaðan er látlaus straumur af fólki sem leitar sér betri launa af því það þarf þess. Og nú er komið að skilum skvaldurs og efnda, orða og gerða sem allar pólitískar fylkingar verða að feisa þegar í valdastóla er komið. Hvað ætla fulltrúar sjálfstæðismanna að gera í málinu?

Formaður leikskólaráðs, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, er líklega kná kona. Hún nefnir þá lausn eina í umræðu síðustu daga að skoða verði ný rekstrarform, einkarekstur kunni fleiri ráð til að halda úti barnaheimilum en sá opinberi sem reyndar er sprottinn upp af sjálfboðaliðastarfi Sumargjafar fyrir margt löngu. Nú verður gaman að sjá hvar Þorbjörg finnur þær matarholur í rekstrarreikningum Leikskóla Reykjavíkur sem ættu að lokka einkaaðila að þannig rekstri. Enginn ætti að vita betur en Þorbjörg hvaða fitu er þar að finna. Eru nokkrar líkur á að einkaaðilar gætu lagt sig eftir slíkum rekstri (og látum þá stofnkostnað liggja milli hluta) upp á þau býtti sem þjónustusamningar við Reykjavíkurborg gæti veitt? Ekki er það líklegt. Það er nánast óhugsandi nema fyrirtæki fari að reka heimili fyrir börn starfsmanna. Er það skynsamlegt? Ónei.

Frúnni verður að virða það til vorkunnar að raunveruleikinn er oft annað en kosningabríminn. Nú er bara að standa sig og horfast í augu við umbjóðendur sína, fólkið í borginni, læra að oft verða menn að kyngja vel innrættum hugarórum um einkarekstur þar sem hann hreinlega á ekki við. Til þess þarf þor. Og það munu kjósendur flokksins í Grafarvoginum kunna að meta – á endanum.

Grunnþjónusta yngstu borgaranna á að vera sú að þeir búi við öryggi hjá vel menntuðu starfsfólki þannig að foreldrar geti gengið áhyggjulausir til starfa í atvinnulífinu. Þetta er svo einfalt að ekki á að þurfa að margtyggja það ofan í fólk í pólitík. Þetta kostar, en hagsmunirnir eru svo miklu meiri sem verið er að tryggja en hitt, að láta allt dankast í ábyrgðarleysi frjálshyggjunnar. Þorbjörg verður að finna sér nýjan stoðhóp í flokknum. Foreldrar í Grafarvogi eru örugglega til í að stofna hann.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson og Kristján Hjálmarsson **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bónorð eða líkræða?

Eitt sinn bauð núverandi viðskiptaráðherra Framsóknarflokknum í hjónaband, þó þannig að Framsóknarflokkurinn rynni í Samfylkinguna. Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra er sprækur á heimasíðu sinni og segir Guðna Ágústsson og flokkinn eyða orku sinni í að tala niður trú á landið – einkum landsbyggðinni – og sé eins líklegur til að tala niður eigin trúverðugleika og fylgið. Össur er ekki á sömu biðilsbuxunum og Björgvin G. Sigurðsson var, því væntanlega er það til lítils að sameinast flokki sem Össur telur að finni ekki aftur „haldbært erindi í stjórnmálum Íslands“.



### Allt í fína í Kína

Á meðan heit átök áttu sér stað innan borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins um sameiningu Reykjavík Energy Invest og Geysir Green Engergy var borgarstjórnarflokkur Framsóknarflokks, það er Björn Ingi Hrafnsson, á aðeins kaldari stað þar sem hann er staddur í Kína til að vera viðstaddur þegar frystigeymsla Eimskips var vígð. Ekki fara neinar sögur af því að Björn Ingi hafi átt í hörðum deilum við sjálfan sig af sama tilefni og deilur innan Sjálfstæðisflokksins.

### En hvað með Ólaf?

Frá fulltrúum Frjálslynda flokksins í borgarstjórn, sérstaklega Margréti Sverrisdóttur, hefur komið fram að borgarfulltrúi og varaborgarfulltrúi séu ekki lengur í Frjálslynda flokknum, heldur tilheyri Íslandshreyfingunni. Kannski skiljanlega eru félagsmenn í Frjálslynda flokknum nokkuð ósáttir við þessa stöðu mála og á stofnfundi kjördæmafélags Frjálslynda flokksins í Reykjavík norður var meðal annars rætt um að skora á Margréti að mæta á fund með félaginu til að ræða stöðu hennar í borgarstjórnarflokknum.



svanborg@frettabladid.is

## Hvar skal nú mjöllin?



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Hagur lífeyrisþega

Ja, hvar skal nú mjöllin frá liðnum vetri? orti franska skáldið François Villon: Mais où sont neiges d'antan? Snjórinn kemur og fer, hann er í senn árviss og hverfull. Hið sama er að segja um fullyrðingarnar, sem Stefán Ólafsson prófessor skellir fram fyrir hverjar kosningar. Þær eru snjókúlur, sem bráðna. Hér skal ég nefna eitt dæmi til viðbótar öllum þeim, sem ég hef áður bent á. Stefán hélt því fram á fjölmennum baráttufundi í Öskju 3. maí 2006, nokkrum dögum fyrir byggðakosningar, að á Íslandi væri hagur aldraðs fólks lakari en í flestum grannríkjum. Að sögn hans var eitt dæmi þess, eins og Morgunblaðið greindi frá daginn eftir, að samkvæmt nýlegri skýrslu Efnahags- og samvinnustofnunarinnar í París, OECD, um lífeyrismál gæti íslenskur launþegi vænst þess að fá 66% af atvinnutekjum sínum í lífeyri, en meðaltalið í löndum OECD væri 69%. „Þetta sýnir því að lífskjör Íslendinga verða samkvæmt þessu undir meðallagi,“ sagði Stefán.

### Villandi tala

Þetta er í meira lagi hæpið. Í fyrsta lagi var talan, sem Stefán nefndi, villandi. Í skýrslu OECD höfðu væntanlegar lífeyristekjur hvarvetna verið reiknaðar út fyrir þrjá hópa, lágtekjumenn, meðaltekjumenn og hátekjumenn. Tala Stefáns, 66% af atvinnutekjum, átti aðeins við um meðaltekjumenn. Lágtekjumenn gátu samkvæmt skýrslunni vænst þess að fá 96% af atvinnutekjum sínum. Þetta var hæsta hlutfall á Norðurlöndum og talsvert hærra en meðaltal í löndum OECD, sem var 91%. Hátekjumenn gátu vænst þess að fá 81% af atvinnutekjum sínum í lífeyristekjur, en meðaltalið í löndum OECD var 79%.

Af þremur tölum í skýrslunni tók Stefán aðeins þá, sem honum hentaði. Í öðru lagi munu lífeyrissjóðir í mörgum grannríkja okkar fyrirsjáanlega ekki geta staðið undir skuldbindingum sínum ólíkt íslensku lífeyrissjóðunum. Um er að ræða loforð, sem ekki verða efnd. Í þriðja lagi eru lífslíkur Íslendinga hærri en flestra annarra þjóða, svo að samanburður getur verið torveldur (til dæmis ef lífslíkur annarra þjóða hækka til jafns við okkar, svo að minna verður þar til skiptanna). Í fjórða lagi var í skýrslu OECD ekki reiknað með lífeyrissparnaði í séreignarsjóðum, sem er verulegur á Íslandi.

### Ný skýrsla

Þetta var vorið 2006. Nú er komin út ný skýrsla OECD um lífeyrismál, en Stefán Ólafsson þegir þunnu hljóði, enda engar kosningar í bráð. Samkvæmt skýrslunni getur íslenskur lágtekjumaður vænst þess að fá í lífeyristekjur 111% af atvinnutekjum sínum. Á Norðurlöndum er þetta hlutfall aðeins hærra í Danmörku, en meðaltalið í löndum OECD er 84%. Launþegi með meðaltekjur getur á Íslandi vænst þess að fá 84% af atvinnutekjum sínum í lífeyristekjur, og á Norðurlöndum er þetta hlutfall aðeins hærra í Danmörku, en meðaltalið í löndum OECD er 70%. Íslenskur hátekjumaður getur vænst þess að fá í lífeyristekjur 80% af atvinnutekjum sínum, og er það hlutfall hið hæsta á Norðurlöndum, en meðaltalið í löndum OECD er 61%. Það er því fjarri lagi, sem Stefán Ólafsson fullyrti 2006, að lífskjör íslenskra lífeyrisþega yrðu undir meðallagi innan OECD Tölurnar í hinni nýju skýrslu eiga við um árið 2004, og má ætla, að ástandið hafi enn batnað. Auk þess ber sem fyrr að hafa í huga, að lífeyrissjóðir okkar standa betur undir sér en í flestum grannríkjum og að lífeyrissparnaður í séreignarsjóður er hér verulegur.

### Batnandi hagur

Ég hef áður vakið athygli á þeirri niðurstöðu norrænu tölfræðinefndarinnar Nososko, að á Norðurlöndum séu lífeyristekjur að meðaltali hæstar á Íslandi. Fyrir þingkosningarnar 2007 reyndi Stefán Ólafsson árangurslaust að gera þá niðurstöðu tortryggilega. Síðan má minna á, hvílík kjarabót niðurfelling eignarskatts var fyrir lífeyrisþega, sem margir búa í stórum húsum, enda var sá skattur stundum kallaður ekknaskattur. Auðvitað búa einhverjir lífeyrisþegar við þröngan hag, en það breytir því ekki, að kjör þessa hóps eru almennt betri hér en víðast annars staðar og eiga eftir að batna.

## Heilbrigð líkams- og sjálfsmynd barna besta forvörnin

**UMRÆÐAN**
Geðheilbrigði



EDDA ÝRR EINARSDÓTTIR

Landssöfnun Kiwanis-hreyfingarinnar til stuðnings geðsjúkum og aðstandendum þeirra fer fram dagana 4.-7. október. Kjörorð söfnunarinnar er Lykill að lífi og er hún haldin í tengslum við alþjóðlega geðheilbrigðisdaginn 10. október. Í ár fer hluti af söfnunarfénu til samtaka átröskunarsjúklinga, Forma.

Samtökin Forma voru stofnuð vorið 2005 með það að leiðarljósi að gefa átröskunarsjúklingum rödd og koma sjónarmiðum þeirra á framfæri. Átröskun hefur orðið sífellt meira áberandi undanfarin ár, bæði í fjölmiðlum og á götum borgarinnar. Umfjöllun hefur einkennst af alvöru sjúkdómsins, greinar birtar með myndum af stúlkum sem eru nær dauða en lífi, reynslusögur þeirra sem hafa lifað í víti sjúkdómsins og áróður gegn þeim staðalímyndum sem ýta undir þetta ýkta útlit. Hvað getum við gert til að koma í veg fyrir að börnin okkar falli í sömu gryfju?

Forma hefur að undanförnu viljað leggja meiri áherslu á fræðslu fyrir öll skólastig, þ.e. leikskóla, grunnskóla, gagnfræðaskóla og framhaldsskóla. Við teljum að með því að efla með börnum jákvæða líkams- og sjálfsmynd alveg frá upphafi, getum við komið í veg fyrir sjálfseyðandi lífsstíl í framtíðinni. Ef við kennum börnum okkar að bera virðingu fyrir sínum eigin líkama og tilfinningum, sem og annarra, kennum þeim umburðarlyndi fyrir fjölbreytileika mannsins, mismunandi hæð, þyngd, háralit o.s.frv. þá sköpum við samfélag sem tekur vel á móti öllum, sama af hvaða kynstofni þeir eru og hver hæð þeirra og þyngd er.

Samtökin vilja meðal annars nýta styrkinn frá Kiwanis-hreyfingunni til að koma á fót skipulegri fræðslu í 8. bekk grunnskóla og 1. bekk framhaldsskóla. Börn í 8. bekk og 1. bekk framhaldsskóla eru yngstu nemendur á sínu skólastigi og í nýju umhverfi þeirra eru ýmsir þættir sem geta haft slæm áhrif. Því sterkari sjálfsmynd sem barn hefur þeim mun betur getur það staðist hópþrýsting, áhrif óheilbrigðra staðalímynda o.þ.h. Eflum með börnum okkar jákvæða sjálfsmynd og um leið eflum við jákvætt samfélag.

Við hjá Forma þökkum Kiwanis-hreyfingunni kærlega fyrir stuðninginn og hvetjum alla til að kaupa K-lykilinn.

*Höfundur er formaður Forma, samtaka átröskunarsjúklinga.*

# Rjúfum vítahring manneklu og launa

**UMRÆÐAN**
Kjaramál

Margar heilbrigðisstofnanir, ekki hvað síst Landspítalinn, hafa glímt við rekstrarvanda undanfarin misseri og ár. Ein þeirra skýringa sem gefnar eru fyrir rekstrarvandanum er aukinn hlutur yfirvinnugreiðslna í launakostnaði.

Þörfin fyrir yfirvinnu skapast ekki hvað síst af því að þær stöður sem þörf er fyrir eru ekki mannaðar sem skyldi. Ítrekað er bent á skort á hjúkrunarfræðingum í þessu sambandi. Nú vantar um 90 hjúkrunarfræðinga á Landspítalann og alls yfir 600 hjúkrunarfræðinga á heilbrigðistofnanir landsins. Slíkt ástand leiðir til þess að þeir hjúkrunarfræðingar sem eru í starfi ráða sig margir í hlutastarf og taka síðan aukavaktir, bæði til að hækka launin og til að geta haft meira um vinnutíma sinn að segja. Aðrir neyðast til að taka aukavaktir vegna siðferðilegrar ábyrgðar og velferðar fyrir sjúklingunum. Öllum ætti að vera ljóst að þennan vítahring manneklu og launa verður að rjúfa.

**Ný launasetning fyrir fullt starf**

Fyrir rúmlega 20 árum tóku stjórnendur Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri (FSA) þá einhliða ákvörðun að greiða þeim hjúkrunarfræðingum sem réðu sig eða hækkuðu starfsprósentu sína í 100% starf, viðbótargreiðslu sem nam kr. 15.000 á mánuði. Mikill skortur var á hjúkrunarfræðingum á FSA á þessum tíma, hlutur yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum stofnunarinnar var hár og erfitt var að skipuleggja deildastarfið. Þótt 15 þúsund krónur á mánuði sé ekki há upphæð í dag var þetta veruleg viðbót á sínum tíma. Ákvörðun um greiðslurnar var tekin í apríl 1986. Samkvæmt kjarasamningi Hjúkrunarfélags Íslands og fjármálaráðuneytisins frá 24. mars 1987 voru byrjunarlaun hjúkrunarfræðings þá 39.903 krónur. Viðbótargreiðslurnar námu því 37,6% af byrjunarlaunum. Þetta jafngildir því að nýútskrifaður hjúkrunarfræðingur með 215 þúsund krónur í grunnlaun í dag, fengi kr. 80.840 í viðbótargreiðslur á mánuði fyrir að ráða sig í 100% starf.


ELSA B. FRIÐFINNSDÓTTIR

Það væri sannarlega forvitnilegt að sjá hvaða áhrif slíkar viðbótargreiðslur til hjúkrunarfræðinga í 100% starfi hefðu á Landspítalanum. Um eitt þúsund hjúkrunarfræðingar starfa þar. Meðal starfshlutfall hjúkrunarfræðinga er nú um 77% og því þyrftu um 400 hjúkrunarfræðingar að hækka starfshlutfall sitt úr umræddu meðaltali í fullt starf, til að manna allar stöður hjúkrunarfræðinga á spítalanum. Fullyrða má að ef stjórnendur Landspítala myndu grípa til þessara ráða samhliða því sem kjarasamningsbundin laun hjúkrunarfræðinga hækkuðu verulega, myndi skortur á hjúkrunarfræðingum á Landspítala heyra sögunni til.

**Ávinningur fyrir alla**

Eins og áður sagði var ákvörðunin um þessar viðbótargreiðslur tekin einhliða af yfirstjórn FSA, með þeim rökum að hagkvæmara væri að greiða slíkar viðbótargreiðslur en þá miklu yfirvinnu sem greidd var. Einnig að með þessu yrði skipulag hjúkrunarþjónustunnar markvissara. Rétt er að hafa í huga að kjarasamningar voru ekki lausir þegar þetta var og forstöðumenn stofnana höfðu mun minni völd en nú er. Stjórnendur Landspítala og annarra heilbrigðisstofnana þar sem skortur er á hjúkrunarfræðingum, ættu því að setjast yfir framangreint reikningsdæmi í þeim tilgangi að bæta þjónustu og rekstur stofnananna.

Fullyrða má að það sé allra hagur að stöður hjúkrunarfræðinga séu mannaðar fastráðnum hjúkrunarfræðingum. Yfirvinnugreiðslur yrðu í lágmarki, skipulag þjónustunnar yrði mun markvissara, álag á hjúkrunarfræðinga yrði minna, og síðast en ekki síst myndu sjúklingarnir fá mun betri þjónustu.

*Höfundur er formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.*

# Gaman í öryggisráðinu

**UMRÆÐAN**
Utanríkismál

Fyrir nokkru var Íslendingur kosinn í gott embætti hjá Sameinuðu þjóðunum (Hjálmar W. Hannesson sendiherra var kjörinn einn af varaforsetum 62. allsherjarþingsins). Sagt var frá því í blöðunum hér á landi, en það var ekki vegna þess að þessi tíðindi snertu Íslendinga á nokkurn hátt. Í raun kemur þetta kjör venjulegu fólki ekki við, fyrir utan nánustu fjölskyldu Hjálmars, vegna kauphækkunar sem hún kann að njóta góðs af, og sjálfsagt einhverja embættismenn í utanríkisráðuneytinu sem fá kannski að verða aðstoðarmenn.


JÓHANN M. HAUKSSON

Það sama má segja um hugsanlegt kjör „Íslands“ í öryggisráðið. Gjarnan er talað um að landið, Ísland, verði kosið en að sjálfsögðu eru það aðeins nokkrir embættis- og stjórnmálamenn sem sitja í öryggisráðinu. Og það að einhverjir íslenskir embættismenn fái góðar stöður í New York kemur lífi venjulegra Íslendinga ekki nokkurn skapaðan hlut við. Ekki á það frekar við þó að þeir stjórnmálamenn sem koma nálægt þessum málum, með utanríkisráðherrann í broddi fylkingar, geti haft gaman af að hafa á tilfinningunni að þeir taki þátt í stjórn heimsmálanna.

En við þessar aðstæður undrar það ekki að þessir tveir hópar, starfsmenn utanríkisráðuneytisins og stjórnmálamenn, þrýsti mjög á að „Ísland“ nái kjöri. Til þess eyða þeir ómældu fé – að minnsta kosti milljarði – sem not gæti verið fyrir annars staðar, eins og að stytta biðlista. Og einnig hefja þeir upp raust með málflutningi sem er ýmist fáránlegur (eins og ég hef fjallað um í fyrri grein) eða lætur vandræðahroll hríslast niður eftir bakinu. Það er þegar staðhæft að nú skuli Ísland hætta að vera örríki og fara að vera smáríki með rödd; en músin verður ekki að ljóni við að öskra.

*Höfundur er doktor í stjórnmálafræði.*


JDC bílar er viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili fyrir Dodge / Chrysler / Jeep / New Chrysler LLC



FRUMSÝNING
DODGE NITRO
2,8 L diesel / 4,0 L bensín




Frumsýnum Dodge Nitro 2007 - evrópugerð í sýningarsal okkar að Krókhálsi 4.

Einnig erum við með fjölda annarra bíla í sýningarsal frá Jeep, Dodge og Chrysler, m.a. Jeep Commander – diesel, Jeep Grand Cherokee – diesel, Dodge Avenger og Chrysler 300C.

KÍKTU VIÐ OG REYNSLUAKTU




VIÐ ERUM HÉR, Á EFRI HÆÐ HARÐVIÐARVALSHÚSSINS!

Opnunartími:
Mánudaga - föstudaga 10 - 18
Laugardaga 10 - 14

JDC bílar hf.
Krókhálsi 4
110 Reykjavík
Sími: 540 6700
jdc@jdc.is
www.jdc.is

# Eru húmanistar óvinir Krists?

**UMRÆÐAN**
Veraldlegar kirkjuathafnir



HJÖRTUR MAGNI JÓHANNSSON

Ekki alls fyrir löngu hafði ungt par samband við mig og bað mig að gefa sig saman í hjónaband. Athöfnin átti að fara fram í Fríkirkjunni en ég var beðinn að sleppa guðsorðinu þar þau töldu sig ekki trúuð að hætti kirkjunnar. Ég var vissulega viljugur til en þar sem ég var á leið burt þá vísaði ég á Jóhann Björnsson hjá Siðmennt. Félagið er málsvari mannúðarstefnu og frjálsrar hugsunar.

### Hinir rétttrúuðu

En í kjölfar þessarar athafnar hef ég heyrt af óánægjuröddum meðal þeirra kristnu sem telja sig hafa höndlað hina réttu trú.

Þeir virðast telja að siðrænn húmanismi sé helsti óvinur Krists í okkar samfélagi. Ógnin virðist felast í því að siðrænn húmanismi býður upp á heildræna sýn á lífið og tilveruna en er þó guðlaus. Hinum rétttrúuðu finnst að kirkjubyggingin hafi verið vanhelguð. Þeim finnst húmanistar vera ósamkvæmir sjálfum sér þó svo að parið hafi valið staðinn en ekki siðmenntarmenn.

Manngildi, réttlæti og frelsi eru einmitt grunngildin í boðskap siðræns húmanisma. Þeir hafa víða verið brautryðjendur á sviði mannréttinda. Í boðskap þeirra um frelsi er átt við frelsi mannsandans undan ýmsum þeim höftum og fjötrum sem meðal annars trúarbrögð hafa skapað. Þar má nefna kenninguna um erfðasynd og syndugt eðli mannsins.

Gagnrýni húmanista á synda- og sektarboðskap kirkjunnar á fullan rétt á sér.

Kirkjustofnunin hefur lengi verið sek um að brjóta sjálfsmynd mannsins niður með slíkri boðun og þannig leitast við að gera almenning sér undirgefinn og auðsveipan.

Jesús Kristur boðar hið gagnstæða. Hann reisir upp þá niðurbeygðu og gerir heila og mynduga þá sem á vegi hans verða.

Hinir rétttrúuðu finna húmanistum einnig það til foráttu að þeir byggja ekki lífsskoðun sína á bókstafslegri tilvísun í yfirnáttúruleg furðuverk, skáldskap og myndlíkingar, sem finna má í ævafornum trúarritum. Í stað þess reyna húmanistar að nálgast okkur út frá upplýstri heimsmynd nútímans og reyna að efla okkar eigin sjálfsmynd.

### Manngildið ofar trúarlögmálinu

En viti menn, þetta er nákvæmlega það sem Jesús Kristur leitaðist við að gera! Kristur setti einmitt manngildið ofar trúarlögmálinu. Jesús leitaðist við að losa sitt samtímafólk undan þeim fjötrum sem þröngsýni og trúarstofnanir hans tíma heftu menn í.

Vanhelgast kirkjubygging við það að mannúðarsamtök hafa not af henni? Nei, það er fáránleg og í raun ókristileg hugsun.

Hér hafa húmanistar sýnt meiri víðsýni og þroska en gagnrýnendur þeirra.

Mannúðarfullir húmanistar eru velkomnir í Fríkirkjuna með athafnir sínar. Og það er ekki til þess að við getum þá reynt að snúa þeim til guðstrúar – heldur vegna mennsku þeirra og fagurra hugsjóna. Ég tel að Siðmennt eigi fullan rétt á að vera skráð sem lífsskoðunarfélag og fái að njóta sömu réttinda og trúfélög hér á landi.

Helsti óvinur Krists er alls ekki mannúðar- og frelsisboðun húmanista. Helsti óvinur Krists í dag er bölið, grimmdin, ranglætið, ójöfnuðurinn, kúgunin og trúarofstækið í heiminum.

### Eiga launamenn hins veraldlega valds helgi kirkjunnar?

Það felst í því kaldhæðni að ríkislaunaðir prestar þjóðkirkjunnar skuli agnúast út í það að mannúðarsamtök hafi afnot af Fríkirkjunni. Prestar þjóð/ríkiskirkjunnar eru ríkisstarfsmenn þótt þeir eigi erfitt með að viðurkenna það. Þannig eru launamenn hins veraldlega valds leiðandi í helgidómi Guðs sem á ekki að lúta neinu veraldlegu valdi. Í hugum flestra kristinna manna er hér um hrópandi mótsögn að ræða. Spennan milli veraldlega valdsins og kirkjulega valdsins gengur í gegnum alla kirkjusöguna. Samruni þessara tveggja andstæðna hefur yfirleitt valdið miklum skaða, böli og vanhelgun.

### Hvað er það sem vanhelgar?

Þegar kirkjunnar menn í sjálfsupphafningu og vandlætingu draga aðra í dilka og útiloka. Þegar kirkjunnar menn reisa múra aðgreiningar í nafni trúarstofnunarinnar einmitt þar sem sjálfur Kristur vill skapa friðareiningu. Kristur leitast við að sameina alla í kærleika. Hann er hafinn yfir alla flokkadrætti kirkjustofnana, lífsskoðana eða trúarbragða.

*Höfundur er prestur og forstöðumaður Fríkirkjunnar í Reykjavík.*

# Húsnæðisekla

**UMRÆÐAN**
Húsnæðismál



SIGURÐUR T. SIGURÐSSON

Verkamannabústaðir, eða öðru nafni félagslegar íbúðir, leystu á árum áður úr húsnæðisvanda mikils fjölda fólks og tryggðu mörgum láglaunafjölskyldum viðunandi húsnæði. Félagslega húsnæðiskerfið, eins og það var oft kallað, var að mörgu leyti gott en ríki og sveitarfélög hefðu mátt leggja í það meira fjármagn en þau gerðu. Á hverju ári voru tugir og hundruð fjölskyldna sem ekki fengu neina lausn á húsnæðisvanda sínum. Nú er löngu búið að leggja þetta kerfi niður og annað fyrirkomulag tekið upp. Að sögn þáverandi stjórnvalda átti þetta nýja kerfi að leysa allan húsnæðisvanda láglaunafólks. Því miður sýnir reynslan allt aðra niðurstöðu því húsnæðisvandinn eykst með hverju árinu sem líður.

Þá, eins og nú, voru dagvinnulaun verkafólks það vesældarleg að þau dugðu varla fyrir eðlilegri framfærslu einstaklings og vonlaust að reyna að framfleyta fjölskyldu á svo lágum launum, nema viðkomandi hefði ódýra íbúð til að búa í.

Frá lokum seinni heimsstyrjaldar og fram undir síðustu aldamót var það skortur á íbúðarhúsnæði, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, sem hækkaði leiguverð upp úr öllu valdi. Það var því varla á færi láglaunafólks að leigja sér almennilega íbúð, enda bjuggu fjölmargar barnafjölskyldur í hálfónýtum bröggum frá stríðsárunum. Á þessu er engin breyting. Að vísu eru braggahverfin horfin en sami húsnæðisvandinn ríkir enn þá meðal láglaunafólks. En nú er orsök hans ekki húsnæðisskortur heldur græðgi fjármagnseigenda, byggingafyrirtækja og leigusala, sem halda sölu- og leiguverði íbúða í hæstu hæðum. Þetta okur kemur í veg fyrir að þúsundir fjölskyldna geti lifað eðlilegu lífi en talið er að á höfuðborgarsvæðinu vanti hátt í 3.000 ódýrar félagslegar íbúðir til að fullnægja eðlilegri eftirspurn láglaunafólks eftir húsnæði.

Því miður eru launataxtar stéttarfélaga innan Starfsgreinasambands Íslands almennt svo lágir að það er varla fræðilegur möguleiki fyrir fólk í þeim félögum að eignast eigin íbúð nema með því að bæði hjónin vinni úti í fullu starfi, jafnt á virkum dögum sem helgum. Sama gildir um leigumarkaðinn, þar er húsaleiga svo há að lágmarks dagvinnulaun, sem eru kr. 125.000 á mánuði, duga ekki einu sinni fyrir leigu á þriggja til fjögurra herbergja íbúð. Þetta verður að laga og til þess þurfa lágmarkslaun að hækka verulega. Og einnig þurfa skattleysismörk að hækka. Hefðu þau fylgt launaþróun í landinu frá 1989 væru þau í dag hátt í kr. 140.000 á mánuði. Þó er brýnast af öllu að ríki og sveitarfélög niðurgreiði húsaleigu fyrir láglaunafólk og/eða stórauki byggingar á ódýru félagslegu húsnæði.

Það er ekki nóg að vera með fögur orð fyrir kosningar, það þarf líka að standa við þau að kosningum loknum. Hálaunafólkið í landinu hefur fengið sínar kauphækkanir ásamt skattalækkunum, nú er komið að fólkinu sem er í framleiðslu- og þjónustustörfunum sem gert er að lifa á launatöxtum sem eru langt undir því að geta talist lífvænlegir.

*Höfundur er fyrrverandi formaður verkalýðsfélagsins Hlífar.*

# Stuðningur við lýðræðisuppbyggingu Austur-Evrópu

**UMRÆÐAN**
Lýðræðisþróun



ÁSTA R. JÓHANNESDÓTTIR

Þingkosningar fóru fram í Úkraínu 30. september sl. Ég tók þar þátt í alþjóðlegu kosningaeftirliti sem fulltrúi Íslandsdeildar NATO-þingsins, nokkrum dögum áður en NATO-þingið sem nú stendur yfir var sett í Reykjavík. Nefnd NATO-þingsins um borgaralegt öryggi stóð fyrir þátttöku þingmanna NATO-ríkjanna í kosningaeftirlitinu og er það liður í stuðningi NATO-þingsins við lýðræðisuppbyggingu í ríkjum Austur-Evrópu.

### Þróun mála í Úkraínu

Lýðræði á sér ekki langa sögu í Úkraínu. Margir minnast appelsínugulu byltingarinnar í lok árs 2004, en í kjölfar hennar voru fyrstu lýðræðislegu þingkosningarnar haldnar þar í landi, 26. mars 2006. Úkraína hefur gengið í gegnum miklar stjórnmálalegar og efnahagslegar þrengingar síðan landið hlaut sjálfstæði eftir fall Sovétríkjanna. Kveikjan að appelsínugulu byltingunni var mótmæli gegn óheiðarlegum forsetakosningum í landinu árið 2004. Mótmælin gerðu það að verkum að forsetakosningarnar voru endurteknar 26. desember sama ár, og hetja appelsínugulu byltingarinnar, Viktor Jústsjenkó, var kjörinn forseti.

Frá því að Jústsjenkó tók við völdum hefur verið unnið að endurbótum á stjórnarskrá landsins og voru þingkosningar vorið 2006 í samræmi við endurbætur á henni sem tóku gildi í janúar 2006. Með breytingum á stjórnarskránni hefur forsetaræði vikið fyrir auknu þingræði þannig að þing og ríkisstjórn eru mun minna háð forsetavaldinu en áður. Eftir sem áður hefur mikil samkeppni ríkt milli forseta og þings annars vegar og forseta og ríkisstjórnar hins vegar. Núverandi forseti landsins, Viktor Jústsjenkó, og fyrrverandi forseti og fráfarandi forsætisráðherra, Viktor Janúkóvítsj, hafa þar helst bitist um völdin. Eftir harðar deilur, vegna túlkunar á stjórnarskrárákvæðum um starfshætti þingsins, leysti forsetinn upp þingið 2. apríl sl. og boðaði til kosninga sem fram fóru á sunnudaginn var.

Önnur vandamál hafa einnig endurspeglað stjórnarkreppuna í landinu, svo sem hótanir um að leysa upp yfirkjörstjórn, takmarkað fé til að halda kosningarnar, um að forsetakosningar verði knúnar fram, stjórnlagadómstóllinn gerður óstarfhæfur, o.s.frv. Jafnvel nú eftir þingkosningarnar eru uppi efasemdir í landinu um lögmæti þeirra, og svo gæti farið að fyrrnefndur stjórnlagadómstóll úrskurði um lögmæti kosninganna áður en langt um líður.

Einnig óttast menn að úrslitin í kosningunum muni valda óróa þar sem flokkar forsetans Viktors Jústsjenkós og Júlíu Tímósjenkó hafa sameiginlega naumt forskot á flokk Viktors Janúkóvítsj, en báðar fylkingarnar hafa lýst yfir sigri.

Stjórnmálakerfið í Úkraínu er plagað af óskýrum leikreglum, spillingu og óheiðarleika, og óvæginni, persónulegri samkeppni um völd og hagsmuni. Því er sérstaklega mikilvægt að huga að leikreglum lýðræðisins þegar þingkosningar eru haldnar. Með því getur ný ríkisstjórn fengið hreint borð. Með góðri þátttöku í kosningunum nú má segja að almenningur í Úkraínu hafi sent þau skilaboð til úkraínskra stjórnmálamanna að þeir fari eftir reglunum í stað þess að fara með reglurnar að eigin hentisemi.

### Mikilvægi kosningaeftirlits

Einn af hornsteinum lýðræðis er að kosningar fari fram með sanngjörnum og eðlilegum hætti. Ef borgararnir geta ekki treyst gangi kosninga og niðurstöðum þeirra er lýðræðið fótum troðið. Þrettán þingmenn voru í eftirlitsnefndinni frá NATO-þinginu, enn fleiri frá ÖSE-þinginu og fjölmargir eftirlitsaðilar frá Evrópuráðinu og öðrum alþjóðastofnunum. Alls voru yfir 700 erlendir kosningaeftirlitsmenn við störf í kosningunum sl. sunnudag.

Fyrir kosningarnar í Úkraínu var haldinn fundur með fulltrúum stjórnvalda og stjórnarandstöðu, með fulltrúum fjölmiðla og mannréttindasamtaka. Var meðal annars farið fram á skýringar á athugasemdum um vinnubrögð stjórnvalda í aðdraganda kosninganna. Við framkvæmd kosninganna kom í ljós allnokkur ónákvæmni í kjörskrám og ýmsar aðrar misfellur, en að öðru leyti var Úkraínumönnum hælt fyrir uppbyggilega og faglega framkvæmd þingkosninganna.

Kosningar voru þær fyrstu þar sem Íslandsdeild NATO-þingsins tekur þátt í að sinna kosningaeftirliti. Er þetta liður í auknu framlagi þess til uppbyggingar- og friðarstarfs. Einnig er þetta ein margra vísbendinga um mikilvægi þess að Alþingi leggi sitt af mörkum þegar kemur að lýðræðisþróun og virðingu fyrir mannréttindum í einstökum ríkjum Austur-Evrópu.

*Höfundur er alþingismaður og á sæti í nefnd NATO-þingsins um borgaralegt öryggi.*


UNIVERSITY COLLEGE
VITUS BERING DENMARK

**NÁM Í DANMÖRKU**

**Hjá VITUS BERING í Horsens bjóðum við upp á margvíslega menntun.**

**Í boði er:**

**Á ensku og dönsku**
- Byggingafræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði

**Á ensku**
- Framleiðslutæknifræði
- Útflutningstæknifræði

**Á dönsku**
- Véltækni
- Véltæknifræði
- Landmælingar
- Tölvutæknifræði
- Aðgangsnámskeið
- Byggingatæknifræði



Fulltrúi skólans Johan Eli Ellendersen, verður í Reykjavík á biluni 5. - 13. október 2007. Þeir sem hafa áhuga geta haft samband við Johan Eli Ellendersen, með því að hringja beint í Johan í síma í 845 8715.

UNIVERSITY COLLEGE
VITUS BERING DENMARK
CHR. M. ØSTERGAARDS VEJ 4
DK-8700 HORSENS
TEL. +45 7625 5000
FAX: +45 7625 5803
CVU@VITUSBERING.DK

Vitus Bering Danmark verður VIA University College. Í janúar 2008 tekur til starfa nýr háskóli VIA University College á Jótlandi í Danmörku. VIA University College verður til við sameiningu Jysk Center for Videregående Uddannelse, cvu vita, Vitus Bering Danmark, CVU Midt-Vest og CVU alpha en þessi menntun er skilgreind í danska menntakerfinu sem "de mellemlange videregående uddannelser". Markmið sameiningar er að geta boðið betri menntun en áður. Nánari upplýsingar má lesa á www.viauc.dk

www.vitusbering.dk



**VILL AÐ FÓLKI LÍÐI VEL Í FÖTUNUM**
Ragnhildur Benediktsdóttir hefur vakið athygli fyrir fatahönnun í Suður-Þýskalandi
TÍSKA 4

**SÓMASAMLOKUR**
Úr tvö hundruð í tuttugu þúsund
MATUR 2













Natalia Chow Hewlett tónlistarmaður ætlar að leyfa fólki að kynnast því hvernig góðir austurlenskir réttir verða til í hennar eldhúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Austurlenskt á Álftanesi

***Þótt Natalia Chow Hewlett sé þekktari sem söngkona og kórstjóri en kokkur þá kann hún ýmislegt fyrir sér í eldamennskunni. Hún ætlar að deila þekkingu sinni á austurlenskri matargerð með þeim sem vilja koma á námskeið heim til hennar á næstunni.***

„Ég hef óskaplega gaman af að elda mat. Nú í seinni tíð hef ég safnað saman grænmetisuppskriftum og á orðið gott safn af þeim, þannig að þó ég sé bara með grænmetisrétti á borðum þá er mataræðið fjölbreytt,“ segir Natalia Chow. Hún kveðst hafa borðað kjöt framan af ævinni og þá frekar sem meðlæti en aðalmat en fyrir átta árum hafi hún alfarið snúið sér að fæðu úr jurtaríkinu. „Hjá eiginmanninum kom ekki annað til greina en að borða grænmeti og það var ekki mikið mál fyrir mig að svissa yfir. Ég sakna kjötsins ekki neitt.“

Natalía er frá Sjanghæ en hefur búið á Íslandi í fimmtán ár. Hún hefur ekki síst vakið athygli fyrir árangur sinn í kórstjórn síðustu ár þar sem hún hefur drifið upp hvern söngflokkinn eftir annan, Kvennakór Kópavogs, Englakórinn og Regnbogakonur. Nú eru matreiðslunámskeið á dagskrá hjá henni á næstu vikum þar sem áhersla verður lögð á austurlenskt grænmetisfæði. „Ég ætla að kenna fólki að nota hráefni sem það hefur ekki kynnst áður en fæst þó hér á landi, til dæmis í Sælkerabúðinni, filippísku búðinni á Hverfisgötu, Fjarðarkaupum og jafnvel Bónus. Þar má nefna tófú, svört hrísgrjón og soja,“ segir hún. Námskeiðið er haldið á heimili hennar og eiginmannsins Julians, að Sjávargötu 16 á Álftanesi.

*gun@frettabladid.is*


Veldu möguleika



Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

Opið virka daga
9-18 og laugardaga 11-15

JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar
Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

**Súkkulaði** getur stundum verið allra meina bót. Dökkt súkkulaði er sérstaklega gott og telst hollara þar sem í því er lítill sykur. Hins vegar er misjafnt hvernig matargerð það hæfir og því gott að skoða vel uppskriftirnar.



Sérfræðingar í saltfiski

Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.

Fyrir verslanir:

Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi

Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita

Ekta fiskur
Sælgæti úr sjónum
Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is






Fallegar, gómsætar og tilbúnar í ristina.



Samlokurnar líða eftir færibandinu.



Unaðslegt og enn vinsælast; roastbeef.



Osti raðað ofan á skinku á færibandinu.

# Handsmurðar tuttugu þúsund samlokur á dag

***Tugþúsundir Íslendinga seilast í samlokukælana daglega. Kóngurinn í kælinum er hinn trausti og tryggi Sómi sem satt hefur tóma maga með sælkerasamlokum síðan 1978.***

„Sómi var stofnaður 1978 og þá voru smurðar um 200 samlokur sem dreift var í helstu sjoppur. Síðan hefur vöxturinn verið stöðugur og nú eru smurðar um 20 þúsund samlokur á dag,“ segir Alfreð Hjaltalín, framkvæmdastjóri Sóma, en mánaðarlega kemur fram nýjung í vörulínu fyrirtækisins.

„Reynslan sýnir að ein af hverjum tíu nýjungum nær að festa sig í sessi. Sómi er sá aðili á samlokumarkaðnum sem leggur mesta áherslu á fjölbreyttar vörutegundir og ríkulega sælkeravöru,“ segir Alfreð þar sem hann stendur í nýjum og glæsilegum húsakynnum Sóma við Gilsbúð í Garðabæ, en þar starfa 45 manns við samlokugerðina.

„Við byrjum að smyrja klukkan 22 á kvöldin og er smurt er alla nóttina, en flestar sendingar fara út klukkan sex á morgnana. Mikið fer í fyrsta morgunflug á landsbyggðina svo nýsmurðar samlokur séu líka komnar í kæla fjarlægustu byggða Íslands klukkan níu,“ segir Alfreð, en dagvakt sér um að skera niður grænmeti og álegg, laga salöt og gera klárt fyrir næturvaktina að setja samlokurnar saman.



Alfreð Hjaltalín, framkvæmdastjóri Sóma, byrjaði hjá fyrirtækinu árið 1979 þegar smurðar samlokur voru 200 á dag. Í dag eru þær 20 þúsund.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Langlokurist með skinku, osti og pepperoni er langvinsælasta vörutegundin, en þar fyrir utan hafa Íslendingar enn mest dálæti á roastbeef og hangikjöti. Sómi býður einungis upp á handgerða hágæðavöru þar sem einu tækin eru skurðarhnífar, færiband og pökkunarvélar,“ segir Alfreð, sem fær sér alltaf eina með hangikjöti og salati.

„Þetta er góður kostur og sífellt vaxandi úrvalið af heilsuvörum, en markaðurinn ræður þessu alfarið. Þeir sem vinna hér mega borða eins mikið af samlokum og þeir vilja. Sumir fá sér eina, aðrir fjórar eða fimm, en það er besti mælikvarðinn, finnst mér. Ef maður vill ekki borða vöruna sjálfur er staðallinn ekki í lagi. Það er metnaðarmál hjá Sóma að gera þetta vel og vinna með gott hráefni,“ segir Alfreð, sem á hverjum degi fær samlokubrauð í hundraðavís frá bakaríunum, ásamt áleggi í stórum stæðum.

„Osturinn er gríðarstór liður og nautakjötsreikningurinn er ansi hár líka. Við seljum yfir þúsund hamborgara á dag og enn er roastbeef vinsælasta samlokan, svo öll innkaup eru í ótrúlega stórum tölum fyrir litla Ísland,“ segir Alfreð sem fullyrðir að samlokur séu ódýrar á Íslandi.

„Við miðum okkur gjarnan við Bretland sem er mekka samlokunnar. Verðlagning út úr búð hér er mjög sambærileg nema hvað við vinnum með mun dýrara hráefni. Það er líka ástæða þess hve samlokan er vinsæl. Við leitum ekki að ódýru skinkunni eða útrunnu grænmeti. Notum eingöngu topphráefni og mestu gæði sem fyrir peningana fást.“

*thordis@frettabladid.is*



KAFFIVÉLAKYNNING

## Kanntu kaffi að brugga?

Oft er ekki nema hálfur sigur unninn þótt glæsileg kaffivél sé komin í hús. Nauðsynlegt er að kunna á vélina og þeir sem hafa áhuga á að kynnast kaffivélinni sinni betur geta kíkt í sérverslun Tes og kaffis á Laugavegi 27 næsta laugardag, 6. október. Þar verður kaffivélakynning milli kl. 11 og 16. Sérstök áhersla verður lögð á kaffivélar fyrir heimili og minni fyrirtæki. Sérfræðingur fyrirtækisins í kaffilögun og -smökkun, Halldór Guðmundsson, skólastjóri kaffiskóla Tes og kaffis, verður á staðnum og aðstoðar viðskiptavini. Sérstaklega er mælt með að eigendur Ascaso Dream espresso-vélanna kíki á kynninguna. Þarna gefst tækifæri til að ráðfæra sig við sérfræðing um kaffivélar og rétt val á kaffi og ættu kaffiunnendur ekki að láta það framhjá sér fara.

*- hs*

# Töfrandi núðlur Tælands

*Núðluhúsið er með rótgrónustu veitingahúsum borgarinnar sem selur mat frá Austurlöndum. Eftir áratylft á Vitastíg hefur það flutt sig fyrir horn yfir í yfirgefið hreiður lóunnar í Kjörgarði.*

„Núðluhúsið opnaði fyrst í litlum skúr á Vitastígnum þar sem einn pínulítill trébekkur stóð framan við afgreiðsluborðið og var þar næstu þrjú árin,“ segir Halldór Tryggvason, eigandi Núðluhússins, sem opnaði í vikunni í nýjum heimkynnum á annarri hæð á Laugavegi 59, þar sem áður var Lóuhreiðrið.

„Við vorum komin í stökustu vandræði á matartímum þegar gömlu húsakynnin önnuðu engan veginn traffíkinni því alltaf koma fleiri og fleiri í þennan góða og heilsusamlega mat sem Núðluhúsið býður upp á,“ segir Halldór þar sem hann er í óðaönn að setja svip Núðluhússins á nýja staðinn.

„Við keyptum Núðluhúsið fyrir þremur árum, ég og eiginkona mín Wanvisa Susee frá Taílandi, en við erum þriðju eigendur veitingahússins. Við felldum hugi saman fyrir níu árum og hefur Wanvisa búið síðustu átta ár hamingjusöm á Íslandi. Hér ríkir taílenskt andrúmsloft og hingað sækir fólk sem hefur dálæti á taílenskri matargerð og menningu. Langflestir eru afar kurteisir og ljúfir í viðkynningu þótt vissulega komi einstaka sinnum fyrir að einn og einn sé með skæting og leiðindi í garð þeirra útlendinga sem vinna hér,“ segir Halldór spurður um meintan dónaskap Íslendinga við útlendinga í þjónustustörfum.

„Fastakúnnar eru margir og mörg andlit sem hafa borðað hér frá því Núðluhúsið var í litla skúrnum. Í húsakynnum Núðluhússins síðast var eldhúsið opið fram í salinn og sást í karókí-skjá matreiðslumannanna sem sungu hástöfum með yfir eldamennskunni. Þá þökkuðu margir fyrir sönginn eftir að hafa rennt niður kræsingunum,“ segir Halldór brosmildur innan um sæti fyrir 76 í stað sætanna 20 á gamla staðnum.

„Þetta er afskaplega ánægjulegur rekstur og gaman að vinna fyrir sjálfan sig í eigin fyrirtæki, en því er ekki að neita að þetta er rosaleg vinna og bara frí fyrri part dags á laugardögum og sunnudögum; annars stendur maður vaktina alla daga vikunnar frá morgni til kvölds,“ segir Halldór sem skrifar sívaxandi vinsældir Núðluhússins á afbragðs taílenska matreiðslumenn, úrvals hráefni og verð í lágmarki.

„Kjúklingur í cashew-hnetusósu er langvinsælasti réttur hússins og er orðinn klassík. Og nú þegar við erum komin í stærra húsnæði munum við bæta við matseðilinn. Mataræði Taílendinga byggist upp á grænmeti, ávöxtum og fiski, en þeir borða minna af kjöti. Við munum einnig halda í kaffimenningu Lóuhreiðursins gamla og bjóða upp á nýlagað kaffi og sætabrauð á morgnana og um miðjan daginn. Fólk mun því kannast við sig á nýja staðnum, hvort sem þeir voru fastakúnnar Núðluhússins eða Lóuhreiðurs.“

*thordis@frettabladid.is*



Halldór Tryggvason og Wanvisa Susee, veitingamenn á Núðluhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Uppskrift Natalíu



### Steikt tófú að kínverskum hætti

**1 pk tófú (fæst t.d. í Fjarðarkaupum og Bónus)**
**1/2 rauðlaukur**
**1/2 blaðlaukur**
**1 msk fimm krydd (fæst í Sælkerabúðinni)**

**SÓSA**
**1 msk dökk sojasósa**
**1 msk ljós sojasósa**
**1 msk hunang**
**1 msk maísduft**
**1/4 lítri af vatni**
**sesamolía**

Skerið tófú í mjög þunnar sneiðar. Steikið á pönnu og brúnið báðar hliðar. Kælið og skerið allar sneiðar niður í 3-4 litla bita.
Marinerið í sojasósu og sesamolíu. Skerið laukinn í þunna strimla. Hitið olíu á pönnu og steikið laukinn með kryddinu. Bætið tófú við og steikið vel. Hellið skvettu af vatni út í og látið lokið á pottinn. Látið malla í smástund. Hrærið sósuna vel og bætið henni í pottinn. Haldið áfram að steikja uns sósan er orðin mátulega þykk. Berið fram strax. Má skreyta með niðurskornum vorlauk.



Meðal annars er fjallað um nemakeppni Kornax í fréttabréfinu.

### Fréttabréf Matvís

EFNISMIKIÐ BLAÐ UM MAT OG VEITINGAMENN.

Nýtt Fréttabréf MATVÍS, Matvæla- og veitingafélags Íslands, er komið út. Meðal efnis er grein um Hafliða Ragnarsson í Mosfellsbakaríi, nemakeppni Kornax, evrópskt samráð, erfðabreytt matvæli, mátt fjármagnsins og margt fleira. Nálgast má fréttabréfið á pdf-formi á heimasíðu MATVÍS á www.matvis.is.





Hófst þú nám í kjötiðn en laukst því ekki?

**Ertu starfandi í greininni eða í grein henni tengdri?**

**Hefur þú áhuga á að ljúka því námi sem þú hófst?**

**Bættu um betur – Kjötiðn** er tilraunaverkefni sem miðar að því að meta færni sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið, óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Markmiðið er að þátttakendur í verkefninu ljúki sveinsprófi.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við **IÐUNA – fræðslusetur** í síma **590-6400** og fá frekari upplýsingar um verkefnið. Það er einnig hægt að skrá sig á kynningarfund sem verður haldinn fimmtudaginn 11. október kl. 16.00 að Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.idan.is. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið radgjof@idan.is.**

IÐAN fræðslusetur · Menntaskólinn í Kópavogi · FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS · SI Samtök iðnaðarins




Hófst þú nám í framreiðslu en laukst því ekki?

**Hefur þú starfað sem þjónn? Starfar þú við greinina eða í tengdum greinum?**

**Hefur þú áhuga á að ljúka því námi sem þú hófst?**

**Bættu um betur – Framreiðsla** er tilraunaverkefni sem miðar að því að meta færni sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið, óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Markmiðið er að þátttakendur í verkefninu ljúki sveinsprófi.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við **IÐUNA – fræðslusetur** í síma **590-6400** og fá frekari upplýsingar um verkefnið. Það er einnig hægt að skrá sig á kynningarfund sem verður haldinn fimmtudaginn 11. október kl. 16.00 að Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.idan.is. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið radgjof@idan.is.**

IÐAN fræðslusetur · Menntaskólinn í Kópavogi · FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS



**Nærföt þurfa að vera þægileg** en ekki spillir fyrir að þau séu falleg og láti mann líta vel út. Það getur því verið gott að ekki sjáist of miklar krumpur og saumar og að þau falli vel að líkamanum og styðji við.





Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið



Haustið er komið
Ullarvettlingar, húfur og sokkar
Handprjónasamband Íslands
Skólavörðustíg 19 • sími 552 1890
Iðuhúsinu, Lækjargötu 2a (kjallara)
www.handknit.is

NÝJAR VÖRUR



Jakkar
Stuttkápur
Úlpur
Pelsar
Húfur
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, Sími 588-5518
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16




Herrajakki úr þæfðri ull með munstri frá gamalli prjónapeysu. Bara ein flík til af hverju.

Rauður jakki með rennilásum og vösum og saumarnir snúa út.

Hluti af samkvæmislínu. Við blússuna er hnésítt pils með tjulli neðst.

# Vill að fólki líði vel

***Íslenskir fatahönnuðir vekja víða athygli fyrir iðju sína. Einn þeirra er Ragnhildur Benediktsdóttir sem býr í Suður-Þýskalandi og selur allt jafnóðum og hún er búin að sauma.***

„Í Þýskalandi heiti ég bara Hilda enda geta Þjóðverjar hvorki borið fram skírnarnafn mitt né föðurnafn. Foreldrar mínir kölluðu mig líka alltaf Hildu,“ segir Ragnhildur brosandi. Hún kveðst aðallega sauma flíkur úr ullarefni sem hún kaupir frá Ítalíu, einkum jakka og pils og nokkrar gerðir af sportlegum karlmannsjökkum. „Flíkurnar eiga að geta gengið við allt og fólki á alltaf að líða vel í þeim,“ segir hún. Spurð hvaðan hún fái hugmyndir að sniðunum svarar hún. „Þær koma úr mínum kolli. Ég horfi á efnið, þreifa á því og læt hugmyndirnar gerjast þar til þær verða fullskapaðar.“

Ragnhildur ólst upp í Reykjavík en flutti 25 ára til Karlsruhe í Suður-Þýskalandi. Þar er hún í fullu starfi við háskólann, sem upplýsingafulltrúi við arkitektadeildina. Hönnunin er í hjáverkum enn sem komið er en hvenær skyldi áhuginn á henni hafa kviknað. „Ég lærði tískuhönnun í Þýskalandi með þungamiðju á prjón og vann við hana í nokkur ár hjá stóru fyrirtæki. Hætti þar því mér fannst vinnan kosta of mikið af sálinni. Þetta er harður bransi en ég lærði mikið. Ég lagði fagið á hilluna um tíma en byrjaði aftur fyrir nokkrum árum. Hef alltaf saumað eigin föt og oft verið spurð hvar ég hafi keypt þau. Þannig má segja að ég hafi auglýst fötin mín sjálf.“



„Ég kem alltaf heim á sumrin og þá held ég tískusýningu,“ segir Ragnhildur Benediktsdóttir, kölluð Hilda.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Hingað til kveðst Ragnhildur hafa verið með framleiðsluna á eldhúsborðinu en nú verði hún að láta eitthvað frá sér því hún anni ekki eftirspurn. Vinsældirnar megi meðal annars rekja til þess að fólk geti tekið fötin út úr skáp og verið vel klætt í þeim án þess að vera allt of fínt. „Markmið mitt er að hanna föt sem fólk lætur ekki frá sér fyrr en þau eru komin í tætlur,“ segir hún.

gun@frettabladid.is









Leikkonan Helen Mirren vill sjá holdugri fyrirsætur í tískuheiminum.

# Kennir konum um horaðar fyrirsætur

***Leikkonan Helen Mirren gagnrýnir kvenkyns ritstjóra tískuiðnaðarins.***

Hin virta breska leikkona Helen Mirren hefur varpað fram óvæginni gagnrýni á kvenkyns ritstjóra tískuiðnaðarins og kennir þeim alfarið um „skelfilega horaðar“ fyrirsætur tískuheimsins, sem útheimti að þær séu allar í stærðinni núll.

Frú Mirren, sem er 62 ára Óskarsverðlaunahafi, varð sjálf vitni að stærðarmismunun nýverið þegar hún fylgdi frænku sinni, sem er upprennandi fyrirsæta, á nokkrar umboðsskrifstofur sem höfðu ekkert við stúlkuna að tala, nema að þar lýstu allir því yfir að hún væri alltof þung.

Mirren heldur því staðfastlega fram að þetta skrifist alfarið á háttsetta tískublaðamenn og ritstjóra tískutímarita.

„Ég ásaka mínar eigin kynsystur því það eru konur sem eiga þessi tímarit, konur sem ritstýra þeim og konur sem taka allar ákvarðanir þar. Mér finnst rangt að hafa svona hryllilega horaðar stúlkur á sýningarpöllum og forsíðum. Flestar eru stúlkurnar sjúklega grannar og eiga vitaskuld í stórkostlegum vandræðum með sjálfar sig, en það versta er að yfirleitt kýs tískuiðnaðurinn að láta sem hann taki ekki eftir því.“

# Léttur og ferskur, dökkur og djúpur

***Nýlega kom á markaðinn karlmannsilmur frá þekktum framleiðendum. Polo Double Black frá Ralph Lauren og Fleur de Male frá Jean Paul Gaultier.***

Polo Double Black er léttur, ferskur, mjúkur og seiðandi þrátt fyrir að umbúðirnar gefi til kynna að ilmurinn sé dökkur og djúpur, og Fleur de Male frá Jean Paul Gaultier er í senn karlmannlegur og mildur, ögrandi og djarfur.

Að sögn framleiðanda er þetta ilmur fyrir nútímamenn sem eru sáttir við sjálfa sig og þora að sýna tilfinningar. Umbúðirnar bera það með sér, en þær eru skjannahvít útgáfa af hinum sperrta og tígulega „karlmannslíkama“ sem karlmannsilmur Gaultiers er seldur í.




Fleur de Male frá Gaultier er ilmur fyrir karlmenn sem eru ófeimnir við að tjá sig.

Polo frá Ralph Lauren er léttari en umbúðirnar gefa til kynna.








**Stafræn framköllun** er á tilboði í Hans Petersen út októbermánuð en myndin kostar einungis 25 krónur.



VATNSHELT
HLÝTT OG
MJÚKT
TICKET TO HEAVEN
ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201


# Jeppinn er yndislegur

***Einkaþjálfarinn Sölvi Fannar Viðarsson er ánægðastur með kaupin sem hann gerði þegar hann fjárfesti í Pajero-jeppanum sem hann ekur um á í dag.***


Sölvi Fannar er hæstánægður með jeppann sinn sem hann segir tvímælalaust hafa verið bestu kaupin hans í gegnum tíðina enda skýlir hann honum líklega betur undan rigningunni en skjalataskan á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Jeppinn er 2001 árgerð og er alveg yndislegur og rosalega gott að keyra hann,“ segir Sölvi og bætir því við að þetta sé alveg tvímælalaust besti bíll sem hann hafi eignast. „Það er innan við ár síðan ég fékk mér bílinn sem er aðeins upphækkaður á 33 tommu dekkjum og heldur helstu aksturseiginleikum fólksbíls.“

Önnur góð kaup sem Sölvi Fannar hefur gert er tölvan sem hann átti en var stolið frá honum í París. „Það var Sony-fartölva með sautján tommu skjá og var alveg hrikalega skemmtileg. Ég skrifaði meðal annars bókina, sem var gefin út fyrir síðustu jól, á þessa tölvu. Eins hef ég skapað ýmislegt á þessa tölvu eins og ljóð og annað slíkt en heilmikið af því hvarf að eilífu með tölvunni því ég hafði gleymt að afrita það,“ segir Sölvi Fannar.

„Ég er vanur að vera mjög vandfýsinn á allt sem ég kaupi og jafnvel aðeins of stundum. Verstu kaupin eru samt alveg tvímælalaust þegar ég keypti risastóra Bratz-rútu á eBay, sem ég ætlaði að gefa dætrum mínum í jólagjöf í fyrra. Rútan kostaði alveg helling af peningum en kom svo aldrei. Það eru klárlega verstu kaup sem ég hef gert,“ segir Sölvi og bætir við: „Ég hafði nú sem betur fór keypt fleiri gjafir handa þeim en þetta hefði verið alveg punkturinn yfir i-ið,“ segir Sölvi áður en hann brunar af stað á jeppanum sínum.

*sigridurh@frettabladid.is*


ÚTSÖLULOK
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
ALVÖRU FJALLAHJÓL
VARIST EFTIRLÍKINGAR
ALLT AÐ VERÐA VITLAUST!!!
Ótrúlegt úrval af hjólum á útsölu núna allar týpur allar stærðir ekkert mál!
OPIÐ SUNNUDAG 12-16
MONGOOSE
WWW.GAP.IS
GAP
FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 10-16



Gönguskór eru á 20-70 prósenta afslætti í Everest á Dalvegi.

## Everest flytur

***Ferða- og útivistarverslunin Everest mun á næstunni flytja sig um set og rýmir því til í verslun sinni að Dalvegi 18 í Kópavogi.***

Lokadagar rýmingarsölunnar eru runnir upp og boðið er upp á tuttugu til sjötíu prósenta afslátt af öllum vörum verslunarinnar. Útivistarfatnaður, vetrarfatnaður, línuskautar, gönguskór og skólafatnaður er á frábæru verði og alveg kjörið að galla alla fjölskylduna upp fyrir veturinn og næsta sumar í Everest.

## Tilboðsdagar Tengis

***Tengi er með tilboðsdaga þessa viku og veitir 25 prósenta afslátt af völdum vörum.***



„Þetta eru meðal annars baðinnréttingar og blöndunartæki, sturtuklefar og salerni,“ segir Árni Birgisson, markaðsstjóri Tengis, þegar forvitnast er um það sem í boði er á tilboðsdögum Tengis þessa viku. Hann hefur líka vörumerkin á hraðbergi. Blöndunartækin eru frá Mora Cera og Mora Izzy og baðinnréttingarnar, salernin og sturtuklefarnir eru frá Ifö. Hann nefnir líka Kaldewei-baðker sem góðan kost fyrir þá sem eru að koma sér upp nýju baðherbergi eða endurnýja það sem fyrir er.

## Afsláttur á ritföngum

***Tilboð í verslunum A4.***



Nú eru tilboð á skrifstofuvörum í verslunum A4-skrifstofuvara, að Borgartúni 29 og Smiðjuvegi 5. Borðyddari sem yddar tvær stærðir af blýöntum, það er 8 og 12 mm, er með 37 prósenta afslætti. Verð áður 2.699 krónur, nú 1.699 krónur. Heftari sem heftar allt að tólf blöð í einu, ásamt pakka með 1.000 heftum á 36 prósenta afslætti. Áður á 469 krónur, nú á 299 krónur. Gatari sem gatar allt að 25 blöð í einu var áður á 1.199 krónur en er nú á 779 krónur.


Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið



HANKOOK
15% afsláttur til 20. október
Með Hankook dekk undir bílnum ertu öruggari í vetur. Hankook vetrardekk tryggja gott grip allan veturinn við síbreytilegar íslenskar aðstæður.
Þú færð Hankook dekk í Barðanum á sérstöku haustilboðsverði.
Hankook - öryggi og gæði
15% afsláttur
SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA
Sölustaðir: Barðinn ehf | Skútuvogi 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080 | www.bardinn.is
Sólning | Smiðjuvegi 68-70 | Kópavogi | sími 544 5000 | www.solning.is
Nýbarði | Lyngási 8 | 201 Garðabæ| Sími 565 8600
BARÐINN

# SiRKUS



Katrín Jakobsdóttir og Gerður Kristný eiga margt sameiginlegt

# BLÓMLEGAR Á SKJÁNUM

5. OKTÓBER 2007 ■ Ríka og fræga fólkið flykkist í Fossvoginn ■ Ingibjörg Reynis skrifaði bók með dóttur sinni ...

PIPAR • SÍA • 71167

FRAMTÍÐARHEIMILIÐ ER KOMIÐ Í PRODOMO

*Prodomo er ný verslun sem býður nýjustu hönnun í ljósum og rafbúnaði og háþróaðan stjórnbúnað fyrir lýsingu, tónlist, mynd og hita.*

*Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur*
*Sími 520 4545 / www.prodomo.is*
*prodomo@prodomo.is*

PRODOMO

# fréttir

## Heyrst hefur



### Gunnhildur eldar ofan í Hannes

Hannes Smárason hefur komist að því að það skiptir máli að hafa heimilislífið í jafnvægi. Nú hefur hann ráðið Gunnhildi Emilsdóttur til starfa en hennar hlutverk er að sjá um heimilishald og barnauppeldi. Gunnhildur er öllum hnútum kunnug þegar kemur að eldamennsku en hún stofnaði veitingastaðinn Á næstum grösum og rak hann þangaði til fyrir um fimm árum. Það er því greinilegt að Hannes velur það besta fyrir sig og sína og ætti ekki að væsa um börn og buru meðan Gunnhildur er skipstjóri á skútunni.





### Búin að eiga

Katrín Brynja Hermannsdóttir sjónvarpsþula eignaðist son um síðustu helgi. Katrín Brynja og maðurinn hennar eiga fyrir soninn Mána Frey sem nú er orðinn stóri bróðir. Nú þegar Katrín fer í fæðingarorlof og Ellý Ármanns hefur hætt í þulunni er eflaust pláss fyrir ný andlit til að spreyta sig í þulustarfinu.

SIRKUS

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
martamaria@frettabladid.is
**Blaðamenn**
Snæfríður Ingadóttir
Indíana Ása Hreinsdóttir
indiana@frettabladid.is
**Forsíðumynd** Valli
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000
**Auglýsingasími**
512 5420



BJARMALAND 23 **Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi og Hallbjörn Karlsson eiginmaður hennar hafa fjárfest í einbýlishúsi.** MYND/RÓSA



FOSSVOGURINN HEFUR ALDREI VERIÐ VINSÆLLI

# Þorbjörg Helga keypti glæsivillu!



Hjónin Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi og Hallbjörn Karlsson, fyrrverandi eigandi Húsasmiðjunnar, hafa fest kaup á einbýlishúsi við Bjarmaland 23 í Fossvogi. Húsið er skráð um 220 fm en Þorbjörg og Hallbjörn hafa stækkað húsið svolítið til að það rúmi fjölskylduna betur. Framkvæmdir hafa staðið yfir síðan í vor en hjónin eru að endurnýja húsið að stórum hluta án þess þó að henda öllu út. Þorbjörg Helga og Hallbjörn kunna vel við hverfið en þau hafa búið í raðhúsi í Kjalarlandi síðustu fimm árin, Vala Matt heimsótti Þorbjörgu Helgu og fékk að skoða eldhúsið hennar þegar hún var með þáttinn Innlit/Útlit. Þorbjörg Helga og Hallkell stefna á að flytja inn fyrir jólin.

Stutt frá Þorbjörgu Helgu og Hallbirni, við Kvistaland, hafa Svava Johansen, forstjóri NTC, og Björn Sveinbjörnsson, fyrirsæta og framkvæmdastjóri fyrirtækisins, fest kaup á rúmlega 200 fm húsi. Hús Björns og Svövu er mjög fallegt og hlaðið múrsteinum en heimildarmenn Sirkuss segja að parið stefni á að taka húsið í gegn í vetur og því verði einhver bið á að þau flytji inn. Parið hefur búið við Bakkaflöt í Garðabæ síðan þau hófu sambúð en Svava bjó í Brekkugerði 8 þegar hún bjó með Bolla Kristinssyni. Þess má geta að fótboltamaðurinn Eiður Smári, Róbert Wessman, Björgólfur Thor, Steingrímur Wernersson, Ingunn Wernersdóttir, Pálmi Matthíasson og Guðni Bergs búa líka í hverfinu.







NÝJA HÚSIÐ KVISTALAND 12 **Kærustuparið Björn Sveinbjörnsson og Svava Johansen eru búin að festa kaup á þessu fallega einbýli.** MYND/RÓSA



GAMLA HÚSIÐ BAKKAFLÖT 8 **Svava og Björn hafa búið í þessu fagra húsi síðan þau hófu sambúð. Nú er kominn tími á breytingar.**


SJÁLFSKIPTUR
SWIFT
SWIFT
4ra þrepa alvöru sjálfskipting,
1.5 L, 101 hestafla vél, búnaður
og aksturseiginleikar í sérflokki.
Komdu í reynsluakstur
upplifunin verður ánægjuleg.
Verð frá 1.779 þús.
19.834 á mánuði*
Kíktu á suzukibilar.is
SUZUKI
...er lífsstíll!
SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
*Miðað við 30% útborgun og bílasamning Glitnis til 84 mánaða, 50% ísk/50% erlend mynt.
Hugtök Júní 07



**PALLÍETTUSKREYTT!** Aðalmálið í vetrartískunni eru pallíettur, leggings og rúllukragapeysur. Hér sést hvernig hægt er að sameina þetta þrennt á yfirmáta smekklegan máta. MYNDIR/LEE JENKINS

NEXT 25 ÁRA:

# Tímaritið Vogue myndar á Íslandi

Verslunin Next verður 25 ára um þessar mundir. Af því tilefni fór verslunarkeðjan í samstarf við tímaritið Vogue. Anna Cryer, ritstjóri Vogue, vildi gera eitthvað sniðugt en hún átti hugmyndina að því að koma með tökulið til Íslands og gera myndaþátt í íslenskri náttúru. Tökustaðirnir voru ekki af lakara tagi: Jökulsárlón, við stuðlaberg og innan um lúpínur. Ljósmyndarinn Lee Jenkins tók myndirnar en eins og sést á myndunum skartaði landið sínu fegursta og ekki voru fötin síðri.

martamaria@frettabladid.is





## SKÍFU LISTINN

### VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Forever 2CD | ↑ | Pavarotti |
| 2 | All The Last Souls | ↑ | James Blunt |
| 3 | Human Child | ↓ | Eivör |
| 4 | Mannabarn 2CD | – | Eivör |
| 5 | Life in Cartoon Motion | ↑ | MIKA |
| 6 | Pottþétt 44 | ↓ | Ýmsir |
| 7 | Íslandslög 7 | ↑ | Ýmsir |
| 8 | Íslandslög 1-6 (6CD) | ↓ | Ýmsir |
| 9 | Dabbi T | N | Óheflað málfar |
| 10 | Gratuation | ↑ | Kanye West |
| 11 | Frágangur | ↓ | Megas og Senuþjófarnir |
| 12 | Cortes 2007 | ↓ | Garðar Thor Cortes |
| 13 | Curtis | – | 50 Cent |
| 14 | All The Last S. cd/dvd | N | James Blunt |
| 15 | Magni | ↑ | Magni |
| 16 | Kill To Get Crimson | ↓ | Mark Knopfler |
| 17 | Forever | | Gus Gus |
| 18 | Back To Black | ↓ | Amy Winehouse |
| 19 | Magic | N | Bruce Springsteen |
| 20 | Go Go Smear The P. | N | Múm |

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað

### VINSÆLUSTU LEIKIRNIR

| | |
|---|---|
| 1 | Fifa 08 |
| 2 | World of Warcraft Gamecard 60 |
| 3 | Halo 3 |
| 4 | Enemy Territory:Quake Wars |
| 5 | World in Conflict |
| 6 | Sims 2 Bon Voyage |
| 7 | Medal of Honor Airborne |
| 8 | Heavenly Sword |
| 9 | SingStar Rock Ballads |
| 10 | Colin McRae Dirt |

### VINSÆLUSTU DVD

| | |
|---|---|
| 1 | TMNT 2007 |
| 2 | Simpsons Season 10 |
| 3 | Köld Slóð |
| 4 | Spiderman 3 |
| 5 | Borat |
| 6 | Blades of Glory |
| 7 | 300 |
| 8 | Night at the Museum |
| 9 | Zodiac DVD |
| 10 | Wild Hogs |
| 11 | PRISON BREAK SEASON 2 |
| 12 | 28 Weeks Later |
| 13 | Mr. Bean holiday |
| 14 | My Super Ex Girlfriend |
| 15 | Planet Earth Box (5 discs) |
| 16 | Benny Hill Box Set 1 |
| 17 | The Reaping |
| 18 | Talladega Nights |
| 19 | Monster House |
| 20 | Condemned |

Listinn gildir 4. október - 11 október 2007

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

Nældu þér í eintak

S·K·Í·F·A·N



512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:
SIRKUS
SIRKUS+
SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína
ALGJÖR SVEPPI!
LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA KL. 8:00
Þátturinn er uppfullur af skemmtilegu gríni og glensi, ásamt vönduðu talsettu efni fyrir börn á öllum aldri.
Sveppi verður í Kringlunni á morgun kl. 12, 13, 14 og 15.
skemmtilegri

KOLBRÚN ÝR GUNNARSDÓTTIR HANNAR UNDIR MERKINU KOW. KOLBRÚN GENGUR AÐALLEGA Í EIGIN HÖNNUN EN ÞEGAR HÚN FER TIL ÚTLANDA MISSIR HÚN SIG ALLTAF Í H&M. KOLBRÚN OPNAÐI FATASKÁPINN FYRIR SIRKUS.

# EF SPES ER Í TÍSKU ERU ALLIR SPES

„Ég byrjaði ekki sjálf að sauma fyrr en árið 2000. Þangað til plataði ég mömmu til að gera það fyrir mig því ég nennti hvorki né kunni að gera það sjálf. Hins vegar hafði ég hugmyndirnar," segir Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir fatahönnuður sem hannar undir merkinu Kow. Kolbrún Ýr, sem er lærður textílkennari, og vinkona hennar, Íris Eggertsdóttir, reka saman verslunina KVK á Laugaveginum. Þegar hún er beðin um að lýsa stíl sínum segir hún mikilvægt að fötin þrengi ekki að henni.



„Ég vil líka að hægt sé að nota fötin á fleiri en einn veg. Ég er dálítið litaglöð í bland við svarta litinn og hef gaman af björtum litum. Eins vinn ég og vel mér föt út frá formum; hringir, kassar og þríhyrningar heilla."

Aðspurð segist Kolbrún Ýr aðallega klæðast eigin hönnun eða hönnun Írisar en það komi líka fyrir að hún kaupi sér föt. „Ég hef mjög gaman af því að kaupa mér föt og skó. Skóna kaupi ég oftast í Kron og svo tapar maður sér í H&M erlendis. Ég á líka nokkrar flottar flíkur úr KronKron svona þegar ég leyfi mér að splæsa á mig og svo kaupi ég einstaka sinnum í Nakta apanum. Annars klæðist ég mest eigin hönnun."

Kolbrún segir Íslendinga upp til hópa frekar einsleita þegar kemur að klæðnaði. „Ef spes er í tísku eru allir spes, það er svolítið þannig. Maður sér þetta best ef maður fer til útlanda og kemur aftur heim. Það eru samt nokkrar stíltegundir í gangi. Sjálf reyni ég að velja mér föt sem ég veit að klæða mig óháð því sem þykir vinsælast hverju sinni. Ég reyni að hafa það sem útgangspunkt," segir Kolbrún en bætir við að auðvitað sé mikið af fallegu og smart klæddu fólki á Íslandi. Þegar Kolbrún er innt eftir því hvað verði í tísku í haust og vetur segist hún sjálf vera veikust fyrir yfirflíkum. „Mér finnst slár og ullarflíkur voðalega skemmtilegar núna, bæði köflóttar, einlitar og röndóttar. Sniðin eru dálítið víð og kósí svo ég er ánægð með þessa tísku."

*indiana@frettabladid.is*

**SKEMMTILEGUR HÚMOR „Ég fékk þessa háhyrningahálsfesti í jólagjöf frá manninum mínum. Festin er úr Aurum. Það er ótrúlega skemmtilegur húmor í þessari festi."**



**ÆÐISLEG SLÁ** Sláin er hönnun Kolbrúnar en sláin er köflótt og flott eins og sjá má og hægt að nota sumar sem vetur.



**FLOTT HÁRSPÖNG** „Ég gerði þessa spöng og finnst hún mjúk og æðisleg og skemmtileg tilbreyting frá svarta hárskrautinu mínu."



**UPPÁHALDSKJÓLLINN** „Þessi kjóll er frá mér og er í miklu uppáhaldi enda ofsalega þægilegur. Beltið er afmælisgjöf frá mágkonu minni en Íris Eggertsdóttir bjó til spöngina handa mér. Skórnir eru úr Kron og eru flottustu fínu skórnir mínir."





G-STAR RAW
REYKJAVIK STORE
LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007
G-STAR RAW DENIM
RAW DEFENDER
LANDROVER TUNED BY G-STAR
RAW DENIM 3301 BY G-STAR
RAW
G-Star Raw marc newson
g-star.com



MYND/VALLI

RITHÖFUNDURINN GERÐUR KRISTNÝ OG ALÞINGISKONAN KATRÍN JAKOBSDÓTTIR EIGA FLEIRA SAMEIGINLEGT EN AÐ VERÐA Í ÞÆTTINUM MANNAMÁL SEM SÝNDUR VERÐUR Á STÖÐ 2 Í VETUR. ÞÆR EIGA BÁÐAR VON Á BARNI, TALA FRÖNSKU OG HAFA STARFAÐ FYRIR ALÞINGI.

# BLÓMLEGAR Í MENNINGUNNI

viðtal

Um miðjan október hefst þátturinn Mannamál sem verður í umsjón Sigmundar Ernis Rúnarssonar en Gerður Kristný og Katrín Jakobsdóttir verða fastir gestir í þættinum. Þar verða þær með neytendavæna menningarúttekt. Þær ættu að fara létt með það, enda menningarlegar með eindæmum og með höfuðið rétt skrúfað á búkinn. Svo hafa þær mikinn húmor fyrir sjálfum sér. Gerður Kristný hefur skrifað þrettán bækur, verið leikhúsgagnrýnandi á Tímanum og lokið námi í frönsku og bókmenntafræði í Háskólanum. Katrín er með próf í íslenskum bókmenntum auk þess sem hún hefur unnið við bókaútgáfu. Það kemur upp úr dúrnum að Katrín las meðal annars yfir bók Gerðar, Land hinna týndu sokka, sem kom út í fyrra. Katrín hefur því verið konan á bak við tjöldin. Á núverandi vinnustað Katrínar, Alþingi, hefur Gerður Kristný líka unnið á bak við tjöldin en meira um það síðar. Aftur að þættinum, hvernig kom það til að þið voruð beðnar um að vera þar með menningarumfjöllun?

Gerður Kristný: „Sigmundur Ernir hringdi í mig og bað mig um að vera með í þættinum og sagði jafnframt að Katrín Jakobsdóttir yrði líka. Svo bætti hann því við að hún væri reyndar ólétt og ætti að eiga um áramótin. Ég sagði honum að ég væri í nákvæmlega sömu stöðu. Sigmundi fannst bara skemmtilegra að við værum báðar óléttar."

Katrín: „Ég las nú reyndar einhvers staðar að óléttar konur væru heimskari en aðrar. Greindarvísitala þeirra lækkaði víst á meðgöngu. Ég var alveg búin að ákveða að ef það gengi illa í spurningaþættinum, Útsvari, ætlaði ég að tefla þessu fram. Við ætlum sem sagt að reyna að tala um listir og menningu þrátt fyrir óléttuna." Gerður og Katrín hlæja báðar. Í þættinum verða þær ýmist saman eða hvor í sínu lagi og að þeirra sögn verður formið frjálslegt og því sérlega neytendavænt. Þegar Gerður Kristný og Katrín eru spurðar að því hvort þær þekkist vel neita þær því en segjast heilsast. Þegar málin eru rædd nánar kemur í ljós að leiðir þeirra hafa margoft legið saman.

Katrín: „Ég man eftir Gerði Kristnýju á Fróðaárshátíðum í gamla daga þegar hún var ritstjóri Mannlífs. Þá var ég kærasta Davíðs Þórs Jónssonar sem vann á sama stað. Það var reyndar ekki alveg í fyrsta skipti sem ég varð vör við hana því ég hafði lesið ljóðabók eftir hana. Það má því segja að ég hafi kynnst Gerði Kristnýju í gegnum ljóðin hennar."

Gerður Kristný: „Ég kannast við Katrínu úr fjölmiðlum og í gegnum pólitíkina. Svo var hún í áðurnefndu Útsvari fyrir skömmu þar sem hún keppti fyrir hönd míns sveitarfélags og stóð sig með mikilli prýði. Í kosningunum í vor fór ég þess síðan á leit við hana að ég fengi að vera flokksgæðingur en ég hef ekki enn fengið neitt svar frá henni. Líklega er hún ennþá að hugsa málið."

Katrín: „Ég tók vel í þetta, en ég er ennþá að velta því fyrir mér hvað ég ætti að láta hana gera. Hvort ég ætti að láta búa til barmmerki með henni eða hvort ég ætti að láta búa til sérstakan búning fyrir hana."

Gerður Kristný: „Mér líst vel á búning, hann gæti verið grænn vinstra megin." Gerður veit greinilega alveg hvernig hún vill hafa þetta. Katrín viðurkennir þó að þessu fylgi allt of mikill saumaskapur. Þegar þær eru spurðar að því hvað flokksgæðingur sé fara þær að hlæja.

Gerður Kristný: „Mér er eiginlega sama hvað það merkir. Mér fannst þetta bara svo flottur titill og skemmtilega myndrænt orð en líklega er ég of löt og hyskin til að uppfylla þær skyldur sem flokksgæðingar þurfa að inna af hendi."

## Samstiga í barneignumn

Gerður Kristný og Katrín eiga að fæða börn sín með um tveggja vikna millibili. Katrín er sett um áramótin en Gerður Kristný um miðjan janúar. Fyrir eiga þær sinn hvor soninn. Gerður Kristný á Skírni sem verður þriggja ára 29. desember en Katrín á Jakob sem verður tveggja ára 3. desember. Hamingjan skín af þeim og þær bera bumburnar vel. Gerður Kristný viðurkennir að henni finnist hún svolítið virðuleg með bumbuna og Katrín tekur undir það.

Gerður Kristný: „Mér hefur alltaf fundist ég ætti að fá einhvert gott embætti þegar ég er ólétt eins og til dæmis stöðu póst- og símamálastjóra. Mér finnst gaman að skrifa sendibréf og get alveg verið kurteis í síma þegar ég vil og hef því allt í það starf."

Katrín: „Ég er alveg sammála. Ef ég væri valdameiri myndi ég veita þér eitthvert embætti. En maður er öðruvísi þegar maður er með bumbu. Það hafa allir áhuga á líðan manns og spyrja hvernig maður hafi það. Samt er miðbik óléttunnar nú yfirleitt mjög hress tími og maður er jafnvel hressari þá en þegar maður er ekki óléttur." Katrín hlær.

Gerður Kristný: „Auðvitað, maður hefur til einhvers að hlakka."

Katrín: „Fólk segir líka að ég sé blómleg, það er aldrei sagt við mig nema þegar ég geng með barn." Talið berst að barnaafmælum en það styttist í þau á heimilum þeirra.

Katrín: „Þegar sonur minn varð eins árs var ég á fulli í prófkjöri og því sá tengdafjölskyldan um að baka fyrir afmælið. Ég held að það hafi verið 40 kökur ofan í tíu gesti." Katrín bætir því við að bræður hennar, tvíburarnir Ármann og Sverrir, hafi orðið mjög glaðir og geti ekki beðið eftir tveggja ára afmæli sonar hennar. Í þessu dregur Gerður Kristný upp ljósrit úr matarblaði þar sem rætt er um barnaafmæli. Hún ætlar greinilega ekki að klikka á afmælisveisluhaldi í ár.

## Tengjast báðar Alþingi

Alþingi var sett í vikunni og á þingsetningunni mætti Katrín í kjól með kindamynstri sem hún hafði keypt sér daginn áður. Hún viðurkennir að fatakaup séu ekki hennar sterka hlið, það sé betra að hafa manninn með sér í þá leiðangra. „Í fyrravor var hringt í mig frá Alþingi og ég beðin um að semja handrit að skólaþingi sem verður hleypt af stokkunum von bráðar. Ég samdi meðal annars frumvörp, símtöl og tölvupósta frá kverúlöntum og lobbíistum sem reyna að hafa áhrif á þingmennina en það kemur í hlut



# tíska&fegurð

FÖSTUDAGUR 5. OKTÓBER 2007

● SKIPT UM HLUTVERK

## Úr jakkafötum í brettabuxur

● Í UPPÁHALDI

## Djásnin mín

● VIVIENNE WESTWOOD

## Sundurleit en skemmtileg

FRÉTTABLAÐIÐ


**Efnalaugin Björg**

**Gæðahreinsun**
**Góð þjónusta**
**Þekking**

Opið: mán-fim 8:00 - 18:00
föst 8:00 - 19:00
laugardaga 10:00 - 13:00

EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 · Sími 553 1380

**CARRIE FLOTT AÐ VANDA** Eins og kunnugt er var ráðist í gerð kvikmyndar sem byggð er á þáttunum Sex and the City eftir að leikkonurnar Sarah Jessica Parker og Kim Cattrall grófu stríðsöxina. Tökur eru nú hafnar á myndinni og ljósmyndir frá tökustað farnar að leka á netið. Klæðaburður Carrie er óaðfinnanlegur að vanda og ljóst að öllu verður tjaldað til við búningahönnun myndarinnar.



## snyrtivörur




**FLEKKLAUS HÚÐ Á FERTUGSALDRI** Eftir því sem árin færast yfir, eða upp úr þrítugu, fer það að skipta konur æ meira máli að annast húðina vel en frá Elizabeth Arden og Helenu Rubinstein komu nýverið á markað krem og andlitsvatn sem leggja hönd á plóg í þessari baráttu.

Kremið frá Arden hefur fengið heitið Intervene og er ætlað að hægja á öldrun húðarinnar. Prodigy andlitsvatnið frá Helenu Rubinstein er hannað til að fullkomna hreinsun húðarinnar, taka öll óhreinindi í burtu og tryggja betri árangur gegn sýnilegum merkjum um öldrun.

50-70% AFSLÁTTUR
LAGERSALA
OPIÐ
Virka daga kl. 12 – 18
Laugardaga kl. 12 – 16
SPORT OUTLET
Vínlandsleið 2-4 • 113 Reykjavík
TICKET TO HEAVEN, skunkfunk, nod:), MUSTANG JEANS, speedo, PUMA




Ný sending
Síðar jakkapeysur, ullarjakkar og skyrtur
hjá Hrafnhildi
• Engjateigi 5
• Sími 581 2141
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 10-16

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið



Björn Ólafsson, eigandi verslunarinnar Brim í fötum frá Etro og Axel Gómez, einn af nýjum eigendum Sævars Karls, í sígildum Armani-jakkafötum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI,



Strákarnir komnir í brettastílinn frá Brim. Föt frá Element og Billabong sem er flaggskip verslunarinnar Brim.



Íslenskir karlmenn vilja vera töff, sama hvað þeir eru gamlir að sögn Bubba í Brim sem fær til sín stráka á öllum aldri.

# Bindishnútur og brettabuxur

Íslenskir karlmenn eru óhræddir við að feta nýjar tískuslóðir. Axel Gómez hjá Sævari Karli brá sér í brettagallann og klæddi í staðinn Björn Ólafsson hjá Brim í sportleg jakkaföt.

Íslenskir karlmenn vilja vera smart, þeir eru bæði sígildir og frumlegir en finnst líka gaman að prófa eitthvað nýtt.

Björn Ólafsson eða Bubbi, eigandi verslunarinnar Brim, heimsótti Sævar Karl og brá sér í jakkaföt. Síðan tók hann á móti Axel Gómez, einum af nýjum eigendum Sævars Karls og dressaði hann upp í brettaföt.

„Jakkaföt eru lífsstíll og bjóða upp á marga möguleika. Það er hægt að vera sportlegur og dressa sig niður með bol eða skyrtu sem er opin á hálsinn. Eða nota jakkann til að verða fínni ásamt bindi og jafnvel klút,“ segir Axel sem sjálfur er í sígildum Armanifötum við bláa skyrtu sem hentar fyrir viðskiptafund. Síðan dressaði hann Bubba í Etro-jakkaföt sem eru bæði sportleg og töff í senn. „Bubbi er svolítið rokkuð týpa og í þessum jakkafötum er hann töff án þess að vera dragfínn. Markmiðið var að finna föt þar sem hann getur haldið sínum sérkennum og liðið vel. Síðan er hægt að nota jakkann stakan,“ segir Axel og bætir við: „Það er góð tilfinning þegar maður kynnist réttu jakkafötunum enda reynum við alltaf að aðstoða fólk við valið svo því líði vel og það sé tekið alvarlega tildæmis í viðskiptum,“ segir Axel.



Bubbi viðurkenndi fúslega að hann kynni ekki að hnýta bindishnút, enda á hann bara eina jakkaföt sem hann notar nánast aldrei.

Bubba fannst jakkafötin mjög smart en var þó snöggur að viðurkenna að þetta væri ekki hans stíll. „Ég er oftast í þægilegum, afslöppuðum fötum frá Brim og tel mig vera með mjög flottan stíl fyrir mann á besta aldri. Hingað kemur fólk á öllum aldri og mér sýnist fólk óhræddara við að halda sínum stíl. Enda er nauðsynlegt að vera töff sama hvað maður er gamall,“ segir Bubbi. Hann klæddi Axel í hettupeysu, skó og húfu frá Element og buxur frá Billabong. „Tískuiðnaðurinn tekur í æ meira mið af brettafatnaði og ásamt Billabong, sem var nýlega valið flottasta tískumerki Ástralíu, erum við með tuttugu önnur brettamerki,“ segir Bubbi.

Axel var hæstánægður með skiptin og gat vel hugsað sér eina eða tvær hettupeysur í skápinn. „Gæðin á fötunum í Brim eru mikil og ég gæti vel hugsað mér svona föt um helgar þegar ég tek frí frá jakkafötunum,“ segir Axel ánægður með nýja brettastílinn og bætir við: „Síðan fannst mér gaman að sjá að við Bubbi eigum sameiginlegt að vilja veita persónulega og góða þjónustu og tökum auk þess þarfir viðskiptavinarins mjög alvarlega.“

*rh@frettabladid.is*

**Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason tók myndina af Axel Gómez í fötum úr versluninni Brim. **Útgáfufélag:** 365 - miðlar ehf, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.


Olivier Strelli
PARFUMS
Olivier Strelli
The World is Wonderful
Heildsöludreifing: Óm snyrtivörur, Tunguvegi 19, Sími 568 0829, www.om.is



# Í uppáhaldi
## – djásnið mitt

## Sonurinn bræddi hjörtu viðstaddra

Dagskrárgerðarkonan Brynja Þorgeirsdóttir kveðst lítil skartkona vera. Þó er einn gripur sem hún ber oftar en aðra. Fallegur lítill gullhringur með þremur steinum sem henni var gefinn í fyrra með viðhöfn. „Það var sonur minn, þá átta ára, sem var svona rausnarlegur,“ segir hún og svo kemur saga.

„Drengurinn hafði verið í Skotlandi á útimarkaði með nokkur pund í vasanum, þegar hann hitti hjón sem voru að selja gamla hluti. Hringurinn var dýr, að minnsta kosti fyrir átta ára dreng með takmarkaða vasapeninga svo sonurinn tók að prútta af mikilli list. Hann náði verðinu niður í 40 pund þegar hann bræddi hjörtu viðstaddra með því að segjast vera að kaupa hringinn handa mömmu sinni. Honum var sagt að þetta væri demantshringur og ég fékk sérfræðing til skoða hann hérna heima. Hann staðfesti að steinarnir væru ekta demantar. Hringurinn er auðsjáanlega gamall og gullið er snjáð. Ég ímynda ég mér að þetta hafi verið trúlofunarhringur skoskrar þvottakonu og hermanns í fyrri heimsstyrjöldinni. Mannsefnið hafi hinsvegar farist í stríðinu og þvottakonan borið hringinn æ síðan þar til hún lést úr harmi vegna missisins.“



**Brynja Þorgeirs á sér eftirlætishring sem á sér sögu, bæði sanna og ímyndaða.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Ólöf Kolbrún með hringinn sem hún fékk frá nemendum sínum fyrir átta árum .** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Aldrei tekinn niður

„Ég á uppáhaldshring sem ég hef gengið með í átta ár og aldrei tekið niður á þeim tíma,“ segir Ólöf Kolbrún Harðardóttir óperusöngkona og lýsir gripnum nánar ásamt sögunni á bak við hann. „Þetta er óskaplega fallegur hringur með 25 litlum demantssteinum. Ég fékk hann frá nemendum mínum, þáverandi og fyrrverandi, í tilefni af stórafmæli og hann féll algerlega að mínum smekk. Það var líka svo góður hugur á bak við gjöfina og vel til hennar vandað á allan hátt. Samkennari minn til margra ára, píanóleikarinn Kolbrún Sæmundsdóttir, hafði fengið þessa hugmynd og smalaði saman nemendum sem við höfðum átt sameiginlega þannig að það voru margir sem lögðu sitt af mörkum.“

-gun

PLUSMINUS OPTIC
www.plusminus.is




2 ára afmæli
20%
afsláttur
út október




SJÓNMÆLINGAR
sími 517 0317
plusminus@plusminus.is

Suðurlandsbraut 4

## sýningar

### ● INDVERSK INNRÁS Í PARÍS



Indverskir fatahönnuðir sýna í fyrsta sinn indverska hátísku á tískuvikunni í París. Það þykir endurspegla vaxandi áhuga Vesturlanda á indverskum tískustraumum að síðasta og virtasta tískuvígi heims, Tískuvikan í París, hafi opnað dyr sínar fyrir indverskum fatahönnuðum. Það sýnir einnig mikilvægi Indlands í alþjóðahagkerfinu, þar sem bómull er enn ræktuð og handverk í hávegum haft.

Á sunnudagskvöldið síðasta sýndi Manish Arora, ungur hönnuður frá Nýju-Delí, línu sína fyrir vorið 2008.

Sýning hans þótti skynörvandi og innblásin af popp-listastefnunni, þótt Arora hefði í engu gleymt uppruna sínum og notaði hefðbundnar ímyndir indverskra prinsa og prinsessa í útsaumuðu silki og indverskri bómull. Fyrirsætur hans svifu um í ævintýraljóma íklæddar gólfsíðum kjólum, útvíðum buxum, samfestingum og þröngum, hátt skornum stuttbuxum í appelsínugulu, grænu, bleiku og rauðu, með ísaumuðum perlum og pallíettum.

Næsta sunnudag heldur indverska innrásin áfram í París, þegar fatahönnuðurinn Anamika sýnir nýjustu fatalínu sína.

### ● APPELSÍNUHÚÐIN KVÖDD

Hver vill ekki silkislétt hörund í stað húðar sem minnir á appelsínubörk? Nú fæst appelsínuhúðarbani til að losna við slíkar ójöfnur. Sculpturale frá Lancôme eykur niðurbrot á fitu og dregur úr þrota með því að örva sogæðakerfið. Sentímetrum fækkar og styrkleiki eykst er appelsínuhúðin minnkar, húðin verður stinnari og líkaminn mótaðri.




GIVENCHY
ange ou démon
THE NEW FEMININE FRAGRANCE
www.parfumsgivenchy.com
ange ou démon
GIVENCHY

# Sundurleit en skemmtileg

Vivienne Westwood kynnti nýja tískulínu með pólitísku ívafi á tískuvikunni í París í byrjun október.



Sýning Westwood þótti nokkuð sundurleit.





Þessi fyrirsæta gæti hafa stigið út úr málverki frá sautjándu öld.

Pólitíkin hefur ávallt verið Vivienne Westwood mikilvæg og það leyndi sér ekki á nýjustu tískusýningu hennar í París hinn 1. október. Sýningin bar heitið 56 en það er fjöldi þeirra daga sem bresk yfirvöld vilja fá að halda grunuðum hryðjuverkamönnum í fangelsi án dóms.

Hin nýja lína Westwood þótti nokkuð sundurleit og hún raðaði hinum ólíkustu fötum saman á furðulegan máta. Þó ekki hafi allir verið sammála um ágæti sýningarinnar er ekki hægt að segja annað en Westwood sé veki athygli eins og sjá má á þeim myndum sem hér fylgja.



Westwood virðist hafa litið aftur til fortíðar við hönnunina á þessari skikkju.





Glæsilegar haustdragtir og stakir jakkar frá Habella og Hucke

verðlistinn

v/Laugalæk • sími 553 3755 • Póstsendum


the new fragrance for her and him
i'm going
i'm going
i'm going
PUMA®
puma-fragrances.com



**Ræðst gegn verkjum**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 07-0453 - Actavis 705042




# Paratabs®

*– Öflugur verkjabani!*

**Notkunarsvið:** Paratabs inniheldur parasetamól sem er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tannpínu, tíðaverkjum o.fl. Einnig við sótthita af völdum inflúensu og annarra umgangspesta eins og kvefs. Lyfið inniheldur ekki ávanabindandi efni og hefur ekki sljóvgandi áhrif. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lifrarsjúkdóma má ekki nota lyfið. Nýrna- og lifrarsjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Of stór skammtur getur valdið lifrarbólgu. **Aukaverkanir:** Parasetamól veldur sjaldan aukaverkunum og þolist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrnaskemmdum. **Skömmtun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.05

actavis

*hagur í heilsu*

elstu bekkinga grunnskólans að bregða sér í hlutverk þeirra. Markmiðið með skólaþinginu er að kynna Alþingi fyrir unglingunum og sýna þeim hvernig lýðræðið virkar allt í reynd.“

Katrín: „Daginn eftir fékk ég sendan link af vefnum barnalandi.is undir nafninu Katrín Jakobsdóttir. Þar voru barnalandsmeðlimir miður sín yfir klæðaburði mínum og kölluðu nýja kjólinn minn „rollupeysu“. Fyrst varð ég miður mín en svo sá ég húmorinn í þessu.“

Þótt Gerður Kristný hafi líka unnið fyrir Alþingi hefur hún ekki þurft að hafa áhyggjur af klæðaburði því hún hefur starfað á bak við tjöldin.

Gerður Kristný: „Er Alþingi spennandi vinnustaður?“

Katrín: „Já, ég bauð mig fram í þetta. Það er spennandi að tala um samfélagið og mér finnst þetta ekki vera eins og venjuleg vinna. Mér finnst ég nánast vera farin að fá laun fyrir áhugamál mitt.“

**Dreymir ekki um sjónvarpsstjörnutitil!**

Finnst ykkur yfirvofandi sjónvarpsvinna skemmtileg?

Gerður Kristný: „Já, ég hlakka mikið til en satt best að segja hef ég aldrei sótt um vinnu í sjónvarpi. Mér finnst blöð og útvarp mun áhugaverðari miðlar.“

Af hverju ertu þá að taka þátt núna?

Gerður Kristný: „Ég er ung og þarf á peningunum að halda. Fyrst og fremst er samt auðvitað gaman að fá að segja skoðun sína á menningarlífinu í landinu.“

Katrín: „Ég var ofsalega spennt fyrir því að vinna í sjónvarpi áður en ég byrjaði með hinn alræmda Sunnudagsþátt á Skjá einum. Sá þáttur læknaði mig algerlega af lönguninni að verða sjónvarpsstjarna. Ég get ekki horft á sjálfa mig í sjónvarpi því mér finnst ég alveg skelfileg á skjánum. En ég tek þetta ekki jafn hátíðlega og áður. Það er ekki eins og allt standi og falli með því hvort ég sé frábær eða bara frekar léleg. Fyrst fannst mér þetta svo spennandi ekki síst að vera með eigin þátt og fá að vera með snúru í eyranu eins og alvörustjórnandi. Ég áttaði mig á því að ég er svona manneskja sem nota mörg svipbrigði og það sést rosalega vel í sjónvarpi. Ég lærði að vera ekki of viðkvæm. Þú ert greinilega algerlega afslöppuð gagnvart þessu, Gerður.“ Katrín lítur á Gerði.

Gerður Kristný: „Þegar ég sé fólkið sem starfar í Kastljósi og þarf að fara í smink og hárgreiðslu hvert einasta skipti sem það mætir í vinnuna fer um mig.“

Katrín: „Alveg sammála þér, ég hugsaði þetta oft þegar ég vann sem málfarsráðunautur á fréttastofu Sjónvarps.“

Þegar þær eru spurðar að því hvernig þær ætla að vera í þættinum sínum líta þær hvor á aðra.

Gerður Kristný: „Tengdamamma sagði mér um helgina að það hefði aldrei verið talað um óléttuföt áður fyrr, heldur hét þetta tækifærisklæðnaður. Ætli við mætum því ekki bara í góðum tækifærisklæðnaði. Það vill reyndar svo skemmtilega til að Sólveig Bergmann, fréttakona á Stöð 2 og góð vinkona mín, er nýbúin að eignast dreng. Hún lánaði mér óléttufötin sín svo glöggir áhorfendur Stöðvar 2 geta reynt að bera kennsl á spjarirnar hennar Sólveigar.“

Katrín: „Ég verð að viðurkenna að þetta er vandamál. Síðast þegar ég var ólétt var ég orðin rosalega leið á þessum fimm flíkum sem gengu hringinn viku eftir viku.“

Gerður Kristný: „Manstu þegar ég óð að þér inni í Polarn O. Pyret og þú varst að kaupa þér óléttuföt en ég var nýbúin að eiga og sagði þér að passa þig á að kaupa þér ekki of mikið af óléttufötum? Ég skil reyndar ekkert í því núna hvers vegna mér fannst ég knúin til að skipta mér af fatakaupum þínum. Ég er ekki vön að láta svona í búðum.“ Katrín man vel eftir þessu og Gerður Kristný segist telja að hún hafi verið að reyna að gera henni greiða.

Katrín: „Ég fylgdi ráðum Gerðar svo bókstaflega að ég er eiginlega búin að losa mig við öll óléttuföt og hugsaði með mér, frekar verð ég ber en að vera í þessum fötum aftur.“

Gerður Kristný: „Það gæti nú aldeilis hleypt upp áhorfinu.“

*martamaria@frettabladid.is*

## Katrín:

**Tónlistin:** Fer eftir skapi hverju sinni. Sumarfríið var undirlagt af Hundrað íslenskum eitíslögum en vetrinum fylgir meiri þungavigtartónlist.
**Líkamsræktin:** Að ganga upp stigana í vinnunni og heima og hjóla þegar veðrið er ekki of leiðinlegt.
**Maturinn:** Íslenskt grænmeti og íslenskur fiskur og svo súkkulaði hvaðanæva úr heiminum.
**Verslunin:** Melabúðin er sú verslun sem stærstan sess skipar í mínu lífi. Og svo Fjarðarkaup.
**Slökunin:** Að gera eitthvað skemmtilegt sem þjónar ekki skýrt skilgreindum tilgangi.



## Gerður:

**Tónlistin:** Kristin Hersh, Jill Scott og svala djasstónlistin sem var keypt í Tókýó.
**Líkamsræktin:** Gönguferðir og sund.
**Maturinn:** Góðu samlokurnar í Sandholtsbakarí.
**Verslunin:** Skerjaver, Liggalá, Polarn O. Pyret og Couture.
**Slökunin:** Síðdegislúrinn.






ÍSLENSKAR FYRIRSÆTUR HJÁ ICE MODELS MÓDELSKRIFSTOFUNNI STARFA VÍÐS VEGAR UM HEIMINN. SIRKUS FORVITNAÐIST UM SEX FLOTTAR FYRIRSÆTUR SEM EIGA ÁN EFA EFTIR AÐ NÁ LANGT Í BRANSANUM.

# Á LEIÐINNI ÚT Í HEIM

## Með flottan samning

Tinna vakti fyrst athygli í keppninni Ungfrú Ísland árið 2004 en þar lenti hún í öðru sæti. Í kjölfarið keppti hún í Queen of the world og sat eitthvað fyrir. Tinna hefur vakið mikla athygli enda glæsileg stelpa. Eftir stutta pásu er hún aftur komin út í módel bransann Tinna hefur nælt sér í samning hjá stærstu módelskrifstofu Indlands og heldur þangað eftir helgi. Það verður spennandi fylgjast með Tinnu í framtíðinni en hún á án efa framtíðina fyrir sér í bransanum.

**Aldur:** 21 árs
**Hæð:** 172 cm
**Skór**: Nr. 38
**Augu:** Dökkbrún







## „Commercial look"

Móeiður Skúladóttir lenti í þriðja sæti í Hawaiian Tropic keppninni. Hún er rétt að byrja feril sinn sem fyrirsæta en hefur þegar náð töluverðum vinsældum hérlendis og meðal annars setið fyrir í bæklingum Hagkaups. Móeiður mun keppa í Miss Bikini International í Kína í nóvember og mun örugglega gera góða hluti í framtíðinni en hún þykir glæsileg og með svokallað „commercial look".

**Aldur:**19 ára
**Hæð:** 168 cm
**Skór**: Nr. 39
**Augu**: Blá



## Ein sú flottasta

Tinna Rós Sigurðardóttir keppti í Fordkeppninni í fyrra. Hún er frekar lágvaxin en hefur ekki látið það stoppa sig og hefur neglt mörg stór verkefni. Tinna Rós fór til Grikklands í vor en er núna á Indlandi en þaðan heldur hún til Kína. Tinna er bókuð langt fram á næsta ár og þykir meðal þeirra allra flottustu á Íslandi.

**Aldur:** 19 ára
**Hæð:** 174 cm
**Skór:** Nr. 38
**Augu:** Brún



## Suðræn og seiðandi

Snæfríður Sól Snorradóttir var valin Miss Hawaiian Tropic í ár. Snæfríður Sól þykir ekki hafa þetta dæmigerða íslenska útlit en hefur gengið vel úti og er komin með samning við stærstu skrifstofuna á Indlandi og heldur þangað eftir áramót.

**Aldur:** 18 ára
**Hæð:** 173
**Skór:** Nr. 39
**Augu:** Grænblá



## Að hefja framann

Alexandra Sveinsdóttir er að taka sín fyrstu skref sem fyrirsæta. Hún tók þátt í Fordkeppninni í fyrra og hefur ákveðið að skella sér til Grikklands eða Indlands eftir áramót til að freista gæfunnar. Samkvæmt Ásdísi Rán hjá Icemodels hafa stórar erlendar skrifstofur þegar lýst yfir áhuga sínum svo það verður spennandi að fylgjast með Alexöndru í framtíðinni.

**Aldur:** 18 ára
**Hæð:** 176 cm
**Skór:** Nr. 38
**Augnlitur:** Brúnn

## Ung og efnileg

Ylva Dís Knútsdóttir sigraði í Fordkeppninni í fyrra en þar var hún yngst allra keppenda, aðeins 14 ára gömul. Vegna aldurs hefur Ylva Dís ekki farið utan ennþá en samkvæmt Ásdísi Rán hjá Ice models fylgjast margar erlendar skrifstofur með henni. Ylva Dís er ung og efnileg og stefnir út í hinn stóra tískuheim eftir að hafa klárað skólann.

**Aldur:** 15 ára
**Hæð:** 177 cm
**Skór:** Nr. 39
**Augu:** Brún

INGIMAR FINNBJÖRNSSON ER ALVÖRU SJÓMAÐUR

# YNGSTI SKIPSTJÓRI LANDSINS!

„Þó að sjómennskan sé vissulega ekki lengur í tísku hjá ungu fólki þá á hún afar vel við mig og ég get ekki séð mig fyrir í öðrum bransa," segir hinn 22 ára gamli Ingimar Finnbjörnsson, sem er eftir því sem Sirkus best veit, yngsti skipstjóri landsins, þar sem hann stendur við stýrið á línubátnum Kristrúnu RE.

Ingimar, sem á ættir að rekja til Hnífsdals, útskrifaðist frá Stýrimannaskólanum síðasta vor með þriðja stigs stýrimannsréttindi og hefur síðan þá verið á Kristrúnu þar sem hann hefur gegnt stýrimannsstöðu auk þess að leysa skipstjórann af þegar á þarf að halda. „Þetta hefur bara gengið mjög vel enda kom ég ekki alveg óvanur á bátinn. Ég hef verið úti á sjó síðan ég var 15 ára gamall, stýrt trillum og fengið að grípa í stýri með náminu," segir Ingimar borubtattur.

### Stuð þegar vel fiskast

Í áhöfn Kristrúnar eru fjórtán manns og er Ingimar langyngstur um borð. Það er því ekki óeðlilegt að spyrja hann hvernig honum gangi að fá sér miklu eldri menn til að hlýða þegar hann sitji í skipstjórastólnum. „Það hefur ekki verið neitt vandamál, þeir vita líka að það þýðir ekkert annað en hlýða mér, lífið hér á sjónum gengur allt út á samvinnu."

Þessa dagana er Kristrún að moka upp þorski og ýsu á Austfjarðarmiðum og er fiskurinn slægður og ísaður um borð. „Það er mikið stuð hér á bátnum þegar vel fiskast, þá eru allir kátir og hressir," segir Ingimar, sem hefur þó áhyggjur af kvótaskerðingunni, sem vissulega komi illa við buddu sjómanna. „Annars er alls ekki eins vel borgað að vera á sjó og margir halda. Laun sjómanna hafa staðið óbreytt í tíu ár og bilið á milli þeirra og annara stétta sem hafa verið að hækka í launum er alltaf að minnka. Ég er bara engin skrifstofublók í mér, þannig að ég held mig við þennan bransa, hvað sem kvótaskerðingunni líður." - snæ



**SÆTUR SKIPSTJÓRI** Hinn hefðbundni skipstjóri er fullorðinn og feitur en Ingimar passar ekki beint inn í þá mynd.




# QUEEN HÁTÍÐ Á PLAYERS




## EIRÍKUR HAUKSSON • MAGNI
## JÓNSI • BJARNI FREYR

**Föstudaginn 5. október**
Eiríkur Hauks, Jónsi og Bjarni Freyr

**laugardaginn 6. október**
Eiríkur Hauks, Magni og Bjarni Freyr

Í FYRSTA SKIPTI Í LANGAN TÍMA - DJ SIGGI HLÖ OG VALLI SPORT SAMAN Í DISKÓBÚRINU!

**PLAYERS KÓPAVOGI**

# sirkus STJÓRINN

## Hverjir voru hvar



Sirkusstjórinn ákvað að huga að heilsunni og sínu andlega lífi og skellti sér í sveitina. Hann var alveg búinn að sjá þetta fyrir sér, einn í sveitinni án útvarps og sjónvarps og utan þjónustusvæðis. Þegar hann var um það bil að ná hinni fullkomnu slökun var bankað upp á. Fyrir utan dyrnar stóð falleg kona sem vildi ólm fá hann með sér í hrossaréttir. Hann sló ekki höndinni á móti þessu boði og dreif sig í réttargallann. Hann sá ekki eftir að hafa farið í Laufskálarétt því þar var fullt af frægu fólki. Þar var til dæmis **Lilja Pálmadóttir** með syni sína tvo, **Telma Tómasson** fjölmiðlakona og nemi, **Dofri Hermannsson** pólitíkus, hjónin **Gerður Kristný** rithöfundur og **Kristján B. Jónasson** formaður íslenskra bókaútgefenda, **Einar K. Guðfinnsson** sjávarútvegsráðherra og **Guðný Jóhannesdóttir** ritstjóri Feykis.





Fjörið var svo ógurlegt í réttunum að Sirkusstjórinn gleymdi bæði stund og stað. Á meðan hann skemmti sér konunglega í stjörnufansi Laufskálaréttа voru **Kittý Johansen** sölumaður hjá REMAX og **Kjartan** einkaþjálfari á Óliver.



Þar var líka **Anna María Ragnarsdóttir** snyrtifræðingur, **Anna Rakel** listaháskólanemi, **Guðjón Þórðarson**, **Auðunn Blöndal** sjónvarpsmaður og **Kjartan Sturluson** Valsari. Á sunnudagskvöldið hélt Sirkusstjórinn sér því að lifa kristilegra lífi í næstu viku, setti agúrkusneiðar í andlitið, drakk fjögur eplaedikstaup og fór snemma að sofa!



TÍSKULÖGGAN HAFFI HAFF HÉLT UPP Á AFMÆLIÐ SITT MEÐ RAUÐUM STÆL UM HELGINA Á SKEMMTISTAÐNUM 7 9 13.

# Fashionably late í eigið afmæli

**„Þetta var alveg æðislega gaman," segir tískulöggan Haffi Haff sem hélt upp á afmælið sitt með stæl síðasta laugardagskvöld. Haffi, eins og alvöru prinsessa, mætti ekki í eigið afmæli fyrr en um miðnætti en gestirnir höfðu verið að tínast inn frá því um klukkan tíu. „Ég var bara svo þreyttur eftir að hafa komið þessu öllu saman og tók mér því langan tíma til að gera mig tilbúinn. Ég var einfaldlega „fashionably late," segir Haffi hlæjandi. „Þemað var rautt, Steed Lord voru að spila, Golden Space bjór um allt og ég er alveg geðveikt ánægður með kvöldið."**

*indiana@frettabladid.is*



MYNDIR/RAKEL ÓSK SIGURÐARDÓTTIR



FJÖR
**Hrund Pálsdóttir, Kolbeinn Arnbjörnsson og Rut Rúnarsdóttir mættu í afmælið.**



Í STUÐI
**Þórhildur og Tinna Ýr skemmtu sér vel í afmælinu.**





AFMÆLISBARNIÐ
**Haffi Haff starfar hjá MAC í Smáralind.**



SKVÍSUR
**Tinna Ýr og Katla eru algjörar skvísur.**



HAMINGJA
**Afmælisbarnið tekur við hamingjuóskum frá vinkonu.**

# GLATT Á HJALLA!

Það var svo sannarlega glatt á hjalla þegar Digital Tækni opnaði formlega nýjar höfuðstöðvar á Grensásvegi 11. Um þrjú hundruð manns mættu á opnunina og nutu góðra veitinga og skemmtiatriða.



Í SVEIFLU!
**Það geta ekki allir leikið þetta eftir.**
MYND/GUNNAR TRAUSTI



HRESS! **Baldvin Örn Berndsen sölustjóri, Sif Rós Ragnarsdóttir, Guðríður Halla Þorsteinsdóttir og Ársæll Steinmóðsson skemmtu sér vel.**

LÉTTÖL

LEIKURINN ER HAFINN!




# DRAUMADEILD EGILS GULL

## Enski boltinn er farinn að rúlla...

Spilaðu með frá byrjun og settu saman þitt draumalið í enska boltanum!

Glæsileg verðlaun í boði fyrir bestu þjálfarana:

1. verðlaun:
   **100.000 kr ferðaávísun + stór glaðningur frá Egils Gull**
2. verðlaun:
   **PS3 leikjatölva + glaðningur frá Egils Gull**
3. verðlaun:
   **Gjafabréf frá Argentínu Steikhús**

Auk fullt af aukavinningum frá Egils Gull og Ölgerðinni

Auglýsandi:OES

**www.visir.is/draumadeild**

VÍSIR.IS

## uppáhalds

### Skyndibitinn?



„Þegar ég hugsa um hollustuna er það sushi-bakki sem ég kaupi í Fylgifiskum. Algert sælgæti. Annars freistast ég líka til að nefna Búllu-borgara sem er himnesk óhollusta.“

**Steinunn Valdís Óskarsdóttir alþingiskona**



„Uppáhaldsskyndibitinn minn er Subway-bátur með kjúklingi og ógrynni af svörtum ólívum. Þær gera gæfumuninn. Síðan klikkar breiðloka með rækjum í Pylsuvagninum á Selfossi aldrei.“

**Soffía Sveinsdóttir veðurfréttakona**



„Uppáhaldsskyndibitinn minn þegar ég er búin að vera föst á hraðbrautinni í marga klukkutíma og er alveg að gefast upp og drepast úr hungri er grilluð kjúklingasamloka frá Carl's Jr og franskar með fullt af barbecue-sósu og stórri kók. Ekki diet. Alvöru kók. Sykur er góður og lífið er stutt.”

**Anna Mjöll Ólafsdóttir söngkona**



„Réttur nr. 52 í Kínahúsinu og Bæjarins bestu með öllu.“

**Steinn Ármann Magnússon leikari**



**Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus**
www.klingenberg.is

# Svanhildur er alvöru kvenskörungur

„Svanhildur Hólm er sexa,“ segir Sigríður Klingenberg spákona um sjónvarpskonuna Svanhildi Hólm Valsdóttur. „Svanhildur er líkt og jörðin. Það er öruggt hvað jörðin gerir næstu 24 tímana og Svanhildur hefur á hreinu hvað hún ætlar að gera næstu 24 tímana. Svanhildur hefur gífurlega seiglu, er ljúf og aðlaðandi og lætur ekki allt flakka þótt henni sé stundum nóg boðið. Ef hún verður reið, sem gerist á nokkurra ára fresti, á hún frekar til að loka á viðkomandi manneskju en að rífast.

Hún er í rauninni mjög gömul sál og vill halda í gamlar hefðir og hafa þroskaða orku í kringum sig. Hún varðar veg sinn vel og það hefur ekki oft komið fyrir í hennar lífi að hún hafi orðið ástfangin. Hún er lengi að verða ástfangin og einnig lengi að vinna ástina úr huga sínum. Svanhildur þolir ekkert væl og gengur bara í hlutina. Hún er ekki mesta punturófa bæjarins því að sveitaorka vermir fætur hennar. Svanhildur er með þrjá ása í fæðingartölunni sinni sem gerir hana þar af leiðandi að styrkum stjórnanda. Væri ég samt ekki hissa að hún myndi í framtíðinni ákveða eitthvað annað en að vera í þessu sjónvarpi og gæti það verið seinnipartinn á næsta ári eða 2009 sem þær breytingar ættu sér stað.

Hún er eins og alvöru kvenskörungur, verndar og gætir karlsins eins og mögulegt er svo að sá maður sem hvílir á milli brjósta hennar verður öruggur að eilífu. Amen.



**GÖMUL SÁL** Samkvæmt Sigríði Klingenberg hefur Svanhildur ekki oft orðið ástfangin á ævi sinni.

MÆÐGURNAR INGIBJÖRG REYNISDÓTTIR OG LOVÍSA ÞÓRÐARDÓTTIR SKRIFUÐU SAMAN BÓK:

# Gekk undir nafninu þriðja heimsstyrjöldin!

Leikkonan Ingibjörg Reynisdóttir hefur nýlokið við unglingabókina, Strákarnir með strípurnar, sem kemur út í október hjá bókaútgáfunni Sögur. Unglingabókin er sérstök að því leyti að Ingibjörg skrifaði hana í samstarfi við dóttur sína, Lovísu Þórðardóttur, sem er í níunda bekk. Ingibjörg segir að hugmyndin að bókinni hafi kviknað þegar þær mæðgurnar voru í sundi.

„Lovísa uppveðraðist við hugmyndina og við byrjuðum strax að þróa karaktera og kasta á milli okkar hugmyndum. Inni á milli tókum við pásur frá verkefninu en í nóvember í fyrra tókum við þetta föstum tökum og þá fóru hlutirnir að gerast fyrir alvöru,“ segir Ingibjörg. Þetta er ekki fyrsta ritverk hennar því hún skrifaði leikritið, Móðir mín dóttir mín, sem sýnt var í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Hún lék Súsí í kvikmyndinni Maður eins og ég, blaðakonu í kvikmyndinni Strákarnir okkar og Lóu ritara í sakamálaseríunni Allir litir hafsins eru kaldir. Aðspurð að því hvort hún hafi fengið betri innsýn inn í líf dóttur sinnar við skrifin viðurkennir Ingibjörg að sjálf sé hún eiginlega meiri villingur en nokkurn tímann dóttir hennar.

„Það verður að segjast að Lovísa er ennþá ósköp róleg í tíðinni og lítið útstáelsi á henni. Ég var sjálf margfalt meira trippi en hún sem gerði það að verkum að foreldrar mínir kölluðu mig þriðju heimsstyrjöldina. Allt það villta í sögunni kemur því frá mér en það einlæga og tæra kemur úr hennar reynslubrunni.“

Ingibjörg og Lovísa unnu bókina þannig að þær gerðu hugmyndavinnuna saman en svo kom það í hlut Ingibjargar að setja saman textann. „Stundum fór ég aðeins fram úr mér í hita leiksins og var komin á aðra braut en við höfðum lagt upp með. Þá voru teknar lýðræðislegar ákvarðanir þar sem hugmyndin var ýmist inni eða úti. Í flestum tilfellum vorum við sáttar við útidúrana sem ég kom með. Svona hélt samstarfið áfram út alla bókina, þangað til við vorum báðar sáttar.“

Um hvað fjallar bókin?

„Strákarnir með strípurnar fjallar um krakka í 10. bekk. Aðalsöguhetjan Gabríel tekur lesendur með sér í sérkennilegt ferðalag þar sem hann fer fram og til baka í tíma. Líf hans er við það að falla saman á tímabili í sögunni þar sem leyndarmál fortíðar virðist vera að skjóta upp kollinum, nokkuð sem enginn vissi nema hann. Við fjöllum um flækjur gelgjunnar, vonir þeirra og þrár í spennandi söguþræði og ekki síst hættur þar sem val unglingsins og ábyrgð hans á sjálfum sér skiptir máli. Við erum berorðar og tökum á ýmsum tabúum, málum sem eiga sér stað í þjóðfélaginu.“

Hvort er skemmtilegra að leika eða skrifa?

„Þetta er erfið spurning. Ég er auðvitað fyrst og fremst leikkona og fæ mikið út úr því að taka þátt í skemmtilegum verkefnum tengdum leiklistinni. Þetta er harður heimur og þegar það er gúrkutíð á þeim vettvangi tek ég gjarnan upp pennann. Ef bókin okkar verður einhvern tímann að bíómynd þá panta ég að leika mömmuna,“ segir hún og hlær.

*martamaria@frettabladid.is*



**KRAFTMIKLAR MÆÐGUR** Ingibjörg Reynisdóttir og Lovísa Þórðardóttir skemmtu sér vel við skrif bókarinnar, Stákarnir með strípurnar, sem kemur út í október.

## SPURNINGAKEPPNI Sirkus

TROMMULEIKARINN HANNES HEIMIR FRIÐBJARNARSON SIGRAÐI ANDRA FREY VIÐARSSON ÚTVARPSMANN Í SÍÐUSTU VIKU. ANDRI FREYR SKORAR Á BLOGGARANN JENS GUÐ.

1. **Í hvaða landi gerist Flugdrekahlauparinn?**
2. **Hver er knattspyrnustjóri Liverpool?**
3. **Hver leikstýrði kvikmyndinni Veðramót?**
4. **Hvað heitir próteinsúkkulaði þeirra Arnars Grant og Ívars Guðmundssonar?**
5. **Hver er launahæsta sjónvarpsstjarnan samkvæmt nýjum lista tímaritsins Forbes?**
6. **Hverjir eru umsjónarmenn Útsvars?**
7. **Hvern lék Laddi í Stellu í orlofi?**
8. **Hvað heitir nýr bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar?**
9. **Hvað heitir kaffihús Friðriks Weisshappel í Kaupmannahöfn?**
10. **Hver leikstýrir söngleiknum Ást?**



### Jens Guð — 3 RÉTT SVÖR

1. Kanada.
2. Ég veit ekkert um fótbolta.
3. Guðný Halldórsdóttir.
4. Hef aldrei heyrt á það minnst.
5. Oprah Winfrey.
6. Sigmar Guðmundsson og einhver kona.
7. Sænskan drykkjumann sem ég man ekki hvað hét.
8. Kiljan.
9. Ég veit það ekki.
10. Veit ekki.



### Hannes H. Friðbjörnsson — 6 RÉTT SVÖR

1. Nígeríu.
2. Rafael Benítez.
3. Guðrún Halldórsdóttir.
4. Fallbyssur.
5. Oprah Winfrey.
6. Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir.
7. Sven.
8. Kiljan.
9. Laundromat.
10. Gísli Örn Garðarsson.

1. Afganistan. 2. Rafael Benítez. 3. Guðný Halldórsdóttir. 4. Hreysti. 5. Oprah Winfrey. 6. Þóra Arnórsdóttir og Sigmar Guðmundsson. 7. Salomon.8. Kiljan. 9. The Laundromat Café.10. Gísli Örn Garðarsson.

Hannes Heimir heldur sigurgöngu sinni áfram. Hann sigrar Jens með 6 stigum gegn 3. Jens skorar á besta vin sinn og plötusnúðinn Viðar Júlí Ingólfsson. Fylgist með í næstu viku!


skemmtilegri
NÝ BÍÓMYND
Á HVERJUM KLUKKUTÍMA
Nú hefur Stöð 2 bíó plús bæst við sem viðbótarþjónusta fyrir M12 áskrifendur Stöðvar 2. Stöð 2 bíó plús er Stöð 2 bíó með klukkutíma seinkun. Stöðin næst bæði hjá áskrifendum Digital Íslands og Breiðbandi Símans.
BÍÓ
BÍÓ
Uppfærðu myndlykilinn
ADSL Símans: Endurræsið lykilinn (taka þarf úr sambandi og setja aftur í samband).
Breiðbandslykill Símans: Ýtið á menu, veljið uppsetningu og sjálfvirka leit.
Digital Ísland: Veljið menu og sjálfvirka leit. Sláið inn pin-númerið 0000 og veljið kerfisleit allt.
Ljósleiðaralyklar: Endurræsið lykilinn (taka þarf úr sambandi og setja aftur í samband).
M12 áskrift að STÖÐ 2 inniheldur
BÍÓ
BÍÓ
SIRKUS
SIRKUS+
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE



OKTÓBER
TILBOÐ
Frábær tilboð á tölvum og tölvubúnaði
Fartölvur frá Packard Bell og Acer eitt mesta úrval landsins
1GB MINNI
3.990
1GB OCZ DDR2 667MHz vinnsluminni
500GB HARÐDISKUR
9.990
Western Digital Caviar SE16 SATA2
25DVD DISKAR
1.990
Verbatim 16x DVD+R spindill
STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR AF SPENNANDI TILBOÐUM
TÖLVUTEK
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu.



**Rýmum fyrir nýju línunni.**
**Laugardaginn 6.október verðum við með 50-80% afslátt af völdum vörum! Opið 11-18**
**THEO, Dugguvogur 6 - við hliðina á Fossberg, 104 Reykjavík, www.theo.is**

Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. á bjork72@visir.is, Heimasíðan er á dyraland.is undir Lína fína eða í s. 895 6035. Kveðja Björk.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

### Hestaflutningar
Verð á ferðinni Ak-Rvk- ak. og um suðurland dagana 8-10 okt. Uppl. í s. 896 4316.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leigusalar auglýsa frítt.**
Skráðu eignina þína á leiga.is eða hringdu í síma 534-1020.
**Leigjendur leita frítt.**
**Leiga.is býður**
- ✓ leit að leigjanda
- ✓ leigu- og tryggingaráðgjöf
- ✓ gerð leigusamninga fyrir íbúðar og atvinnuhúsnæði.

Leiga.is
Löggild leigumiðlun

### Miðbær, miðbær
Til leigu stór og rúmgóð íbúð á frábærum stað í bænum. Aðeins reglus. einst. kemur til greina. S. 863 3328, 864 5858, 896 4320.

## Fasteignir

Herbergjaleiga í Keflavík til sölu. Góð innkoma. Hef til sölu 2 samliggjandi húseignir í Keflavík samtals um 332 fm. Annarri þeirra fylgir 38 fm. bílskúr. 12 herbergi, góð staðsetning miðsvæðis, gott bílastæði og friðsælt. Ásett verð 70 millj. Sími 866 6541.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

### Pantið tímanlega fyrir húsvagninn
Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka Stór hjólh. + húsb. 11.875 p. mán. Lítil hjólh. + húsb. 9.375 p. mán. Fellih. 6.875 p. mán. í 8 mánuði S. 564 6500.

## Gisting

### Stúdíóíbúð í Reykjavík
Til leigu stúdíóíbúð í Reykjavík, fullbúinn húsgögnum. Sólarhringurinn á 14.900 kr. Uppl. í s. 511 3030,info@4thfloorhotel.is

# TIL SÖLU










# ATVINNA

## Atvinna í boði




### Frístundaheimili
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

### Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára
**Óskum eftir að ráða fólk í sal í kvöld- og helgarvinnu. Um er að ræða afgreiðslustörf. Tilvalið fyrir skólafólk.**
**Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is**

### Keiluhöllin í Öskjuhlíð
**Óskar eftir starfsfólki í dyravörslu. 20 ára aldurstakmark.**
**Umsóknir á keiluhollin.is og í síma 617 2929**

Kornið óskar eftir helgarstarfsfólki í nýju verslunina okkar í Ögurhvefi. Einnig vantar helgarstarfsfólk í eftirfarandi búðir: Borgartún, Lækjargata og Hjallabrekka. Góð laun í boði. 18 ára aldur æskilegur en ekki skilyrði. Uppl. í síma 864 1593, Ella.

### Ítalía - veitingahús
**Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki í fullt starf í sal. Unnið er á vöktum. Um er að ræða framtíðarstarf, ekki yngri en 18 ára. Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga.**
**Veitingahúsið Ítalía**
**Laugavegi 11**

### N1 lakkdeild
N1 óskar eftir duglegum og samviskusömum starfsmanni til starfa í lakkdeild verslunar N1 að Bíldshöfða 9. Í starfinu felst öll almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini lakkdeildar sem og önnur tilfallandi störf. Nánari upplýsingar um starfið veitir Örn Bjarnason, verslunarstjóri í síma 820 9003. Áhugasamir geta einnig sótt um starfið á www.n1.is

### N1 verslun Kópavogi
N1 óskar eftir kraftmiklum og reglusömum starfsmanni til starfa í verslun N1 í Kópavogi. Um er að ræða alla almenna afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini verslunarinnar sem og önnur tilfallandi störf. Nánari upplýsingar um starfið veitir Hjalti Guðmundsson verslunarstjóri í síma 535 9100. Áhugasamir geta einnig sótt um starfið á www.n1.is

### N1 símaver
N1 óskar eftir áhugasömum og áreiðanlegum starfsmanni til starfa í símaver N1 að Bíldshöfða 9. Í starfinu felst öll almenn þjónusta við viðskiptavini í gegnum síma. Nánari upplýsingar um starfið veitir Örn Bjarnason, verslunarstjóri N1 Bíldshöfða í síma 820 9003. Áhugasamir geta einnig sótt um starfið á www.n1.is

**ÍTR óskar eftir starfsfólki í Vesturbæjarlaug í laugavörslu og baðvörslu kvenna. Vaktavinna, 95% starf. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.**
**Nánari upplýsingar veitir Guðrún Arna Gylfadóttir forstöðukona í síma 551 5004 eða á netfanginu gudrun.arna@reykjavik.is**

### Gullnesti Grafavogi
**Óskar eftir rösku starfsfólki í fullt starf.**
**Upplýsingar í síma 898 9705, Daði.**

### Bakari - konditor - Konditornemi
**Mosfellsbakarí óskar eftir að ráða bakara, konditor og nema í súkkulaði og kökugerð. Áhugasamir geta haft samband við Hafliða í síma 660 2151.**

### Red Chili
**Óskum eftir starfsfólki í sal í helgar og kvöldvinnu. 15 daga vaktir. Líflegur og skemmtilegur vinnustaður.**
**Uppl. í síma 820 4381 og á redchili@redchili.is og á www.redchili.is**

### Vant þjónustufólk
**Við leitum að vönu fólki til að vinna við þjónustu**

**í glæsilegu veitinga- og ráðstefnuhúsi í Grafarholti á föstudags- og laugar-**

**dagskvöldum frá kl. 18.30 til kl. 24 eða 2.30.**

**Mikil vinna í vetur.**
**Nánari upplýsingar veitir**

**Hulda Nanna í síma 899 5678**

# FASTEIGNIR



**Hárgreiðslufólk!**
**Ert þú skemmtilegur og góður hársnyrtir? Ef svo er, hefur þú áhuga á að koma í stólaleigu og vinna með okkur? Við erum að leita að jákvæðum einstaklingi með frumkvæði og faglegan metnað.**
**Ef þú hefur áhuga endilega hafðu samband í síma 544 4455 eða sendu tölvupóst á jonogeva@simnet.is SPACE**

**Ertu í skóla?**
**Viltu vinna nokkra tíma á dag? Getum bætt við starfsfólki á dag- og helgarvaktir.**
**Sólbaðsstofan Smart. Grensásvegi og við Ánanaust.**

**American style**
**Hafnarfirði, Bíldshöfða og Kópavogi**
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í 100% vaktavinnu í salnum. Í boði er vinna hjá traustu og góðu fyrirtæki, mjög samkeppnishæf laun, létt andrúmsloft og frábært folk. Sæktu um á americanstyle.is og komdu að vinna hjá okkur, við tökum vel á móti þér. Mjög góð íslenskukunnátta skilyrði!

**Konur á öllum aldri !**
**- fullt starf / hlutastarf**
Starfsfólk óskast í heilsustúdíó Ultratone Faxafeni.
Ef þú hefur áhuga sendu upplýsingar um þig á auglýsingardeild Fréttablaðsins eða á box@?????? merkt „ultratone“ fyrir 7 okt. nk.

**Veitingahúsið Við Tjörnina**
**óskar eftir þjónum, aðstoðarfólki í sal og í uppvask. Uppl. hjá Sigríði í s. 551 8666 eða 863 8066.**

**Thorvaldsen Bar, Bistro og grill.**
**Óskar eftir vönum barþjónum og starfsfólki í sal. Þarf að hafa náð 18 ára aldri. Um er að ræða kvöld, helgarvinnu. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknarfestur til 12/10 '07 Uppl. veitir Ásta í s. 698 8510.**

**NÝTT BAKARÍ/KAFFIHÚS HOLTAGARÐAR**
**„JÓI FEL“ opnar glæsilegt bakarí og kaffihús í Holtagörðum. Okkur vantar starfsfólk í afgreiðslu.**
**Áhugasamir hafið samband við Lindu í s. 863 7579 eða á JOIFEL@JOIFEL.IS**

**Glaumbar**
Óskum eftir hressu starfsfólki á bar og í sal. Góð laun í boði fyrir duglega og samviskusama einstaklinga. Uppl. veitir Steinar í síma 896 8596.

**DTS járnalagnir**
Óska eftir að ráða menn til starfa helst vana járnabindingum. S. 895 2220/899 9177

**Starfsfólk óskast**
Kaffihús í Hafnarfirði auglýsir eftir starfsfólki í dagvinnu virka daga. Þægilegur vinnutími. Uppl. veitir Sigrún í s. 869 2809 eða cafehafnarborg@internet.is

**Aktu Taktu Skúlagötu**
Leitar að þér. Kvöld- og helgarvinna í boði. Skemmtileg vinna á skemmtilegum vinnustað. Allir hvattir til að sækja um. Umsóknir á aktutaktu.is

Starfskraftur óskast í mötuneyti til afgreiðslustarfa. Góð laun í boði. Uppl. í s. 691 5976.

**Öryggisgæslan ehf. óskar eftir starfsfólki**
Vegna mikilla anna vantar stundvíst og ábyrgt fólk í vinnu. Á 9 tíma vaktir í 7 daga og frí í 7 daga, einnig vantar í helgarvinnu. Bæði karlmenn og kvenfólk á aldrinum 20-45 ára. Uppl. gefur Einar, s. 856 5031, milli kl. 12-18.

Hársnyrtistofan Carter vantar starfsfólk, nema og svein til starfa. Uppl. 565 5530 og Carter.is

**Verkamenn í Úlfarsfell**
Duglega verkamenn vantar í byggingavinnu í Úlfarsfell S. 892 3207.

**Smiðir**
Óska eftir smiðum í Úlfarsfell. Góður aðbúnaður. Upplýsingar í síma 892 3207.

**Hjólbarðaverkstæði/bón og þvotta stöð**
Óskum eftir fólki á Smur- hjólbarðaverkstæði Bílkó. Uppl. gefur Guðni í s. 660 0560.

**Tires and oil**
Hiring people for tires and oil change at Bílkó. Please contact Guðni 660 0560.

**Bón og þvottur**
Óskum eftir fólki á bón og þvottastöð Bílkó Uppl. gefur Guðni í s. 660 0560.

**Car wash**
Hiring people for car wash at Bílkó. Please contact Guðni 660 0560.

Stjörnu Stelpur leita að hressum, barngóðum og skemmtilegum starfsmanni sem hefur áhuga á að vinna með börnum. Starfslýsing: Yfirumsjón og skipulagning á leikjum og starfi fyrir börn á aldrinum 3-11 ára. Önnur tilfallandi störf. Umsóknir: stjornustelpur@gmail.com

Starfskraft vantar í fullt starf í afgreiðslu hjá Rikka Chan í Kringlunni. Uppl. í síma 849 5251, Gunnar.

Óska eftir eldri barngóðri manneskju til að sjá um börn og heimili í miðri viku frá 15-20, erum í Hafnarfirði. Engin þrif. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl. í s. 823 9476.

Bisón hefur nú opnað glæsilega verslun í Smáralind, og við óskum eftir jákvæðum og duglegum starfskrafti 25 ára og eldri í helgarvinnu og á fimmtudagskvöldum. Uppl. gefur Berglind í s. 663 8945.

Ræstingar - Leiguhúsnæði Óska eftir að ráða starfskraft í ræstingar og morgunverð á hótel í Kópavogi. Möguleiki á hlutastarfi og leiguhúsnæði. Uppl. í síma 664 5901.

## Atvinna óskast

**Matreiðslumaður óskar eftir vinnu**
**28 ára matreiðslumaður óskar eftir starfi. Ýmislegt kemur til greina. Laus 1.nóvember. Uppl. gefur Gunnar í síma 697 8683.**

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, bílstjórar, gröfumenn o.fl. S. 845 7158.

23ára duglegur strákur með stúdentspróf óskar eftir vinnu,vanur lagervinnu(með lyftarapróf) en margt kemur til greina. S. 846 9819.

Óska eftir vinnu í rafvirkjun! Ég er 25 ára gamall og hef lokið 3 önnum í Iðnskólanum í Reykjavík. Uppl. í s. 823 9715.

## Viðskiptatækifæri

ÍNN leitar að þátttakendum í sjónvarpsþátt. Þátttakendur leggja fjárhag sinn á borðið og bestu fjármálasnillingar landsins koma hlutunum í lag. Viltu verða ríkur? Fyrsta skrefið er að taka til í óreiðunni. Við leitum að fólki á öllum aldri. Sendu nafn, símanúmer og póstfang núna til: inntv@hotmail.com

TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

**Dyskoteka**
Zapraszamy serdecznie do Baru Polonia na super zabawe, piatek - Dyskoteka sobota - gra „Magic“ (W przerwach dyskoteka) Godziny otwarcia 17. 00-03.00 wstep platny w sobote, 500 kr. Wspaniale polskie klimaty polskie piwo. Flatahraun 21 Hafnarfjörður. Tel. 847 2209/ 555 2329.

## Einkamál




**18plús.is**
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenzkur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

**Takk fyrir vatnið**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

ATVINNA

# Hive
“ert þú hævur?”

**>> Úthringiver**
**Aukavinna með skóla**

Hive vantar gott fólk í úthringiver sitt með vinnutíma á milli 18:00-22:00, mánudaga til fimmtudaga.

Starfsmenn vinna að minnsta kosti 2 til 3 kvöld í viku og ef þú ert duglegur/dugleg og hefur áhuga á frábærum tekjumöguleikum, skemmtilegri vinnu og góðu vinnuumhverfi þá ert þú sá/sú sem við erum að leita að.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Aðalstein í síma 868-8187 (eftir klukkan 17:00) eða með tölvupósti á **adalsteinn@iphive.is**



# Ævintýri alla daga

**Leikskólinn Rofaborg, Skólabæ 6, óskar eftir að ráða leikskólakennara og starfsfólk með aðra menntun eða reynslu.**

Rofaborg er fjögurra deilda leikskóli við Elliðaárdalinn. Einkunnarorð leikskólans eru leikur, gleði og vinátta. Námskrá Rofaborgar hefur öðlast reynslu og fest sig í sessi. Unnið er að þróunarverkefni um farsælan flutning barna milli skólastiga. Á næsta ári verður tekin í notkun glæsileg viðbygging.

Verið velkomin í heimsókn í Rofaborg eða hafið samband við Þórunni Gyðu Björnsdóttur leikskólastjóra í síma 693-9863 eða 587-4816.

>> Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið
www.leikskolar.is

FUNDIR

**VM – Félag vélstjóra og málmtæknimanna boðar til félagsfundar kl. 20:00 þriðjudaginn 9. október á Grand Hótel við Sigtún, 4. hæð.**

**Dagskrá:**

1. **Félagsmál**
   Fulltrúar á ársfund ASÍ
2. **Undirbúningur kjarasamninga**
   Samningar félagsins: *Örn Friðriksson, formaður VM*

   Efnahags og atvinnumál: *Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ*

   Áfallatryggingar: *Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ*

   Umræður og fyrirspurnir

**Fundurinn hefst kl. 20:00 á Grand Hótel við Sigtún, 4. hæð. Kaffiveitingar**

TILKYNNINGAR

**SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ**

# Verkefnasjóður sjávarútvegsráðuneytisins
## deild um sjávarrannsóknir á samkeppnissviði

**auglýsir eftir umsóknum um styrki til rannsókna- og þróunarverkefna.**

Sjóðurinn mun fyrst og fremst styrkja rannsóknir á sjávarlífverum sem nú eru nytjaðar eða sem mögulegt væri að nytja.

Vegna fyrirsjáanlegs samdráttar í þorskafla á fiskveiðiárinu 2007-2008 hefur sjávarútvegsráðherra ákveðið að framlag til deildar sjóðsins um sjávarrannsóknir á samkeppnissviði verði hækkað um 25 m.kr. á árinu. Framlag til sjóðsins verður því 50 m.kr. á árinu 2007. Þessari hækkun verður að öðru jöfnu varið til þorskrannsókna.

Allir geta sótt um styrki; einstaklingar, fyrirtæki, rannsókna- og háskólastofnanir. Í stærri verkefnum er sérstaklega hvatt til samstarfs mismunandi aðila með þátttöku vísindamanna víða af landinu.

Við mat umsókna verður lögð áhersla á nýnæmi verkefnisins m.t.t. nýrrar þekkingar og/eða aukinna nýtingarmöguleika á lífríki sjávar.

Á árinu 2007 verða styrkt alls 6-10 verkefni að hámarki 3-5 m.kr. hvert og um 15 minni verkefni 0,5-1 m.kr. hvert.

Nánari upplýsingar um sjóðinn og leiðbeiningar um frágang umsókna er að finna á heimasíðu sjávarútvegsráðuneytisins www.sjavarutvegsraduneyti.is

Umsóknarfrestur er til 1. nóvember 2007 og skulu umsóknir sendar til sjávarútvegsráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík. Umsóknirnar skulu einnig berast á rafrænu formi á netfangið hulda.lilliendahl@sjr.stjr.is. Umsóknir sem berast eftir 1. nóvember verða ekki teknar gildar nema póststimpill sýni að umsóknin hafi verið póstlögð ekki síðar en þann dag.

Þeir sem fengu styrk úr sjóðnum á árinu 2006 og hyggjast sækja um framhaldsstyrk skulu skila skýrslu um stöðu verkefnisins, ella koma viðkomandi umsóknir ekki til greina við úthlutun.

**Sjávarútvegsráðuneytið**

NÝTT ÁSKRIFTARTÍMABIL HEFST Í DAG

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODFONE

M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 SIRKUS 2 SIRKUS+

# GREY'S ANATOMY

## HEFST Í OKTÓBER



2 skemmtilegri

30% aukaafsláttur af fyrsta mánuðinum ef þú kaupir áskriftina á Netinu. Stod2.is

## FRÁBÆR DAGSKRÁ Í OKTÓBER



ALGJÖR SVEPPI! - allar helgar. Glens og grín ásamt vönduðu talsettu barnaefni.



TEKINN 2 - alla föstudaga. Fræga fólkið tekið - Jógvan, Inga Lind, Birgitta Haukdal, Geir Ólafs og fleiri.



NÆTURVAKTIN - alla sunnudaga. Frábærir gamanþættir sem hafa slegið rækilega í gegn.



DAMAGES - alla sunnudaga. Besti nýi þátturinn síðan Sopranos. Magnaður spennuþáttur.

# Veitum þeim vernd

**UMRÆÐAN**
Málefni innflytjenda


TOSHIKI TOMA

Nú stendur yfir norrænt átak sem ber yfirskriftina „Veitum þeim vernd!“ eða „Keep them safe“. Átakinu er ætlað að vekja athygli á stöðu hælisleitenda á Norðurlöndum en tuttugu norræn félagasamtök, m.a. Mannréttindaskrifstofa Íslands, Íslandsdeild Amnesty International og Rauði kross Íslands, standa að undirskriftasöfnun þar sem stjórnvöld eru hvött til að virða og vernda réttindi flóttafólks.

Í tilefni af átakinu langar mig til að vekja athygli á að meðferð hælismála á Íslandi er ekki eins og best verður á kosið. Eins og kerfið er í dag þá hefst meðferðin með því að lögreglan tekur skýrslu af hælisleitandanum, síðan er athugað hvort annað land ber ábyrgð á því að vinna hælisumsóknina. Ef Ísland verður að fjalla um málið þá fer Útlendingastofnun yfir umsóknina, aflar gagna og ákveður síðan hvort umsækjandanum er veitt hæli eða ekki. Þeirri ákvörðun getur umsækjandi svo áfrýjað til dómsmálaráðuneytis sé hann ekki sáttur við niðurstöðuna. Ráðuneytið fer þá yfir ákvörðun Útlendingastofnunar og sker endanlega úr um hvort veitt er hæli eða ekki. Þessa ákvörðun getur umsækjandi síðan borið undir dómstóla, en þó ekki synjunina sem slíka heldur aðeins málsmeðferðina.

Það sem mig langar að vekja athygli á hér er að fólk fær ekki lögfræðiaðstoð við mál sitt meðan Útlendingastofnun fjallar um það. Þegar ákvörðun um synjun er áfrýjað á hælisumsækjandi rétt á takmarkaðri lögfræðiaðstoð en þetta er oft meira „pappírsvinna“ fremur en persónuleg aðstoð við einstaklinginn. Kveðið er á um andmælarétt eftir endanlega synjun frá dómsmálaráðuneyti í lögum, þ.e. að hælisleitandi getur höfðað mál fyrir dómstólum en þetta er í fyrsta sinn í öllu ferlinu þar sem umsækjandi fær „faglega og persónulega“ lögfræðiaðstoð. Seint er betra en aldrei eða hvað?

Í lögunum segir: „Málshöfðun fyrir dómstólum til ógildingar á endanlegri ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið frestar ekki framkvæmd hennar“. Þannig að þótt hælisleitandi höfði mál fyrir dómstólum getur hann verið fluttur úr landi áður en dómur fellur. Og ef hann er fluttur úr landi fellur málið niður þar sem enginn á lengur lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr ágreiningsefninu. Ég veit ekki hve margir hafa farið með mál sín fyrir dómstóla en ég þekki persónulega dæmi þess að umsækjandi var fluttur úr landi rétt áður en málið var tekið fyrir.

Það er merkilegt hversu stjórnvöld flýta sér að framkvæma brottvísun umsækjenda eftir að hafa stundum látið þá bíða á annað ár eftir úrskurði. Óttast yfirvöld að dómstólar komist að annarri niðurstöðu en dómsmálaráðuneytið? Ég vek athygli á því að eftir því sem ég best veit hefur ennið ekki fallið dómur varðandi synjun stjórnvalda um hæli.

Mér vitandi eru nokkrir menn nú með mál varðandi synjun fyrir dómstólum. Ég vona innilega að þeir verði ekki fluttir úr landi, í það minnsta ekki áður en dómur fellur og hvet almenning til að fylgjast með því að réttur þeirra til að fá skorið úr sínum málum fyrir dómstólum sé virtur.

*Höfundur er prestur innflytjenda.*

# Eitt samfélag fyrir alla

**UMRÆÐAN**
Samfélagsmál


ELÍN SIGURÐARDÓTTIR

Ég hafði eitt sinn trú á því að hér á landi ríkti tiltölulega mikið jafnrétti og félagslegt réttlæti. Mismunun væri lítil sem engin og allir landsmenn væru tiltölulega jafnir. Reyndin er líka sú að þetta halda margir enn um okkar litlu eyju norður í Atlantshafi. En síðustu árin hef ég hins vegar orðið vör við ógnvænlega þróun í íslensku samfélagi. Á sama tíma og við lesum fréttir af stjórnarmönnum og stjórnendum með ofurlaun sem eiga einkaþotur og byggja 850 fermetra sumarhallir úti í sveit eru sagðar fréttir af heimilislausu fólki sem á hvergi höfði sínu að halla. Efnamenn eiga orðið hálft landið og þar af leiðandi verður lítið úr hinni „frjálsu samkeppni“ sem margir predika líkt og trúarbrögð.

Íslenska velferðarkerfið er að mörgu leyti vanþróaðra en hjá öðrum Norðurlöndum sem við viljum gjarnan bera okkur saman við. Félagsleg mismunun viðgengst hér í stórum stíl. Á meðan ofurforstjórarnir kaupa einkaþotu númer tvö verður fátækt sívaxandi vandamál hér á landi. Fátækt breiðist út meðal atvinnulausra, aldraðra og öryrkja en einnig meðal láglaunafólks. Síaukin gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu, hækkun á húsnæðisverði og minnkandi félagslegur stuðningur verður þess valdandi að margir almennir launþegar lifa nú við fátækt á Íslandi.

Einkavæðing og „frjáls samkeppni“ hefur lengi verið nefnd sem lausn allra vandamála. En hvernig getur það verið lausn á því vandamáli sem fátækt er þegar skattkerfi Íslendinga skattleggur tekjulágt fólk of mikið og hinir tekjuháu borga litla sem enga skatta, sem gerir það að verkum að þeir ríku verða ríkari og þeir fátæku fátækari? Niðurstaðan er sú að hér á landi er ekki lengur eitt samfélag fyrir alla heldur tvö. Ísland hinna ríku og Ísland hinna fátæku. Ég hef ekki áhuga á að ala dóttir mína upp í samfélagi sem byggir á misskiptingu og mismunum. Hver vill slíkt fyrir börnin sín? Því spyr ég; viljum við eitt samfélag fyrir alla?

*Höfundur er formaður Ungra vinstri grænna í Reykjavík.*

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is





*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Fjóla Sigurðardóttir**
Lækjarhvammi 7, Búðardal,

verður jarðsungin frá Hjarðarholtskirkju í Dölum, mánudaginn 8. október, kl. 14.00.

Hannes Gunnlaugsson
Sigurður Gunnlaugsson
Gunnlaugur Már Sigurðsson Halla Steinsdóttir
Jökul Logi Gunnlaugsson
Sandra Rún Sigurðardóttir
Runólfur Gunnlaugsson Sigríður Ásta Lárusdóttir
Elva Björk Runólfsdóttir
Ásta María Runólfsdóttir
Sunna Ösp Runólfsdóttir



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ester J. Bjarnadóttir**
Sogavegi 112,

lést á heimili sínu mánudaginn 1. október sl. Jarðsungið verður frá Aðventkirkjunni, Reykjavík, miðvikudaginn 10. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Bergmál, líknar- og vinafélag (s. 5875566).

Hjálmar Markússon
Magnea Guðný Hjálmarsdóttir Gunnlaugur Marinósson
Jóna Björk Hjálmarsdóttir Guðbjartur Kristjánsson
Hildur Ýr Hjálmarsdóttir Pétur Thors
Hjálmar Þór
barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir og afi,*

**Haukur Þorvaldsson**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 2. október.

Fyrir hönd aðstandenda,
Björg Jóhannsdóttir.



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur G. Halldórsson**
frá Kvíslarhóli á Tjörnesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, miðvikudaginn 3. október. Jarðarförin auglýst síðar.

Steinþóra Guðmundsdóttir Þórarinn Gunnlaugsson
Marý Anna Guðmundsdóttir Halldór Sigurðsson
Aðalsteinn Guðmundsson Jófríður Hallsdóttir
Stefán Brimdal Guðmundsson Lára Ósk Gunnlaugsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



*Við þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar dóttur okkar, systur, mágkonu og barnabarns,*

**Eddu Sigrúnar Jónsdóttur**
Álftamýri 8, Rvk.

Sérstakar þakkir til starfsfólks og fyrrum samnemenda í Kvennaskólanum í Reykjavík, einnig til starfsfólks leikskólans Hofs fyrir ómetanlega aðstoð sem vart á sér hliðstæðu.

Anna Reynisdóttir Jón Baldvin Sveinsson
Halldór Jónsson Helena H. Júlíusdóttir
Guðbjörg R. Jónsdóttir Brynjar Ingason
Sigurður R. Jónsson Svala Hilmarsdóttir
Kristinn S. Jónsson Hólmfríður E. Gunnarsdóttir
Kjartan V. Jónsson Olga B. Bjarnadóttir
Svandís E. Jónsdóttir Ólafur Þráinsson
Hrefna V. Jónsdóttir Tómas Rúnarsson
Anna Sigurjónsdóttir Kristján Ólafsson

**KATE WINSLET KVIKMYNDALEIKKONA ER 32 ÁRA.**



*„Ég vil miklu frekar vera þekkt sem hin þrýstna Kate heldur en horuð mjóna.“*

***Kate Winslet er bresk leikkona sem hefur átt glæstan feril. Hún er þekkt fyrir leik sinn í myndunum Titanic, Iris, Finding Neverland og Eternal Sunshine of the Spotless Mind. Hún hefur margsinnis storkað staðalímynd leikkvenna og neitar að svelta sig fyrir kvikmyndahlutverk.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 5. OKTÓBER 1989

## *Dalai Lama hlýtur friðarverðlaun Nóbels*

Dalai Lama fæddist árið 1935 og bar nafnið Tenzin Gyatso. Við þriggja ára aldur tilkynntu tíbetskir munkar að hann væri hinn 14. Dalai Lama.

Árið 1950 réðust herir Kínverja inn í Tíbet. Eftir mislukkaða uppreisn árið 1959 flúði Dalai Lama til Indlands þar sem hann setti á fót útlagastjórn.

Dalai Lama ferðaðist um heiminn og vakti athygli á slæmri framkomu Kínverja gagnvart Tíbetum. Árið 1989 hlaut Dalai Lama friðarverðlaun nóbels og ævisaga hans, Freedom in Exile, var gefin út árið 1990. Tíbet er enn undir stjórn Kínverja og Dalai Lama heldur áfram að ferðast um heiminn til að vekja athygli á málstað lands síns.



DALAI LAMA



**GUÐRÚN ÁSMUNDSDÓTTIR LEIKKONA** Er með söguveislu í kvöld sem hún kallar Ævintýri í Iðnó. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GUÐRÚN ÁSMUNDSDÓTTIR: FAGNAR TVENNUM TÍMAMÓTUM

# Datt aldrei í hug að það yrði svona skemmtilegt að eldast

„Það er frumsýning hjá mér í kvöld á söguveislu sem ég kalla Ævintýri í Iðnó. Þar verður fagnað 110 ára afmæli Iðnó auk þess sem ég held upp á að fimmtíu ár eru frá því að ég steig mín fyrstu spor á leiksviði. Passaðu bara að hafa það ekki öfugt,“ segir Guðrún Ásmundsdóttir leikkona hlæjandi og bætir síðan við: „Ég fékk tækifæri til að halda upp á þessi tímamót í einu vegna þess að Margrét Rósa, framkvæmdastjóri Iðnó, hafði samband við mig í sumar og bað mig að skrifa leikrænt prógramm í tilefni þess að 110 ár eru síðan iðnaðarmenn reistu þetta ágæta hús á Tjarnarbakkanum.“

Oft er talað um að erfitt sé fyrir eldri leikkonur að fá góð hlutverk en Guðrún kveðst ekki geta kvartað undan því. „Mér datt aldrei í hug að það yrði svona skemmtilegt að eldast,“ segir hún glaðlega. „Þó að spor mín hafi ekki verið ýkja djúp í sögu íslenskrar leiklistar hef ég að minnsta kosti tollað á fjölunum í fimmtíu ár og það er afrek út af fyrir sig. Svo hefur allt hjálpast að til að ég fengi tækifæri til að hafa veislu í þessu gamla, góða leikhúsi þar sem ég var á fjölunum í þrjátíu ár. Ég byrjaði samt ekki þar heldur í Þjóðleikhúsinu en fór 1958 til Leikfélags Reykjavíkur og hef verið þar alla tíð síðan. Mér skilst að hlutverkin mín séu eitthvað yfir níutíu enda er þetta orðinn langur tími.“

Fyrsta verkið sem Guðrún lék í segir hún vera Deigluna eftir Arthur Miller en þegar hún er beðin að rifja upp minnisstæðasta hlutverkið kemur smá hik. Svo segir hún eftir smá umhugsun. „Hlutverk frú Heiberg í verkinu Úr lífi ánamaðkanna er eitt af þeim sem mér þykir vænt um og ég hef oft hugsað til. Frú Heiberg var ein mesta prímadonna Dana á nítjándu öldinni og meðan á æfingum verksins stóð las ég æviminningar hennar í þremur bindum. Var því algerlega orðin sokkin í gullöld Dananna og hafði líka geysilega góðan leikstjóra, Hauk Gunnarsson sem nú er fluttur til Finnlands. Hlutverkið gaf mikla möguleika í túlkun og Þegar ég lít til baka er mér það eftirminnilegt og vinnan kringum það. Nafn verksins er skrítið en maður skilur það þegar maður les ævisöguna. Frú Heiberg kom úr lægstu stigum þjóðfélagsins og hélt því fram að ef moldin væri þvegin af ánamaðki þá dæi hann. Þannig fylgdi partur af upprunanum manni til æviloka.“

gun@frettabladid.is

**Björn Jónsson**
fv. prófastur á Akranesi, verður 80 ára 7. október nk.

Ennfremur eiga þau hjónin,

**Sjöfn og Björn**
**50 ára brúðkaupsafmæli.**
Í tilefni þessara tímamóta verður opið hús og heitt á könnunni í Safnaðarheimilinu Vinaminni, sunnudaginn 7. október á milli kl. 16-19. Blóm og gjafir eru vinsamlegast afþökkuð en þess í stað minna þau á félagið Þroskahjálp.

## Gullbrúðkaup



**Ragnheiður Jónsdóttir** og
**Páll Halldórsson**
fagna 50 ára brúðkaupsafmæli föstudaginn 5. október. Tekið verður á móti ættingjum og vinum að Sléttuvegi 17 í Reykjavík milli kl. 17 og 19.



Við seljum K-lykilinn 4.-7. október
BÓNUS BÝÐUR BETUR
BÓNUS
BERJAKRYDDAÐ ÍSLANDS-LAMBALÆRI
ÍSLANDS LAMB
1298
SKÓGARBERJA-KRYDDAÐ LAMBALÆRI ~~1995 KR/KG~~. 35% AFSLÁTTUR 1298 KR/KG.
79
TOPPUR 1,5 LÍTRAR 79 KR FLASKAN.
Toppur
844
KS FERSKT LAMBALÆRI
~~1298 KR/KG~~. 35% AFSLÁTTUR 844 KR/KG.
1624
ÍSLANDS-LAMB ÚRBEINAÐ LAMBALÆRI
~~2498 KR/KG~~. 35% AFSLÁTTUR 1624 KR/KG.
79
T2 PEUR VATN 2 LÍTRAR. 79 KR FLASKAN.
Fitty
98
MY FITTYBRAUÐ 500 GR 98 KR
2398
KS FERSKT LAMBAFILLET
~~2998 KR/KG~~. 20% AFSLÁTTUR 2398 KR/KG.
1049
KS FERSKUR HÁLFUR-LAMBAHRYGGUR
~~1398 KR/KG~~. 25% AFSLÁTTUR 1049 KR/KG
FERSKUR HOLTAKJÚKLINGUR 40-45% AFSLÁTTUR
45%
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
300 KR/KG. 45% AFSLSÁTTUR 165 KR/KG.
40%
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
605 KR/KG. 40% AFSLÁTTUR 363 KR/KG.
40%
HOLTA FERSK KJÚKLINGALÆRI
605 KR/KG. 40% AFSLÁTTUR 363 KR/KG.
BÓNUS
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30 LAUGARDAGA 10.00 TIL 18:00




# Okkur vantar hlaupara!

Pósthúsið leitar að kraftmiklu fólki til starfa sem hlauparar. Í boði eru góð laun fyrir duglegt fólk, hressandi útivera og sveigjanlegur vinnutími.

Hlauparar eru þeir aðilar sem taka að sér íhlaupavinnu hjá Pósthúsinu og vinna við dreifingu Fréttablaðsins ásamt fylgiritum. Vinnan fer fram í breytilegum hverfum á höfuðborgasvæðinu milli kl. 2 og 9.

Hlauparar þurfa að vera orðnir 18 ára og hafa bíl til umráða.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is.

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

póst húsið – ódýrari valkostur

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is


## STUÐ MILLI STRÍÐA Öxulveldi hins illa?

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** ÓTTAST ÓTTAHERFERÐ BANDARÍKJANNA



Í vikunni kom ég aftur úr miklu ferðalagi um Íran, landi sem George Bush Bandaríkjaforseti hefur lýst sem einu af öxulveldum hins illa. Áður en ég fór af stað höfðu margir reynt að telja mér hughvarf, enda hlyti landið að vera stórhættulegt og í raun er ekki skrýtið að fólk haldi það eins og umfjöllun fjölmiðla hefur verið. Einu fréttirnar sem við lesum frá Íran eru af kjarnorkuáætlun stjórnvalda, kúgun þegnanna og stöðugri stríðsógn af hendi Bandaríkjamanna. Auk þess á landið jú að vera fullt af hryðjuverkamönnum.

Við mér blöstu hins vegar allt aðrir hlutir. Íran er fallegt land og móttökurnar sem ég og ferðafélagar mínir fengum voru hlýjar. Hvar sem við komum var okkur tekið sem höfðingjum, hvort sem það var á hótelum, í herstöðvum eða á heimilum fólks.

Það er nefnilega þannig að fjölmiðlar heimsins hafa unun af að færa okkur fréttir af því sem miður fer meðan góðir hlutir falla fljótt og auðveldlega í gleymsku. Ef 1.000 bílar keyra áfallalaust eftir vegi fréttir enginn af því en um leið og einn bíll lendir út af er það á allra vörum.

Þannig er þetta líka í Mið-Austurlöndum. Þar blómstrar mannlífið þrátt fyrir að aðstæður séu oft á tíðum erfiðar.

Í Íran hitti ég meðal annars grunnskólakennara sem hafði ákveðnar skoðanir á stjórnmálum landsins og ungan mann sem stóð í rekstri á eigin fyrirtæki. Hryðjuverkamennina sá ég hins vegar hvergi.

Ég er ekki að halda því fram að ekki sé að marka það sem fréttirnar segja okkur, en það er hins vegar bara hálfur sannleikurinn. Það var því þroskandi og mikill skóli að sjá lífið þarna með eigin augum. Hlutirnir eru nefnilega alls ekki alltaf eins og þeir virðast úr fjarska.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Hama®

# 20% afsláttur

## við kassa

## af Hama perlum




Gildir til 11. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**!** **ATH kl. 17**
*Sýning Hugleiks Dagssonar á nýjum teikningum opnar í dag á efri hæð tónleikastaðarins Organ kl. 17. Sýningin kallast XXX og stendur til 15. október.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Handverk í Ráðhúsinu

Um helgina verður haldin stór sýning á íslensku handverki og listiðnaði í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar verður að finna fjölbreytta íslenska hönnun, handverk og listiðnað. Sambærilegur viðburður var haldinn í fyrra og tókst afar vel.

Það eru samtökin Handverk og hönnun sem standa fyrir og skipuleggja þennan viðburð. Samtökin eru til húsa í Aðalstræti 10 og hafa það að markmiði að efla handverk, hönnun og listiðnað og auka gæðavitund á þessu sviði. Enn fremur vilja samtökin auka skilning almennt á menningarlegu, listrænu og hagnýtu gildi handverks, hönnunar og listiðnaðar með fjölbreyttu kynningarstarfi. Má eflaust líta á sýninguna í Ráðhúsinu sem lið í því starfi.

Sérstök valnefnd á vegum samtakanna valdi 57 þátttakendur sem eiga verk á sýningunni. Meðal þess sem þar má berja augum eru skartgripir, fatnaður, húsgögn og ýmsir nytjahlutir unnir úr fjölbreyttum efnivið, til að mynda horni, beini, roði, gleri, tré og fleiru.

Listamennirnir sjálfir verða á staðnum til þess að kynna vörur sínar. Þetta er því kjörið tækifæri fyrir almenning til að kynnast fjölbreyttu íslensku handverki og listiðnaði.

Sýningin hefst á föstudag og er opin fram á mánudag. Nánari upplýsingar um sýninguna og það handverksfólk sem leggur til gripi á hana má nálgast á www.handverkoghonnun.is. - vþ



Dyggðateppið eftir Marý er á sýningunni.

# Dönsk skáld ósátt

Danska akademían er hópur danskra skálda og rithöfunda. Aðeins þeir sem útvaldir eru af samtökunum fá inngöngu í þau og eru þá ævimeðlimir.

Akademían sendi í vikunni frá sér yfirlýsingu, sem eitt og sér þykir fréttnæmt, þar sem samtökin sendu síðast frá sér yfirlýsingu þegar fatwa-dómur féll yfir Salman Rushdie fyrir átján árum síðan. Það er því deginum ljósara að samtökin láta ekki í sér heyra nema þau hafi sterkar skoðanir á málunum.

Yfirlýsingin nýja er fordæming á menningarstefnu danska ríkisútvarpsins, DR. Skáldin hafa áhyggjur af minnkandi hlut bókmennta og leiklistar í dagskrá ríkismiðilsins og sérlega af því að minna er lesið upp í útvarpi af skáldskap og ljóðum en áður.

„DR hefur skipt sköpum varðandi aðgang almennings að danskri skáldskaparlist. Hlustendur hafa haft möguleika á að upplifa bókmenntir í bílnum eða við húsverkin eða við hverjar þær kringumstæður þar sem maður hlýðir á útvarp. Þetta hefur skipt danskar bókmenntir máli," segir Jens Smærup Sørensen, ritari og talsmaður akademíunnar.

Samtökin hafa ekki einvörðungu áhyggjur af stöðu bókmennta í útvarpi heldur líka í sjónvarpi, enda tók sjónvarpsstjórn DR nýverið þá ákvörðun að gefa upp á bátinn sérhæfða bókmenntaþætti og koma bókmenntaumfjöllun fyrir í þáttum sem fjalla um menningu á breiðari grundvelli. „Það vantar að sjónvarpið fjalli af dýpt um listaog menningarlíf Danmerkur. Við viljum sjá krefjandi umræður um bókmenntir sem gefa meira af sér en þeir snöggsoðnu gagnrýnendaþættir sem nú eru á dagskrá." segir Sørensen.

Torben Smidt, yfirmaður menningarumfjöllunnar hjá DR, hefur í kjölfar yfirlýsingarinnar ákveðið að bjóða meðlimum akademíunnar til fundar við sig til þess að gefa þeim færi á að útlista frekar umkvörtunarefni sín.

„Mér þykir það að sjálfsögðu leitt að akademían finni sig knúna til að senda þessa yfirlýsingu frá sér. Mér þykir hún einkennast af neikvæðni og bölsýni sem ég kannast ekki við úr vinnuumhverfi mínu."

Í umræðunni um miðlun menningarefnis segir Smidt fleira koma til en einvörðungu áhugaleysi fjölmiðlafólks. DR vill til að mynda halda áfram með upplestur bókmennta í útvarpi, en því miður hefur stofnunin ekki náð samningum við rithöfunda um verðlagningu upplestrarréttinda.

vigdis@frettabladid.is



**SUZANNE BRØGGER** Hún er einn rithöfundanna í dönsku akademíunni.



**SORG OG TRÚ** Ragnar Kjartansson myndlistarmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sorg í bleiku satíni

**Myndlistarmaðurinn Ragnar Kjartansson opnar sýninguna Guð í Nýlistasafninu á morgun. Á sýningunni er eitt umfangsmikið verk. Ragnar sérvann verkið fyrir Nýlistasafnið í samvinnu við samtímalistastofnunina Thyssen-Bornemisza Art Contemporary í Vínarborg og var Francesca von Habsburg, sem er í forsvari fyrir þá stofnun, sérlegur velgjörðarmaður verkefnisins.**

Ragnar lýsir verkinu sem endurtekningu. „Þetta er gjörningsmyndbandsverk sem sýnir mig og tólf manna hljómsveit sem stýrt er af Davíð Þór Jónssyni, en hann samdi með mér tónlistina í verkinu. Ég er söngvari hljómsveitarinnar og ég endurtek í sífellu sömu setninguna. Tónlistin breytist og nær hápunkti en línan sem ég syng er alltaf sú sama, þannig að við áhorfendum blasir síbreytileg endurtekning."

Heiti sýningarinnar er að hluta til sprottið úr því að verkið tekst á við þær tilfinningar sem fylgja því að missa trúna. „Ég var trúaður þegar ég var yngri en svo hefur þessi trú fjarað út eftir því sem ég fullorðnast. Það er tómleg og döpur tilfinning að missa guð. Það er líka eitthvert mikilmennskubrjálæði í þessum titli sem ég kann vel við. Síðan vinnur titillinn á einhvern spennandi hátt með innihaldi verksins. Mér finnst ekki alveg rétt að útskýra svo stóran titil. Hann kallar alveg á nógu mörg hughrif í sjálfu sér."

Hljómsveitin leikur tónlist sína í litríku umhverfi, en Ragnar pantaði 400 metra af bleiku satíni til þess að klæða veggi salarins þar sem hún leikur. Mætti ætla að þessi litagleði gæfi til kynna kátínu, en svo er ekki. „Þetta er sorglegt verk, þrátt fyrir hljómsveitina og bleika litinn. Verkið sýnir okkur sorg í bleiku satíni."

Sorg og trú eru sígild viðfangsefni listamanna. Í texta eftir Jón Atla Jónasson sem birtist í sýningarskrá sýningarinnar er minnst á það að Ragnar sæki mikið í myndlist og menningu nítjándu aldarinnar og nýti hana í sín eigin verk.

„Þetta er elegant staðhæfing hjá Jóni. Það er alveg rétt að ég sæki mikið innblástur í myndlist sem var unnin fyrir heimsstyrjaldirnar tvær og er nítjánda öldin er mér sérlega hugleikin. Á þessum tíma hafði fólk ekki almennt enn misst trúna á mannkyninu, ef svo má segja. Ég er sjálfur alinn upp eftir þau umskipti og því finn ég einhvern fallegan naívisma í þessum gömlu verkum sem er ekki til í nýrri list. Ekki það að ég hafi eitthvað á móti samtímalist, hún er frábær og ég tek náttúrulega þátt í henni sjálfur. Það mætti segja að ég sæki í eldri list til að finna mér innblástur og til að vinna með minni hennar á nýjan hátt. En ég er ekki haldinn hreinræktaðri fortíðarþrá," segir Ragnar að lokum.

Nýlistasafnið er til húsa að Laugavegi 26 og stendur sýningin Guð yfir til 4. nóvember.

vigdis@frettabladid.is


MÁLÞING UM KÍNVERSKA MENNINGU Í SALNUM
Laugardaginn 6. október kl. 10-13

KÍNVERSK MENNINGARHÁTÍÐ
Í KÓPAVOGI 29. SEPTEMBER - 7. OKTÓBER 2007

| | |
|---|---|
| **Kl. 10:00** | Lei Yunxia, sendifulltrúi í Kínverska sendiráðinu, staðgengill sendiherra<br>**Setningarávarp** |
| **Kl. 10:20** | Geir Sigurðsson, forstöðumaður Asíuvers Íslands – ASÍS<br>**Draumur, vaka og óvera: Um daóíska lífslist** |
| **Kl. 10:40** | Arnþór Helgason, varaformaður Kínversk-íslenska menningarfélagsins<br>**„Austrið er rautt“** |
| **Kl. 11:00** | Steingrímur Þorbjarnarson mannfræðingur<br>**Kínverskt ritmál: Táknheimur til viðbótar tungumálinu** |
| **Kl. 11:20** | **Pallborðsumræður og spurningar úr sal** |
| **Kl. 11:35** | **Kaffihlé** |
| **Kl. 12:00** | Hjörleifur Sveinbjörnsson þýðandi<br>**En þá verðurðu að lesa næsta kafla: Kínversk frásagnarlist** |
| **Kl. 12:20** | Dagur Kristjánsson, fyrrverandi námsmaður í Kína<br>**Einn á móti milljarði** |
| **Kl. 12:40** | **Pallborðsumræður og spurningar úr sal** |
| **Kl. 13:00** | **Málþingi slitið** |

Fundarstjóri er Grétar Már Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu

Málþingið fer fram á íslensku og er öllum opið.
Vinsamlegast tilkynnið þátttöku með tölvupósti á salurinn@salurinn.is eða í síma 5 700 400.



Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# Gerðu hagstæð innkaup í Nettó




Goða súpukjöt blandað.
1,5 kg af súpugrænmeti fylgir frítt með hverjum kjötpoka.




**1.661** kr/kg, áður 2.768 kr/kg
Goða grísalundir




**964** kr/kg, áður 1.634 kr/kg
Borgarness Londonlamb úr framparti




**198** kr/kg, áður 360 kr/kg
Ísfugls Tex Mex vængir




**199** kr/pk, áður 299 kr/pk
Frechetta Italiano




**457** kr/kg, áður 609 kr/kg
Matfugls kjúklingaleggir

Hönnun: H:N markaðssamskipti / SÍA Umbrot: Víkurfréttir




verð frá **199** kr/pk
Merrild Senseo kaffi




**255** kr/pk
Emmess ávaxtastangir, 10 stk í pk




**999** kr/pk
Lambi salernisrúllur, 17 stk í pk.
Bangsi fylgir með.

**full búð af frábærum tilboðum**
Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 4.–7. okt. eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# Fyrstu tónleikar orgels

Nýtt orgel var vígt í Grindavíkurkirkju um síðustu helgi. Til þess að gefa almenningi færi á að njóta þess heldur Friðrik Vignir Stefánsson organisti tónleika í Grindavík á sunnudaginn kl. 17 og leikur á orgelið. Það verður í fyrsta skipti sem leikið er á orgelið á tónleikum.



**MIKIL BÚBÓT FYRIR TÓNLISTARLÍF Í GRINDAVÍK** Friðrik Vignir og nýja orgelið.

Friðrik Vignir Stefánsson, sem er organisti Seltjarnarneskirkju, leysti organista Grindarvíkurkirkju af síðastliðinn vetur og er því kirkjunni vel kunnur. Á efnisskrá hans fyrir þessa tónleika eru orgelverk eftir J.S. Bach, Buxtehude og fleiri tónskáld.

Orgelið nýja í Grindavíkurkirkju var vígt síðastliðinn sunnudag en það er smíðað af Björgvini Tómassyni orgelsmið. Orgelið er með þeim stærri á landinu og er hið stærsta á Suðurnesjum og má því vera ljóst að orgelið gjörbreytir möguleikum til tónleikahalds í Grindavík.

Tónleikar Friðriks Vignis hefjast sem fyrr segir á sunnudag kl. 17 og eru allir boðnir velkomnir.

- vþ















# Barnabók með listaverkum

Bandaríski barnabókahöfundurinn Bruce McMillan hefur gefið út bókina Hvernig konurnar stöðvuðu blásturinn með listaverkum eftir íslensku myndlistarkonuna Gunnellu og munu þau árita bókina í Iðu laugardaginn 6. oktember næstkomandi.

Bruce segir samstarf sitt og Gunnellu hafa byrjað eftir að hann sá sýningu hennar hjá Gallerí Fold vorið 2002. „Við hittumst svo aftur rúmu ári síðar á menningarnótt og ákváðum þá að gefa í sameiningu út bókina Hænur eru hermikrákur,“ segir Bruce, en bókin fékk verðlaun frá New York Times sem best myndskreytta bók ársins og kom út bæði í Bandaríkjunum og á Íslandi.

Gunnella segir nýju bókina, Hvernig konurnar stöðvuðu blásturinn, vera unna á sama hátt og Hænur eru hermikrákur. „Þetta eru barnabækur en í raun og veru líka listaverkabækur vegna þess að sögurnar eru skrifaðar út frá myndunum mínum,“ segir hún. „Bókin kom út í Bandaríkjunum í sumar og fékk frábærar viðtökur og lof gagnrýnenda sem hvöttu okkur til að halda samstarfinu áfram,“ bætir hún við brosandi.



**SAGA Í HVERRI MYND** Bruce McMillan er afskaplega hrifinn af verkum Gunnellu og segir heila sögu felast í hverri mynd.

Bruce segir að myndir Gunnellu segi hver sína sögu sem hann hafi raðað saman en fengið hana til að fylla upp í þar sem honum fannst vanta mynd inn í söguna. “„Ég heillaðist strax af málverkunum hennar þegar ég kom á sýninguna hjá henni en svo sá ég fleiri málverk eftir hana og komst að því að hver mynd segir í raun sína sögu,“ segir Bruce sem hefur margoft komið til Íslands og segist koma hingað eins oft og hann geti. „Síðustu sjö bækurnar mínar eru um Ísland og það hefur enginn gefið út fleiri bækur um Ísland í Bandaríkjunum,“ segir rithöfundurinn víðfrægi og bætir því við að þegar séu þau Gunnella farin að leggja drög að næstu bók sem verði ástarsaga ömmu og afa.



**GOTT SAMSTARF** Listakonan Gunnella og Bruce McMillan rithöfundur hafa þegar gefið út tvær bækur í sameiningu í Bandaríkjunum og á Íslandi og leggja nú drög að þeirri þriðju. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

sigridurh@frettabladid.is

## NÝJAR BÆKUR

Bókaútgáfan Hólar hefur gefið út bókina Síðasta þorskastríðið – útfærsla fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur, eftir Guðmund J. Guðmundsson sagnfræðing. Bókin byggir einkum á heimildum úr íslenskum og breskum skjalasöfnum sem nýlega hafa verið gerðar opinberar og ekki rannsakaðar að ráði áður. Að kvöldi 30. nóvember 1976 fór hreyfing um breska flotann sem var á veiðum á miðunum við Ísland. Þegar nálgaðist miðnætti drógu togararnir upp vörpuna einn af öðrum og síðan var sett á fulla ferð heim á leið. Tæplega sex hundruð ára merkri sögu var lokið, en talið er að ensk fiskiskip hafi byrjað sókn sína á Íslandsmið í kringum aldamótin 1400. Í Síðasta þorskastríðinu er fjölmörgum spurningum um 200 mílna baráttuna svarað. Eins og: Stóðu Íslendingar sem einn maður í henni? Hvers vegna vildi Geir Hallgrímsson frekar slíta stjórnmálasambandinu við Breta en stjórnarsamstarfinu við Framsóknarflokkinn? Hver var afstaða Sovétríkjanna? Hver var þáttur Bandaríkjastjórnar í lausn málsins? Hvers vegna kom til innbyrðis slagsmála milli breskra sjóliða þegar floti þeirra lá í höfn á Gíbraltar? Og átti breski flotinn einhver svör við togvíraklippum Landhelgisgæslunnar? Síðasta þorskastríðið er 164 bls., prýdd fjölmörgum og athyglisverðum myndum úr þessari hatrömmu deilu.











Bókaútgáfan Hólar hefur sent frá sér bókina Njósnari í Þýskalandi nasista? – Ráðgátan um Olgu Tsékovu, eftir Antony Beevor, hinn kunna breska sagnfræðing. Hin unga og fagra Olga Tsékova átti ekkert nema demantshring þegar hún fór frá Moskvu árið 1920 á flótta frá hungursneyð og niðurlægingu til Þýskalands. Í Berlín notfærði hún sér Tsékov-nafnið til að fá hlutverk í þögulli kvikmynd og í kjölfarið naut hún mikilla vinsælda fyrir frammistöðu sína á hvíta tjaldinu og varð meðal annars uppáhaldsleikkona Hitlers. En Olga var ekki við eina fjölina felld. Hún starfaði með leyniþjónustu Sovétríkjanna og þegar síðari heimsstyrjöldin stóð sem hæst voru gerðar áætlanir um að hún og Lev bróðir hennar fremdu sjálfsmorðsárás á háttsetta menn í ríkisstjórn nasista. Elín Guðmundsdóttir þýddi bókina.




Bókaútgáfan Hólar hefur gefið út bókina: ORÐABRELLUR-150 nýjar og stórskemmtilegar orðagátur, eftir Gunnar Kr. Sigurjónsson.
Í bókinni eru þrautir sem fá okkur til þess að gefa íslenskri tungu betri gaum en ella, spá og spekúlera í merkingu orða og orðasambanda og beita hugmyndaflugi og kímni við lausn þeirra. Hugmynd að bókinni kviknaði yfir þættinum Orð skulu standa, en umsjónarmaður hans, Karl Th. Birgisson, hefur einmitt þetta að segja um bókina: „Orða- og vísnagátuhefðin er ótrúlega sterk með þjóðinni og er eitt vanmetnasta sérkenni íslenzkrar menningar. Gunnar Kristinn bætir hér af mikilli íþrótt í þann sjóð með vísum sem öll fjölskyldan mun skemmta sér við að leysa.“ Orðabrellur eru 96 bls.




Hið íslenska fornritafélag hefur sent frá sér lítið kver, Reglur um íslenska greinarmerkjasetningu eftir Jónas Kristjánsson, fyrrum forstöðumann Stofnunar Árna Magnússonar. Tilgangurinn með útgáfu þessara reglna eða leiðbeininga er að bæta úr misræmi því sem nú ríkir manna á meðal í íslenskri kommusetningu. Opinberlega var horfið frá þeim reglum sem giltu frá því fyrir 1974, að kommur stæðu mjög þétt til þess að kommur skyldu felldar niður að miklu leyti þannig að úr hefur orðið fullkominn glundroði. Hér er farið bil gömlu og nýju reglnanna og lagðar til einfaldar greinarmerkjareglur. Kommur eru settar á ákveðnum stöðum milli setninga og setningarbrota, þar sem eðlilegt virðist að hafa stutt hlé í mæltu máli. Leiðbeiningar þessar ættu að gagnast öllum sem tala og rita íslenskt nútíðarmál, í skólum, fjölmiðlum og atvinnulífinu. Kverið er 31 bls.



# Þóra sýnir í Artóteki

Nú stendur yfir sýning á verkum Þóru Sigurðardóttur myndlistarmanns í Artóteki Borgarbókasafns Reykjavíkur á 1. hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15. Á sýningunni má sjá ljósmyndir og myndband.

Þóra hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum á Íslandi og erlendis. Auk þess hefur hún kennt við Myndlistarskólann í Reykjavík og var þar skólastjóri á árunum 1998-2005. Hún hefur tekið þátt í og stýrt ýmsum innlendum og alþjóðlegum verkefnum og má þar nefna verkefnið Verklag/KnowHow um nám og kennslu á verkstæðum listaskóla 2004-2007, tilraunasmiðjur með íslensk jarðefni og Dalaleir fyrir myndlistarmenn og hönnuði 2006-2007, Disturbances, alþjóðlegt workshop myndlistarmanna, arkitekta og tónlistarmanna 2003 og fleira.



**MYNDLIST TIL LEIGU** Verk eftir Þóru Sigurðardóttur

Artótekið leigir út og selur íslenska samtímamyndlist til einstaklinga og fyrirtækja. Hægt er að skoða verkin á staðnum eða á vefsíðunni www.artotek.is.

Sýningin stendur til 14. október. Opið er mánudaga kl. 10-21, þriðjudaga-fimmtudaga kl. 10-19, föstudaga kl.11-19 og um helgar kl. 13-17.

# AÐEINS EINN DAGUR

# RÝMINGARSALA!

## Seljum útlitsgallaða kæliskápa og ýmsar aðrar útlitsgallaðar vörur í dag föstudag. Takmarkað magn!

**10% AFSLÁTTUR af öllum öðrum vörum í tilefni flutninganna!**

Verslunin er lokuð laugardaginn 6. október vegna flutninga.

# Opnum á nýjum stað

Opnun nýja og miklu stærri verslun að Suðurlandsbraut 26 mánudaginn 8. október.

***Nú má gera frábær kaup!***

**Heimilistæki**
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SÆTÚNI 8<br>SÍMI 569 1500 | GLERÁRGÖTU 36<br>460 3380 | GARÐARSBRAUT 18A<br>464 1600 | EYRARVEGI 21<br>480 3700 |


JOSÉ GONZÁLEZ


BAND OF HORSES

## > Í SPILARANUM

**José González** - In Our Nature
**Stars** - In Our Bedroom After the War
**Hard-Fi** - Once Upon a Time in the West
**Black Lips** - Good Bad Not Evil
**Band of Horses** - Cease to Begin

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Vilja Sykurmola aftur saman

Sykurmolarnir eru í átjánda sæti yfir þær tuttugu hljómsveitir sem tónlistarsíðan Gigwise.com vill að hefji aftur störf. Í efsta sætinu er breska hljómsveitin The Smiths og á eftir henni kemur Led Zeppelin, sem heldur reyndar eina endurkomutónleika þann 26. nóvember næstkomandi.

Á meðal fleiri hljómsveita sem komast á listann eru The Libertines, Velvet Underground, Pink Floyd, Beach Boys, NWA, The Kinks og Suede.

„Flest af sólóferli Bjarkar er reyndar betra en það sem Sykurmolarnir gerðu en við teljum það samt þess virði að þau eigi að minnsta kosti stutta endurkomu,“ sagði á heimasíðunni.


**SYKURMOLARNIR** Hljómsveitin Sykurmolarnir er í átjánda sæti yfir þær hljómsveitir sem ættu að hefja aftur störf.

Sykurmolarnir komu reyndar aftur saman í Laugardalshöll í nóvember á síðasta ári til að fagna því að tuttugu ár voru liðin síðan fyrsta smáskífulagið Ammæli var gefið út. Heppnuðust þeir tónleikar mjög vel en blaðamenn Gigwise vilja greinilega heyra meira í sveitinni í framtíðinni.

Á listanum eru ekki hljómsveitir á borð við Bítlana, Queen og Joy Division sem hafa allar misst stóra meðlimi í gegnum árin. Ekki eru heldur á listanum hljómsveitir sem hafa undanfarið ákveðið að koma aftur saman. Má þar nefna The Who, The Verve, Blur, Van Halen og The Police.

## > Plata vikunnar

Pink Floyd - The Piper at the Gates of Dawn

★★★★★

Þessi fyrsta og eina plata Pink Floyd með Syd Barrett er eitt af höfuðverkum enska sýrurokksins. Meistaraverk sem stendur fyrir sínu enn í dag, hér í þrefaldri fjörutíu ára afmælisútgáfu. - tj





## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Í minningu Lee Hazlewood*

Lee Hazlewood lést 4. ágúst sl. eftir nokkurra ára baráttu við nýrnakrabbamein. Það fór ekki mikið fyrir honum síðustu árin, en hann á að baki mikinn fjölda úrvals popplaga sem munu lifa um ókomna tíð. Stjarna hans reis hæst á sjöunda áratugnum þegar hann samdi sín þekktustu lög, gaf út sólóplötur sem vöktu mikla athygli og gerði stjörnu úr Nancy Sinatra sem hafði verið á samning hjá Reprise fyrirtækinu í fjögur ár án árangurs þegar Lee fór að vinna með henni. Saman fluttu þau lög eins og Some Velvet Morning, Sugar Town, Lightning‘s Girl og Sand, en Lee samdi líka lagið sem skaut henni upp á stjörnuhimininn; These Boots Are Made for Walking.



**LEE OG NANCY** Lee verður heiðraður á Organ í kvöld.

Þó að það hafi ekki borið mikið á Lee Hazlewood í seinni tíð átti hann alltaf harðan kjarna aðdáenda. Það vakti t.d. mikla athygli þegar Rowland S. Howard og Lydia Lunch gerðu sína útgáfu af Some Velvet Morning árið 1982 og það sama var uppi á teningnum þegar Kate Moss söng lagið með Primal Scream rúmum tuttugu árum síðar. Á meðal yfirlýstra Hazlewood-aðdáenda má nefna Steve Shelley trommuleikara Sonic Youth, Belle & Sebastian, Nick Cave og Jarvis Cocker.

Í kvöld verður Lee heiðraður á tónleikum á Organ. Þar koma fram m. a. Singapore Sling, Unun, Ske og Ellen Kristjánsdóttir. Þar munu líka syngja dúetta Megas og Ágústa Eva Erlendsdóttir, Óttarr Proppé og Ólöf Arnalds og Magga Stína og Páll Óskar. Og þar kemur fram hljómsveitin Der Sturm, en hún er hugarfóstur einnar af aðalsprautum slóvensku hljómsveitarinnar Laibach, Baron Karl Ludwig Freiherr von Reichenbach eins og hann kýs að kalla sig í dag.

Kvöldinu verður svo slúttað með því að frumflutt verður upptaka af síðasta laginu sem Lee hljóðritaði áður en hann fór yfir móðuna miklu, en það lag tók hann upp með íslensku hljómsveitinni Amiinu. Lítill heimur, stór listamaður …






# Ofvirkur í Montréal

**Kanadabúinn Spencer Krug er einn virkasti og mest skapandi tónlistarmaður dagsins í dag. Ein af hljómsveitum hans, Sunset Rubdown, er að senda frá sér merkilega plötu og *Steinþór Helgi Arnsteinsson* fór af því tilefni á stúfana.**


**HRESS** Spencer Krug, lengst til hægri, og félagar hans í Sunset Rubdown hafa verið iðnir við kolann undanfarin ár. Væntanleg er platan Random Spirit Lover sem gæti allt eins toppað einhverja árslista.

Tónlistarsenan í Kanada hefur verið umtöluð í nokkurn tíma. Þykir hún uppfull af grósku og sköpunargleði en áður hefur verið ritað um þessa senu hér í Fréttablaðinu. Þykir Montréal-senan sérstaklega spennandi þar sem sú regla virðist ríkja að ef maður er á annað borð í hljómsveit þarf að vera í þremur slíkum. Hinn dagfarsprúði Spencer Krug er líklegast besta sönnun þeirrar staðreyndar. Krug hefur verið viðriðinn fjórar frábærar hljómsveitir: Frog Eyes, Wolf Parade, Swan Lake og Sunset Rubdown.

### Ótrúleg afköst

Síðastnefnda hljómsveitin sendir bráðlega frá sér nýja plötu, Random Spirit Lover að nafni, og hefur gripnum verið hampað af ýmsum tónlistarmiðlum. Sunset Rubdown er fjögurra manna hljómsveit en auk Krugs má einnig nefna að í sveitinni er Camilla Wynn Ingr úr stúlknasveitinni Pony Up! sem sendi frá sér frábæra skífu, Make Love to the Judges with Your Eyes, á síðasta ári.

Sunset Rubdown hefur ekki verið til í langan tíma og hófst sem sólóverkefni Krugs. Hann hóf leikinn á því að gefa út fimm stuttskífur en úrvali laga þeirra skífna var safnað á eina breiðskífu, Snake‘s Got a Leg, sem kom út árið 2005. Í fyrra kom síðan út önnur breiðskífa, Shut Up I am Dreaming, og í ár er komið að enn einni breiðskífunni. Þrjár breiðskífur á þremur árum, ekki amalegt það. Sérstaklega þegar maður er eins upptekinn og Krug virðist vera.

### Ólöglegt samráð?

Eins og áður segir er Krug einnig meðlimur í Wolf Parade, sem spilaði á Airwaves í fyrra og sendi frá sér frábæran plötu árið 2005. Von er á nýrri plötu frá sveitinni snemma á næsta ári. Krug er enn fremur í Swan Lake, sem sendi frá sér umtalaða skífu í fyrra, og Krug er einnig einn af stofnmeðlimum Frog Eyes þótt hann teljist vart formlegur meðlimur í dag. Aðalmaður Frog Eyes, Carey Mercer, vann hins vegar með Krug í Swan Lake ásamt Dan Bejar sem er þekktastur úr hljómsveit sinni Destroyer en er einnig á fullu með The New Pornographers. Sú sveit þykir mikil ofurgrúppa og sendi nýlega frá sér sína fjórðu breiðskífu. Svona tengingar á milli hljómsveita væri hægt að nefna endalaust og ná þær yfir Kanada þvert og endilangt.

### Myrkur og kuldi = Góð tónlist

Ef líkja ætti Montréal-senunni við einhverja aðra senu kemur Ísland fljótt upp í huga. Dan Boeckner, samherji Krug úr Wolf Parade, lýsti því einmitt í viðtali við Fréttablaðið í fyrra að í myrkri, köldu veðri og hálfgerðri innilokun væri lítið annað hægt að gera en að semja tónlist. Einhvers staðar hefur nú sú klisja heyrst áður.

Um helgina fer einnig fram Airwaves-hátíð Montréal-búa sem nefnist Pop Montréal. Þar munu Krug og félagar hans í Sunset Rubdown einmitt koma fram ásamt til dæmis Montréal-sveitunum Chromeo og Plants and Animals og drengjunum í Reykjavík! en þessar þrjár sveitir spila allar á Airwaves-hátíðinni eftir um tvær vikur. Kanada og Íslendingar eiga greinilega meira sameiginlegt en Gimli og Stephan G.

## BRENNSLAN ÓMAR ÓMAR

„Þetta eru lög sem ég hlusta oft á um þessar mundir. Þetta er mestmegnis hiphop,“ segir Ómar Ómar, sem rekur síðuna Hiphop.is.

**1. Rigning – Sorgleg staðreynd** „Þetta lag ætti að spila á Alþingi og í upphafi fréttatímans. Lagið má finna á plötunni Askja Pandóru og mixdisknum Lifandi Orð 2007.“

**2. Choice37 – Hope (ft. Lauren Santiago)** „Þessi kappi er nýkominn með sína fyrstu plötu, Diligence, sem er ótrúlega rennilegur gripur.“

**3. Percee P – 2 Brothers From The Gutter (ft. Diamond D)** „Af nýju plötunni hans Percee P, smíðað af Madlib. Frábær blanda.“

**4. Mr. J Medeiros – Constance** „Lagið er byggt á sannri sögu um hinn sorglega heim mansals og kappinn er núna með átak í gangi samhliða laginu fyrir málefnið.“

**5. Eldo – Ferajny** „Ákvað að skella einu pólsku hiphop-lagi í blönduna.


**ÓMAR ÓMAR** Rekur heimasíðuna Hiphop.is. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Platan með þessum náunga er mjög flott smíðuð og flæðir vel.“

**6. DJ Jazzy Jeff – Practice (ft. J-Live)** „Jarðbundið og þétt lag af nýju Jazzy Jeff-plötunni. J-Live klikkar ekki hér frekar en fyrri daginn.“

**7. Blu & Exile – Soul Amazin’** „Af plötunni Below The Heavens sem er ein af þessum undirgrundar hiphop-plötum frá þessu ári sem mér finnst skara fram úr.“

**8. Aloe Blacc – Blind World** „Af stórgóðu plötunni Now-Again Re: Sounds Vol.1. Lagið er byggt á eldra lagi með L.A. Carnival sem var geggjuð fönkhljómsveit.“

**9. Steve Sampling – Somewhat Yeah...** „Frábært lag af nýju Steve Sampling-plötunni, Borrowed & Blue. Sú plata er klárlega skyldueign.“

**10. Stereo Hypnosis – Paralell Island** „Mjög gott að enda á svona slakandi eyrnakonfekti. Lag af samnefndri plötu með Stereo Hypnosis sem ég mæli með fyrir alla.“



Spiderman 3
er kominn í BT
2-DISC SPECIAL EDITION
SPIDER-MAN 3
WIDESCREEN PRESENTATION
EVERY HERO HAS A CHOICE
DVD VIDEO
1.999
SPIDER-MAN 3
EXPERIENCE HIGH DEFINITION
Blu-ray Disc
2.799
SPIDER-MAN 3
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • BT Akranesi • www.bt.is • Sími 550 4444

# Metsölulisti Eymundsson

## 1. Leyndarmálið
Rhonda Byrne



Leyndarmálið virkar. Metsölubókin Leyndarmálið hefur verið númer eitt á metsölulista síðan hún kom út. Bókin sem allir tala um.

## 2. Mæling heimsins
Daniel Kehlmann



Ein mest selda bók í Þýskalandi á undanförnum árum og nú er hún loksins komin í íslenskri þýðingu.

## 3. Skipið
Stefán Máni



Skipið hlaut nýlega glæpasagnaverðlaunin Blóðdropann og verður framlag Íslands til Glerlykilsins, norrænu glæpasagnaverðlaunanna 2008.

## 4. Loforðið
Hrund Þórsdóttir



Áhrifarík og spennandi saga sem lætur engan ósnortinn. Loforðið hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin í ár.

## 5. Þriðja táknið
Yrsa Sigurðardóttir



Glæpasagan vinsæla eftir Yrsu Sigurðardóttur. „Spennandi, heillandi og einstök“ segja bandarískir gagnrýnendur.

## 6. Flugdrekahlauparinn
Khaled Hosseini



Margföld metsölubók. Heillandi saga um mannlíf, menningu og sögusvið sem flest okkar þekkja ekki nema af afspurn.

## 7. Lost in Iceland
Sigurgeir Sigurjónsson



Mest selda ljósmyndabók sem gerð hefur verið um Ísland á síðustu árum. Glæsilegt verk, töfrandi, dulúðugt, en umfram allt fallegt.

## 8. Viltu vinna milljarð?
Vikas Swarup



Heillandi en jafnframt ógnvekjandi ævintýraferð. Bókin sat 28 vikur samfellt í fyrsta sæti kiljulistans.

## 9. Þú ert það sem þú hugsar
Guðjón Bergmann



Níunda bók höfundar sem endurspeglar víðtæka reynslu hans og hagnýta nálgun á sviði sjálfseflingar og hugarfarsstjórnunar.

## 10. Límmiðabók - Latibær leikhús



Lífgaðu Latabæ við í þessari skemmtilegu límmiðabók með því að líma inn myndir af öllum hinum litríku íbúum Latabæjar.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


# Fólk

folk@frettabladid.is



*„Ég er frekar beyglaður og ber á mig græðandi krem. Ég er að minnsta kosti ekki hoppandi og skoppandi þessa dagana.“*

**GEORGE CLOONEY lenti í mótorhjólaslysi á dögunum ásamt kærustunni.**



*„Ég vona að sonur minn verði jafn orkumikill og ég var sem barn. Vonandi verður hann samt ekki jafn óþekkur.“*

**RAPPARINN USHER á von á syni með Tameku Foster.**



*„Ég gæti þurft að binda og kefla eiginmanninn. En ef ég mögulega get þá geri ég það.“*

**FYRIRSÆTUNA BROOKE SHIELDS langar í fleiri börn.**



John Galliano



Manish Arora



Tsumori Chisato



Vivienne Westwood



Jean-Paul Gaultier

# HÖFUÐFÖTIN HEIT Í PARÍS

**Verslanir eru nú troðfullar af húfum, höttum og öðrum höfuðfötum, eins og búast má við þegar vetur nálgast. Á tískuvikunni í París, þar sem hönnuðir sýna línur sínar fyrir vor og sumar 2008, voru höfuðföt og höfuðskraut ekki heldur langt undan. Það má varpa fram spurningum um hvort íbúar í sólríkari löndum muni í alvöru setja á sig hettur og hatta næsta sumar, en tískan gæti hins vegar hentað kulvísum Íslendingum ágætlega.**



Christian Lacroix

# Myndir af Önnu Nicole valda usla

Fyrr í þessari viku var fremur ógeðfelldum myndum af Önnu Nicole Smith dreift á netinu og þær sagðar vera teknar eftir lát leikkonunnar. Á myndunum má sjá Önnu Nicole liggja í rúmi með lokuð augu og opinn munn auk þess sem hún er búin að æla yfir sig. Myndirnar voru sendar til ýmissa slúðurblogghöfunda en sendandinn krafðist ekki borgunar.

Upphaflega var reiknað með að Howard K. Stern, eiginmaður Önnu Nicole, hefði tekið myndirnar á myndavél hinnar látnu um mánuði áður en hún lést. Anna var sögð hafa treyst lífverði sínum, Big Moe, fyrir myndunum þar eð hún gerði sér grein fyrir að hún væri á hraðri leið til glötunar. Lífvörðurinn er sagður hafa komið myndunum í dreifingu til þess að hjálpa Önnu Nicole að „tjá sig að handan“ og sýna heiminum fram á að þeir sem stóðu henni næst hefðu notfært sér ástand hennar þegar sízt skyldi.

Nú hefur The Insider birt yfirlýsingu sem sögð er frá lögfræðingi Howards K. Stern. Í henni segir að myndunum hafi verið stolið úr dánarbúi Önnu Nicole. Þar segir jafnframt að Big Moe hafi neitað því að hafa reynt að selja myndirnar en játi hins vegar að hafa dreift þeim. Dregið er í efa að Big Moe hafi gefið upp raunverulegar ástæður fyrir því og er því haldið fram að Anna Nicole hafi verið að fíflast á myndunum, „eins og svo oft áður“. Sagan segir að fjallað verði ítarlega um málið bæði í The Insider og Entertainment Tonight á næstu dögum.



**ANNE NICOLE SMITH** Myndum af leikkonunni hefur verið dreift á netinu. Upphaflega var því haldið fram að þær væru af henni látinni.

# *Stones kunna ekki lögin sín*

Ævisaga Ronnie Wood, eins af meðlimum Rolling Stones, mun koma á markaðinn í lok þessa mánaðar. Bókin heitir því frumlega nafni „Ron Wood: The Autobiography“. Í bókinni kemur meðal annars fram að gömlu kempurnar Mick Jagger og Keith Richards séu búnir að gleyma því hvernig eigi að spila frægustu lög hljómsveitarinnar á borð við Satisfaction og Brown Sugar. Þetta er sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að þeir sömdu lögin sjálfir. „Mick og Keith spila stundum eitthvað og ég segi: „Strákar, það á ekki að spila þetta svona heldur hinsegin!“ Ronnie greinir einnig frá því að Keith kalli gjarnan á móti: „Þótt ég hafi samið lagið þýðir það ekki að ég kunni það!“

Ronnie er yngsti meðlimur Rolling Stones en þeir Mick og Keith eru báðir á sjötugsaldri. Hann gekk til liðs við sveitina árið 1976, eftir að hún hafði hljóðritað sín þekktustu lög. Í fyrrnefndri bók segir einnig frá því að samband þeirra Ronnie og Keith hafi löngum verið stirt, svo stirt að einu sinni hafi þeir miðað byssum hvor á annan. „Ég hafði rifist við Keith og hann strunsaði í burtu til þess að ná í byssuna sína. Þegar hann kom aftur miðaði hann henni á mig og öskraði. En ég var með mína eigin byssu. Ég var ekki með kúlur en ég dró hana rólega upp úr vasanum. Þá hætti Keith að miða byssum á mig – þangað til það gerðist næst.“



**GAMLIR OG FARNIR AÐ KALKA** Jagger og Richards muna ekki lögin.

# Portman brast í grát

Leikkonan Natalie Portman sýndi á sér nýja hlið þegar hún hélt ræðu fyrir nemendur í Stanford-háskólanum í fyrradag. Efni ræðunnar var ýmis málefni þriðja heimsins, til að mynda að víða um heim býr fólk við sára fátækt. Þessi mál standa Natalie greinilega nærri því hún tárfelldi meðan hún hélt ræðuna og átti fullt í fangi með að hafa stjórn á tilfinningum sínum.

Mörgum þótti fréttin af þessu eins og ferskur andvari í skemmtanabransanum enda algengara að heyra af ungum stjörnum í Hollywood gráta á leið í fangelsi eða á leið heim af einhverjum skemmtistaðnum. Natalie Portman hefur þó aldrei tilheyrt þeim hópi. Hún þykir yfirleitt til mikillar fyrirmyndar og er til dæmis með gráðu í sálfræði frá Harvard, einum virtasta skóla í heimi. Meðan á náminu stóð samþykkti hún aðeins að leika í einni Star Wars mynd því hún vildi einbeita sér að skólabókunum.



**TILFINNINGANÆM** Natalie Portman þykir ólík mörgum jafnöldrum sínum.



**HALLE BERRY** Leikkonan Halle Berry vill eignast fleiri börn.

# Vill eignast annað barn

**Leikkonan Halle Berry, sem á von á sínu fyrsta barni, vill eignast annað barn til viðbótar með kærasta sínum Gabriel Aubry. „Það er bara þetta eina núna en við vonum að eftir að þetta barn kemur í heiminn getum við eignast annað,“ sagði hin 41 árs Berry í viðtali við Oprah Winfrey.**

**Hún segist hafa átt mjög erfitt með að verða ófrísk. „Við vorum mikið heima og gerðum það sem þurfti að gera, allan sólarhringinn,“ sagði hún. „Eftir 35 neikvæð óléttupróf fékk ég loksins jákvætt svar.“**

**Nýjasta mynd Berry nefnist Things We Lost in the Fire þar sem hún leikur einmitt móður.**

# Óli Geir í biðstöðu

Fyrrum fegurðarkóngurinn Ólafur Geir Jónsson er ekki viss um hvort hann kemur til með að opna heimasíðu sína splash.is að nýju, en henni hefur verið lokað þar sem Ólafur borgaði ekki reikninginn fyrir lénið. „Ég er að velta því fyrir mér hvort ég eigi að halda síðunni opinni. Við fáum enn fullt af heimsóknum. Ég hef ekki verið með neina sjónvarpsþætti þarna í einhvern tíma,“ segir Ólafur en umræddir þættir urðu einmitt til þess að hann var sviptur titlinum Herra Ísland á sínum tíma. „Ég hef notað síðuna í dæmi sem kallast agent.is og er umboðsskrifstofa sem sérhæfir sig í partíhöldum í kringum landið. Við erum einmitt að fara að halda stór partí á fimm stöðum á næstunni. En það getur vel verið að maður fari aftur út í netsjónvarpið, það kemur bara í ljós.“



**SPLASH LOKAÐ** Heimasíðunni www.splash.is hefur verið lokað en þar rak Ólafur Geir Jónsson fyrstu netsjónvarpsstöð Íslands.



# Ný tónleikaröð

Norska hljómsveitin Professor Pez kemur fram á Organ hinn 7. nóvember í nýrri tónleikaröð á vegum breska fyrirtækisins Two Little Dogs. Professor Pez er indíhljómsveit frá Bergen og er þriðja plata hennar væntanleg. Heitir hún Hordaland eftir heimahéraði sveitarinnar og tengjast allir textarnir því svæði á einhvern hátt.

Næsti flytjandi sem kemur hingað á vegum Two Little Dogs er breski tónlistarmaðurinn Tim Ten Yen sem kemur í desember. Í mars á næsta ári hefur bandaríska rokksveitin The Pains of Being Pure At Heart staðfest komu sína. Einnig eru viðræður í gangi við bresku hljómsveitirnar Secret Shine og Roadside Poppies um að koma hingað.



**PROFESSOR PEZ** Norska hljómsveitin Professor Pez heldur tónleika á Organ 7. nóvember.

Samhliða þessum tónleikum mun Two Little Dogs halda tónleikaröðina Reykjavik Nights in London þar sem íslenskar hljómsveitir troða upp í London. Þegar hafa Motion Boys, Hafdís Huld og Jan Mayen komið þar fram við góðar undirtektir.

# Nærbuxnaloftbelgir og nasistar

Grandhotel er nýjasta mynd tékkneska leikstjórans Davids Ondricek, sem er í kastljósinu á kvikmyndahátíð í ár og var sjálfur viðstaddur frumsýningu.

Persónur eru flestar kunnuglegar; misheppnaði töffarinn, fallega ljóta stelpan, graði yfirmaðurinn og að auki er einn krúttlegur gamall nasisti. Aðalpersónan er nördinn Fleischman, sem hefur hér ekki áhuga á hlutverkaspilum heldur veðurfræði. Og eins og aðeins gerist í bíómyndum halda konurnar ekki vatni yfir honum. Það sem tengir þessar persónur saman er að allar vinna þær eða búa á hótelinu sem titillinn vísar í. Og eins og í Amelie eða öðrum álíka krúttlegum myndum eru allir þessir kostulegu karakterar haldnir sínum kvilla. Einn framleiðir ekki nógu margar sæðisfrumur, ein þráir að vera elskuð, önnur stelur nærbuxum úr fatabúðum og gamli nasistinn vill dreifa ösku félaga síns í heimilistækjabúð. Nördinn sjálfur er svo haldinn þeirri áráttu að geta ekki farið utan borgarmarka, og er ein af skemmtilegri hugmyndum myndarinnar sú að hann smíðar loftbelg úr silkinærbuxum unnustu sinnar. Vafalaust eru atriðin þar sem hann svífur yfir tékkneska smábænum gullfalleg, en Regnboginn fær skömm í hattinn fyrir að myndin datt oft úr fókus, og þurftu bíógestir reglulega að fara út og kvarta til að fá því kippt í lag. Grandhotel er kannski fremur brosleg gamanmynd en drepfyndin, en er eigi að síður hin ágætasta skemmtun. Líklega er stærri listaverk að finna á hátíðinni, en Grandhotel sýnir fram á að hátíðarmyndir þurfa ekki að vera þunglamalegar, og á hún fullt erindi til fjöldans. **Valur Gunnarsson**

**KVIKMYNDIR**

**Grandhotel**

Leikstjóri: David Ondricek. Sýnd á RIFF kl. 16 á laugardag í Regnboganum.

★★★

Brosleg gamanmynd. Ágætasta skemmtun.






## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan Tatum O'Neal segir að **Britney Spears** þurfi að leita sér aðstoðar og hlífa börnum sínum betur við kastljósi fjölmiðlanna. „Hún þarf að sigrast á fíkninni," sagði Tatum sem sjálf hefur þurft að kljást við svipaða hluti sem ung móðir þegar hún missti börnin sín þrjú vegna heróínfíknar. „Ég gerði allt það sem hún neitar að gera. Ég fór í eiturlyfjaprófin. Það var mjög niðurlægjandi en ég vildi hafa börnin mín."



**Mark Wahlberg** hefur lengi verið viðloðandi Hollywood en hann hefur engu að síður lýst því yfir að hann langi til að draga sig í hlé. Hann segist of lengi hafa einbeitt sér að sínum eigin ferli og fáu öðru. „Kærastan og börnin tvö eru komin efst á forgangslistann núna," segir hann. „Ég yrði ánægður ef ég gæti gert eina mynd á eins og hálfs árs fresti. Það væri mátulegt og myndi henta vel. Ég vil ekki vinna að eilífu."



**Jennifer Lopez** hélt tónleika í spilavíti í Connecticut í vikunni og varð fyrir því óhappi að detta næstum því fram af sviðinu. Hún var að flytja sitt þriðja lag á tónleikunum þegar hún hrasaði. J-Lo tókst hins vegar að halda áfram að syngja allan tímann. Skemmst er að minnast þess þegar Beyoncé Knowles lenti í svipuðu atviki. Hún var þó öllu óheppnari og datt niður heilar tólf tröppur sem voru á sviðinu. Menn sem hafa gaman af óförum annarra bíða nú og vona að myndbandið af J-Lo verði sett inn á YouTube líkt og myndbandið af falli Beyoncé.



Söngkonan **Jessica Simpson** fékk heldur neikvæða athygli í New York nýverið þar sem hún skemmti sér á klúbbnum The Box. Hún mætti tvö kvöld í röð á staðinn en kvartaði yfir reikningnum í bæði skiptin. Sögur herma að þegar hún mætti á staðinn í þriðja skiptið hafi hún einfaldlega gengið út án þess að borga. Þetta þykja mörgum heldur undarleg tíðindi enda ekki annað vitað en dívan hafi fulla vasa af seðlum og muni ekkert um að borga einn reikning eða svo.


**KÁT** Ingvar Þórðarson ásamt Kjartani Magnússyni og sendiherrahjónum Noregs, þeim Margit F. Tveien og Jon Bech.


**SKÁLDIÐ MÆTT** Guðbergur Bergsson var meðal gesta á frumsýningu Den brysomme mannen.


**SÁTTIR** Grímur Hákonarson, Einar Már Guðmundsson og Eymundur Einarsson voru ánægðir með Vandræðamanninn.

# Vandræðamaðurinn frumsýndur

Norsk-íslenska kvikmyndin Vandræðamaðurinn eða Den brysomme mannen var frumsýnd í vikunni á RIFF en hún er samstarfsverkefni Kvikmyndafélags Íslands og Torden Films en það eru þeir Ingvar Þórðarson og Júlíus Kemp sem sáu um íslenska hlutann.

Myndin var að hluta til tekin uppi á hálendi Íslands, nánar tiltekið suðaustur af innri Sigöldu, en hún segir frá Andrési, sem virðist lifa hinu fullkomna lífi. Hann skilur ekki hvers vegna og tekur hann að kafa undir yfirborðið og slíkt getur alltaf reynst hættulegt.

Den brysomme mannen hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda og héldu norskir aðdáendur vart vatni yfir henni. Þá hlaut hún einnig gagnrýnendaverðlaunin á Cannes sem og Amanda-verðlaunin fyrir leikstjórn og handrit. - fgg

# Tekur upp á Spáni

Leikkonan Gwyneth Paltrow er að hefja upptökur á bandarískri sjónvarpsþáttaröð sem fjallar um matinn og menninguna á Spáni. „Ég veit ekki hvað við ætlum að gera en það verður alltént gaman," sagði Paltrow.

Paltrow og þrír félagar hennar munu heimsækja veitingastaði, söfn og aðra vinsæla ferðamannastaði á Spáni við tökurnar. Alls verða þrettán þættir teknir upp undir heitinu „Spain... On the Road Again" og verða þeir frumsýndir í bandarísku sjónvarpi næsta haust.

Paltrow, sem er grænmetisæta, talar spænsku reiprennandi eftir að hún fór til landsins sem skiptinemi á unglingsárunum. Á meðal þekktustu mynda hennar eru Shakespeare in Love og Seven.


**GWYNETH PALTROW** Leikkonan geðþekka stjórnar sjónvarpsþætti um matinn og menninguna á Spáni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fréttir herma að **Kate Moss** hyggist ganga í það heilaga með nýjum kærasta sínum, **Jamie Hince**. Fyrrverandi kærasti Moss og skandalabósi, **Pete Doherty**, virðist ekki vilja verða út undan í kapphlaupinu upp að altarinu, því nú berast fréttir af því að hann sé trúlofaður fyrirsætunni **Irinu Lazareanu**. Þau hafa lengi verið góðir vinir, en Irina og Kate eru ekki síðri vinkonur. Fyrirsætan var meðal annars andlit fatalínu Kate fyrir TopShop. Spurningin er því hvort eitthvað mun slettast upp á vinskapinn við þessi tíðindi.



Svo mikið er víst að Moss og söngkonan **Lily Allen** eru ekki sérlega góðar vinkonur. Starfsfólk The Groucho Club í London þurfti að skerast í leikinn eftir að dömurnar lentu í hatrömmu rifrildi vegna **Courtney Love**. Allen mun hafa talað illa um Love þegar Moss kom henni til varnar og staðhæfði að Love væri „frábær kona". Þegar hitna fór í kolunum greip starfsfólkið í taumana og beindi Allen og föruneyti hennar á aðra hæð í klúbbnum. Allen og Courtney Love hafa eldað grátt silfur síðan Allen skrifaði á blogg sitt að hún gæti vel skilið af hverju eiginmaður Love heitinn, **Kurt Cobain**, hefði framið sjálfsmorð.



**Sienna Miller** og leikarinn huggulegi **Rhys Ifans** hafa bæði neitað því að þau séu meira en góðir vinir. Grunur leikur þó á að á milli þeirra sé spírandi rómans, og um daginn sást til þeirra yfirgefa tattústofu í Dublin, þar sem Ifans hafði fengið sér svölutattú á handlegginn. Sienna er nú þegar með svölutattú, og þykir þetta jafngilda ástarjátningu.

Gamli rokkrefurinn **Mick Jagger** hefur áhyggjur af lífsstíl **Amy Winehouse**. „Amy er frábær listamaður, en ég vildi óska að hún kæmi skikki á sjálfa sig," segir hann í viðtali við the Sun. Amy átti að fara í tónleikaferð með Rolling Stones, en þurfti að hætta við eftir að hafa tekið of stóran skammt eiturlyfja í ágúst. „Hún hefði verið fullkomin fyrir Stones," segir Jagger, sem viðurkennir að hann hafi sjálfur verið á sömu leið. „Ég hefði getað endað eins og Amy fyrir mörgum árum síðan. En það var röðd í höfðinu á mér sem fékk mig til að hætta. Ég skildi að ég vildi ekki deyja ungur," segir hann.









| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| HALLOWEEN | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | 16 |
| SUPERBAD | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SUPERBAD LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| SHOOT'EM UP | kl. 8 - 10 | 16 |
| HÁKARLABEITA 600 KR. | kl. 3.50 - 6 | |
| HAIRSPRAY | kl. 5.30 - 8 | |
| KNOCKED UP | kl. 10.20 | 14 |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 4 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 3.45 | |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| THE 11TH HOUR | kl. 6 - 8 - 10 | |
| VEÐRAMÓT | kl. 10 | 14 |

Reykjavík International Film Festival
Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík
27. SEPTEMBER 7. OKTÓBER 2007
DAGSKRÁ OG MIÐASALA Á WWW.RIFF.IS

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| HEIMA - SIGURRÓS | kl. 6 - 8 - 10 - 12 | 12 |
| HALLOWEEN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 | 14 |
| ASTRÓPÍA | kl. 6 - 10.20 | 14 |

| Borgarbíó SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| HALLOWEEN | kl. 8 - 10.10* | 12 |
| SUPERBAD | kl. 6 - 8 | 14 |
| CHUCK AND LARRY | kl. 6 - 10.10 | |
| | | |
| *KRAFTSÝNING | | |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| STARDUST DIGITAL | kl. 3:15 - 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| STARDUST VIP | kl. 3:15 - 5:30 - 8 - 10:30 | |
| NO RESERVATIONS | kl. 3:15 - 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| SUPER BAD | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| CHUCK AND LARRY | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| MR. BROOKS | kl. 8 | 16 |
| BRATZ | kl. 3:15 | L |
| DISTURBIA | kl. 10:30 | 14 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 4 - 6 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 3:15 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| STARDUST | kl. 5:40 - 8 -10:20 | 10 |
| NO RESERVATIONS | kl. 8 | L |
| 3:10 TO YUMA | kl. 10 | 16 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| STARDUST DIGITAL | kl. 4 - 6:30 - 9 | 10 |
| NO RESERVATIONS DIGITAL | kl. 8 - 10:10 | L |
| MR. BROOKS | kl. 10:10 | 16 |
| BRATZ | kl. 5:50 | L |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 3:40 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| STARDUST | kl. 5:30 - 8 | 10 |
| SUPERBAD | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | L |
| MR. BROOKS | kl. 10:30 | 16 |

| SAMBÍÓIN SELFOSSI | | |
|---|---|---|
| CHUCK AND LARRY | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| NO RESERVATIONS | kl. 5:40 - 8 | L |
| SHOOT EM UP | kl. 10:20 | 16 |
| SHARK BATE M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |




| LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| STARDUST | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 10 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 16 |
| CHUCK & LARRY | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 12 |
| HÁKARLABEITA ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| BRETTIN UP ÍSL TAL | kl. 4 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is




# Örvænting og ótti í Írak

**Írak og stríðið þar er umfjöllunarefni málþings á vegum RIFF sem haldið verður í Norræna húsinu í hádeginu í dag. Meðal þeirra sem sitja fyrir svörum er kvikmyndagerðarmaðurinn James Longley sem tilnefndur var til Óskarsverðlauna fyrir heimildarmyndina Iraq in Fragments.**



**KVEIKTI Í UPPREISNARLIÐUM** Pyntingarnar í Abu Ghraib-fangelsinu ollu mikilli ólgu í Írak og tendruðu baráttuviljann í uppreisnarliðum.

Innrásin í Írak er einn umdeildasti stríðsrekstur Vesturveldanna í seinni tíð. Forsendurnar hafa alla tíð þótt umdeildar og hæpnar og þótt flestir séu sammála um að jörðin sé betri staður eftir að Saddam Hussein var rutt frá völdum er langt því frá einhugur um réttmæti nærveru bandarísks herliðs meðal írösku þjóðarinnar.

### Þjóðarástin kveikjan að uppreisn

Innrásin hófst hinn 30. mars árið 2003 og tæpum tveimur mánuðum síðar lýsti George W. Bush Bandaríkjaforseti því hróðugur yfir að Operation Iraqi Freedom væri lokið og að uppbyggingarstarf í landinu gæti hafist. Fyrir stríðið stóðu bandarísk yfirvöld föst á því að ætlunin væri að losa írösku þjóðina við þann skelfilega einræðisherra sem Hussein vissulega var en ekki að hersetja landið. Áætlanir og ráðagerðir Hvíta hússins voru hins vegar ófullkomnar og illa skipulagðar því fjórum árum seinna sér enn ekki fyrir endann á stríðsástandinu í landinu. Bandaríski herinn er enn með yfir hundrað þúsund hermenn í landinu og íbúar landsins eru farnir að líta á hernámið sem frelsissviptingu.

Heimildarkvikmyndin Meeting The Resistance eftir stríðsfréttamennina Molly Bingham og Steve Connors, sem sýnd er á RIFF, er frá fremur óvenjulegu sjónarhorni en þar eru spiluð viðtöl við aðila sem hafa tekið þátt í uppreisninni gagnvart bandaríska herliðinu í Bagdad, Falluja og Ramadi. Einnig kemur skýrt fram að fréttir um pyntingarnar í Abu Ghraib-fangelsinu hafi kveikt mikið hatursbál í hjörtum uppreisnarliða enda hafi þær aðfarir verið skýrt dæmi um virðingarleysi bandarísku þjóðarinnar fyrir írösku þjóðinni. Uppreisnarliðarnir greina frá bakgrunni sínum, hvort þeir eru sjía- eða súnní-múslímar og af hverju þeir hafi ákveðið að berjast gegn innrásinni sem upphaflega átti að frelsa þjóðina. Bent er á að yfir 85 prósent þeirra sem hafa barist gegn bandaríska herliðinu hafi gert það af trúar- eða þjóðernisástæðum en innan við fimm af hverjum hundraði eru frá Ba'th-flokki Saddams Hussein sem alla jafna hefur verið kennt um óróann í Írak ásamt al-Kaída.

### Ljóðrænt stríðsástand

Heimildarmyndin Iraq in Fragments, eða Írak í brotum, eftir James Longley er af allt öðru tagi en Meeting the Resistance. Þar er stríðið sýnt frá þremur mismunandi sjónarhornum; lífi stráksins Muhammed í Bagdad, Kúrda sem um árabil máttu þola kúgun af hendi Saddams og svo því pólitíska starfi sem er í gangi þar sem hver höndin er upp á móti annarri. Myndin er ákaflega falleg og vel tekin og það kemur svo sem ekki á óvart að Óskarsakademían hafi séð myndina sem góðan fulltrúa Íraks-mynda þegar bestu heimildarmyndirnar voru tilnefndar í fyrra.

Myndirnar tvær eiga það hins vegar sameiginlegt að sýna vel þá örvæntingu og hræðslu sem hreiðrað hefur um sig hjá írösku þjóðinni. Augu íbúanna eru þreytuleg og áhyggjufull og allir eru hræddir um að vera annaðhvort bendlaðir við uppreisnina eða bandaríska herliðið. Hinn almenni borgari hefur ekki hugmynd um með hverjum hann á að standa og vonast bara að hann komist í gegnum hvern dag lifandi.

Þriðja myndin um stríðsrekstur á RIFF á kannski hvað mest við um þessar mundir en það er kvikmyndin Shadow Company þar sem hin sérstaka stétt málaliða er krufin til mergjar. Nú standa yfir yfirheyrslur hjá Bandaríkjaþingi um meint afglöp öryggisfyrirtækisins Blackwater sem er gefið að sök að hafa farið offari í notkun skotvopna, eiturlyfja og brennivíns. Shadow Company leitast við að bregða ljósi á þessa „kúreka" í stríði sem fá greitt fyrir að bera byssur og er stundum slétt sama fyrir hvaða málstað þeir berjast.

freyrgigja@frettabladid.is

**FJÖGUR ÁR** Innrásin í Írak hefur staðið yfir í fjögur ár og enn sér ekki fyrir endann á stríðsátökum.

**UPPHAFIÐ AÐ ENDINUM** Saddam Hussein hélt þjóð sinni í gíslingu með harðræði sínu. Að mati flestra viðmælenda í Iraq in Fragments væri landið þó betur sett með hann við völd.




Reykjavík International Film Festival
Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík
27. SEPTEMBER
7. OKTÓBER
2007

Tjarnarbíó, kl. 18:00

Rótleysi
Roming

**Evrópufrumsýning.** Sprenghlægileg gamanmynd sem fylgir eftir þremur sígaunamönnum á ferðalagi þeirra frá norðurhluta Tékklands til Slóvakíu. Leikstjórinn Jiri Vejdelek svarar spurningum.



Dagskrá, föstudagur 5. október

**14:00 | Tjarnarbíó**
Listin að gráta í kór
*The Art of Crying*
**16:00 | Tjarnarbíó**
Gildran *The Trap*
**18:00 | Tjarnarbíó**
Rótleysi *Roming*
**Regnboginn**
Blindir englar
*Blinded Angels*
Danielson: Fjölskyldu...
*Danielson: A Family M...*
Fay Grim
**Norræna húsið**
Klaustrið
*The Monastery*
**20:00 | Tjarnarbíó**
Hjálpaðu mér Eros
*Help Me Eros*
**Regnboginn**
Ég *Me*
Óbeisluð fegurð
*Unchained Beauty*
Írak í brotum
*Iraq in Fragments*
**Norræna húsið**
Veronika Voss
**Háskólabíó**
Ljós í húminu
*Lights in the Dusk*
**22:00 | Tjarnarbíó**
Miðnæturmyndir
– Trippið & Svartir sauðir
**Regnboginn**
Skuggasveitir
*Shadow Company*
Aleksandra
**Norræna húsið**
Hjónaband Maríu Braun
*The Marriage of Maria Braun*
**Háskólabíó**
Ein hönd getur ekki klappað
*One Hand Can't Clap*

# Með samning við Paramount

Tónlistarmennirnir Óskar Guðnason og Ingólfur Steinsson, sem hafa átt kántrílög á fjórum safnplötum vestanhafs, hafa gefið út plötuna Happiness is Heavy.

Á plötunni eru níu lög eftir þá félaga sem voru tekin upp í Nashville af hljómsveitinni The Uncle´s Family. „Þetta eru amerískir „session“-menn í toppgæðaflokki. Ég held að þetta gerist ekki mikið betra,“ segir Óskar, sem er aðallagahöfundurinn en Ingólfur semur alla texta. „Þegar ég hlusta á þá líður mér eins og ég sé frændi Willie Nelson eða James Taylor sé að syngja lögin mín.“

Óskar og Ingólfur eru með dreifingarsamning hjá Paramount Group í Bandaríkjunum, sem fjórum sinnum á ári hefur gefið út



**ÓSKAR GUÐNASON** Óskar Guðnason við sams konar bíl og afi hans notaði til að keyra fyrstur manna frá Hornafirði til Reykjavíkur árið 1932. Ferðin tók tvo sólarhringa.

safnplötur með lögum úr söngvakeppnum á þeirra vegum. Fyrir hverja plötu eru valdir um sautján höfundar af 1.000 til 1.500 höfundum sem senda inn lögin sín og því er árangur þeirra félaga einkar góður. „Það kom mér skemmtilega á óvart að þetta skyldi gera sig svona,“ segir Óskar. „Ég var búinn að taka þátt í annarri svona keppni og kom lögum þar í undanúrslit en fann síðan út að það var erfitt að komast inn nema að vera Ameríkani. Þá fann ég þessa keppni og sendi lög í hana og þeim leist svona vel á þetta,“ segir hann.

Óskar hefur gefið út eigin tónlist frá árinu 1991 þegar snældan Gamall draumur kom út en þar söng Bubbi Morthens titillagið. Ingólfur, sem hefur undanfarin ár starfað við útgáfumál, var áður í hljómsveitinni Þokkabót. **- fb**

# Sápuópera á Höfn

Hornfirska skemmtifélagið frumsýnir söngleikinn Eitís í leikstjórn Kristínar G. Gestsdóttur í Hótel Höfn á Höfn í Hornafirði um helgina.

„Þetta er alveg splunkunýr söngleikur eftir Felix Bergsson. Þetta er sápuópera, má segja,“ sagði Kristín og hló við. Hornfirska skemmtifélagið hefur sett upp söngvasýningar í sex ár, en ákvað nú að róa á ný mið og leita til Felix, að sögn Kristínar. „Við fengum hann til að skrifa fyrir okkur sápuóperu sem eitíslögum er blandað inn í. Það kemur þarna ást, hatur og skilnaður; það er allt inni í þessu sem prýðir sápuóperu,“ sagði hún.

Á meðal laga í sýningunni eru Final Countdown, Draumaprinsinn og Pamela í Dallas, en tónlistarstjóri er Heiðar Sigurðsson. Sýningar munu standa yfir fram í nóvember.



**NÍUNDI ÁRATUGURINN** Felix Bergsson samdi sápuóperusöngleikinn Eitís fyrir Hornfirska skemmtifélagið, sem frumsýnir á Höfn um helgina.



**COURTNEY LOVE** Dave Grohl er ekki í miklum metum hjá Courtney Love.

# Kurt hataði Dave Grohl

Courtney Love, ekkja rokkarans Kurt Cobain úr Nirvana, segir að Cobain hafi hatað Dave Grohl, fyrrum félaga sinn í Nirvana. Love hefur átt í hörðum deilum við Grohl síðan Nirvana-safnboxið With the Lights Out kom út árið 2004.

Talið er að Grohl hafi samið lagið Let It Die sem er á nýjustu plötu Foo Fighters, um samband Love og Cobain. Love sagði á MySpace-síðu sinni að Grohl hefði reynt margoft við sig og hún væri orðin þreytt á því að heyra lög eftir hann sem fjölluðu um það hversu mikið hann hataði hana.

„Kurt fyrirleit hann meira en nokkurn annan (fyrir utan einn blaðamann). Í erfðaskrá sinni gerði hann viðauka um að Grohl yrði ekki lengur meðlimur Nirvana. Ég læt bara sem hann sé ekki til og mun halda því áfram,“ sagði hún. „Dave veit þetta og hann lætur reiði sína bitna á mér.“

# Innblástur frá Waits

**Thom Yorke, söngvari Radiohead, segir það mjög frelsandi að þurfa ekki að gefa út nýjustu plötu sveitarinnar hjá útgáfufyrirtæki. Fékk hann innblástur að því að gefa plötuna út á þennan hátt frá tónlistarmanninum Tom Waits.**



**THOM YORKE** Söngvari Radiohead fékk innblástur frá Tom Waits.

**Gaf hann út eina bestu plötu sína til þessa, Swordfishtrombones, án þess að vera á útgáfusamningi. „Ég held að hann hafi verið að leita að sínum eigin stað í tilverunni og um leið koma sér undan því sem hann þoldi ekki við staðinn þar sem hann var áður. Ég held að við séum að ganga í gegnum svipaða hluti núna,“ sagði Yorke.**

**Platan In Rainbows kemur út á heimasíðu Radiohead hinn 10. október og mega aðdáendur ráða því hvað þeir borga fyrir hana.**




## > Logi eða Heimir til KR

Stjórn KR Sports hittist í hádeginu í dag og ræðir framtíð meistaraflokks félagsins en liðið er án þjálfara og svo þarf að taka ákvarðanir með samninga þeirra leikmanna sem eru að klára samninga við KR. Jónas Kristinsson, formaður KR Sports, staðfesti að þegar væri ákveðið að ræða við Loga Ólafsson fyrstan allra um þjálfarastöðuna hjá KR. Heimildir Fréttablaðsins herma að KR hafi mikinn áhuga á Heimi Guðjónssyni, aðstoðarþjálfara FH og fyrrum leikmanni KR. Heimir vildi ekkert ræða framtíð sína í gær, sagðist ætla að klára bikarúrslitaleikinn áður en hann skoðaði aðra hluti. Hann myndi þó fyrst af öllu ræða við FH-inga.



**sport**

sport@frettabladid.is

SIGURBJÖRG JÓHANNSDÓTTIR: Í LEIÐTOGAHLUTVERKI HJÁ FRAM SEM ER Á TOPPI N1-DEILDAR KVENNA Í HANDBOLTA

# *Koma ekki sjálfum sér á óvart*

Kvennalið Fram í handbolta er á toppi N1-deildarinnar eftir fjóra sigra og eitt jafntefli í fyrstu fimm umferðunum. Sigurbjörg Jóhannsdóttir er lykilmaður í liðinu og einn af þessum ungu og efnilegu leikmönnum Fram sem menn hafa beðið eftir að springi út. „Það er mjög gaman að horfa á stöðutöfluna. Það var verið að tala um að það væru liðin mjög mörg ár síðan Framliðið var síðast í þeirri stöðu að vera á toppnum," segir Sigurbjörg. En hvað breyttist milli tímabila? „Ætli við séum ekki að taka næsta skref frá því að vera bara ungar og efnilegar. Við náðum fimmta sætinu í fyrra en stefnan í ár var sett miklu hærra. Við ætlum okkur mikið í vetur," segir Sigurbjörg. Fram fékk risapróf í fyrstu leikjunum og stóðst það. „Það var virkilega gott að byrja á því að mæta þessum liðum," segir Sigurbjörg sem er sammála því að Framliðið hafi sannað sig strax í upphafi með því að vinna bikarmeistara Hauka 28-26 og ná 21-21 jafntefli á útivelli gegn Íslandsmeisturum Stjörnunnar. Sigurbjörg segir liðið ekki mikið breytt en einn leikmaður hafi breytt miklu. „Við fengum Pövlu Nevarilovu úr ÍBV og hún er búin að vera mjög mikill liðstyrkur í bæði vörn og sókn. Liðið er búið að haldast óbreytt mjög lengi og við kunnum vel inn á hver aðra. Við fáum líka meira upp úr hraðaupphlaupum í vetur," segir Sigurbjörg sem er ánægð með vörnina. „Vörnin okkar er að smella og hún er miklu betri en hún hefur verið."



Sigurbjörg segir það skemmtilega tilfinningu að vera farin að vinna leikina eftir erfið tímabil á undan. „Við erum allar búnar að vera Íslandsmeistarar upp alla yngri flokkana þannig að byrjunin í meistaraflokki var svolítill skellur fyrir okkur. Það er gaman að okkur hafi tekist að rífa okkur upp og við erum að finna fyrir þeirri tilfinningu á ný að vera að vinna," segir Sigurbjörg og bætir við: „Ég held að við komum mörgum á óvart en við komum samt sjálfum okkur ekki á óvart því þetta er alveg það sem við ætluðum að gera. Við erum ekkert hættar," sagði Sigurbjörg að lokum.



**FLESTAR STOÐSENDINGAR** Blikinn Gunnar Örn Jónsson lagði upp flest mörk í 13. til 18. umferð Landabankadeildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Landsbankadeild karla:

# Topplistar í 13. til 18. umferðar

**Hæsta meðaleinkunn leikmanna:**

| | |
|---|---|
| Stefán Logi Magnússon, KR | 7,00 |
| Pálmi Rafn Pálmason, Val | 6,83 |
| Prince Rajcomar, Breiðabliki | 6,83 |
| Kjartan Sturluson, Val | 6,83 |
| Helgi Sigurðsson, Valur | 6,80 |
| Tommy Nielsen, FH | 6,80 |
| Alexander Steen, Fram | 6,67 |
| Jónas Grani Garðarsson, Fram | 6,50 |
| Rene Carlsen, Val | 6,50 |
| Dario Cingel, ÍA | 6,50 |
| Gunnlaugur Jónsson, KR | 6,50 |
| Barry Smith, Val | 6,50 |
| Björn Bergmann Sigurðarson, ÍA | 6,50 |
| Guðmundur Benediktsson, Val | 6,50 |
| Árni Thor Guðmundsson, ÍA | 6,50 |
| Peter Gravesen, Fylki | 6,50 |
| Ingvar Þór Kale, Víkingi | 6,50 |
| Arnar Grétarsson, Breiðabliki | 6,40 |

**Markahæstu leikmenn:**

| | |
|---|---|
| Jónas Grani Garðarsson, Fram | 6 |
| Ásgeir Gunnar Ásgeirsson, FH | 4 |
| Peter Gravesen, Fylki | 4 |
| Prince Rajcomar, Breiðabliki | 4 |
| Albert Ingason, Fylki | 3 |
| Magnús Páll Gunnarsson, Breiðabl. | 3 |
| Vjekoslav Svadumovic, ÍA | 3 |
| Hjálmar Þórarinsson, Fram | 3 |
| Helgi Sigurðsson, Val | 3 |
| Matthías Vilhjálmsson FH | 3 |

**Flestar stoðsendingar:**

| | |
|---|---|
| Gunnar Örn Jónsson, Breiðabliki | 4 |
| Baldur Aðalsteinsson, Val | 3 |
| Davíð Þór Viðarsson, FH | 3 |
| Guðmundur Benediktsson, Val | 3 |
| Guðmundur Sævarsson, FH | 3 |
| Tryggvi Guðmundsson, FH | 3 |
| Helgi Sigurðsson, Val | 3 |
| Prince Rajcomar, Breiðabliki | 3 |

**Flest varin skot:**

| | |
|---|---|
| Stefán Logi Magnússon, KR | 27 |
| Gunnleifur Gunnleifsson, HK | 26 |
| Hannes Þór Halldórsson, Fram | 26 |
| Páll Gísli Jónsson, ÍA | 24 |
| Daði Lárusson, FH | 24 |
| Ingvar Þór Kale, Víkingi | 21 |
| Fjalar Þorgeirsson, Fylki | 21 |

**Besta meðaleinkunn liðs:**

| | |
|---|---|
| Valur | 6,27 |
| Breiðablik | 6,06 |
| ÍA | 6,00 |
| FH | 5,92 |
| Fylkir | 5,89 |
| Fram | 5,78 |
| KR | 5,34 |
| Víkingur | 5,30 |
| Keflavík | 5,23 |
| HK | 5,06 |

**Flest stig hjá liðum:** (Markatala)

| | |
|---|---|
| Valur | 14 (+9) |
| Fylkir | 11 (+6) |
| FH | 10 (+4) |
| ÍA | 9 (0) |
| KR | 9 (-2) |
| Fram | 8 (3) |
| Breiðablik | 7 (0) |
| HK | 4 (-5) |
| Keflavík | 3 (-7) |
| Víkingur | 2 (-8) |

# Ég get enn bætt mig mikið

**Stefán Logi Magnússon, markvörður KR, hefur verið valinn leikmaður umferða 13-18 í Landsbankadeild karla í fótbolta samkvæmt mati Fréttablaðsins.**

**FÓTBOLTI** Stefán Logi Magnússon, markvörður KR, vakti mikla athygli fyrir góða frammistöðu á milli stanganna eftir að hann vann sér sæti í byrjunarliði KR um mitt sumar. KR-liðið tapaði aðeins tveimur leikjum, á móti Val og FH, af síðustu ellefu leikjum sínum í deildinni eftir að Stefán Logi kom til skjalanna og náði með naumindum að bjarga sér frá falli.

„Auðvitað hefðum við KR-ingar viljað vera að berjast í öðrum hluta deildarinnar og þetta var ekki skemmtilegt ástand en lærdómsríkt engu að síður og við náðum sem betur fer að vinna okkur út úr því," sagði Stefán sem var sáttur með að fá tækifæri í liðinu og ánægður með viðhorf Kristjáns Finnbogasonar sem varði markið fyrri hluta sumars.

„Teitur Þórðarson gaf mér tækifærið og ég greip það með þökkum og Kristján Finnbogason tók því af fagmennsku og hjálpaði mér mikið. Hann var auðvitað ekki sáttur við að missa sæti sitt í liðinu enda eru allir alvöru íþróttamenn ósáttir þegar þeir missa sæti sitt og ég skil hann vel," sagði Stefán sáttur með lífið hjá KR.

„Mér líður mjög vel hjá KR en ég ákvað samt að nýta mér uppsagnarákvæði í samningi mínum við liðið og er með lausan samning eins og er, en það er fullur hugur hjá mér og KR að halda samstarfinu áfram og finna lausn á málum. KR er eina liðið á Íslandi sem kemur til greina hjá mér og ég er orðinn ansi mikill KR-ingur á þessum stutta tíma hjá liðinu."

Stefán viðurkenndi þó að auðvitað leitaði hugurinn aðeins út fyrir landsteinana. „Það er auðvitað draumur allra að fara út í atvinnumennsku og það er bara spurning um að vera réttur maður, á réttum stað og á réttum tíma. Ég hef kynnst þessu sjálfur hvernig er að vera atvinnumaður, en ég var náttúrlega mjög ungur þá og tel mig vera betur undirbúinn núna ef tækifærið gæfist," sagði Stefán sem kvaðst engu að síður alveg rólegur yfir öllu tali um atvinnumennsku og mögulegu landsliðssæti.

„Ég ætla bara að einbeita mér að því að æfa vel og spila vel fyrir KR og ef ég fæ annað tækifæri á atvinnumennsku, þá mun ég skoða það vel, en ég er ekkert að flýta mér. Sama gildir í raun um landsliðið, að ef maður er nógu góður þá verður maður valinn, annars ekki og ég er ekkert að hugsa um það núna."

Stefán telur að hann þurfi bara að einbeita sér að sjálfum sér og að hann geti enn bætt sig mikið. „Það er yfirleitt talað um að markmenn séu á toppi ferilsins á aldrinum 28-33 ára, þannig að ég ætla bara að halda áfram að bæta mig og er í raun og veru enn ungur að „markmannsárum" þótt maður sé farinn að eldast, sagði Stefán í léttum dúr.

omar@frettabladid.is



**STJÓRNAR UMFERÐINNI Í TEIGNUM** Stefán Logi Magnússon í leik gegn Val á KR-vellinum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SEX MÖRK** Jónas Grani Garðarsson skoraði mest allra í 13. til 18. umferðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Landsbankadeild karla:

Topplistar í 13. til 18. umferðar

**Flest mörk skoruð hjá liðum:**

| | |
|---|---|
| FH | 16 |
| Valur | 15 |
| Fram | 12 |
| Breiðablik | 11 |
| Fylkir | 11 |
| ÍA | 9 |
| KR | 8 |
| Keflavík | 7 |
| HK | 6 |
| Víkingur | 3 |

**Fæst mörk á sig hjá liðum:**

| | |
|---|---|
| Fylkir | 5 |
| Valur | 6 |
| Fram | 9 |
| ÍA | 9 |
| KR | 10 |
| Breiðablik | 11 |
| HK | 11 |
| Víkingur | 11 |
| FH | 12 |
| Keflavík | 14 |



**ÓVISSA** Steve Bruce klórar sér í hausnum yfir framtíð sinni hjá Birmingham.

Steve Bruce, Birmingham:

# Óviss um hvort ég verð rekinn

**FÓTBOLTI** Steve Bruce, stjóri Birmingham, viðurkenndi að mikil óvissa ríkti um samningsmál sín eftir eigandaskipti hjá liðinu. „Ég samdi við fyrrverandi eiganda Birmingham í maí síðastliðnum, en með yfirtökunni hefur það allt saman verið sett í bið og ég á von á svari fyrir helgi. Ég tel að ég sé rétti maðurinn í starfið, en það verður að koma í ljós hvort nýir eigendur séu á sama máli," sagði Bruce sem hefur stýrt Birmingham í að verða sex ár, en liðið er í 13. sæti ensku úrvalsdeildarinnar. - óþ

Tveir Norðurlandabúar í Lottomatica Roma á Ítalíu:

# Jón Arnór spilar við hlið Drejer

**KÖRFUBOLTI** Það eru tveir Norðurlandabúar sem eru í stórum hlutverkum hjá ítalska úrvalsdeildarliðinu Lottomatica Roma.

Þetta eru jafnaldrarnir Jón Arnór Stefánsson og Daninn Christian Drejer sem hafa báðir reynt sig hjá mörgum sterkum liðum í Evrópu. Jón Arnór er á sínu öðru ári hjá Rómarliðinu en Drejer kom þangað frá VidiVici Bologna í sumar.

Í fyrsta leiknum, sem Lottomatica vann 84-79 í framlengingu gegn Cimberio Varese, voru þeir báðir í byrjunarliðinu og áttu báðir ágætan leik. Jón Arnór var með 10 stig, 6 fráköst og 5 stoðsendingar í þessum fyrsta leik tímabilsins en Drejer bætti við 11 stigum.

Það eru alls sjö útlendingar í Rómarliðinu því auk þeirra Jóns Arnórs og Drejer eru þar Slóveninn Erazem Lorbek, Króatinn Roko Ukic og Bandaríkjamennirnir Ray Allan, David Hawkins og Erik Daniels. Lorbek skoraði 13 stig í fyrsta leiknum en Lottomatica lék þá án allra Bandaríkjamanna sinna. - óój



**SPILAR MEÐ DREJER** Jón Arnór Stefánsson spilar með Dana í ítalska körfuboltanum í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**BORINN AF VELLI** Dida, markvörður AC Milan, gerði mikið úr heimsókn stuðningsmanns Celtic. NORDICPHOTOS/GETTY

Stuðningsmaður Celtic:

# Í lífstíðarbann á leikjum Celtic

**FÓTBOLTI** Stuðningsmaður skosku meistaranna í Celtic hefur verið dæmdur í bann eftir að hafa vaðið inn á völlinn og stuggað við Dida, markverði AC Milan, í leik liðanna í Meistaradeildinni á dögunum. „Celtic tekur alvarlega á svona hegðun og umræddur stuðningsmaður hefur því verið dæmdur í lífstíðarbann á öllum leikjum Celtic bæði á heimavelli og útivöllum," sagði Peter Lawwell, stjórnarformaður Celtic. UEFA ætla hvorki að ógilda sigur Celtic í leiknum né heldur að aðhafast eitthvað út af leikrænum tilburðum Dida, sem þótti gera heldur mikið úr atvikinu. - óþ


BT
20.000 KR LÆKKUN!!!!
17"
HD DVD
TOSHIBA
•FYLGIR
PSPB6E-02J023N5
TOSHIBA SATELLITE P200-1A2
Intel Core 2 Duo T7100
17" WXGA TruBrite skjár
ATI Mobility Radeon HD2400 128MB
- 895MB Hypermemory
2GB Vinnsluminni (1024x2)
200GB SATA Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
HD DVD ROM / DVD RW
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
Windows Vista™ Premium
2 ára alþjóðleg ábyrgð
169.999
189.999
2GB Vinnsluminni
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.
17" WXGA TruBrite skjár
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.
Intel® Core 2 Duo
Nýja fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.
200GB Harður diskur
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 200GB hörðum disk.
BT LÁN™
Verð frá:
4.750
59 mánaða
3.000 KR LÆKKUN!!!
12.999
LACIE
300968E
320GB LACIE F.A. PORSCHE USB2
500 RMS WÖTT!!!!
Panasonic
500 RMS Wött
Viera Link fyrir Panasonic sjónvörp
Full HD (1080P) UP-Conversion
Þráðlausir bakhátalarar
Spilar SVCD/VCD/DVDR/CDR/MP3/JPG/WMA
Progressive Scan
USB tengi (MP3 / WMA / JPEG)
HDMI Tengi
Scart tengi
FYLGIR•
49.999
BT LÁN™
Verð frá:
2.834
24 mánaða
NÝI IPODINN
FYRSTUR Í BT!
4GB
Hipp, kúl og töff
24.999
IPOD NANO Silver
FLEIRI LITIR OG MEIRA ÚRVAL Í BT SKEIFUNNI
BT LÁN™
Verð frá:
2.699
12 mánaða
BT
Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri



**ÞRÍR GÓÐIR** Ray Allen, Kevin Garnett og Paul Pierce. NORDICPHOTOS/GETTY

Styttist í að NBA-deildin byrji:

## Frumsýning á nýju liði Boston

**KÖRFUBOLTI** Það bíða margir spenntir eftir að sjá hvernig lið Boston Celtics spilar með nýju mennina sína Kevin Garnett og Ray Allen. Fyrsti leikur liðsins eftir breytingarnar verður gegn Toronto Raptors í æfingaleik í Róm á morgun.

„Þetta er glænýtt lið og við erum enn að læra inn á hver annan. Leikurinn gegn Toronto verður kjörið tækifæri fyrir fólk að koma og sjá tvö af betri liðunum í NBA-deildinni,“ sagði Paul Pierce sem hefur verið yfirburðamaður í liði Celtic undanfarin ár. Að þessu sinni hefur Pierce fengið mikla hjálp í þeim Garnett og Allen en allir þrír hafa verið stigahæstir hjá sínum liðum undanfarin sex tímabil.

„Við vitum vel að við getum skorað en þurfum fyrst og fremst að bæta vörnina hjá okkur,“ bætti Pierce við. - óój

Æfingaleikur í Kórnum í kvöld:

## Valskonur gegn landsliðinu

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar Vals í Landsbankadeild kvenna eru að undirbúa sig fyrir leiki í annarri umferð Evrópukeppninnar sem fara fram 11. til 16. október næstkomandi og fá í kvöld gott tækifæri til að stilla saman strengina.

Valsliðið mætir þá A-landsliði kvenna í æfingaleik í hinni nýju knattspyrnuhöll í Kórnum í Kópavogi. Leikurinn hefst klukkan 20.00 og hefur landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson tekur nýja leikmenn inn í hópinn sinn en átta Valsstelpur voru í síðasta landsliðshópi hans. - óój



**SÁTTUR** Billy Davies er ánægður með gengi Derby það sem af er tímabili. NORDICPHOTOS/GETTY

Billy Davies, Derby County:

## Erum enn með í baráttunni

**FÓTBOLTI** Billy Davies, stjóri Derby County, hefur fulla trú á liði sínu þrátt fyrir dræma stöðu liðsins. „Ég hef fulla trú á því að við verðum betri með tímanum eftir að við náum að venjast lífinu í ensku úrvalsdeildinni. Ég er mjög sáttur við að við séum enn í baráttunni ef ég á að vera raunhæfur,“ sagði Davies kokhraustur, en Derby County er engu að síður á botni deildarinnar með fimm stig og hefur meðal annars þurft að sætta sig við 4-0 tap gegn Tottenham, 5-0 tap gegn Arsenal og 6-0 tap gegn Liverpool það sem af er leiktíð. - óþ

Kosning um besta leikmann septembermánaðar í frönsku handboltadeildinni:

# Ragnar Óskarsson tilnefndur

**HANDBOLTI** Ragnar Óskarsson er einn þriggja leikmanna sem koma til greina sem besti leikmaður frönsku úrvalsdeildarinnar fyrir septembermánuð. Það verður kosið um sigurvegarann á heimasíðu frönsku deildarinnar.

Ragnar skoraði 37 mörk í 4 leikjum mánaðarins sem voru einnig hans fyrstu fyrir Nimes. Ragnar varð eins og kunnugt er markakóngur og meistari á sínu síðasta ári með Ivry í fyrra.

Ragnar hefur byrjað mjög vel með Nimes en hann nýtti 60 prósent skota sinna utan af velli í leikjunum fjórum og öll tólf vítin. Nimes hefur unnið tvo af fjórum leikjum sínum og er sem stendur í 9. sæti. Hinir tveir leikmennirnir sem koma til greina sem bestu leikmenn deildarinnar í september eru Daouda Karaboue, franskur markvörður Montpellier, og Nenad Vuckovic, serbnesk skytta hjá Chambéry.

Ragnar er markahæstur í deildinni það sem af er en Vuckovic er í 4. sæti með 30 mörk í 4 leikjum. Karaboue er aðalmarkvörður toppliðsins í Montpellier sem hefur ekki tapað leik til þessa.

Það er hægt að kjósa á heimasíðu franska handboltans á www.lnh.fr en kosningunni lýkur 10. október. Ragnar mætir einmitt Vuckovic og félögum hjá Chambéry í fimmtu umferðinni í kvöld. - óój



**TILNEFNDUR** Ragnar Óskarsson spilaði frábærlega í fyrstu leikjum sínum með Nimes. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Akureyringar léku af sér

**Haukar eru á toppnum í N1-deild karla eftir sterkan 27-22 sigur á Akureyri í gær. „Liðsheildin skóp sigurinn,“ sagði þjálfari Hauka eftir frábæran leik en þjálfarar Akureyrar voru ekki sáttir við dómgæsluna.**

**HANDBOLTI** Haukar unnu Akureyri á gríðarlega erfiðum útivelli í gær 27-22 í N1-deild karla í handbolta. Lokatölurnar gefa þó ekki rétta mynd af leiknum sem var hraður og góð skemmtun í frábærri umgjörð.

Bæði lið gerðu sig sek um aragrúa af mistökum í upphafi leiks. Fjölmargir boltar töpuðust vegna ónákvæmra sendinga en á bakvið þéttar varnir voru markmenn liðanna í banastuði, sérstaklega Sveinbjörn í marki Akureyrar.

Það var því lítið skorað í kaflaskiptum fyrri hálfleik. Haukar komust í 2-0 en Akureyri sótti síðan í sig veðrið og komst í 5-3. Haukarnir skoruðu þá sex mörk gegn einu en þá kom aftur slæmur kafli hjá gestunum sem leiddu þó 10-11 í hálfleik.

Það var stál í stál í síðari hálfleik og jafnt var á flestum tölum. Bæði lið léku betur en í fyrri hálfleik og þegar skammt lifi leiks var staðan 22-22. Haukar sýndu þá allar sínar bestu hliðar og skoruðu tvö góð mörk á meðan Akureyringum fannst halla á sig í dómgæslunni.

Akureyringar fengu nokkur tækifæri til að minnka muninn í eitt mark, síðast þegar rúm mínúta lifði leiks en það tókst þeim ekki. Þess í stað kláruðu Haukar hið krefjandi verkefni norðan heiða og eru því áfram í efsta sæti deildarinnar ásamt Fram. Þjálfarinn Aron Kristjánsson var brosmildur í leikslok.

„Fyrst og fremst var þetta góð liðsheild og baráttuandinn var frábær. Við gerðum sjálfum okkur þetta mjög erfitt. Það er alltaf gaman að koma á Akureyri, hér er góð umgjörð og svona er skemmtilegast að vinna. Við vissum að okkar biði sært dýr eftir tap þeirra á heimavelli og svo stórt tap gegn HK. Þeir eru með fínt lið og við erum mjög ánægðir með sigurinn,“ sagði Aron. Haukar eru með sjö stig eftir fjóra leiki og eru enn án taps. „Við höfum byrjað mjög vel. Við vissum að það yrði erfitt að rétta við Haukaskútuna eftir margra ára velgengni en þetta gengur vel. Liðsheildin er mjög góð og það er allt að smella innan sem utan vallar,“ sagði Aron.

Rúnar Sigtryggsson, annar þjálfari Akureyrar, var mjög ósáttur með dómgæsluna í leiknum. „Þáttur dómaranna er ótrúlegur hérna. Ég er á því að Haukarnir fái ítrekað endurtekin tækifæri í sókninni upp úr þurru undir lokin. Ég vona að þessir dómarar verði settir niður um deild, það er ekki hægt að spila undir þessu. Leikurinn var skref í rétta átt hjá okkur en það er erfitt að spila við níu manns frá Reykjavík,“ sagði Rúnar. - hþh



**ÖLL BRÖGÐ NOTUÐ** Halldór Ingólfsson skoraði 6 mörk fyrir Hauka á Akureyri í gær. Hér fær hann harðar móttökur. PEDROMYNDIR/ÞÓRIR TRYGGVASON

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *N1-deild karla í handbolta:*

Akureyri-Haukar 22-27

**Mörk Akureyrar (skot):** Goran Gusic 7 (11), Heiðar Þór Aðalsteinsson 5 (5), Andri Snær Stefánsson 4 (7), Björn Óli Guðmundsson 3 (4), Þorvaldur Þorvaldsson 1 (1), Jónatan Magnússon 1 (2), Magnús Stefánsson 1 (10), Einar Logi Frið jónsson 0 (2), Hörður Fannar Sigþórsson 0 (2).
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 23 (49/3, 47%, Hörður Flóki Ólafsson 0 (1/1, 0%)
Hraðaupphlaup: 6 (Andri 2, Heiðar 2, Magnús, Goran)
Fiskuð víti: 0
Utan vallar: 6 mínútur

**Mörk Hauka:** Halldór Ingólfsson 6/4 (8/5), Andri Stefan 6 (11), Freyr Brynjarsson 3 (4), Jón Karl Björnsson 3 (5), Pétur Pálsson 2 (3), Sigurbergur Sveinsson 2 (6), Gunnar Berg Viktorsson 2 (7), Arnar Jón Agnarsson 2 (9), Þröstur Þráinsson 1 (2), Gísli Jón Þórisson 0 (2).
Varin skot: Gísli Guðmundsson 10 (27, 37%), Aron Rafn Edvarðsson 5 (10, 50%).
Hraðaupphlaup: 3 (Andri 2, Þröstur)
Fiskuð víti: 5 (Arnar, Pétur, Þröstur, Halldór)
Utan vallar: 2 mínútur

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Haukar** | **4** | **3** | **1** | **0** | **116-92** | **7** |
| Fram | 4 | 3 | 1 | 0 | 122-112 | 7 |
| **Stjarnan** | **4** | **3** | **0** | **1** | **118-109** | **6** |
| HK | 4 | 2 | 1 | 1 | 111-98 | 5 |
| **Afturelding** | **3** | **1** | **0** | **2** | **69-78** | **2** |
| Akureyri | 4 | 1 | 0 | 3 | 101-114 | 2 |
| **Valur** | **4** | **0** | **1** | **3** | **87-96** | **1** |
| ÍBV | 3 | 0 | 0 | 3 | 81-106 | 0 |

Leik **Aftureldingar** og **ÍBV** sem átti að fara fram í gærkvöldi var frestað og hefur verið settur á klukkan 19.00 í kvöld.

### *Evrópukeppni félagsliða:*

Blackburn-Larissa 2-1 (2-3)
0-1 Silva Cleyton (17.), 1-1 Matt Derbyshire (48.), 2-1 Stephen Warnock (51.).

Bolton-Rabotnicki Kometal 1-0 (2-1)
1-0 Nicolas Anelka (68.).

Famagusta-Tottenham 1-1 (2-7)
1-0 De Fabinho (54.), 1-1 Robbie Keane (78.).

Metalist Kharkiv-Everton 2-3 (3-4)
1-0 De Edmar (21.), 1-1 Joleon Lescott (48.), 2-1 Hitcham Mahdoufi (52.), 2-2 James McFadden (72.), 2-3 Victor Anichebe (88.). Bjarni Þór Viðarsson var ekki í leikmannahópi Everton.

AZ Alkmaar-Pacos Ferreira 0-0 (1-0)
Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn með AZ sem komst áfram á sigri á útivelli í fyrri leiknum.

Club Brugge-Brann 1-2 (2-2)
0-1 Thorstein Helstad (15.), 0-2 Robbie Winters (40.), 1-2 Philippe Clement (77.). Ólafur Örn Bjarnason lék allan leikinn og Kristján Örn Sigurðsson lék fyrri hálfleik fyrir Brann. Ármann Smári Björnsson var ekki með Brann vegna meiðsla. Brann komst áfram á fleiri mörkum skoruðum á útivelli.

Hacken-Spartak Moscow 1-3 (1-8)
0-1 Egor Titov (8.), 0-2 Nikita Bazhenov (81.), 1-2 Jonas Henriksson (87.), 1-3 Artem Dzyuba (93.) Ari Freyr Skúlason lék allan leikinn með Hacken.

Helsingborg-Heerenveen 5-1 (8-6)
1-0 Henrik Larsson (20.), 2-0 Andreas Dahl (37.), 3-0 Razak Omotoyossi (46.), 4-0 Rene Makondele (51.), 5-0 Razak Omotoyossi (80.), 5-1 Bo Storm (89.). Ólafur Ingi Skúlason lék allan leikinn með Helsingborg.

Valerenga-Austria Vienna 2-2 (2-4)
0-1 Sanel Kuljic (22.), 1-1 Freddy Dos Santos (51.), 2-1 sjálfsm. (87.), 2-2 Milenko Acimovic (90.). Árni Gautur Arason lék allan leikinn og Gunnar Heiðar Þorvaldsson lék fyrri hálfleik með Valerenga.

Belenenses-Bayern Munich 0-2 (0-3)
0-1 Luca Toni (59.), 0-2 Hamit Altinop (77.).

Stade Rennais-Lokomotiv Sofia 1-2 (4-3)
Kristinn Jakobsson dæmdi leikinn. Hann gaf tvö gul spjöld eitt á hvort lið.

Erciyesspor-Atlético de Madrid 0-5 (0-9)
Agüero 2 (6., 44.), Jurado (14.) Maxi Rodríguez (víti 53.), Diego Forlan (79.).

Hræringar á þjálfaramarkaðnum þar sem nokkur lið eiga eftir að fylla þjálfarastöðuna hjá sér:

# Hart barist um feitustu bitana á þjálfaramarkaðnum

**FÓTBOLTI** Þó svo flest lið í Landsbankadeildinni séu búin að ganga frá sínum þjálfaramálum á enn eftir að fylla í nokkrar eftirsóttar stöður í tveim efstu deildunum. Það er allt útlit fyrir mikinn þjálfarakapal næstu daga sem erfitt er að sjá fyrir endann á.



**ÓLI KÓNGUR** Ólafur Jóhannesson hefur raðað inn titlum fyrir FH. Hættir hann eða verður áfram? FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stærsta starfið er eðlilega hjá KR en eins og fram kemur er helst talið að Logi Ólafsson eða Heimir Guðjónsson taki við KR-ingum.

Svo gæti farið að þjálfarastaðan hjá FH losni ákveði Ólafur Jóhannesson að hætta. FH er talið vilja fá Heimi í stað Ólafs ef hann hættir. Fari svo er hætt við að einhver félög beri víurnar í hinn sigursæla þjálfara FH. Ákvörðun Ólafs gæti því haft mikil áhrif á framhaldið í þjálfarakaplinum.

Svo hafa verið vangaveltur um hvort Ólafur Kristjánsson sé að bíða eftir tækifæri hjá annaðhvort KR eða FH en hann hefur ekki enn gengið frá sínum málum við Breiðablik þó svo Breiðablik sé búið að semja upp á nýtt við lykilmenn liðsins.

Framarar eru að leita að arftaka Ólafs Þórðarsonar og í því sambandi eru helst nefndir Þorvaldur Örlygsson og Daninn Jesper Tollefsen sem gerði góða hluti með Leikni í sumar. Jesper og umboðsmaður hans sóru af sér að hafa rætt við Framara en sá kvittur komst á kreik að Fram hefði rætt við Danann fyrir nokkru síðan.



**HVAÐ TEFUR ÓLAF?** Ólafur Kristjánsson hefur ekki enn gengið frá sínum málum við Breiðablik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þorvaldur sagðist liggja undir feldi og myndi gefa Fjarðabyggð svar um hvort hann hygðist halda áfram með liðið eftir helgi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður það svar neikvætt og ekki er loku fyrir það skotið að Þorvaldur haldi í bæinn þar sem bæði Fram og Víkingur hafi augastað á honum.

Víkingar eru annars einnig með augastað á Ólafi Þórðarsyni sem og Atla Eðvaldssyni eftir því sem Fréttablaðið kemst næst.

Stjarnan er einnig í leit að þjálfara eftir að liðið rak Lárus Guðmundsson. Nafn Atla Eðvaldssonar hefur einnig verið nefnt í því sambandi sem og Ólafs Þórðarsonar og Jespers Tollefsen.

Það verður áhugavert að sjá hvernig þessi flókni þjálfarakapall fer á endanum.



ÍÞRÓTTALJÓS
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
henry@frettabladid.is



**STIGAHÆSTUR** B.A. Walker skoraði 22 stig fyrir Keflavík í æfingleik við FSU.
NORDICPHOTOS/GETTY

Karlalið Keflavíkur í körfunni:

## Fjórir útlendingar í vetur?

**KÖRFUBOLTI** **Keflvíkingar hafa þegar gert samning við þrjá erlenda leikmenn um að þeir spili með liðinu í Iceland Express-deild karla í vetur.**

**Þetta eru þeir Anthony Susnjara (Ástralía), B.A. Walker (Bandaríkin) og Colin O´Reilly (Írlandi). Til viðbótar hafa þeir nú fjórða leikmanninn á reynslu en það er Tommy Johnson 26 ára og 196 sm framherji.**

**Johnson er Bandaríkjamaður með breskt vegabréf sem hefur leikið í Belgíu undanfarin ár. Allir nýju erlendu leikmennirnir voru með í 99-60 sigri á FSU í æfingaleik og skoruðu þá saman 61 stig. Walker var stigahæstur með 22 stig, Susnjara skoraði 17 stig, Johnson var með 15 stig í sínum fyrsta leik og Írinn O´Reilly rak lestina með sjö stig. Semji Keflavík við Johnson verða þeir með flesta útlendinga í deildinni ásamt liði Tindastóls sem þegar hefur samið við fjóra erlenda leikmenn.** - óój



**SPILAR Í LETTLANDI** Ifeoma Okonkwo spilar með TTT Riga í vetur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tamara og Ifeoma í Lettlandi:

## Fengu báðar samning

**KÖRFUBOLTI** Bandarísku leikmennirnir Tamara Bowie og Ifeoma Okonkwo spila saman í Euroleague kvenna í vetur en þær fengu báðar samning hjá lettneska liðinu TTT Riga sem þær voru hjá til reynslu.

Bowie og Okonkwo voru í stórum hlutverkum með Grindavík og Haukum í Iceland Express deild kvenna á síðasta tímabili, Bowie var með 30,5 stig og 14,8 fráköst að meðaltali í fyrra en Okonkwo vann alla titla með Haukum og alla innbyrðisleikina sex á móti Bowie auk þess að skora 21,9 stig og taka 9,7 fráköst í leik. - óój

Norska úrvalsdeildin:

## Tillaga um að fjölga liðum

**FÓTBOLTI** **Það er ekki bara baráttumál hjá íslenskum knattspyrnufélögum að fjölga í efstu deild því yfirmaður norskrar knattspyrnu, Boye Skistad, mælir með tillögu um að fjölga liðum úr 14 í 16 í norsku úrvalsdeildinni.**

**Samkvæmt tillögunni munu Norðmenn stytta hjá sér undirbúningstímabilið, hefja leik í mars og spila fram í byrjun nóvember. Hún verður tekin fyrir í mars 2008 og það gætu verið komin 16 lið í deildina 2009.**

**Skistad trúir því að þessi breyting munin bæta norska boltann og ekki síst hjálpa liðunum í Evrópukeppninni.** - óój

HK mætir Pallamano Conversano í Evrópukeppni félagsliða í handbolta í Digranesi í kvöld og á morgun:

# Ætlum að keyra upp hraðann í leiknum

**HANDBOLTI** HK mætir ítalska liðinu Pallamano Conversano í Evrópukeppni félagsliða í tveimur leikjum í kvöld kl. 19.15 og á morgun kl. 16.15 og fara báðir leikirnir fram í Digranesi. HK-liðið hefur farið ágætlega af stað í N1-deildinni í ár og ætlar sér stóra hluti í Evrópukeppninni.

„Við ætlum að fara eins langt og við mögulega getum í keppninni og erum mjög ánægðir með að stjórnin hafi komið því í kring að við spilum báða leikina í Digranesi og við vonum að fólk fjölmenni og styðji liðið. Það er kominn tími til að íslensk lið komist lengra í þessari keppni og vinni sig upp í styrkleikaflokki til þess að standa betur að vígi frá byrjun,“ sagði Gunnar Magnússon, aðstoðarþjálfari HK, sem kvaðst bjartsýnn á möguleika sinna manna í leiknum.

„Pallamano Conversano er sterkt og reynslumikið lið en að sama skapi frekar hægt og ég tel að okkar möguleikar felist í því að keyra upp hraðann og stjórna þannig leiknum. Við erum komnir með sterkan hóp í HK og getum spilað leikina á mörgum mönnum og það er mikil tilhlökkun í okkar herbúðum fyrir leikjunum,“ sagði Gunnar og sagðist ekkert hræddur við mikið leikjaálag á sínum mönnum svona snemma móts.

„Við spilum náttúrlega fjóra leiki á einni viku en við höfum ekki miklar áhyggjur af því og erum búnir að undirbúa okkur vel fyrir tímabilið. Ef að Digranesið verður troðfullt og stuðningurinn verður góður, þá eiga leikmennirnir ekki eftir að finna fyrir neinni þreytu, það er alveg klárt,“ sagði Gunnar vongóður. - óþ



**TVEIR LEIKIR Á TVEIMUR DÖGUM** Ólafur Bjarki Ragnarsson og félagar í HK standa í stórræðum í dag og á morgun. Hér sést Ólafur í leik gegn Val í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR





# Síðustu dagar útsölunnar

Öll kasthjól – 40% afsláttur
Kaststangir 20-50% afsláttur
Fluguhjól 15-50% afsláttur
Flugustangir 15-50% afsláttur
Öndunarvöðlur frá 9.995
Veiðivesti frá 1.995
10 stk. spúnar aðeins 1.990
Lítið notaðar leiguvöðlur aðeins 5.000
Sjókayakar 15-30% afsláttur
Þurrbúningar og vesti 15-50% afsláttur
Valdar haglabyssur 20-30% afsláttur
Felufatnaður 15-50% afsláttur

Útsalan hefst í dag og lýkur 7. október
Vinsælustu vörurnar seljast alltaf upp fyrst

Sjókayakar, fatnaður og búnaður aðeins í Sportbúðinni Krókhálsi 5. Skotvopn og felugallar aðeins í Veiðihorninu Síðumúla 8 og Sportbúðinni Krókhálsi 5. Leiguvöðlur aðeins í Veiðihorninu Síðumúla)

Munið vinsælu gjafabréfin okkar



Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 Krókháls 5 – Sími 517 8050 Síðumúli 8 – Sími 568 8410
Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is

## > Bill Murray

„Í hvert sinn sem ég hugsa um hin háu laun sem leikarar fá hugsa ég að þau séu fyrir ferðalögin, tímann í burtu og öll vandræðin sem maður lendir í fyrir að vera þekktur. Þau eru allavega ekki fyrir sjálfan leikinn, það er alveg á hreinu.“ Bill Murray sést í myndinni Wild Things sem Sjónvarpið sýnir í kvöld og einnig í Lost in Translation á Stöð 2 Bíó.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON LIFIR Í RAUNVERULEIKANUM

# Var ekki komið nóg af þessu?

„Raunveruleikinn er oft ótrúlegri en hinn mesti skáldskapur,“ stendur einhvers staðar skrifað og fyrir nokkrum árum gripu sjónvarpsframleiðendur þessi fleygu orð á lofti. Raunveruleikasjónvarp hóf innreið sína með keppendum á eyðieyju, ástsjúkum hvolpum í leit að rómantík, söngelskum ungmennum sem dreymdi um frægð, frama og plötusamning og grindhoruðum fyrirsætum í leit að ljósmyndurum og forsíðumyndum. Íslenska þjóðin fór ekki varhluta af þessu og reyndi meira að segja sjálf að búa til sínar eigin „raunveruleikastjörnur“ sem í dag eru annaðhvort farnar á hausinn eða að syngja á Hótel Sögu eða Broadway í líki George Michael.

Raunveruleikasjónvarpið átti að sýna viðbrögð venjulegrar manneskju þegar henni er skellt fyrir framan sjónvarpsvélarnar og látin keppa um háar fjárhæðir eða frægð á sýningarpalli. Og þetta heppnaðist vel. Til að byrja með. En síðan hefur smám saman hallað undan fæti. Sýningarstúlkurnar í America's Next Top Model eru alveg eins og þær sem hófu keppni fyrir níu árum, ein dramadrottning, ein tík og ein sakleysið uppmálað sem yfirleitt er fótum troðin af illgjörnum starfssystrum sínum. Í Survivor er alltaf einn svikull, einn heiðarlegur og einn reynslubolti og hinir verða einhvern veginn aukapersónur í lymskufullum leik. Ekkert handrit en vissulega fyrirfram ákveðinn söguþráður.

Raunveruleikasjónvarp var ágætis bóla en það hlýtur að fara að fjara undan þessari endalausu og síendurteknu vitleysu. Varla hefur almenningur endalausan áhuga á „raunverulegu“ fólki í „óraunverulegum“ aðstæðum þar sem allt virðist vera fyrirfram skipulagt og sigurinn kemur engum á óvart.



**FYRIRSÆTUDROTTNINGIN** Allir hljóta að vera komnir með nóg af Zoolander-svip Tyru Banks.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.10** Lost in Translation STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00** Ren & Stimpy SIRKUS



▶ **20.10** Útsvar SJÓNVARPIÐ



▶ **20.45** Stelpurnar STÖÐ 2



▶ **22.50** Masters of Horror SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 07/08 bíó leikhús**
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ungar ofurhetjur** (21:26)
**17.55 Strákurinn** (5:6)
**18.05 Snillingarnir** (30:42)
**18.35 Svona var það** (3:22)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Útsvar** Í þessum þætti takast á lið Skagafjarðar og Dalvíkurbyggðar. Meðal keppenda eru Óskar Pétursson og Hjálmar Hjálmarsson. Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir stýra þættinum. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.

**21.10 Mamma á stefnumót við vampíru** (Mom's Got a Date With a Vampire) Kanadísk fjölskyldumynd frá 2000.

**22.35 Taggart - Andinn og efnið** Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál.

**23.50 Ótemjur** (Wild Things) Bandarísk bíómynd frá 1998. Námsráðgjafi er sakaður um að hafa nauðgað tveimur stúlkum en lögregluna grunar að eitthvað sé bogið við ásakanirnar. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

**05.50 Formúla 1 - Tímataka** Bein útsending frá tímatöku fyrir kappaksturinn í Kína. Umsjónarmaður er Gunnlaugur Rögnvaldsson.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Pieces of April**
**08.00 Taxi**
**10.00 In Her Shoes**
**12.10 Lost in Translation**
**14.00 Taxi**
**16.00 In Her Shoes**

▶**18.10 Lost in Translation** Frábær verðlaunamynd sem hreppti m.a. Óskarsverðlaun fyrir handritsgerð.

**20.00 Pieces of April**
**22.00 Crimson Rivers 2. Angels of the Apocalypse**
**00.00 Chain Reaction (e)**
**02.00 The Vector File**
**04.00 Crimson Rivers 2. Angels of the Apocalypse**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stubbarnir, Litlu Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar

**08.10 Oprah** (How Happy Are You?)
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love** (35:120)
**10.15 Sisters** (22:24)
**11.00 Blue Collar**
**11.25 Matur og lífsstíll**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (81:114)
**13.55 Forboðin fegurð** (82:114)
**14.50 Lífsaugað** (e)

**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Blue Collar, Kringlukast, W.I.T.C.H., Cubix, Batman 2005.

**17.30 The Bold and the Beautiful**
**17.55 Nágrannar** (Neighbours)
**18.20 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**

**19.25 The Simpsons** (21:22) Jack Bauer úr 24 kemur Simpson-fjölskyldunni til bjargar þegar útrunnin jógúrt breytist í meiriháttar fýlusprengju.

**19.50 Friends** (9:24) (Vinir 7)
**20.15 Tekinn 2** (4:14)

▶**20.45 Stelpurnar** (7:10) Stelpurnar sprenghlægilegu eru snúnar aftur í þriðja sinn og hafa aldrei verið fyndnari. Nýir og skemmtilegir leikarar hafa slegist í hópinn, þar á meðal hin frábæra Helga Braga. Stelpurnar hafa þrívegis unnið til Edduverðlauna og eru ómissandi skemmtun fyrir alla sem kunna að meta ekta, íslenskan húmor.

**21.15 See No Evil. The Story of the Moor Murder** (2:2) Seinni hluti framhaldsmyndar mánaðarins sem segir hryllilega sögu barnamorðingjanna Ians Bradys og Myru Hindley.

**22.25 Treed Murray** Hörkuspennandi verðlaunamynd um mann sem lendir í sjálfheldu þegar hópur glæpamanna ræðst að honum.

**23.55 The Matrix Revolutions**
**02.00 People I Know**
**03.35 Balls of Steel** (6:6)
**04.10 See No Evil. The Story of the Moor Murder** (2:2)
**05.20 Stelpurnar** (7:10)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Bolton Wanderers vs. FK Rabotnicki** Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða sem fram fór í gærkvöldi.

**15.50 Bolton Wanderers vs. FK Rabotnicki**

**17.30 PGA Tour 2007 - Highlights** (Viking Classic)

**18.30 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**19.00 Gillette World Sport 2007**

**19.30 NFL Gameday** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandaríska fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.

**20.00 Spænski boltinn – Upphitun**
**20.30 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur**
**21.00 World Supercross GP 2006-2007 (Qualcomm Stadium)**
**22.00 Heimsmótaröðin í póker 2007**
**22.55 Heimsmótaröðin í póker 2006**

**23.45 Heimsmótaröðin í póker** (Aruba Poker Classic) Snjöllustu pókerspilarar heims koma saman á heimsmótaröðinni en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn.

## SÝN2

**17.30 West Ham - Arsenal**
**19.10 Everton - Middlesbrough**

**20.50 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**21.20 Premier League Preview** (Leikir helgarinnar) Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.

**21.50 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.20 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar)

**22.50 Goals of the season** (Goals of the Season 1999/2000) Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**23.50 Premier League Preview** (Leikir helgarinnar)

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.00 Vörutorg**
**17.00 Game tíví** (e)
**17.25 7th Heaven** (e)
**18.15 Dr. Phil**

**19.00 Friday Night Lights** (e) Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. Hún hóf göngu sína vestan hafs haustið 1996 og er enn að.

**20.00 Magni - útgáfutónleikar**

**21.00 Survivor: China** (3:14) Þetta er 15. keppnin og nú fer hún fram í Kína. Þættirnir eru sýndir glóðvolgir innan við sólarhring eftir að þeir eru frumsýndir í Bandaríkjunum.

**22.00 Law & Order. Criminal Intent** (11:22) Bandarískir þættir um störf stórmálasveitar New York borgar og leit hennar að glæpamönnum. Veraldarvanur svikahrappur vefur konum um fingur sér og leiðir þær inn á hættulegar brautir. Hann fær þær til að ræna og myrða ferðamenn í New York.

▶**22.50 Masters of Horror** (2:13) Þekktustu hrollvekjuleikstjórar samtímans leikstýra stuttum hrollvekjum sem fá hárin til að rísa. Að þessu sinni er það sjálfur John Landis (American Werewolf in London) sem leikstýrir hrollvekjandi sögu með George Wendt (Norm úr Staupasteini), Meredith Monroe (Dawson´s Creek) og Íslandsvininum Matt Keeslar (Íslenski draumurinn) í aðalhlutverkum.

**23.40 Backpackers** (14:26)
**00.10 Law & Order. SVU** (e)
**01.00 The Company** (e)
**02.00 Raines** (e)
**02.50 3 Lbs** (e)
**03.40 C.S.I.** (e)
**04.30 C.S.I.** (e)
**05.20 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.15
### Tekinn 2



Í kvöld er hressandi þáttur úr annarri seríu hinnar vinsælu þáttaraðar Tekinn þar sem Auðunn Blöndal fetar í fótspor Ashtons Kutcher og hrekkir fræga fólkið á óborganlegan hátt. Þátturinn sló eftirminnilega í gegn þegar hann var sýndur á Sirkus á síðasta ári. Í þætti kvöldsins fær X-Factor stjarnan Jógvan að finna fyrir því þegar hann samþykkir að syngja fyrir langveik börn og Bryndís Ásmundsdóttir leikkona lendir í daðurgjörnum þjóni.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Survivor: China
### Skjár einn kl. 21.00

Þó svo að Survivor innihaldi allar helstu klisjur raunveruleikasjónvarpsins þá verður að viðurkennast að þátturinn stendur alltaf fyrir sínu og heldur sínum vinsældum. Núna á keppnin ógurlega sér stað í Kína og sjaldan eða aldrei hefur umhverfi þáttarins verið eins stórbrotið. Þátturinn hefur farið ágætlega af stað en brátt ættu dramatískari hlutir að gerast.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Vansæmd
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Tímakornið
**21.10** Flakk
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.20 Fréttir**

**19.10 Hollyoaks** (29:260)

**19.30 Hollyoaks** (30:260)

▶**20.00 Ren & Stimpy** Ren er taugatrekktur smáhundur (chiuahua) og Stimpy er feitlaginn og vitgrannur köttur. Saman lenda félagarnir í hinum ótrúlegustu ævintýrum sem eru ekki fyrir viðkvæma.

**20.30 Ren & Stimpy**

**21.00 John Lennon - Live in New York** Tónleikar John Lennon í New York frá árinu 1972. Voru þetta meðal síðustu tónleika John Lennon sem að náðust á filmu.

**22.00 It´s Always Sunny in Philadelphia** (4:7) Ástarmálin eru flókin á barnum en á meðan einn af félögunum fellur fyrir kynskiptingi reynir annar að finna konu sem vill sofa hjá sér þrátt fyrir veikindi hans.

**22.25 Bones** (20:21) Skelfing grípur um sig þegar bein sem talin eru geislavirk finnast. Rannsóknir leiða í ljós að geislavirkni er ekki skýringin á undarlegu ástandi beinanna en lítið er um vísbendingar. Bönnuð börnum.

**23.10 Totally Frank** Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem bíða þeirra.

**23.35 Hollywood Uncensored**

**00.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**11.00** As Time Goes By **11.30** The Good Life **12.00** Antiques Roadshow **13.00** The Inspector Lynley Mysteries **14.00** Houses Behaving Badly **14.30** Homes Under the Hammer **15.30** Garden Challenge **16.00** As Time Goes By **16.30** The Good Life **17.00** Spa Of Embarrassing Illnesses **17.45** Posh Nosh **18.00** Silent Witness **19.00** New Tricks **20.00** The Office **20.30** Absolute Power **21.00** Silent Witness **22.00** 2 POINT 4 CHILDREN **22.30** New Tricks **23.30** As Time Goes By **0.00** The Good Life **0.30** EastEnders **1.00** Silent Witness **2.00** Antiques Roadshow **3.00** Location, Location, Location

## DR 1

**12.20** Kender du typen **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Tjenesten - nu på TV **13.30** Boogie Listen **14.30** F for Får **14.35** Svampebob Firkant **15.00** Øreflip **15.30** Fredagsbio **15.40** Pinky Dinky Doo **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hit med sangen **19.00** TV Avisen **19.30** Bandits **21.30** Morderiske planer **23.10** Boogie Listen

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.15** Niklas' mat **10.45** Columbo **12.00** Gjensynet **13.00** Orson og Olivia **13.25** Øya **14.00** VG-lista Topp 20 **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Newton **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Charlie og Lola **16.10** Karsten og Petra **16.20** Sauen Shaun **16.30** Miniplanetene **16.35** Herr Hikke **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Drømmerollen **18.55** Nytt på nytt **19.25** Grosvold **20.05** Inspektør Lynley **21.00** Kveldsnytt **21.15** Inspektør Lynley **21.50** Sopranos **22.40** Farmers Market i symfoni **23.10** Svarte Orm **23.40** Country jukeboks **2.00** Dansefot jukeboks

## SVT 1

**12.00** Videokväll hos Luuk **13.00** Argument **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Plus **15.30** Niklas mat **16.00** BoliBompa **16.25** Musikvideo **16.30** Fåret Shaun **16.35** Häxan Surtant **17.00** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Lilla Melodifestivalen 2007 **19.30** Doobidoo **20.30** Ali **23.05** Rapport **23.15** Kulturnyheterna **23.25** Svensson, Svensson **23.55** Mia och Klara





Ferskt hráefni. Úrvals þjónusta. Mikið úrval af girnilegum og gómsætum kjötvörum, framandi jafnt sem hefðbundnum

GALLERÍ KJÖT

Grensásvegi- Búðakór - Tjarnarvöllum - Dalvegi

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Það eru til dæmis Íslandstónar. Það er svona róandi tónlist í útsetningu fyrir panflautu, flautu og gítar, í takt við stemninguna hérna hjá okkur. Ég geymi útvarpsstöðvarnar fyrir heimilið.“*

Þórunn Guðgeirsdóttir fótaaðgerðafræðingur.

# Þorgeir Ástvalds fór loksins í fríið

„Ég tók mér loks frí, frá maí til október, og slappaði bara af,“ segir útvarpsmaðurinn góðkunni Þorgeir Ástvaldsson en maðurinn sem söng lagið sívinsæla Ég fer í fríið fyrir 27 árum lét loks verða af því að fylgja textanum eftir. „Ég lagðist bara í ferðalög, slökkti á símanum og lét netið alveg í friði,“ bætir Þorgeir við en hann heimsótti meðal annars börnin sín sem eru búsett í Englandi og á Ítalíu. „Ég er alveg endurnærður eftir þetta,“ segir hann.

Og það er meira á döfinni hjá Þorgeiri því hann „ehf-aði“ sig nýlega og stofnaði eignarhaldshlutafélagið Vinnandi vegur. „Já, þetta er eiginlega búinn að vera hálfgerður trassaskapur hjá mér. Fyrirtækið er stofnað í kringum öll þessi aukastörf sem ég hef verið að inna af hendi,“ útskýrir Þorgeir en nafnið vísar til þess að þegar mönnum þykir of mikið liggja fyrir að það sé óvinnandi vegur. Hjá Þorgeiri er hins vegar allt vinnandi vegur. „Reyndar var fyrst hugmyndin að skíra þetta Skínandi stígur en síðar kom á daginn að það voru einhver skæruliðasamtök,“ segir Þorgeir og hlær en bætir því síðan við að hann hefði átt að vera búinn að þessu fyrir löngu. Hann útilokar ekki að fyrirtækið verði sett á almennan markað og þá yrði ekki slæmt að geta átt hlutabréf í Þorgeiri Ástvaldssyni.

- fgg



**LÉT LOKS VERÐA AF FRÍINU** Þorgeir Ástvaldsson hefur verið á flakki í allt sumar og fór meðal annars í heimsókn til Englands þar sem börnin hans búa.



**LÁRÉTT**
**2.** dangl **6.** tveir eins **8.** fley **9.** frjó **11.** gelt **12.** algjörlega **14.** spilla **16.** skóli **17.** breið **18.** í viðbót **20.** átt **21.** litlaus.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hæfileiki **3.** frá **4.** nagdýr **5.** knæpa **7.** árviss **10.** tilvera **13.** skammstöfun **15.** einkenni **16.** starfsgrein **19.** bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** bank, **6.** áá, **8.** far, **9.** fræ, **11.** gá, **12.** alveg, **14.** eitra, **16.** fg, **17.** við, **18.** auk, **20.** sa, **21.** grár.

**LÓÐRÉTT: 1.** gáfa, **3.** af, **4.** naggrís, **5.** krá, **7.** árlegur, **10.** ævi, **13.** etv, **15.** aðal, **16.** fag, **19.** ká.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1 Stefán Karl Stefánsson
2 Jónas Grani Garðarsson
3 Korselett






GARÐAR THOR: BRESK FYRIRMENNI DÝRKA ÍSLENSKA TENÓRINN

# Garðar Thor syngur fyrir Tony Blair í Singapúr

Garðar Thor Cortes mun syngja í glæsilegu kvöldverðarboði sem haldið verður af athafnakonunni Christinu Ong í Singapúr 8. nóvember. Garðar er eini listamaðurinn á dagskrá en aðalræðumaður kvöldsins er fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, Tony Blair. Kvöldverðurinn er haldinn til styrktar þeim fjölmörgu góðgerðamálefnum sem Ong hefur lagt lið.

„Ég veit eiginlega ekki hverju ég á að svara. Þetta gengur bara vel,“ svaraði Garðar þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Ong er einhver áhrifamesta konan í Asíu og hefur byggt upp mikið tískuveldi í heimalandi sínu. Hún er gift fasteignajöfrinum B.S. Ong sem á meirihlutann í hótelkeðjunni Four Seasons.

Kvöldverðurinn þykir mikill viðburður og til marks um það fékk Ong til liðs við sig tónleikahaldarann Harvey Goldsmith sem þykir einn áhrifamesti maðurinn í bresku tónlistarlífi. Goldsmith sá meðal annars um skipulagningu Live Aid-tónleikanna fyrir Bob Geldof og hefur auk þess haft veg og vanda af endurkomu Led Zeppelin hinn 26. nóvember. Síðasta tónleikaferðin sem Goldsmith kom að var hins vegar kveðjutónleikaröð stórtenórsins sáluga Luciano Pavarotti en Garðar hefur einmitt verið nefndur sem einn arftaki hans.

Blair og Ong eru þó ekki einu fyrirmennin sem Garðar Thor syngur fyrir á næstunni því eins og kom fram í Fréttablaðinu var Garðari nýverið boðið að syngja við vígslu nýjasta skemmtiferðaskips Cunard-skipasmíðafyrirtækisins. Þar mun hertogaynjan af Cornwall, Camilla Parker Bowles, vígja skipið og gefa því nafn ásamt eiginmanninum Karli Bretaprins. Meðal annarra gesta þar verður núverandi forsætisráðherra Breta, Gordon Brown, og aðrir ráðherrar úr bresku ríkisstjórninni.

Garðar sjálfur tekur þessu hins vegar öllu af mikilli yfirvegun. „Ég er auðvitað voðalega glaður yfir því að hafa nóg fyrir stafni og ég reyni bara að standa mig í því sem er fram undan. Þetta er bara mín vinna og eitthvað sem ég hef gaman af að gera.“

freyrgigja@frettabladid.is

### HLUSTA Á GARÐAR THOR

Bæði **Gordon Brown** og **Tony Blair** munu hlýða á söng **Garðars Thor** á næstunni; Blair við kvöldverð í Singapúr þar sem hann verður aðalræðumaður kvöldsins en Brown við vígslu nýs skemmtiferðaskips Cunard-skipasmíðafyrirtækisins. Garðar sjálfur er hins vegar pollrólegur yfir áhrifamönnunum í áhorfendaskaranum.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikillar frjósemi er farið að gæta hjá útgáfufélaginu Birtíngi sem á og rekur bæði DV og dv.is auk annarra tímarita. Nýlega eignaðist blaðamaðurinn **Hjördís Rut Sigurjónsdóttir** sitt fyrsta barn sem reyndist vera heilsuhraustur drengur en hún er einmitt dóttir **Sigurjóns M. Egilssonar**, annars ritstjóra DV. **Sigríður Dögg Auðunsdóttir**, sem hefur verið aðstoðarritstjóri DV en flutti sig nýlega yfir á dv.is, gengur einnig með barn undir belti en Sigríður er eiginkona **Valdimars Birgissonar**, auglýsingastjóra DV.



**Baldvin Samúelsson** er talsmaður nýs Félags kráareigenda í Reykjavík sem hyggst auðvelda samstarf hagsmunaaðila í miðborginni. Baldvin þessi virðist kjörinn til starfans enda þekkir hann næturlífið betur en margur. Það skýrist af því að í byrjun þessa áratugar var hann stjórnandi sjónvarpsþáttarins Rugl. is á sjónvarpsstöðinni Popptíví. Baddi rugl, eins og hann var þá kallaður, flakkaði milli skemmtistaða með myndatökumanni og skemmti sér með djammþyrstum Reykvíkingum. Hápunktar þáttarins voru jafnan þegar hann fékk ölvaðar yngismeyjar til að sýna landsmönnum á sér brjóstin. Síðan þetta hefur Baddi fengist við eitt og annað, rak um tíma hótel úti á landi og keypti fyrr á árinu gula Hummer-límósínu af **Ásgeiri Davíðssyni** í Goldfinger.



- fgg/hdm

# Fær milljónirnar 105 eftir mánuð

„Við getum nú yfirleitt pikkað þá út, vinningshafana. Þeir ganga meðfram veggjum og láta oft lítið fyrir sér fara og eru oft voðalega feimnir,“ segir Guðbjörg Hólm hjá Íslenskri getspá en hún mun að öllum líkindum vera ein þeirra sem taka á móti hinum heppna Akureyringi sem vann rúmlega hundrað og fimm milljónir í Víkingalottói á miðvikudaginn. Guðbjörg hafði nýlokið samtali sínu við umræddan lottóvinningshafa þegar Fréttablaðið hafði samband við hana í gær. Vinningshafinn er á miðjum sjötugsaldri, borinn og barnfæddur Akureyringur. „Hann var hins vegar með báða fætur á jörðinni og alveg pollrólegur yfir þessu,“ bætir hún við.

Guðbjörg upplýsti að vinningar af þessari upphæð væru greiddir út mánuði eftir útdráttinn en um er að ræða langstærstu upphæð sem greidd hefur verið út hér á landi. Og 105 milljónir sem voru í vinning á miðvikudag eru ekki skattskyldar heldur rata rakleiðis inn á bankabók viðkomandi. „Þegar þeir koma þá förum við yfir miðann í kassanum og fullvissum okkur um að þetta sé örugglega vinningsmiðinn. Síðan bjóðum við þeim bara sæti og ræðum um daginn og veginn. Þegar þetta eru svona háar upphæðir þá er þetta spjall yfirleitt bara hálfgerð áfallahjálp,“ segir Guðbjörg en vinningshöfum er boðið upp á sérstaka fjármálaráðgjöf enda ekki á hverjum degi sem hinn venjulegi Íslendingur fær slíkar fjárhæðir á einu bretti. „Og svo verður fólk líka alltaf að taka það með í reikninginn að þegar það spilar í Lottó þá getur það unnið.“

- fgg-




**ÁFALLAHJÁLP** Guðbjörg Hólm hjá Íslenskri getspá mundar vænt seðlabúnt en hún mun afhenda Akureyringi á sjötugsaldri 105 milljónir eftir mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




ICELANDIC Film Centre
Morgunbladid
Reykjavikurborg
ICELANDAIR
KLIKK FILM
truenorth

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar

## *Safarík dagskrá*

Það má gera því skóna að nokkrir hafi lagt frá sér ókláraða ábætisskál þegar Eva María Jónsdóttir spjallaði við Hrafnkel Sigurðsson í Kastljósviðtali á sunnudag. Lystarleysið má líklega tímasetja við augnablikið þar sem Hrafnkell lýsti „hugljómun“ sinni á tíunda áratugnum. Hana fangaði hann í vídeóverki þar sem hann reisti sig upp á herðablöðunum og pissaði upp í sig. Ég veit ekki með aðra en í mér tókust á klígjutilfinning og hins vegar aðdáun á hvað Hrafnkell væri liðugur og hefði gott mið. En almennt virðist hlandsopinn hafa fallið í grýttan jarðveg, þó ekki væri nema fyrir tímasetninguna.

**ÞRÁTT** fyrir fussið sem Evu og Hrafnkatli tókst að framkalla dró RÚV þó hvergi af, heldur bætti í ef eitthvað var. Kvöldið eftir var á dagskrá breski fræðsluþátturinn Matur er mannsins megin, úr smiðju breska ríkissjónvarpsins BBC, þar sem fjallað er um áhrif matar á mannslíkamann. Í þessum þætti var tekin fyrir spurning sem hugsuðir hafa brotið heilann yfir um aldir alda: hvaða áhrif hefur matur á sæðisbragð?

**EINS** og sönnum vísindamönnum sæmir réðust þáttagerðarmennirnir í empírískar samanburðarrannsóknir. Til að komast að niðurstöðu voru nokkrir karlar settir á strangan matarkúr í tiltekinn tíma. Í kjölfarið voru spúsur þeirra fengnar til að bragða á sæði þeirra og meta hvort mataræðið hefði skilað sér í glundrið. Af tillitssemi við áhorfendur sjálfsagt voru konurnar ekki látnar teyga lífsvökvann úr upprunalegum ílátum, heldur var hanastélið framreitt í glærum plastdollum. Niðurstaðan var sú, bragðefnaframleiðendum sjálfsagt til sárrar armæðu, að í mesta lagi mátti kannski greina smá ávaxtakeim af einstaka sýnishornum. Sama hvað menn átu hafði það lítil bætandi eða skemmandi áhrif – á heildina smakkaðist sæðið ennþá eins og sæði.

**JÚ,** það er vissulega skiljanlegt að menn yggli brúnum yfir þessum nýtilkomnu vessaáherslum þeirra uppi í Efstaleiti. Ég held hins vegar að það sé til marks um skammsýni. Með opnum huga hef ég þannig dregið að minnsta kosti tvennan lærdóm af dagskrá RÚV í vikunni. Í fyrsta lagi sýndi Hrafnkell, sjálfsagt óafvitandi, fram á hagnýta lausn á hinum alræmda miðbæjarvanda; nokkrir jógatímar og það verður hægur vandi að sleppa við lögreglusekt þegar manni verður mál í Bankastræti. Í öðru lagi get ég óhræddur staðfest borðpöntunina á Austur-Indíafélaginu á laugardagskvöld.



**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er föstudagurinn 5. október, 278. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.47 | 13.16 | 18.44 |
| Akureyri | 7.34 | 13.01 | 18.27 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.volkswagen.is




* Miðað við 30% útborgun og gengistryggðan bílasamning til 84 mánaða. Verð 1.620.000 kr.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi